

**ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR**

Mál nr. 5/2014

Fyrrum Lundarreykjadalshreppur og hluti fyrrum Hálsahrepps



11. október 2016

EFNISYFIRLIT

ÚRSKURÐUR	0
ÓBYGGÐANEFNDAR	0
1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	4
2 MÁLSMEÐFERÐ	4
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar	4
2.2 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (svæði 8 vestur), tekin til umfjöllunar.	4
2.3 Lýstar kröfur og kynning	5
2.4 Mál nr. 5/2014, fyrrum Lundarreykjadalshreppur og hluti fyrrum Hálsahrepps.	6
3 KRÖFUGERÐ	8
3.1 Kröfur íslenska ríkisins	8
3.2 Kröfur Sjálfseignarstofnunarinnar Oks vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddsstaðatungu, Gullberastaðaselslands og Leirárdala	9
3.3 Kröfur Páls Guðmundssonar og Þorsteins Guðmundssonar vegna Húsafells II	9
3.4 Kröfur Borgarbyggðar vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddsstaðatungu, Gullberastaðaselslands, lands við Reyðarvatn, og Leirárdala.....	10
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN	10
4.1 Inngangur	10
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	10
4.3 Vettvangsferð	11
4.4 Skýrslutökur	11
5 SAGA LANDSVÆÐA	12
5.1 Landnám.....	12
5.2 Afréttir og afréttarnot	13
5.3 Þóreyjartungur	39
5.3.1 Aðliggjandi og tengd landsvæði	55
5.3.1.1 Reykholt / Reykholtskirkja	55
5.3.1.2 Hrísar	66
5.3.1.3 Steindórsstaðir	71
5.3.1.4 Búrfell	71
5.3.1.5 Augastaðir.....	72
5.4 Lundartunga	72
5.4.1 Aðliggjandi og tengd svæði	86
5.4.1.1 Lundur	86
5.4.1.2 Oddsstaðir	89
5.4.1.3 Gullberastaðir	89
5.4.1.4 Hrísar	90
5.4.1.5 Þóreyjartungur	90
5.4.1.6 Oddsstaðatunga.....	91
5.5 Oddsstaðatunga	91
5.5.1 Aðliggjandi og tengd svæði	105
5.5.1.1 Oddsstaðir	105
5.5.1.2 Lundartunga.....	107
5.5.1.3 Þóreyjartungur	107
5.5.1.4 Afréttur Lunddæla og Ok	108
5.5.1.5 Gullberastaðaselsland	108

5.6	Gullberastaðaselsland.....	108
5.6.1	Aðliggjandi og tengd svæði	125
5.6.1.1	Gullberastaðir	125
5.6.1.2	Þverfell.....	126
5.6.1.3	Brenna.....	127
5.6.1.4	Oddsstaðir	128
5.6.1.5	Oddsstaðatunga.....	128
5.6.1.6	Afréttur Lunddæla og Ok	128
5.7	Afréttur Lunddæla og Ok	129
5.7.1	Aðliggjandi og tengd svæði	146
5.7.1.1	Reykholt / Reykholtskirkja.....	146
5.7.1.2	Þverfell.....	147
5.7.1.3	Húsafell.....	148
5.7.1.4	Stóri – Ás	151
5.7.1.5	Augastaðir.....	151
5.7.1.6	Búrfell.....	152
5.7.1.7	Steindórsstaðir	152
5.7.1.8	Þóreyjartungur	152
5.7.1.9	Lundartunga.....	152
5.7.1.10	Oddsstaðatunga.....	153
5.7.1.11	Gullberastaðaselsland	153
6	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....	155
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði	155
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar	155
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum	155
6.2	Landnám.....	156
6.3	Þóreyjartungur	156
6.3.1	Inngangur	156
6.3.2	Sjónarmið aðila	157
6.3.3	Niðurstaða.....	159
6.4	Lundartunga	171
6.4.1	Inngangur	171
6.4.2	Sjónarmið aðila	171
6.4.3	Niðurstaða.....	173
6.5	Oddsstaðatunga	183
6.5.1	Inngangur	183
6.5.2	Sjónarmið aðila	183
6.5.3	Niðurstaða.....	185
6.6	Gullberastaðaselsland.....	194
6.6.1	Inngangur	194
6.6.2	Sjónarmið aðila	195
6.6.3	Niðurstaða.....	197
6.7	Afréttur Lunddæla og Ok	210
6.7.1	Inngangur	210
6.7.2	Sjónarmið aðila	211
6.7.3	Niðurstaða.....	213
6.8	Um málskostnað.....	238
7	ÚRSKURÐARORÐ	238

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum. Svæði 1–8 norður.

FYLGISKJÖL

- I. Kort
- II. Aðilaskrá
- III. Skjalaskrá

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 11. október 2016 er tekið fyrir mál nr. 5/2014, fyrrum Lundarreykjadalshreppur og hluti fyrrum Hálsahrepps, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon varaformaður og Ása Ólafsdóttir.

Aðilar máls eru¹:

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Andri Árnason hrl.)

Páll Guðmundsson og Þorsteinn Guðmundsson vegna Húsafells II.

Sjálfseignarstofnunin Ok vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddstaðatungu, Gullberastaðaselslands og Leirárdala.

Borgarbyggð vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddstaðatungu, Gullberastaðarselslands, lands við Reyðarvatn og Leirárdala.

(Ólafur Björnsson hrl.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (svæði 8 vestur), tekin til umfjöllunar.

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 2008, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar svæði 8, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

¹ Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

Landsvæði þetta, hið níunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarbyggðar (fyrir utan fyrrum Kolbeinsstaðahrepp), Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 28. október 2008, tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 8 í tvennt. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (8B eða 8 vestur). Ákveðið var að fyrrum Kolbeinsstaðahreppur skyldi tilheyra svæði 9. Var sú ákvörðun tekin í kjölfar álits sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 10. október 2008. Norðurhluti hins upprunalega svæðis nefnist Norðvesturland (svæði 8A eða 8 norður), og voru úrskurðir kveðnir upp á því svæði 19. desember 2014.

Landsvæðið Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli afmarkast svo:

Að norðvestan- og norðanverðu afmarkast svæðið af sveitarfélagamörkum Borgarbyggðar gagnvart austurmörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps, Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnavatnshreppi þar til komið er að jaðri Langjökuls. Að austan afmarkast svæðið af austur- og suðurjaðri Langjökuls þar til komið er að suðausturmörkum Borgarbyggðar. Þaðan er þeim mörkum fylgt þar til kemur að austurmörkum Hvalfjarðarsveitar sem svo er fylgt til suðvesturs og vesturs að hafi. Að vestanverðu afmarkast svæðið af hafi.

Fjármála- og efnahagsráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. maí 2013 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Kröfulýsingafrestur fjármála- og efnahagsráðherra var fyrst framlengdur til 31. júlí 2013, síðar til 15. október sama ár og svo til 1. desember 2013. Að lokum var veittur frestur til 10. desember 2013, og með því orðið við rökstuddum beiðnum íslenska ríkisins um fresti, að teknu tilliti til stöðu gagnaöflunar vegna svæðisins.

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Borgarbyggðar, Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu bárust óbyggðanefnd þann 10. desember 2013. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 18. desember 2013, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 20. mars 2014. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð

og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Kröfufylsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur til 16. apríl 2014.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi og Búðardal, auk sveitarfélaga á kröfufusvæðum og á heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi og Búðardal, frá 5. maí til og með 5. júní 2014, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 12. júní 2014. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdarfrests.

Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfufylsingar um þjóðlendur á svæðinu í einum hluta. Á móti bárust 27 kröfufylsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

2.4 Mál nr. 5/2014, fyrrum Lundarreykjadalshreppur og hluti fyrrum Hálsahrepps.

Þjóðlendukröfufusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár; mál nr. 2/2014, hluti fyrrum Norðurárdalshrepps; mál nr. 3/2014, Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur; mál nr. 4/2014, Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull og mál nr. 5/2014, fyrrum Lundarreykjadalshreppur og hluti fyrrum Hálsahrepps.

Mál nr. 5/2014 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 5. maí 2014. Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 8B (8 vestur) og stöðu kynningar krafna aðila. Gerð var grein fyrir skiptingu svæðisins í mál og því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson formaður, Allan V. Magnússon varaformaður og Ása Ólafsdóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl til upplýsinga fyrir lögmenn, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti

með sátt, sbr. 15. gr. Þjóðlendlaga. Farið var yfir væntanlegt fyrirkomulag aðalmeðferðar í málinu. Loks var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð í málinu.

Við aðra fyrirtöku málsins, 5. júní 2014, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til skila á greinargerðum.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 8. júlí 2014, voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu málsmeðferðar vegna kynningar heildarkrafna. Gagnaðilum var veittur umbeðinn viðbótarfrestur til að skila greinargerðum. Að lokum var farið yfir tilhögun fyrirhugaðrar aðalmeðferðar.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 14. ágúst 2014, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar.

Sá hluti aðalmeðferðar er snýr að vettvangsferð fór fram 27. ágúst 2014 en um hana vísast nánar til kafla 4.3.

Við fimmtu fyrirtöku málsins, 29. september 2014, var gerð grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar og farið yfir sjónarmið lögmannna varðandi gagnöflun, sáttarferli og aðalmeðferð. Lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins óskaði eftir fresti til gerðar sáttartillögu þar til frekari gögn væru komin fram í málinu.

Við sjöttu fyrirtöku málsins, 30. október 2014, var óskað eftir afstöðu lögmannna aðila til þess hvort grundvöllur væri til að setta málið að einhverju eða öllu leyti. Farið var yfir sáttartillögu gagnaðila íslenska ríkisins og var lögmonnum boðið að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Ekki reyndist grundvöllur til sáttar að svo stöddu.

Við sjöundu fyrirtöku málsins, 20. nóvember 2014, var farið yfir stöðu sáttumleitana málsaðila, sem voru enn til skoðunar. Aðspurðir töldu lögmennt aðila ekki þörf á frekari vettvangsferðum að svo stöddu. Farið var yfir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar og fyrirkomulag þess hluta aðalmeðferðar er sneri að skýrslutökum og málflutningi. Þá voru frekari gögn lögð fram.

Sá hluti aðalmeðferðar er snýr að skýrslutökum og málflutningi fór fram 25. nóvember 2014. Fundað var á Hótel Hamri í Borgarnesi. Vísast nánar um það til kafla 4.4. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Málið var endurupptekið 29. ágúst 2016 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmonnum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Á meðal nýrra gagna var þrautavarakrafa f.h. Borgarbyggðar um að ágreiningssvæði málsins væru afréttir jarða í fyrrum Andakíls- og Lundarreykjadalshreppum. Jafnframt var bókað um fram komna yfirlýsingu lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins þess efnis að ef óbyggðanefnd teldi að merkjalínur gagnaðila íslenska ríkisins í málinu milli einstakra kröfusvæða væru ekki í samræmi við fyrirliggjandi heimildir hefðu

umbjóðendur hans ekkert við það að athuga að nefndin drægi þær þar sem hún teldi þær liggja samkvæmt heimildum. Tekið var fram að þetta raskaði þó í engu kröfugerð um að hafna bæri þjóðlendukröfu ríkisins til ágreiningssvæðisins í heild, samanber þó varakröfur. Engar athugasemdir komu fram við þessi atriði og ekki var talin þörf á endurflutningi. Var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

Málið var endurupptekið á ný miðvikudaginn 5. október 2016 og ný gögn lögð fram. Ákveðið var að lögmenn fengju færi á að kynna sér ný gögn sem komið hefðu fram í málinu áður en afstaða yrði tekin til þess hvort málin yrðu endurflutt.

Loks var málið tekið fyrir föstudaginn 7. október 2016. Þar kom fram að lögmenn teldu ekki þörf á endurflutningi. Var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

3 KRÖFUGERÐ

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Í kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er lýst og afmarkað í einu lagi og án aðgreiningar kröfum til ágreiningssvæða máls þessa auk ágreiningssvæðis sunnan Geitlands, sem fjallað er um í máli nr. 4/2014. Við úrlausn málsins hefur þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins verið skipt niður í smærri ágreiningssvæði á grundvelli afmörkunar gagnaðila þess á einstökum kröfusvæðum og heimilda um afmörkun einstakra svæða. Þess er nánar tiltekið krafist af hálfu íslenska ríkisins að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda, allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis:

Upphafspunktur er ós Brunnavatns þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu (1), við sýslumörk Borgarfjarðar– og Árnessýslna, þaðan er Reyðarlæk fylgt til vesturs að Reyðarvatni (2), þaðan er línán dregin eftir endilöngu Reyðarvatni, 115 metra frá suðurströnd vatnsins miðað við lágflæði, vestur að Reyðarvatnsósi (3), þar sem Grímsá rennur úr vatninu, Grímsá er svo fylgt að ármótum hennar og Lambár (4). Lambá er fylgt norður að Lambárfossi við Lambárbug (5), þaðan er farið þvert yfir í Engjadalsá (6) miðað við beina stefnu í Eystra-Sandfell, þar sem það er hæst. Þaðan er Engjadalsá fylgt til vesturs allt að ármótum hennar og Flókadalsá (7) og þaðan er farið í austur, eftir Flókadalsá að ármótum hennar og Syðri – Sandfellskvíslar (8), frá ármótum er Flókadalsá fylgt til austurs og til upptaka hennar (9), þaðan er farið beina sjónhendingu austur í vestanverða Oköxl, (10), og þaðan er farin bein lína að jökuljaðri (11) í stefnu á hátind Oks, jökuljaðri er svo fylgt réttsælis uns komið er að þeim punkti (12), að austanverðu þaðan sem unnt er að draga beina línu til austurs, miðað við hábungu Oks, yfir þveran Kaldadal að Geitá (13), á þeim stað u.þ.b. á miðjum Kaldadal þar sem megin – eða lengsta kvísl árinna frá Geitlandsjökli fer að renna til norðurs, þaðan er farið austur að upptökum Geitár (14), en þau munu vera í Geitlandsjökli í miðju þess gljúfurs sem er á milli jökulsins og Syðra-Hádegisfells, þaðan er farið til suðausturs eftir jökuljaðri Geitlandsjökuls að sveitarfélagamörkum og

sýslumörkum Borgarfjarðar – og Árnessýslna (15). Þaðan er sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og afmarka ennfremur kröfusvæðið til vesturs skv. tilkynningu óbyggðanefndar, fylgt í hábungu Þórisjökuls (16), þaðan til vesturs í vörðu við eða í vesturhlíðum Þórisjökuls (17), þaðan er farið með sýslumörkum til suðurs að ósi Brunnavatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu, en það er jafnframt upphafspunktur (1).

Sá hluti kröfusvæðis íslenska ríkisins sem afmarkast í meginatriðum af línu sem dregin er á framangreindan hátt milli punkta nr. 14, 15, 16 og 17, sem og af línu sem dregin er um Kaldadal milli punkta 17 og 14 er til umfjöllunar í máli nr. 4/2014 hjá óbyggðanefnd.

3.2 Kröfur Sjálfseignarstofnunarinnar Oks vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddsstaðatungu, Gullberastaðaselslands og Leirárdala

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að land innan afmörkunar hinna samliggjandi landsvæða verði úrskurðað eignarland sjálfseignarstofnunarinnar, sbr. framlagðar landamerkjaskrár, hornpunktaskrár og uppdrætti landeigenda, sem fylgdu kröfulýsingunni og færðar voru inn á sameiginlegt kröfulínukort.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra á þrætusvæðinu, fari svo að einhver hluti þess verði talinn til þjóðlendu. Í þeim afnotarétti felist öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, eða hver þau afnot sem möguleg eru eða verða.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.3 Kröfur Páls Guðmundssonar og Þorsteins Guðmundssonar vegna Húsafells II

Landeigendur telja að framkomin þjóðlendukrafa fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, nái að hluta inn á land jarðarinnar Húsafells II. Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að land innan afmörkunar Húsafells II, verði úrskurðað eignarland landeiganda, sbr. framlagðar landamerkjaskrár, hornpunktaskrár og uppdrætti landeigenda, sem fylgdu kröfulýsingunni og færðar voru inn á sameiginlegt kröfulínukort.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda á hinu umdeilda landsvæði, fari svo að einhver hluti þess verði talinn til þjóðlendu. Í þeim afnotarétti felist öll venjubundin afréttarnot, að fornu og nýju, sem og þeim sem möguleg eru eða verða.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi íslenska ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.4 Kröfur Borgarbyggðar vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddsstaðatungu, Gullberstaðaselslands, lands við Reyðarvatn, og Leirárdala

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar er fyrir hönd jarða í fyrrum Andakíls- og Lundareykjardalshreppi, og með vísan til 2. mgr. 11. gr. 1. nr. 58/1998, lýst þeirri kröfu til óbyggðanefndar, að viðurkennd verði afréttareign jarða í fyrrum Andakíls- og Lundareykjardalshreppi að Þóreyjartungum, Lundartungu, Oddsstaðatungu, Gullberstaðaselslandi, landi við Reyðarvatn, og Leirárdölum.) Afnotaréttarkröfu þessari er lýst til þrautavara, ef svo fer að nefndin fellst hvorki á fullkominn eignarrétt sem er aðalkrafa, né afréttareign, sem er varakrafa sjálfseignarstofnuninnar Oks að landsvæðunum, svo sem fram kemur í kröfulýsingu aðila.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi íslenska ríkisins, samkvæmt mati óbyggðanefndar.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–12 ásamt undirskjölum eða samtals 339 skjöl, auk 18 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitafni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar, sagnfræðings, og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmenntum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, sjá skjal nr. 2. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfírnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins miðvikudaginn 27. ágúst 2014 í fylgd með lögmenntum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt var með í för starfsfólk óbyggðanefndar.

Ekið var frá Bifröst, í góðu skyggni, eftir vegi nr. 550 (Kaldadalsvegur), og inn fyrir þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins á Langahrygg. Litið var yfir ágreiningssvæðið vegna Húsafells. Einnig var farið suður að kröfulínu Húsafells um eignarland. Ekið var áfram suður eftir Kaldadalsvegi og beygt til vesturs eftir vegi nr. 52 (Uxahryggjavegur) skammt sunnan Brunnavatns á Sæluhúsahæðum og ekið að hesthúsum sem liggja rétt við veginn. Riðið var í góðu skyggni frá Sæluhúsahæðum norður yfir Brunnavatnsós og niður með Reyðarlæk að tóftum Snorrasels/Reykholtsel við Suðurenda Reyðarvatns. Þaðan var riðið út Drangshlíð og upp á Leirárhöfða. Þar sást vel yfir ágreiningssvæði vegna Leirárdala og Gullberastadaselslands. Farið var yfir staðhætti, kennileiti og merki með heimamönnum. Farið var áfram með Reyðarvatni yfir Leirá að Fuglaþúfu. Riðið var út með Reyðarvatni, yfir Fossá og um staragróið mýrlendi á ágreiningssvæði vegna Gullberastadaselslands. Riðið var niður með Grímsá að tóftum Gullberastadasels og niður að ármótum Lambár og Grímsár, sem er punktur 4 í kröfulínu íslenska ríkisins. Farið var yfir Lambá og heim að Oddsstöðum, þar sem vettvangsferð lauk.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmannta: Rúnar Hálfðánarson, Þverfelli í Lundarreykjadal; Ólafur Jóhannesson, Hóli í Lundarreykjadal, vegna sjálfseignarstofnunarinnar Oks og

formaður fjallskilanevndar Oddsstaðaréttar; Sigurður Oddur Ragnarsson, Oddsstöðum í Lundarreykjadal; og Jón Blöndal, fyrrverandi bóndi í Langholti í Andakílshreppi.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins í máli þessu ná til, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Þar á eftir verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðunum vegna legu sinnar eða réttinda. Er þar að mestu fylgt tímaröð.²

5.1 Landnám

Reykholts (Reykjaholts) í Borgarfirði er getið í Landnámu.³

Í Sturlubók Landnámu segir svo um landnám í Flókadal:

Flóki, þræll Ketils gufu, nam Flókadal ok var þar drepinn.

Þar segir einnig:

Ketill blundr ok Geirr son hans kómu til Íslands ok váru með Skalla-Grími enn fyrsta vetr; þá fekk Geirr Þórunnar, dóttur Skalla-Gríms. Um várit eptir vísaði Grímr þeim til landa, ok námu þeir upp til Rauðsgils ok Flókadal allan fyrir ofan brekkur. Ketill bjó í Þrándarholti; við hann er kennt Blundsvatn, þar bjó hann síðan. [...] Dóttir Geirs [hins auðuga] var Bergdís, er Gnúpr átti Flókason í Hrísum; þeirar [svo] ættar var Þóroddur hrísablundr.⁴

Í Þórðarbók Landnámu segir um landnám í Flókadal:

Flóki leysingi Ketils gufu, bróðir Skorra, nam Flókadal allan á milli Flókadalsár ok Geirsár ok bjó bjó í Hrísum ok var þar drepinn.⁵

Í Landnámu segir svo um Lund í Lundarreykjadal:

Úlfr, son Gríms ens háleyska [...] nam land á milim Hvítár ok suðrjökla ok bjó í Geitlandi. [...] Annarr son hans var Hróaldr, faðir hrólfs hins yngra, er átti Þuríði Vaþjófsdóttur [...]; þeira börn váru þau Kjallakr at Lundi í Syðradal, faðir Kolls, fõður Bergþórs.⁶

² Þessi kafli er að hluta til byggður á drögum að greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 4.7.2014, sbr. skjal nr. 8. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins. Jafnframt hefur bætt við umfjöllun um gögn sem komið hafa fram eftir að umrædd drög komu fram.

³ *Íslensk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 78-79, 157, 192.

⁴ Skjal nr. 4(89).

⁵ Skjal nr. 4(89).

⁶ Skjal nr. 4(89).

Syðridalur er Reykjadalur syðri (Lundarreykjardalur).⁷

Í Sturlubók Landnámu segir um landnám Björns gullbera:

Björn gullberi nam Reykjardal enn syðra ok bjó á Gullberstoðum.⁸

Í Þórðarbók Landnámu segir um landnám Björns gullbera:

Björn gullberi nam Reykjardal enn syðra: frá Grímsá ok til Flókadalsár.⁹

Þá segir að Þorgeirr meldún hafi numið lönd öll lönd að landnámi Björns gullbera fyrir ofan Grímsá og hafi búið í Tungufelli.¹⁰

5.2 Afréttir og afréttarnot

Hér verða raktar heimildir um afrétti og gerð grein fyrir nýtingu þeirra á svæðinu almennt. Því næst segir frá afréttarlöndum. Þá fylgir umfjöllun um aðliggjandi jarðir. Vitnisburður heimilda er jafnan rakinn í tímaröð.

Í Fjallskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 1896 er m.a. fjallað um skilgreiningu landsvæða og leitarmörk. Þar segir m.a.:

II. Greining lands og notkun.

3.gr.

Heimalönd nefnast hjer lönd þau, er í byggð liggja, engjar og beitolönd þau, er búpeningur (ær, kýr og brúkunarhross) gengur jafnaðarlega í á sumrum eða vetrum.

Fjalllönd eða *afrjettir* kallast þeir hlutar landa, er liggja utan búfjárhaga og vegna fjarlægðar eða afstöðu eru eigi varðir annara fjenaði. Hjer til heyra fjalllönd einstakra manna, kirkna og hreppa.

[...]

50. gr.

Rauðsgilsrjett (skilarjett).

Þessi rjett tilheyrir öllum jörðum í Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi. Leitartakmörk hennar eru þessi: Hvítá ræður að norðanverðu, að austanverðu Eiríksjökull, að sunnan Geitlandsjökull, þá norðanvert við Kaldadal í Okjökul, þá suður með Okjökli í Flókdadalsárdrög, síðan ræður Flókadalsá ofan til Hvítár.

[...]

51. gr.

Oddsstaðarjett (skilarjett).

⁷ Skjal nr. 4(89).

⁸ Skjal nr. 4(89).

⁹ Skjal nr. 4(89).

¹⁰ Skjal nr. 4(89).

Þessi rjett til heyrir öllum jörðum í Lundar-Reykjadalshreppi, Skorradalshreppi norðan Fitjaár og Skorradalsvatns og Andakílsahreppi milli Andakílsár og Flókadalsár. Leitartakmörk eru þessi: Að leitartakmörkum Rauðsgilsrjettar að norðanverðu upp í Okjökul, með Oki suður á Kaldadal og svo vestur sýslumót í Kvígyndisfell, þaðan beina stefnu í Eiríkswatn, en síðan ræður Fitjaá, Skorradalsvatn og Andakílsá til sjávar.¹¹

Í Fjallskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 1914 er m.a. fjallað um skilgreiningu landsvæða og leitarmörk. Þar segir m.a.:

II. Greining land og notkun.

3. gr.

Búfjánhagar eða heimalönd nefndast hjer lönd þau er í bygð liggja, engjar og beitolönd, er búpeningur (nautgripir, kvíær og brúkunarhross) gengur jafnaðarlega í á sumrum og vetrum.

Fjallönd eða afrjettir kallast hjer þeir hlutar landa, er liggja utan búfjánhaga og eru eigi varðir annara fjenaði.

[...]

36. gr.

Þessar skulu vera skilarjettir sýslunnar:

1. *Rauðsgilsrjett.* Leitarsvæði: Hvítá ræður að norðan, Langjökull að austan, Geitlandsjökull að sunnan, þá norðanvert við Kaldadal í Ok, þá út og suður með oki í Flókadalsdrög. Síðan ræður Flókadalsá ofan að brú hjá Hjálmsvaði. Þaðan ræður þjóðvegurinn að Grímsá. Úr því ræður Grímsá.

[...]

2. *Oddsstaðarjett.* Leitarsvæði: Að leitartakmörkum Rauðsgilsrjettar, frá Grímsá við Þjóðveginn alt að Oki, með Oki suður í Kaldadal og svo vestur sýslumót í Kvígyndisfell. Þaðan beina stefnu í Suðurárbotn, en hún skilur leitarsvæði í Eiríkswatn, en síðan ræður Fitjaá, Skorradalsvatn og Andakílsá til sjávar.¹²

Í Fjallskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 1920 er m.a. fjallað um skilgreiningu landsvæða og leitarmörk. Þar segir m.a.:

II. kafli.

Um afrjetti og notkun þeirra.

3. gr.

Búfjánhagar eða heimalönd nefnast hjer lönd þau, er í bygð liggja, engjar og beitolönd, er búpeningur, (nautgripir, kvíær, brúkunarhross), gengur jafnaðarlega í á sumrum og vetrum.

¹¹ Skjal nr. 4(16).

¹² Skjal nr. 4(18).

Fjalllönd eða afrjettir kallast hjer þeir hlutar landa, er liggja utan búfjárhaga og eru eigi varðir annara fjenaði.

[...]

VI. kafli.

Um rjettir og rjettahöld.

24. gr.

Þessar skulu vera skilarjettir sýslunnar:

3. R a u ð s g i l s r j e t t. Leitarsvæði: Hvítá ræður að norðan, Langjökull að austan, Geitlandsjökull að sunnan, þá norðanvert við Ok, þá út og suður með Oki í Flókadalsárdrög. Síðan ræður Flókadalsá að Hvítá.

[...]

4. O d d s t a ð a r j e t t. Leitarsvæði: Að leitartakmörkum Rauðsgilsrjettar frá Hvítá eins og Flókadalsá ræður alt að Oki, með Oki suður í Kaldadal og svo vestur sýslumót í Kvígindisfell, þaðan beina stefnu í upptök Suðurár, en hún skilur leitarsvæði í Eiríkuvatn, en síðan ræður Fitjaá, Skorradalsvatn og Andakílsá til sjávar.¹³

Í Fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 1952 er m.a. fjallað um skilgreiningu landsvæða og leitarmörk. Þar segir m.a.:

VI. KAFLI

Réttir og réttahöld.

22. gr.

[...]

Þessar skulu vera skilaréttir sýslunnar:

Rauðsgilsrétt. Leitarsvæði: Hvítá takmarkar að norðan, en Langjökull að austan. Ok og Flókadalsá að sunnan.

[...]

1. Oddsstaðarétt. Leitarsvæði: Takmarkast að norðan af Hvítá og leitarsvæði Rauðsgilsréttar. Að austan ræður Þórisjökull og síðan sýslumörk Borgarfjarðarsýslu um Brunnvatnsós og í Kvígindisfell. Að sunnan stefna úr Kvígindisfelli syðst í Suðúruupptök og síðan í Suðurá í Eiríkuvatn. Úr Eiríkuvatni hreppamörk Lundarreykjadal og Skorradals út á Stórafell og þaðan bein stefna suður í Skorradalsvatn. Síðan ræður Skorradalsvatn og Andakílsá til sjávar.¹⁴

Í Fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað frá 1973 er m.a. fjallað um skilgreiningu landsvæða og leitarmörk. Þar segir m.a.:

¹³ Skjal nr. 4(71).

¹⁴ Skjal nr. 4(22).

VI. KAFLI

Fjallskiladeildir (leitarsvæði), réttir og réttardagar.

Fjallskiladeildir og réttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þessar:

1. Rauðsgilsrétt. Leitarsvæðið nær yfir lönd öll í Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi, að undanskildu Kálfanesi.

[...]

2. Oddsstaðarétt: Leitarsvæðið nær yfir Lundareykjadalshrepp allan, Andakílsahrepp allan að Andakílsá, lönd jarða í Skorradal norðanverðum, frá og með Stálpastaðalandi og að hreppamörkum neðan Hálsa. Enn fremur land Kálfaness.¹⁵

Í Fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað frá 1986 er m.a. fjallað um skilgreiningu landsvæða og leitarmörk. Þar segir m.a.:

3. gr.

2. Afréttur Lunddæla og Andkíling, eign þeirra hreppa milli Grímsár og Flókadalsár, upp frá heimalöndum Gullberastaða og Oddsstaða og austur að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu og Árnassýslu.

[...]

VI: KAFLI

Fjallskiladeildir (leitarsvæði), réttir og réttardagar.

27. gr.

1. Rauðsgilsrétt: Leitarsvæðið nær yfir lönd öll í Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi, að undanskildu Kálfanesi. Geitland skal þó leitað fyrir Fljótstunguréttar.

[...]

2. Oddsstaðarétt: Leitarsvæðið nær yfir Lundareykjadalshrepp allan Andakílsahrepp norðan Andakílsár, lönd jarða í Skorradal norðan- og neðanverðum, frá og með Stálpastaðalandi að sveitaenda. Ennfremur land Kálfaness.¹⁶

Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis.¹⁷

Svar hreppstjórans í Reykholtisdalshreppi, dagsett 17. janúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

¹⁵ Skjal nr. 4(24).

¹⁶ Skjal nr. 4(26).

¹⁷ Skjal nr. 4(2).

Bréfi yðar herra sýslumaður dagsett 9. þ.m. hef jeg meðtekið í dag, og svara því samstundis. Enginn almenningur tilheyrir Reykhótsdalshreppi en afréttarland á hreppurinn á Arnarvatnsheiði sem keyptur var fyrir mörgum árum af bóndanum í Kalmanstungu partur af eignarjörð hans, og mun ekki um neitt vatnsorkuafli að ræða í afrétti Reykhóladalshrepps.

Virðingarfyllst
Ingólfur Guðmundsson¹⁸

Svar hreppstjórans í Lundarreykjadalshreppi, dagsett 28. janúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Með bréfi dagsettu 9. þ.m. biðjið þér mig herra sýslumaður um upplýsingar um almenninga og afréttarlönd Lundarreykjadalshrepps.

Um almenninga veit ég ekki að séu til. En lundareykjadalshreppur á tvo smá landbletti er ekki heira til neinu lögbýli.

1. Þóreyjartungur og lyggur það land milli Flókadalsár og Sandfellskvíslar (þeirri syðri) og er um engan foss eða fallanda þar að tala.
2. Eru svo kallaðir Fossár- og Leirárhöfðar. Lyggur það land norðaustur af Reiðarvatni. Lítil foss er í Fossá og tilheirir að hálfu Lundareykjadalshreppi en að hálfu Andakílshreppi.

Aðrar upplýsingar get ég ekki gefið þessu viðvarandi.

Guðmundur Auðunsson¹⁹

Svar hreppstjórans í Andakílshreppi, dagsett 30. janúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Með bréfi dags. 9. jan. 1920 óskið þér háttvirtu herra sýslumaður um upplýsingar viðvíkjandi almenningum og afréttarlöndum, sem ekki sannanlega hefur tilheyrt eða nú tileyrir nokkru lögbýli.

Hreppstjóri veit ekki til, að í Andakílshreppi sé um nokkurt slíkt að ræða.

Hvanneyri 30. jan. 1920

Virðingarfyllst
Halldór Vilhjálmsson²⁰

Svar hreppstjórans í Hálsahreppi, dagsett 31. janúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Skýrsla yfir útlendur og afréttarlönd í Hálsahreppi:

1. Útlendan Geitland liggur í hreppnum.
2. Hálsahreppur á, í sameign við Reykhótsdalshrepp afréttarland á Arnarvatnsheiði, í Mýrasýslu.

Augastöðum 31. jan. 1920.

¹⁸ Skjal nr. 4(5).

¹⁹ Skjal nr. 4(7).

²⁰ Skjal nr. 4(6).

Nikulás Gíslason²¹

Svar sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsett 8. júlí 1920, vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Stjórnarráðið hefir, með brjefi dags. 29. des. f.á., beðið mig um upplýsingar um þau svæði hjer í sýslu, sem talin eru almenningar, svo og um afréttarlönd. Jeg leyfi mjer, allra virðingarfullst, að senda hinu háa stjórnarráði skýrslur þær er hingað hafa borist frá hreppstjórunum, en skýrslurnar frá Hraun-Álftanes- og Skorradalshreppum hefi jeg krafð hreppstjórana um og vænti að geta sent þær áður en lang líður.²²

Að skipan dómsmálaráðuneytisins sendi sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu svar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl, dags. 13. nóvember 1985. Í svari hans var eingöngu vísað í þær afréttarskrár sem embættið hefði undir höndum en um var að ræða annars vegar afréttarskrá um afréttarlönd í Mýrasýslu, ódags. og hins vegar skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps eftir Ingimund Ásgeirsson, dags. 1. júní 1980.

Skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps eftir Ingimund Ásgeirsson, dags. 1. júní 1980 hljóðar svo:

Afréttur Lunddæla og Andkílinga.

(afréttur Lundarreykjadalshrepps og Andakílhrepps)

Útlínur afréttarins eru taldar þessar:

Að norðanverðu Flókadalsá, frá því að Engjadalsá fellur í hana, og til Flókudraga, skammt vestur af Oköxl. Talið er, að hólmi í ánni, skammt vestur frá upptökum árinna, tilheyri afréttinum. Úr Flókudrögum stefna um Oköxl, þar sem hún er hæst, og austur um Ok, þar sem það er hæst, um móbergstind í austanverðu Oki, er nefnist Bræðravirki, yfir Kaldadal þveran, nálægt vatnaskilum til suðurs og norðurs, og austur í Þórisjökul, sem nú er svo nefndur, en áður Geitlandsjökull (og svo enn úr Lundarreykjadal), og er það nálægt þeim stað, er stór klettarni skagar fram úr fjallinu, sem jökullinn hvílir á. Að austan Þórisjökull (Geitlandsjökull) og úr suðvesturhorni hans (nálægt eða þar, sem forn varða stendur á fjallsbrúninni) stefna í ós Brunnavatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu. Að sunnan Reyðarlækur til Reyðarvatns, þá Reyðarvatn og úr því Grímsá, unz Lambá fellur í hana. Að vestan Lambá og Lambárgljúfur að Lambárfossi við Lambárbug. Þaðan bein stefna í Eystra Sandfell, þar sem það er hæst, allt að Engjadalsá, síðan áin að sunnanverðu þar til hún mætir Flókadalsá, sem áður getur.

²¹ Skjal nr. 4(4).

²² Skjal nr. 4(3).

Um útlínur þessar hefur enginn ágreiningur verið, nema hvað austurmörkin virðast hafa verið óljós eða ágreiningssöm um skeið, og verður hér á eftir farið nokkrum orðum um það atriði og vitnað til nokkurra heimilda, sem ýmist eru til skrifaðar eða prentaðar eða hvorttveggja. Tilvitnanir eru með nútímastafsetningu eða nálægt henni, enda frumheimildir ekki einatt til, heldur einungis eftirrit þeirra eða útdráttur úr þeim.

Samkvæmt lögfestu Þingvallaprests, sr. Markúsar Snæbjörnssonar, undirritaðri og upplesinni á manntalsþingi að Stóruborg í Grímsnesi 16. maí 1740 (1) eru norðurmörk lands Þingvallastaðar talin vera stefna úr norðurrótum Skjaldbreiðar í Leirárhöfða „allt þar til vötnum hallar að Borgarfirði“. En vesturmörkin „þaðan beint yfir að Steinkistu (eða Steinkirkju)...“. Lögfesta þessi er í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni, og er hún eftirrit sr. Björns Pálssonar á Þingvöllum, gert að líkindum 1839, eða a.m.k. hefur hann sent biskupi eftirritið það ár. Í sýslulýsingu Páls Melsteðs sýslumanns, gerðri nálægt 1840 (2), eru tilfærð merki í millum Árneshöfða og Borgarfjarðarsýslu og virðast vera tekin eftir eða upp úr vottorði Stefáns Pálssonar, bónda í Oddgeirshólum, en hann var uppalinn á Þingvöllum. Segir í sýslulýsingunni, að merkin séu frá Súlum „beina stefnu til Hrosshæða, þaðan til Uxahryggjar, þaðan í Leirárhöfða, þaðan til Eiríksnípu í Baldjökli“. Stefán Pálsson orðar þetta þannig (3): „úr þeim (þ.e. Hrosshæðum) eftir Uxahrygg og í Leirárhöfða, úr honum í Skurði, sunnan við Kaldadal, þaðan í Eiríksnípu í Baldjökli. – Þetta minnir mig (segir Stefán) ekki betur en væri tilgreint í tveimur lögfestum, er voru við Þingvallakirkjuskjölin“. Má sjá, að hér munar æðimiklu frá lögfestu sr. Markúsar Snæbjörnssonar, en hún hlýtur þó að vera önnur lögfestan, sem Stefán Pálsson vitnar til, því hún virðist vera enn í Þingvallakirkjuskjölum 1939, eins og hér kom áður fram. Við lauslega athugun á dóma- og þingbókum Árneshöfða 1750-1820 hefur þess ekki orðið vart, að neinar lögfestur Þingvallakirkju vegna hafi verið þinglesnar á þessum árum, og er raunar mjög ósennilegt, að önnur lögfesta en sr. Markúsar hafi verið í Þingvallakirkjuskjölum á þeim árum, sem Stefán Pálsson var á Þingvöllum, en hann var bróðir sr. Björns Pálssonar pr. á Þingvöllum, og þeir synir Páls Þorlákssonar, er hélt þann stað 1780-1818. Verður að teljast líklegast, að hér sé um misminni Stefáns Pálssonar að ræða, en líkindi til að faðir hans, sr. Páll, hafi haft hug á að eigna kirkjunni land lengra vestur en gert var í eldri lögfestu, því að sr. Björn Pálsson virðist ganga með svipaða hugmynd og Stefán í Oddgeirshólum um landamerki Þingvalla að vestanverðu. Sr. Björn Pálsson lýsir landamerkjum Þingvallasóknar í svörum sínum við spurningum Bókmenntafélagsins, undirrituðum 5. febr. 1840 (Sóknalýsingar Þingvalla- og Úlfjótvatnssókna) (4), og færir þó landamerkjalinuna enn vestar, því að hann telur Fanntófell vera sýsluskil, en Skurði þó tilheyrja Þingvallalandi eins og Stefán telur einnig. Skurðir eru þó í suð-suðvestur frá Fanntófelli. Er svo að sjá, að sr. Björn og þeir bræður báðir (og e.t.v. faðir þeirra), hafi verið í töluverðum landvinningahug, því að, sem fyrr er sagt, hefur hann haft lögfestuna frá 1740 undir höndum. Varla þarf þó

að efast um, að sr. Markús Snæbjarnarson hafi gengið eins langt og hann treysti sér til í lögfestu sinni. Sr. Markús var talinn af samtíðarmönnum harður og deilugjarn og veraldlega sinnaður.

Í „reglugerð um grenjaleitir, dýraveiðar, geldfjárrekstur á afrétt, fjármörk og fjallgöngur á haustum fyrir Borgarfjarðarsýslu“, er gefin var út af Ólafi Stefánssyni, stiptamtmani og amtmanni í suðuramtinu, 2. júní 1792 (5) segir svo í 8 grein: „Frambúar í Lundarreykja- og Skorradölum skulu nógu tímanlega leita fjöllin, sem liggja fram af þessum dölum allt að Sæluhúsum og austur undir hraun norður af Skjaldbreið“. (Afskriftir af reglugerð þessari eru í Þjóðskjalasafni og í Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar). – Má af þessu greina, að skoðanir manna austan fjalls og vestan hafa ekki fallið saman, hvar merki væru á milli Árnesþings og Borgarfjarðar, og þarf þó ekki að muna miklu á þeim leitarmörkum, er reglugerðin nefnir og landamerkjalinunni í lögfestu sr. Markúsar.

Árið 1886 voru gerðar landamerkjalyásingar fyrir flestar jarðeignir, eftir því sem lagaboð stóðu til. Fjöldi landamerkjalyásinga og allra er voru í sýsluskjalasafni Borgarfjarðarsýslu, hafa glatazt, sýsluskjalasafnið eyðilagðist í eldi í Borgarnesi haustið 1920, allt það sem ekki var búið að skila Þjóðskjalasafni. Landamerkjalyásing Þverfells í Lundarreykjadal, gerð 10. sept. 1886, þingl. vorið eftir (6), er þó enn til í frumriti (í eigu Björns Davíðssonar, bónda á Þverfelli) og er prentuð orðrétt í Hæstaréttardómum 1971. Hún er undirrituð af ábúanda Þverfells og Þingvallapresti og fleiri aðilum. Þar segir, að úr Reyðarvatni ráði Reyðarlækur til Grunnvatnsós (fyrir og síðar og enn Brunnvatnsós). „Svo ræður bein sjónhending merkjum milli Þverfells og Þingvallakirkju í háhnjúkinn á Kvígindisfelli.“ Landamerkjalyásing Þingvallakirkjulands, gerð 1. sept. 1886, þingl. 7. júní 1890 (7 a og b), er einnig til (í landamerkjabók Árnessýslu, nr. 473, prentuð í bók Matthíasar Þórðarsonar: Þingvöllur, alþingisstaður hinn forni, bls. 286-287). Segir þar, að frá norðausturenda Tindaskaga liggja merkin „í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu í Leirárhöfða, þar til vötnum hallar að Borgarfirði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhendis úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvíkjáryndisfells (fyrir og síðar Kvígindisfells). Þar, sem þessi síðastnefnda lína sker norðurlínuna úr rótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða, er hornmark. Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvíkjáryndisfells.“ Landamerkjabréfið er undirritað af sr. Jens Pálssyni á Þingvöllum og ábúendum og umráðamönnum jarða í Borgarfjarðarsýslu, er lönd áttu að vestanverðu Þingvallalandi. Merki þessi, milli Borgarfjarðar og Árnesþings, virðast í megindrattum þau sömu og segir í lögfestu sr. Markúsar Snæbjörnssonar frá 1740, og fyrir er til vitnað, og þó nokkru vestar norðan til, ef gert er ráð fyrir, að Brunnvatnsós sé suðvesturhorn afréttar Lunddæla, eins og nú er yfirleitt talið. En væri vatnaskilum fylgt, lægju Brunnar, landsvæðið

austur og norður af Brunnavatni, og hluti Brunnahæða Borgarfjarðarsýslumegin.

Árið 1896, 7. sept., var gerður samningur milli prestsins á Þingvöllum og hreppsnefndar Grímsneshrepps (8) um eignaskipti á jörðinni Kaldárhöfða í Grímsnesi, er Grímsneshreppur átti þá, og hluta af afréttalandi Þingvallakirkju, sem liggur, að því er tekur til norðurhluta þessarar afréttarspildu, austan línu úr hæsta hnjúknum „á Gatfelli (einu hinna þriggja fella, er öll nefnast Mjóufjöll) og í vesturhornið á Hróðurkörtlum (Hróðurkörtlum)“. Ekki þarf þessi markalína að rekast á við landamerkjalyýsingu Þingvalla frá 1886, því að síðar í eignaskiptabréfinu er sagt, að „allt það afréttarland Þingvallakirkju, ... sem liggur fyrir austan nefnda marklínu, er upp frá þessu rétt eign Grímsneshrepps“. Bréf þetta er undirritað af sr. Jóni Thorstensen, presti á Þingvöllum, annarsvegar, en af sr. Stefáni Stephensen á Mosfelli, oddvita Grímsneshrepps, hinsvegar, og innfært í afsals- og veðmálabók Árnassýslu 1897, nr. 415.

Verður hér ekki meira rætt um austurmörk afréttarins, því að svo er að sjá, að enginn sé skráður eigandi að landinu austan línunnar úr Geitlandsjökli og suður að „hornmarki“ því, er landamerkjalyýsing Þingvalla frá 1886 nefnir, enda er það gróðurlítið og hefur sennilega lengi verið það, en þó munu Grímsnesingar leita það land á haustum, að því leyti, sem það er gert.

Nú verður vikið að einstökum svæðum afréttarins.

1. Þóreyjartungur

Þóreyjartungur liggja milli Flókadalsár að norðan og Sandfellskvíslar og ofan Kvíslamóta Syðri Sandfellskvíslar að sunnan „og úr upptökum hennar ræður bein stefna í háaustur upp í Okið“. Að norðaustanverðu Okið“, segir í landamerkjabréfi er gert var 2. júlí 1923 (9), sennilegast í stað landamerkjabréfs, er glatazt hefur, og undirritað af oddvita Lundarreykjadalshrepps og umráðendum aðliggjandi landa, og innfært í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu II, nr. 38, bls. 14. – Lögfesta sr. Þorsteins Helgasonar í Reykholti, gerð 13. maí 1837 (10), lýsir merkjum að nokkru á annan veg: „en það eru Þóreyjartungur, er liggja millum Sandfellskvísla, fram um Sandfell og fram í Sauðabrekkur fyrir vestan Fanntófell, og að Flókadalsá á norðurhlið“. Örnefnið Sauðabrekkur er nú ekki notað, þó virðist það hafa þekkt fram um aldamótin síðustu, og geta má sér til, að þær séu hallar vestan Fanntófalls, töluvert grónir. Þóreyjartungur munu um langan aldur hafa verið taldar eign Reykholtskirkju, en þó munu Lundarprestar um skeið hafa eignað Lundi syðri tunguna, á milli Sandfellskvísla, sem ásamt Lundartungu var nefnd Lundarheiði, og var hún af sumum nefnd Þrætutunga, vegna ágreinings milli Lundar og Reykholtss um spildu þessa. Getu má þess, að Guðmundur Bjarnason á Hæli, f. 1886, d. 1978, kallaði syðri Þóreyjartungu einatt Þrætutungu. Ekki hafa fundizt eldri skráðar heimildir um eignaraðild Reykholtskirkju að Þóreyjartungum, en lögfesta sr. Finns Jónssonar, prests í

Reykholti, frá 1739, og geymd er í kirknaskjölum í Þjóðskjalasafni. T.d. eru Þóreyjartungur ekki taldar meðal eigna Reykholtskirkju í Gíslamáldaga frá 1575 eða þar um bil. Reykholtskirkja seldi með leyfi stiptsyfirvalda (11) Lundareykjadalshreppi 9. sept. 1895 „afréttarlönd í „Suðurfjalli“ fyrir sunnan Flókadalsá, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn“ fyrir kr. 700.00. Kaupsamningurinn (12) er undirritaður af sr. Guðmundi Helgasyni í Reykholti vegna kirkjunnar, og hreppsnefndarmönnum Lundarreykjadalshrepps, þeim sr. Ólafi Ólafssyni á Lundi, Jóni Guðmundssyni á Reykjum, Árna Sveinbjarnarsyni á Oddsstöðum, Jóni Pálssyni í Brennu og Sigurði Gíslasyni í Mávahlíð. Annað eða eitt frumrit kaupsamnings þessa er varðveitt í Þjóðskjalasafni, en afsals- og veðmálabækur Borgarfjarðarsýslu brunnu haustið 1920, sem fyrr er ritað. Reykholtsprestur gaf út afsal 9. janúar 1896, og skv. registri afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu (sem varðvetzt hefur), var kaupbréf ásamt afsali þinglesið 8. júní sama ár (13).

2. Lundartunga.

Merkjum hennar er svo lýst í landamerkjabréfi, dags. á Gullberastöðum 2. maí 1910 (14): „Að norðan Flókadalsá og Syðri Sandfellskvísl, allt upp í Ok, sem ræður að austan, að sunnan Engjadalsá og að vestan Flókadalsá og Engjadalsármótin“. Bréfi undirritar Vigfús Pétursson, sem eigandi Gullberastaða og fyrir hönd Lundarreykjadalshrepps, og vegna Oddsstaða Jón Hannesson í Deildartungu. Landamerkjabréfið var þinglesið á Lundi 7. júní 1910 og síðar innritað í nýja landamerkjabók sýslunnar 23. marz 1923, nr. 251. Lundartunga var hluti af heimalandi Lundar og var seld Andakílhreppi og afsal gefið 4. ágúst 1910 af sr. Sigurði Jónssyni (Sveitarbók Andakílhrepps 1910, (15)). Áður fyrr var haft í seli frá Lundi á Lundartungu, og má sjá til selrústa á tveimur stöðum, skammt frá Engjadalsá, er þar kallað Gamla Lundarsel ofar með ánni, en Lundarsel neðar. Mun síðast hafa verið haft í seli 1888. – Í Sturlungu er þess getið, að deila var milli Oddsstaðamanna og Lundarmanna um víðirif á fjalli, en ekki er vitað, um hvaða spildu var deilt.

3. Oddsstaðatunga.

Tungan var hluti af heimalandi Oddsstaða, enda áföst því. Elztu heimildir um landamerki Oddsstaða er lögfesta Steinþórs Sigurðssonar, eiganda Oddsstaða, líklega bónda í Álftártungu, (hann var sonarsonur sr. Ásgeirs Hákonarsonar á Lundi, er hefur efalítið átt Oddsstaði). Hún var „upplestin á Lundarmanntalssamkomu þann 28. apríl 1666 (16). Segir þar um norðurmerki Oddsstaða, eftir að vesturmörkunum hefur verið lýst: „...síðan ræður Engjadalsá til hennar upptaka, þaðan sjónhending í Fanntær, síðan ræður Lambá að austan til þess Grímsá mætir“. Orðalag lögfestunnar virðist bera þess vott, að hún sé samin eftir miklu eldri lögfestu. Örnefnið Fanntær er ekki lengur þekkt, en hefur efalítið verið við rætur Fanntófells eða jafnvel fellið sjálft. Landamerkjabréf fyrir Oddsstöðum, gert af sama Steinþóri Sigurðssyni

1682 (16) nefnir ekki Fanntær, en lýsir svo merkjum: „...síðan ræður Engjadalsá fram eftir öllu fjalli, allt að upptökum, þaðan ræður Lambá að austurmerkjum, allt til þess hún fellur í Grímsá“. Sama orðalag er í lögfestu Sigurðar lögmanns Björnssonar, þá eiganda Oddsstaða, er upplestin var á Sandatorfupingi 28. júní 1682 (16), og einnig í lögfestu Sveinbjarnar Árnasonar, bónda á Oddsstöðum, er þinglesin var á manntalsþingi að Lundi 21. maí 1840. (Hún er í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni). – 19. apríl 1930 seldi Sigurður bóndi Bjarnason á Oddsstöðum Lundarreykjadalshreppi Oddsstaðatungu (17) með svotöldum landamerkjum: „Að vestan frá Lambárbug hjá fossinum sjónhending í Sandfell, þar sem það er hæst. Að sunnan ræður Lambá úr Lambárbug, það sem hún nær, og þaðan sjónhending í suðurrana Fanntófells. Þar sem Lambá greinist ræður syðsta kvísl hennar. Að norðan ræður Engjadalsá“. Söluverð er kr. 4.000.00. Afsal var gefið af Sigurði Bjarnasyni til Lundarreykjadalshrepps 18. des. 1930 (18). 17. júní 1933 seldi Lundarreykjadalshreppur Andakílshreppi Oddsstaðatungu fyrir sama verð og hann hafði fyrir hana gefið. Afsal var gefið Andakílshreppi 8. janúar 1940 (19). Sama dag voru undirrituð svofelld landamerki fyrir Oddsstaðatungu og undirrituð af aðilum beggja hreppa, Lundarreykjadalshrepps og Andakílshrepps (20): „Að vestan: Úr Lambárbug hjá fossinum sjónhending í Eystra-Sandfell þar sem það er hæst. Að norðan: Engjadalsá frá fyrrgreindri stefnu, um Urriðatjörn í upptök Lambár, þar sem hún nær lengst upp í Okhryggina. Að sunnan: Lambá úr áðurnefndum upptökum niður í Lambárbug“. Þingfest 25. janúar 1940.

4. Gullberastaðatunga. Gullberastaðaselsland.

Gullberastaðatunga er á milli Lambár að vestan og norðan, Grímsár að sunnan og Kaldár að austan. Sú kenning, að Gullberastaðatunga hafi verið talin ná austur að Fossá, fullyrði ég, að sé röng, enda þótt sumir hafi látið hafa það eftir sér. Má þar vel um tala, því að ég þekkti menn, sem fæddir voru fyrir miðja 19. öld og voru fæddir og uppaldir á Reykjum, en land Reykja liggur að Grímsá að sunnan, og töldu þeir Kaldá vera austurmörk Gullberastaðatungu. Sjáfur er ég þarna mjög kunnugur frá barnæsku til fullorðinsára, annaðist ásamt öðrum smalanir Reykjaland, gegnt Gullberastaðatungu, og vörzlu gegn ágangi stóðhrossa af afrétti, og var alltaf, undantekningarlaust, talið, að Gullberastaðatunga næði einungis fram að kaldá, og talað um, að skepnur væru fremst á tungunni, ef þær voru skammt vestan Kaldár. Ýmis vottorð frá fólki uppöldu í Gullberastaðaseli eru einnig þessu til stuðnings (21), og frá fleirum, en einnig finnast vottorð um, að Gullberastaðatunga hafi náð að Fossá, en þau hygg ég á misminni byggð, enda sum gefin af mönnum, er áttu skamma viðdvöl í Gullberastaðaseli, og eftir langa fjarvist þaðan. Hinsvegar eignuðu Gullberastaðamenn sér, stundum a.m.k., land lengra austur en að Kaldá og líklega allt til Fossár, kemur það m.a. fram í því að talað er um Gullberastaðatungur af eiganda Gullberastaða í lögfestu þinglesinni á Lundi 22. maí 1868. Lögfestu skjalið er glatað, en lögfestunnar er getið í dóma- og

Þingbók Borgarfjarðarsýslu 1868 (22). Nafnið Gullberastaðatungur mun hvergi annarsstaðar koma fyrir og aldrei hafa tíðkast í munnni manna. Gullberastaðir hafa þó að líkindum átt land austur fyrir Kaldá, e.t.v. að Fossá; var það þá að líkindum allt land Gullberastaðasels, eftir að byggð hófst þar upp úr miðri 19. öld, líklega 1854. Þó er svo að sjá af vottorðum, að ekki hafi þeim alltaf verið heimil not af landi austan Kaldár (22). Byggð hélzt í Gullberastaðaseli með nokkrum hléum til vors 1897. Gullberastaðatunga eða land Gullberastaðasels var alltaf talinn hluti af heimalandi Gullberastaða. Landsvæði þetta var selt Andakílshreppi af ábúanda Gullberastaða, Vigfúsi Péturssyni, árið 1898 heldur en snemma árs 1899. Kaupbréfið er ekki til, það hefur aldrei verið þinglesið, svo að séð verði, en frumrit, sem Andakílshreppur hlýtur að hafa átt, hefur brunnið í eldsvoða á Hvanneyri 6. okt. 1903, en þar eyðilögðust öll skjalagögn Andakílshrepps. Um eyðileggingu sýsluskjala hefur oftlega verið getið hér að framan. Ekki er vitað um kaupverð, en mig minnir, að í æsku minni heyrði ég talað um það hefði verið kr. 1.200.00, en ekki vil ég fullyrða þetta. Má að vísu segja, að líkindi séu til, að það hafi einungis verið kr. 800.00, því að á manntalsþingi á Lundi 13. júní 1899 (23) var þinglesið veðbréf frá Andakílshreppi, dags. 9. maí þ. á. „fyrir 812 króna bankaláni með veði í Gullberastaðasellandi“. Á sama manntalsþingi var þinglesin landamerkjaskrá Gullberastaðasellands (23). Í sveitarbók Andakílshrepps 1904 og næstu ár er „Gullberastaðasel“ talið meðal eigna sveitarfélagsins (24). Má af þessu draga þau líkindi eða fulla vissu, að eigandi Gullberastaða hafi selt Gullberastaðaselland (eða Gullberastaðaselland), en ekki tilgreint Gullberastaðatungu sérstaklega í sölubréfi. Um landamerki þess lands, er Gullberastaðabóndi seldi, varð síðar (1923-1933) deila milli Lundarreykjadalshrepps og Andakílshrepps, að því er tók til austurmarkanna. Sagnir gengu og um það, að Reykholtssel hefði staðið á landi því, er um var deilt, og jafnvel vísað til tveggja staða þar, sem Reykholtssel hefði verið. Annar var á hólí rétt norðan þar, sem Grímsá fellur úr tjörn (Óstjörn) neðan við Reyðarvatnsós; þar eru rústir. Sumir nefna hólinn Skálahól og telja að þar hafi verið kofi þeirra, er stunduðu veiði með ástemmu (eða ósstemmu), og getið er um sem ítaks Reykholtskirkju þegar um eða eftir 1200. Uppgröftur rústanna myndi sjálfsagt leiða í ljós hverskonar byggingar hafa verið reistar þar, en meiri sýnast þær en að þar hafi aðeins staðið veiðimannakofi. Hinsvegar gat varla verið um verra selstæði að gera, því að mýrgur er óskaplegur við Reyðarvatnsós, og oftlega engri skepnu vært þar af þeim sökum. Aðrir (t.d. Jón Jónsson, er var vinnupiltur á Gullberastöðum í mörg ár, f. 1873, d. 1968), vísuðu til Reykholtssels nálægt Kaldárhöfða, en ekki er nú vitað um rústir þar. Einn staður enn var tilgreindur, þar sem Reykholtssel skyldi hafa staðið, en það var utan þess svæðis og verður að því vikið í 5. kafla. Deilunni um, hvar merkin væru, lauk með samningsgerð 17. júní 1933 (19), og voru þau ákveðin úr upptökum Fossár í suðurrana Fanntófalls.

Áður en búseta hófst í Gullberastaðaseli, og líklega einnig eftir það í nokkur ár, hafði Gullberastaðabóndi þar í seli, sennilega um langan aldur, og einnig að sögn sauðfé sitt þar á hausti og fram eftir vetri og þess þá gætt af fjármönnum, er höfðu vist í selhúsunum.

5. Svæðið frá Gullberastaðaselli að Þingvallakirkjulandi og vatnaskilum milli austurs og vesturs þar norður af og í Geitlandsjökul (Þórisjökul).

Heiti þessa svæðis mun oftast í eignareikningum Lundarreykjadalshrepps nefnt Leirárdalur, enda þótt þeir í raun nái ekki yfir nema hluta svæðisins. Land þetta var í fyrri tíð talið eign Reykholtskirkju, en ekki finnst þess getið í máldögum eða lögfestum fyrr en 18. maí 1837 í lögfestu sr. Þorsteins Helgasonar, sem getið hefur verið um hér að framan (10). Segir þar „... þá lögfesti ég einnig land við Reyðarvatn, austan frá Drangshlíð og út undir Fossárflóa“. Sama er sagt í sumum yngri lögfestum Reykhólts og í visitazíubók Péturs biskups Péturssonar. En þessi mörk eru þannig, að þar hefur gerókunnugur maður um fjallað. Fossárflói liggur vestan Fossár, fast að ánni, en Drangshlíð er hlíðin sunnan í Leirárhöfða, allt frá slakkanum vestan við Selhöfða, upp undan leitarmannaskálanum gamla við austurenda Reyðarvatns, og vestur með vatninu þar til Leirárhöfða þrýtur, og er þá skammt til þess, er Leirá fellur í Reyðarvatn. Prófasturinn í Reykholti eða heimildamaður hans hefur þekkt þessi örnefni en ekki vitað um staðhátta. – Það var að sögn Kristjáns Þorsteinssonar frá Reykjum (f. 1849 – d. 1934), fróðs manns og langminnugs, að Reykholtssel hefði verið við austurenda Reyðarvatns, þar sem leitarmannaskálinn stóð (og stendur víst raunar að nafni til enn) og verið kallað Snorrasel. Faðir Kristjáns og afi þjuggu báðir á Reykjum og sumir aðrir forfeður hans áttu heima eða þjuggu í Lundarreykjadal um langan aldur. Er og miklu trúlegra, að selið hafi verið við fremri enda Reyðarvatns heldur en við neðri endann, því að færri annmarkar voru á selstöðu þar. Nafnið Selhöfði bendir eindregið til sels þar skammt frá. Og sé að marka þá frásögn sr. Björns Pálssonar í sóknarlýsingu Þingvalla (4) að austurendi Reyðarvatns hafi fyrir austan fjall verið kallaður Selvík, bendir það og til hins sama. Raunar er þessi frásögn Björns tortryggileg vegna þess, að Selvík heitir stór vík, er liggur til suðvesturs úr Reyðarvatni suður undir Selfell og að Seldal í Þverfellslandi, en nær því fráleitt, að tvær víkur hafi borið sama nafn, skammt hvor frá annarri. – Þykja mér öll líkindi til, að land Reykholtskirkju hafi náð frá Gullberastaðaselli að vestan og austur eins langt og vötn draga, suður að Reyðarvatni og Reyðarlæk og að norðan hafi Ok ráðið og vatnaskil á Kaldadal yfir til Geitlandsjökuls (Þórisjökuls), enda var land þetta einatt leitað af Lunddælum og engum öðrum, og munu þeir hafa rekið afréttarfénað sinn í landið um langan aldur. Geta má þess, að 28. maí 1858 (25) lætur Bjarni Guðmundsson á Þverfelli þinglýsa, að hann ætli að byggja nýbýli í Reykholtlandi. Skjal um þetta finnst nú ekki, hefur sjálfsagt brunnið, eins og veðmálabókin, sem það var fært inn í. En nafnaskrá

veðmálabókar hefur varðveitt og þar meðvitneskjan um þetta atriði (25). Hefur Bjarni ekki látið sitja við orðin ein, því að hann hefur byggt býli í fjalllendu. Í kirkjubók Lundar, 1859, er þess getið að Jón, sonur Bjarna, sennilega ungbarn, deyr „við Reyðarvatn“ það ár. 1860 flytzt Bjarni að Þverfelli og bjó þar í 4 ár. Staðurinn, þar sem Bjarni byggði bæ sinn, er aflangur hóll á tungunni milli Fossár og Leirár, og þó allmiklu nær Fossá, skammt frá Reyðarvatni. Hét hóllinn Fuglaþúfa, og af veru sinni þar tók Bjarni viðurnefni og var ávallt nefndur Þúfu-Bjarni upp frá því, og það þótt hann flyttist í fjarlæga byggð, en hann bjó lengi í Hátúni á Vatnsleysuströnd. Svo sagði Kristleifur Þorsteinsson mér. Nokkrum árum síðar, 1863, flutti bóndi frá Kópareykjum í Reykholtsdal, Illugi Ásgrímsson, fyrr bóndi á Þverfelli og bóndasonur þaðan, á þennan stað ásamt fjölskyldu sinni og dvaldi þar í 5 ár. Ekki verður séð, að hann hafi greitt nein gjöld til hreppstjóra eða sýslumanns þennan tíma, enda í sögnum, að hann hafi leikið tveim skjöldum, sagt við hreppstjóra Lunddæla, að hann byggi í Reykholtshreppi, en hreppstjóra Reykdæla, að hann byggi í Lundarreykjadalshreppi. Sagnir ganga og um handalögmál, er urðu af undanfærslu Illuga við því að gjalda til almenningsþarfa. Víst er, að hann nýtti land beggja megin Fossár til búskapar og að sjálfsögðu veiði í Reyðarvatni, vetur og sumar. Þótti Þverfellsbónda, er næstur tók við búi þar á eftir Bjarna, Gunnlaugi Jónssyni, óþarfagestir komnir í nágrenni sitt og veiðistöðvar og nefndi býlið Vargaþúfu og hefur það nafn haldist til þessa. – Land Reykholts var selt með leyfi stiptsyfirvalda Lundarreykjadalshreppi um leið og Þóreyjartungur, en án tilgreindra landamerkja, einungis er talað um „land við Reyðarvatn“ (13). Hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps hefur verið kunnugt um orðalag lögfestu sr. Þorsteins Helgasonar og þótt þau óljós, að því er tók til þessa lands, og gerði hún því „skjal, dags. 27. maí 1890, (26 a og b), þar sem hún lögfestir hreppnum land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk, á milli Þingvallakirkjulands og Reykholtskirkjulands“. Skjal þetta er ekki lengur til, en þinglesningar með framangreindu orðalagi er getið í dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu 1887-1891, bls. 393-394. Sem fyrr segir mun Reykholtskirkjuland raunar hafa legið að Þingvallakirkjulandi, sbr. frásögnina um Snorrasel, en sakir orðalagsins um austurmörk landsins, eins og þau eru tilgreind í lögfestunni frá 1837 hefur hreppsnefndinni þótt tryggara að lögfesta hreppnum landið. Sennilega hafa landamerkin verið nákvæmar tilgreind í lögfestingarskjalinu, en um það er ekki unnt að fá vitneskju, þar sem skjalið er týnt.

Skv. niðurstöðu Hæstaréttar í dómi, felldum 2. des. 1971, tilheyrir afréttinum Reyðarvatn á móts við Þverfell (6), en eigendur Þverfells höfðu eignað sér vatnið allt.

Afréttarlýsingu þessari er þar með lokið, og er efalaust ýmislegt vansagt og annað tekið með, sem ekki var ástæða til að geta um. Ekki er ómögulegt að finnast kunni hér á eftir einhver gögn, sem staðfesta eða breyta einhverju því, sem hér er sagt, en ekki tel ég miklar líkur fyrir því. Stuðzt er að nokkru við munnlegar frásagnir og mun þess tíðast getið, en ekki einatt nefndir heimildarmenn, þótt oftast hefði það verið unnt.

Bið ég svo góða menn að taka viljann fyrir verkið.

júní 1980

Ingimundur Ásgeirsson frá Reykjum.²³

Í ritinu *Göngur og réttir I*, frá árinu 1948, segir m.a. svo um afréttarlönd Borgfirðinga og Mýramanna:

Sauðfjarrækt, fjallskil og réttir

[...]

Svo sem kunnugt er, skiptir Hvítá Borgarfjarðarhéraði í tvö næstum jafnstór landsvæði. En þótt flestum, sem yfir héraðið líta, virðist svo, að hér sé ein sameiginleg byggðarheild, er þó eigi svo. Er hér um tvær sýslur að ræða, Borgarfjarðarsýsla sunnan megin Hvítár, Mýrasýsla norðan megin.

Heita má, að búnaður hafi haldist í hendur í héraðinu frá ómunatíð. Hafa verið þar í og með gildir bændur báðum megin Hvítár. Eitt var þó, sem máli skipti og gjörðu nokkurn mun hvorum megin Hvítár var búið: Upp af sveitunum sunnan ár voru afréttarlönd mjög takmörkuð, en norðan megin voru bæði kjarngóð og víðáttumikil heiðarlönd, með svo miklu landrými, að engin hætta var á örtröð, þótt aragrúi fjár væri rekinn þangað til sumargöngu.²⁴

[...]

Það var sauðfé Mýrsýslunga og þó einkum Hvítsíðinga, sem best gat vitnað um þann mikla mun á landrými og landsgæðum á þessum norðurheiðum miðað við sauðfé úr ýmsum hreppum sunnan Hvítár.

Á 19. öld fjölgaði mjög sauðfé Borgfirðinga, einkum á síðustu áratugum. Var þá eigi fátítt í góðum árum, að fjárríkustu bændur héraðsins rækju þrjú til fjögur hundruð fjár til afréttar að fráfarulömbum meðtöldum. Meðan slíku fjármagni var ætlað þau einu afdala- og heiðalönd, sem um var að velja sunnan Hvítár, bar nokkuð á örtröð [á heiðunum norðan Hvítár].²⁵

[...]

²³ Skjal nr. 4(11).

²⁴ Kristleifur Þorsteinsson, *Göngur og réttir I* (1948), bls. 352.

²⁵ Kristleifur Þorsteinsson, *Göngur og réttir I* (1948), bls. 330.

Sex réttir eru í Borgarfjarðarsýslu: Rauðagilsrétt í Hálsasveit, Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Hreppsrétt í Skorradal, Hafnarrétt í Melasveit, Hrafnseyrarrétt á Hvalfjarðarströnd og Reynisrétt sunnan undir Akrafjalli.

Rauðagilsrétt stendur á grjóteyri, sem hlaðist hefur upp af framburði úr gljúfragili og réttin dregur nafn af. Bærinn Rauðsgil stendur austan megin við gilið í hlíðarbrekku, en engjar jarðarinnar taka við neðan við réttina.²⁶

[...]

Leitarsvæði til Rauðgilsréttar er allt land í byggð og óbyggð milli Hvítár að norðan og Flókadalsár að sunnan, svo langt sem gróður nær til Langjökuls og Oks. Þar er Geitland innan við efstu byggð, girt ám og jöklum. Var það um margar aldir notað fyrir afrétt Borgfríðinga, sunnan Hvítár. Þeir réttuðu þar fé sínu við Trússárbotna, og stendur rétt sú að nokkru enn sem minjar frá liðnum öldum og nefnist hún Trússárbotnarétt.

Næst Geitlandi tekur við Húsafellsland sem er víðáttumikið, skógivaxið hraun, fell og flóar. Allt til 1875 var fjöldi fjár rekinn þangað á hverju vori til sumargöngu, bæði úr Reykholtsdal og Andakílshreppi. Fram að þeim tíma var Geitland notað til afréttar. Þar finnst nú aðeins fátt af kindum í haustleitum, er þangað hafa leitað sjálfar. eru þar léttari leitir en áður var, meðan sægur fráferulamba dreifðist um allt það lautótta land.

[...]

Meðan Geitland og Húsafellsland var nálega krökkt af geldfé, þótti ekki vel í lagt, að leitarmenn þangað væru færri en tuttugu. Í ungdæmi mínu kom sá hópur að Húsafelli sunnudagskvöldið í tuttugustu og annari viku sumars. Geitland og nokkur hluti Húsafellslands var leitað á mánudegi, en á þriðjudegi var svokallað Útfjall og Húsafellsskógur leitað, og þann dag var öllu safni, er kom úr leitum þessara tveggja daga, réttað á Húsafelli.

[...]

Meirihluti þess leitarsvæðis, er fylgir Rauðgilsrétt, má teljast heimalönd, að frátöldu Geitlandi. Geta því leitarmenn gist á þeim bæjum, er næstir liggja leitarsvæðinu.

[...]

Rauðagilsrétt stendur á hreppamótum Hálsasveitar og Reykholtsdals. Er þar byggð á báðar hendur og allþéttbýlt.

[...]²⁷

Oddsstaðir eru ein af fegurstu afdalajörðum í Borgarfirði, stórt og slétt tún í líðandi halla við rætur gróðursællar hlíðar. Góðan spöl frá bænum stendur Oddsstaðarétt á grjóteyri. Þar allnærri steypist Grímsá fram af klettaskör í tilkomumiklum fossi. Nefnist hann Jötnabráarfoss.

²⁶ Kristleifur Þorsteinsson, *Göngur og réttir I* (1948), bls. 344.

²⁷ Kristleifur Þorsteinsson, *Göngur og réttir I* (1948), bls. 367 - 8.

[...]

Oddsstaðarétt var byggð frá grunni árið 1886. Áður hét hún Tungurétt og stóð inni í óbyggð, fjarri öllum bæjum. Lagðist auk þess allt það sama leitarsvæði til Oddsstaðaréttar, sem áður fylgdi Tungurétt. Nokkuð af afréttarlöndum Lunddæla voru áður í eigu þriggja beztu jarðanna í Lundarreykjadal: Gullberastaða, Lundar og Oddsstaða. Þau lönd hafa Andkílingar keypt fyrir afrétt handa sauðfé og hrossum sveitarinnar.

Fyrir ofan heimalönd efstu bæja í dalnum, taka afréttarlöndin við. Ná þau óslitið austur að honum forna þjóðvegi, sem liggur frá Reykjavík um Kaldadal. Sem næst þeim víðkunna vegi eru sýslumerkin milli Borgarfjarðar- og Árnessýslu.

[...] ²⁸

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar* II frá árinu 1989 kemur m.a. fram í kafla um Lundarreykjadalshrepp:

Lundarreykjadalshreppur

Dalurinn hét áður fyrr Reykjardalur (Reykjadalur) hinn syðri, og svo er hann nefndur í Landnámu og Sturlungu, eða Syðri-Reykjardalur. Nafnbreyting hefur orðið eigi síðar en um miðbik 15. aldar og sennilega allöngu fyrr og sjálfsagt samtímis í báðum Reykjardölunum, hinum syðri og hinum nyrðri, er þá fékk um sinn nafnið Reykholtseykjadalur, en breyttist síðan Reykholtsdal.

Lundarreykjadalur er 26 km langur frá undirhlíðum Þverfells og niður á Götuás, mælt á vegmæli bifreiðar. Megin áttastefna dalsins er frá suðaustri til norðvesturs, nokkuð þó hallandi til austurs og vesturs, enda eru þær áttir í daglegu tali notaðar um legu dalsins.

[...]

Vesturmörk dalsins eru þar, sem mætast lönd Mávahlíðar og Hests í Andakílsahreppi, úr Kýmúla, vestast á Grundarhálsi fyrir innan Mannamótsflöt, og norður flóasund austan Götuáss allt að Grímsá.

[...]

Norðurmörk dalsins eru lengi vel hálsinn milli Lundarreykjadals og Flókadals, er nefnist Lundarháls að meginheiti, en einstakir hluta hans bera ýmis nöfn. [...] Vatnaskil ráða merkjum á hálsinum.

Nokkru innan við miðjan daglinn fellur Tunguá í Grímsá. Tungan á milli ána hækkar mjög, er fjallsrani gengur fram á hana. Endi hans og raunar hluti af hálsinum fram af honum er nefndur Tungufellsmúli (356 m y.s.). Þar fyrir framan kallast hálsinn Reykjaháls að meginnafni, hann endar við Þverfell, móbergsfjall 655 m hátt, og lokar það dalnum að mestu leyti að austan- eða

²⁸ Kristleifur Þorsteinsson, *Göngur og réttir* I (1948), bls. 371.

suðaustanverðu. Miklu þrengri dalur gengur fram af megin dalnum, sunnan Þverfells en norðan Vörðufells, án sérnafns.

[...]

Nyrðri dalurinn fyrir framan Oddsstaði, sem Grímsá fellur eftir, ber ekkert heiti, enda gryn timer hann mjög, er innar dregur, og verður nær flatneskja niður frá Reyðarvatni. Dalur þessi er vel gróinn.

[...]

Reyðarvatn, 8,3 km² að stærð, liggur norðan og austan Þverfells, um 8 km langt, djúpt (mest dýpi 48 m), drjúggott veiðivatn. liggur það á milli afréttar og heimalands Þverfells. Í það falla þrjár ár, Fossá og Leirá að norðan, en Reyðarlækjur, tæplega 2 km langur, að austan, hann kemur úr Brunnavatni, smávatni, er telst nú til Árnessýslu. Grímsá fellur úr Reyðarvatni norðan við Reykjaháls og Tungufellsmúla og ofan Lundarreykjadal og á milli Andakísl og Bæjarsveitar og í Hvítá spölkorn fyrir ofan Hvítárveili. Á leiðinni frá Reyðarvatni og niður að Jötnabru, framan við Oddsstaði, er mikill fjöldi flúða og fossa í Grímsá, sumir æði háir, enda er hæðarmunur milli þessara staða meir en 250 metrar. Hæstur mun vera Kerlingarfoss, öðru nafni Systkinafoss, norður undan Tungufellsmúla. Jötnabruarfoss heitir neðsti fossinn í Grímsá í Lundarreykjadal, um 2 km innan við Oddsstaði.²⁹

Afréttur Lunddæla og Andkílinga

Mörk afréttarins að norðan eru hin sömu og hreppamörk Lundarreykjadalshrepps og eins að austan allt að Brunnavatnsósi, þar sem Reyðarlækur fellur úr því. Þá að sunnan Reyðarlækur, Reyðarvatn endilangt og því næst Grímsá, þar til Lambá fellur í hana. Þá að vestan Lambá, upp að Lambárbug, úr bugnum sjónhending í Sandfell á Syðri-Þóreyjartungu að Engjadalsá. Engjadalsá ræður síðan að sunnan, þar til Flókadalsá mætir neðan við Lundartunguspor. Neðri hluti þessa svæðis eru fimm tungur, er hér verða taldar: nyrst Nyrðri- og Syðri-Þóreyjartungur milli Flókadalsár að norðan og, fyrir ofan Kvíslamót, Syðri-Sandfellskvíslar. Nyrðri-Sandfellskvísl skilur tungurnar að. Syðri tungan var af sumum nefnd Þrætutunga vegna ágreinings Lundar- og Reykholtspresta, líklega á fyrri hluta 19. aldar, um hvor kirkjan, Lundar eða Reykholt, ætti landspilduna. Á Syðri Þóreyjartungu eru Sandfell (385 m og 408 m há). Annars voru Þóreyjartungur um alllangt skeið a.m.k. taldar eign Reykholtskirkju, og af henni keypti Lundarreykjadalshreppur tungurnar árið 1895, ásamt landi við Reyðarvatn, er síðar getur. Milli Syðri-Sandfellskvíslar og Engjadalsár er Lundartunga, fyrrum heimaland frá Lundi, enda áföst hinu eiginlega heimalandi neðst, Engjadalsá skilur þar einungis á milli. Lundartunga var seld Andakílsahreppi 1910. Engjadalur liggja að meiri

²⁹ *Byggðir Borgarfjarðar II* (1989), bls. 247 - 48.

hluta á Lundartungu. Þeir eru að miklu leyti flóasvæði með mörgum tjörnum og pollum.

Oddsstaðatunga er á milli Engjadalsár og Lambár. Var hún innsti hluti heimalands Oddsstaða og náði fram að Fanntófelli. Andakílhreppur eignaðist Oddsstaðatungu 1933.

Syðst er Gullberastaðatunga, milli Lambár að norðan en Grímsár að sunnan fram til þess Kaldá fellur í hana, þá Kaldá að austan fyrst og síðan Skotmannstjarnarlækur. Norðaustast á tungunni eru Skotmannsfell (428 m). Hæst uppi á fellunum er tjörn. Gæti hún bent til þess, að fellin væru gamalt eldfjall, og þar væri gígurinn, sem nú er tjörnin.

Sunnan á Gullberastaðatungu, nærri norðurstefnu frá Reykjum, var Gullberastaðasel. Mun hafa verið haft þar í seli frá Gullberastöðum fram yfir miðja 19. öld, en föst búseta (húsmennskubýli) hófst þar 1854 og hélst með nokkrum hléum til 1897. Víðar á Gullberastaða-, Lundar- og Þóreyjartungum má finna selrústir.

Gullberastaðir eignuðu sér land fyrir austan Kaldá og Skotmannstjarnarlæk, jafnvel austur að Fossá, en af ýmsum öðrum var það land eða a.m.k. hluti þess eignaður Reykholtskirkju. Töldu sumir, að Reykholtssel hefði staðið á landi þessu, en engar rústir er vitað um þar nema við Óstjörn, þar sem Grímsá fellur úr Reyðarvatni. Sumir kalla þar Skálahól og vilja telja, að þar hafi verið bústaður þeirra manna, er stunduðu veiði í Reyðarvatni með ástemmu eða ósstemmu, en það ítak er eignað Reykholtskirkju í máldaga frá því um 1200 eða fyrr.

Gullberastaðatunga eða Gullberastaðaselsland var hluti af heimalandi Gullberastaða, uns það var selt Andakílhreppi af ábúanda Gullberastaða árið 1898 (heldur en 1897).

Álfaklettur heitir hæðin (148 m) á landi þessu, í austur frá Skotmannsfellum, en Fossárflói fremst vestan Fossár. Þar þótti vetrararbeit góð, er til jarðar náðist.

Fossá er örstutt á, á að giska 3 km, kemur úr nokkrum lindum suðaustan við Kaldárhöfða (Vestri-Fossárhöfða) og niður undna Fossárgljúrfum, en eftir þeim kemur mikið vatn í leysingum og sameinast lindarvatninu. Fossá er mjög köld, hún fellur í fossi í Reyðarvatn.

Austan við ána og örskammt frá vatninu er lágur, ávalur hólhryggur, er nefndur var Fuglaþúfa. Þar var reistur bær 1858 eða 1859. Ekki stóð byggð sú nema til 1860. 1863-1868 bjó þar svo Illugi Ásgrímsson, en búskapur hans endaði með heyleysi, og fluttist fjölskyldan suður í Skorradal. Þverfellsbónda þótti kominn vargur í veiðina í vatninu og nefndi býlið í gamni Vargapúfu. Fleiri nöfn voru notuð á býli þessu: Reyðarvatn, Illugabær, Illugakot og jafnvel Fossá.

Spölkorn suðaustur frá Fuglaþúfu fellur Leirá í Reyðarvatn. Hún kemur úr Leirárdölum norðan Leirárhöfða (415 m), en austan Fossárhöfða (411 m).

Margar kvíslar mynda Leirá, en efstu upptökin eru í Egilsáfanga, efstu högum sunnan Kaldadals.

Norðan Leirárhöfða er Langás, hár ás og grýttur að ofan. Raunar eru ásarnir tveir, aðskildir af Langássskarði. Snýr nyrðri ásinn nokkurn veginn norður og suður, en hinn austur og vestur. Austur af Langás, syðst, er Sjónarhóll, stutt vestur frá Brunnavatnsósi. Tveir hólar eru vestar, suður af austurenda Leirárhöfða, Miðhóll, sem hét raunar eitthvað annað áður fyrr, og Selhóll, upp undan leitarmannaskála, er lengi stóð við austurenda Reyðarvatns, þar til fyrir nokkrum árum. Að sögn Kristjáns Þorsteinssonar frá Reykjum (1849-1934) stóð þar eitt sinn sel frá Reykholti og nefnt Snorrasel.

Há og brött hlíð er sunnan og vestan í Leirárhöfða og liggur niður að Reyðarvatni. Nefnist hún Drangshlíð eftir háum móbergsdrangi innarlega í hlíðinni.

Landið vestan Langáss, og þá einkanlega Leirárdalir og Drangshlíð, er vel gróið, en mikið af því er viðkvæmt fyrir beit, því að jarðvegur er víða sandborinn.

Leið, fjölfarin, lá af Kaldadalsvegi norðan Brunna og norðan við Langás og Álfakletta, um Skurði og Okhryggi og ofan í Hálsasveit, annað tveggja ofan hjá Giljum eða með Rauðsgili. Þessi leið, Okvegur, einnig kallaður að fara fyrir Ok, var rudd rækilaeg fyrir rösklega hálfri annari öld, svo að víða sér enn merki til. Nú er hún sjaldfarin.³⁰

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi. Óskað var upplýsinga um eftirfarandi:

1. eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt ?
2. hvað nefnist sá afréttur ?
3. Hvar liggja mörk hans ?
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélga upprekstrarrétt í sama afrétt ?
5. hvaða sveitarfélög eru það ?
6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast ?³¹

Svar hreppstjóra Lundarreykjadalshrepps, dagsett 9. febrúar 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

1. Lundareykjardalshreppur á afrétt.
2. Oddsstaðaréttarafréttur eða afréttur Lundareykjadalshrepps og Andakílshrepps.
3. Útlínur afréttarins eru taldar þessar: Að norðanverðu Flókadalsá, frá því að Engjadalsá fellur í hana, til upptaka árinna (Flókadalsár) og þaðan í stefnu á Oköxl þar sem hún er hæst, og austur um Ok þar sem það er hæst, um

³⁰ *Byggðir Borgarfjarðar II* (1989), bls. 249-50.

³¹ Skjal nr. 4(8).

móbergstind í austaverðu Oki, er nefnist Bræðravirki, yfir Kaldadal þveran, nálægt vatnaskilum til suðurs og norðurs, og austur í Þórisjökul og er það nálægt þeim stað, er stór klettarni skagar fram úr fjallinu, sem jökullinn hvílir á. Að austan Þórisjökull og úr suðvesturhorni hans (nálægt eða þar sem for varða stendur á fjallsbrúninni) stefna í ós Brunnavatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu. Að sunnan Reyðarlækur til Reyðarvatns, þá Reyðarvatn og úr því Grímsá, uns Lambá fellur í hana. Að vestan Lambá og Lambárgljúfur að Lambárfossi. Þaðan bein stefna í Eystra-Sandfell þar sem það er hæst, allt að Engjadalsá, síðan áin að sunnanverðu þar til hún mætir Flókadalsá, svo sem áður getur.

4. Íbúar Andakílshepps (eða hluti þeirra) eiga upprekstrarrétt á sama afrétt.

5. Andakílsheppur.

6. Það hefur aldrei verið ágreiningur milli hreppanna um að afrétturinn sé í Lundareykjadalshreppi, enda aðild Andakílshepps til komin vegna kaupa á heimalandi jarða sem að afréttinum liggja.

Virðingafyllst,

Jón Böðvarsson.³²

Svar oddvita Andakílshepps, dagsett 7. desember 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

Með tilvísun til bréfs ráðuneytisins, dags. 20.02.89, um afrétti og upprekstrarrétt sveitarfélaga, skal bent á bréf oddvita Lundareykjadalshrepps um sama efni, en þar kemur fram allt sem varðar afréttarmál Andakílshepps og Lundareykjadalshrepps, enda er um sameiginlegan afrétt að ræða.

Virðingarfyllst.

F.h. Andakílshepps³³

Þann 5. nóvember 2008 gaf Þorsteinn Þorsteinsson á Skálpastöðum út samantekt um þróun eignarhalds á löndum Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Þar segir:

Þann 2. apríl, 1998, er sjálfseignarstofnuninni Ok komið á fót. Til hennar leggja Andakílsheppur og Lundareykjadalshreppur allt það land sitt á fjalli, sem smalað er til Oddsstaðaréttar. (sjá merkjalýsingu hér að neðan) Tilgangur hreppanna var að tryggja þeim jörðum, sem þarna höfðu afréttarnot, allan áframhaldandi rétt til landa þessara, svo sem verið hafði síðan hrepparnir keyptu þessi svæði og lögðu til afréttar. Þetta var talið nauðsynlegt vegna þess að til stóð að sameina fjóra hreppa í Borgarfjarðarsýslu. Eðlilegt þótti að réttindi jarða til fjallbeitar og annara afréttarnota héldust hin sömu og verið hafði fyrir sameininguna. Það á sjálfseignarstofnunin að tryggja. Þetta var gert með fullu samþykki allra fjögurra sveitarstjórna. Skipulagsskrá Oks kveður á um fyrirkomulag og rekstur stofnunarinnar, sem og tengsl við sveitarstjórn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfesti skipulagsskrána þann 16. júní, 1998.

[...]

³² Skjal nr. 4(9).

³³ Skjal nr. 4(10).

Ingimundur Ásgeirsson, fræðimaður á Hæli, lýsir mörkum lands þessa svo: „Að norðanverðu Flókadalsá, frá því að Engjadalsá fellur í hana, og til Flókudraga, skammt vestur af Oköxl. Talið er, að hólmi í ánni, skammt vestur frá upptökum árinna, tilheyri afréttinum. Úr Flókudrögum stefna um Oköxl, þar sem hún er hæst, og austur um Ok, þar sem það er hæst, um móbergstind í austanverðu Oki, er nefnist Bræðravirki, yfir Kaldadal þveran, nálægt vatnaskilum til suðurs og norðurs, og austur í Þórisjökul, sem nú er svo nefndur, en áður Geitlandsjökul (og svo enn úr Lundarreykjadal), og er það nálægt þeim stað, er stór klettarni skagar fram úr fjallinu, sem jökullinn hvílir á. Að austan Þórisjökull (Geitlandsjökull) og úr suðvesturhorni hans (nálægt eða þar, sem forn varða stendur á fjallsbrúninni) stefna í ós Brunnavatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu. Að sunnan Reyðarlækur til Reyðarvatns, þá Reyðarvatn og úr því Grímsá, unz Lambá fellur í hana. Að vestan Lambá og Lambárgljúfur að Lambárfossi við Lambárbug. Þaðan bein stefna í Eystra Sandfell, þar sem það er hæst, allt að Engjadalsá, síðan áin að sunnanverðu þar til hún mætir Flókadalsá, sem áður getur.“

Allt er þetta land nú í eigu sjálfseignarstofnunarinnar Oks.

Svo segir í Egils sögu Skallagrímssonar, sem og bæði í Sturlubók og Þórðarbók Landnámu, að Skalla Grímur hafi numið Borgarfjarðarhérað. Í Eglu er notað orðalagið: „-allt þat land, er vatnföll deila til sjóvar“ en í Landnámu segir: „svo vítt sem vatnsföll deila til sjóvar“. Núverandi sýslumörk milli Borgarfjarðar og Suðurlands eru svo nærri vatnaskilum sem unnt er að ná með beinum línum. Samkvæmt heimildum þessum nær því landnám Skallagríms austur að sýslumörkum Borgarfjarðar- og Árnessýslu á þessu svæði.

Samkvæmt Landnámabók nemur Björn Gullberi Lundarreykjadal, milli Grímsár og Flókadalsár, að því er virðist allt niður að landnámi Óleifs Hjalta. Í austur hefur land Bjarnar náð svo langt sem landnám Skalla Gríms tók til, þ.e. allt að núverandi sýslumörkum. Í hlut Þorgeirs meldún á Tungufelli kemur öll tungan milli Grímsár og Tunguár. Ætla verður að það land hafi einnig náð austur að sýslumörkum, milli Reyðarlækjar og Kvígindisfells, austan Uxavatns.

Að norðan hefur Flókadalsá skilið á milli Hrísa og landa Björns Gullbera. Samkvæmt Landnámabók (Sturlubók og Þórðarbók) nam Flóki, þræll eða leysingi Ketils gufu, Flókadal allan, milli Flókadalsár og Geirsár, og bjó í Hrísum. Þar er einnig talað um Gnúp Flókason í Hrísum. Nokkurs ósamræmis virðist þó gæta um landnám í Flókadal. Í 39. kafla Eglu er getið um „Þórodd Hrísablund, er fyrstur bjó í hrisum.“ Hvernig sem þessu hefur verið farið er ljóst að Hrísar eru landnámsjörð, og eiga – á þeim tíma – land móti Gullberastöðum við Flókadalsá. Einnig að allt land Sjálfseignarstofnunarinnar Oks er innan hins forna landnáms Björns Gullbera.

Greinilega hefur Björn Gullberi verið einn þeirra manna, sem Skalla Grímur skipaði til landa innan síns landnáms, svo sem segir í Landnámu.

Landnámi hans er síðan skipt niður í fleiri jarðir. Lundur fær í sinn hlut, auk heimalands, Lundartungu (Lundarheiði). Hún liggur milli Engjadalsár og Syðri Sandfellskvíslar. Augljóslega hefur Lundarland í fyrstu náð allt norður að Flókadalsá, svo sem heimildir um landnám segja. Jafn ljóst er að fyrir árið 1392 hefur eignarhald svæðisins frá Flókadalsá að Syðri Sandfellskvísl (Þóreyjartungu) færst til Hrísa. (Sjá vottorð Einars Þrasa).

Benedikt Eypórsson, magister, telur í ritgerð sinni, „Búskapur og rekstur staðar í Reykholti“ að land þetta hafi komist í eigu kirkjunnar annað hvort seint á 13. öld eða á fyrr helmingi þeirrar 14. Ef til vill má skýra þetta með því hve nýting landsins er til muna auðveldari frá Hrísum en Lundi.

Í hlut Oddsstaða kemur Oddsstaðatunga, milli Lambár og Engjadalsár, austur í suður rana Fanntófalls. Þá eiga Gullberastaðir eftir svæðið norðan og austan Reyðarvatns, frá mörkum Oddstaðatungu að reyðarlæk, allt að sýslumörkum. Svæðið það sem nú er nefnt Leirárdalur kemst í eigu Reykholtskirkju einhverntíma fyrir árið 1837, en 18. maí það ár er „lands við Reyðarvatn“ getið í lögfestu Þorsteins Helgasonar, prests í Reykholti. Takmörk lands þessa eru hvergi skýrð nákvæmlega, en svo virðist sem Lunddælingar hafi talið það ná frá Drangi / Drangshlíð, (við Reyðarvatn) „út um Fossárflóa“. Fossárflói er norðan Fossár. (Líklega er fremur miðað við flóan en ána vegna þess að á sumrum er áin oft þurr móts við flóan ofanverða. Heimild J.B.)

Vel má vera að Reykholtskirkja hafi eignast land þetta löngu fyrir lögfestu séra Þorsteins. Til þess getur orðalag í 149. kafla Íslendingasögu í Sturlungu bent. Þar segir frá að Snorri Sturluson og stjúpsynir hans deildu um erfðalönd eftir Hallveigu ormsdóttur. „Þóttust þeir eiga fé allt að helmingi, en Snorri hvað Bláskógaheiði ráða eiga“. Þetta má vel skilja svo að Snorri hafi þá talið sig ráða löndum þarna, allt að Bláskógaheiði. Einnig má minna á ítak Reykholtskirkju við Reyðarvatnsós, ósstemmuna, sem getið er um í elsta máldaga kirkjunnar.

Af ofanskráðu má glögg sjá að þetta svæði hefur Skallagrímur numið, þá er hann helgar sér Borgarfjörð allan, svo sem vötn draga. Næst liggur fyrir að athuga hvort land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, til dæmis verið lagt til afréttar. Engar fornar heimildir finnast um slíkt. Þau fáu skrif, sem til eru um svæðið benda einmitt til hins gagnstæða, að fjallendi þetta hafi ætíð fylgt jörðum þeim sem í upphafi skiptu heimalandi Gullberastaða milli sín, allt til þess er Lundarreykja- og Andakílshreppar kaupa það og leggja til sameiginlegra afréttarnota seint á 19. og snemma á 20. öld.

Fyrst er rétt að gera sér grein fyrir hve geysi verðmæt fjallbeitin var. Á þjóðveldisöld var vaðmál helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir vita hvernig skógarbeit fer með ullina. Hún hangir eftir í kjarrinu. Má,

hvað þetta varðar, benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarsjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendir hann réttilega á hve verðmæt beitolönd ofan skógarmarka voru, meðan birki og víðikjarr var ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því er ljóst að jarðir þær, sem áttu slíka fjallbeit hafa reynt að halda í hana eftir mætti.

Þó verða auðvitað einhver eigendaskipti að slíkum löndum. Eins og áður segir eignast Hrísar Þóreyjartungurnar einhverntíma fyrir 1390. Þess er getið í Reykholtsmáldaga frá 1358, að kirkjan eigi hálf Hrísi, (nú Hrísa). Þá virðist jörðin að hálfu í einkaeign, þar sem ekki er getið um að Bæjarkirkja eigi hinn helming jarðarinnar fyrr en í Gíslamáldaga frá 1575. Að teknu tilliti til efnis Landnámu og Egils sögu er ljóst að þarna er um land í óslitinni einkaeign að ræða, en ekki almenning eða afrétt.

Sama má segja um ítak Reykholtskirkju – ósstemunna við Reyðarvatn-. Þar sem ítak þetta var í löndum tveggja jarða, Þverfells og Gullberastaða, er um einkaeign landsins að ræða, því ítök voru ætíð í landi annara. Ítök í afréttarlöndum eru í sjálfu sér þverstæða. (Sjá skilgreiningu Benedikts Eyþórssonar á ítaki. „Einföld skýring á ítaki er þegar einstaklingur fær fyrir sig og sína jörð eða stofnun, með kaupum, að gjöf eða með skiptum, afnotarétt af hlunnindum annarar jarðar“.)

Frá því er sagt í Sturlungu (5. kafli Íslendingasögu) að Lundarmenn og Oddsstaðabændur „skildi á um víðirif á fjalli“. Þótt ekki verði mikið á þessu haft virðist svo að á þeim tíma eigi bæir þessir samliggjandi lönd á fjalli, eins og reyndar hefur haldist síðan, allt fram á 20. öld, þegar viðkomandi sveitarfélög kaupa landið.

Um verðmæti fjallendisins vitna einnig makaskipti þau, sem gerð voru árið 1686 á jörðunum Hvítárvöllum og Heggstöðum í Andakíl, ásamt Búrfelli í Hálsasveit annars vegar og Oddsstöðum hins vegar. Skipti þessi fara fram án milligjafar. Án fjalllandsins verða Oddsstaðir aldrei taldir vera meira en meðal jörð til búskapar. Því hlýtur eignarland Oddsstaða á fjalli að fylgja með í skiptunum og vera grundvöllur að verðmætamatinu.

Að sama brunni ber, þegar athugað er skattmat jarða þessara í jarðabókum. Allar eru þær hátt metnar, og hærra en svo að um heimalandið eitt geti verið að ræða. Gullberastaðir eru þó aðeins metnar til 24 hundraða. Jörðin fellur greinilega í mati vegna hættu á skriðuföllum. Sjá jarðabók Á.M & P.V. Þar segir „Túninu grandar skriða úr fjalli til stórskaða og snjóflóð með, so að hvergi er óhætt bæ né peningshúsum, mönnum né kvikfé, og er jafnan uggvænt fyrir þeim voða, hefur og næstu 2 ár mikið af orðið. Engjum og úthögum er ogso hætt við skriðum. **Landþröngt er heima og liggur meginhluti lands í fjarska.**“ (leturbreyting Þ.Þ.)

Í fjölmörgum lögfestum Lundarklerka, frá 17. og 18. öld er lögfest land á fjalli, oftast nefnt Lundarheiði „fyrir norðan Engjadalsá, til þeirra ummerkja, sem aðrir menn eiga bevisanlega á móti mér“. Þetta orðalag bendir vissulega

til einhvers ágreinings um norðurmörk Lundarheiðar. Er þar sennilega átt við deilur um eignarhald á Syðri Þóreyjartungu, sem gjarna var nefnd Þrætutunga af eldri mönnum langt fram á 20. öld.

Þá má einnig vísa til jarðarmatsjörðar á Lundi, gerðrar þann 21. október 1908, „til að gjöra lýsingu á og meta til verðs jörð þá er presturinn á staðnum ætlar að fá keypta --“. Matsgerðin virðist vönduð og ítarleg en verður ekki skráð hér nema hvað viðkemur fjallbeit. Þar segir „Fjallland á jörðin, en sem eigi verður notað sökum fjarlægðar, nema sem upprekstrarland, en sem ábúandi þó eigi þarfnast fyrir pening sinn, þar sem jörðin á tiltölulega hlutdeild í afrétti sveitarinnar, [Þá hefur hreppurinn fyrir skömmu keypt Þóreyjartungu, ásamt landi Reykholtskirkju við Reyðarvatn og lagt til afréttarnota. Innskot Þ.Þ.] en eigi er vonlaust um að leigja eða selja megi land þetta, sem talið er fremur gott, við nokkru verði (t.a.m. 500 kr.)“.

Þetta segir tvennt: Fyrst, að sveitin átti þá afréttarland. Þóreyjartungu, ásamt landi Reykholtskirkju við Reyðarvatn, hafði hreppurinn keypt 14 árum fyrr og lagt til afréttar fyrir sveituna. Í öðru lagi að Lundartungan (Lundarheiði) var eignarland, sem hægt var að leigja eða selja. Það hefði engum dottið í hug að gera ef aðeins væri um afréttarnot að ræða.

Þá er næst að geta sóknarlýsingar séra Benedikts Guðmundssonar, prests á Lundi, frá árinu 1840. Þar segir svo um Lunds og Fitjasóknir:

„32.. (*Afréttarlönd*) Hvörgi eru hér almenningar til uppreksturs en frá ýmsum jörðum eru léð lönd þar til, þó ei ætíð þeim er víðlendust fjalllönd hafa að ljá sem eru í þessum sóknum Fitjar, Gullberastaðir, Lundur og Oddsstaðir.“ Þarna sést að séra Benedikt veit ekki af neinum – almenningum til upprekstrar – í sóknum sínum. (Rétt er að geta þess að merking orðanna „almeningur“ og „afréttur“ hefur lengi verið á nokkru reiki og skarast mikið. Má ef til vill rekja það að nokkru til orðalags í „Norsku lögunum“ sem farið var að dæma eftir héraendis snemma á 18. öld.) Einnig að hann telur að þær jarðir, sem hér er um fjallað, eiga mestan hluta fjallendis innan sóknarmarkna Lunds og Fitja.

Þá er rétt að vitna í ummæli séra Guðmundar Helgasonar, prófasts í Reykholti, í greinargerð um sölu á Þóreyjartungum, þess efnis að Lundarreykjadalshreppi sé þörf á að fá umráð yfir löndum þessum, **því að hann á ekkert upprekstrarland.** (leturbreyting Þ.Þ.). Allt þetta sýnir greinilega að fjallendið var í einkaeign, sem hluti nærliggjandi jarða.

Enn fremur bendir það til einkaeignar á landsvæði þessu, hve víða þar var haft í seli, en selstöðu mátti ekki hafa í afrétti (Grágás). Í Jónsbók er aðeins úr þessu dregið, því samkv. henni má hafa sel í afrétti ef allir eigendur afréttarins gefa sitt leyfi til.

Skoðum fyrst sóknalýsingu þá, sem áður er getið. Þar segir séra Benedikt á Lundi.

„selstöður eiga fylgjandi jarðir: Lundur, Gullberastaðir, Oddsstaðir og Fitjar, samt kunna seltóftir víðar að finnast í heimalöndum“. Hann telur greinilega sel þessi öll í heimalöndum, svo sem sjá má af orðalaginu „víðar – í heimalöndum“. Skulu nú nefnd til sögu þau þessara selja, sem vitað er með nokkurri vissu hvar voru.

Neðst á Nyrðri Þóreyjartungu var Teitssel, suðaustan við Þóreyjarhól. Sagt er að það hafi Teitur Símonarson byggt, er hann bjó á Litla Kroppi. Lundarsel og Gamla Lundarsel voru bæði neðarlega á Lundartungunni, það gamla þó aðeins framar. Enn eru þar greinilegar rústir.

Sel það, sem séra Benedikt minnst á frá Oddsstöðum er ekki þekkt í dag. Vel gætu það þó verið rústir þess, sem enn sést til neðan hálsbrúnarinnar örskammt vestur frá Lambárgljúfrum. Úr því mætti sennilega skera með frekari rannsóknum á staðnum. Þá segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að Kleppar séu byggðir á selstöðu frá Oddsstöðum.

Gullberastaðasel stóð neðarlega á Gullberastaðatungunni, austur frá Bringum, milli Grímsár og Lambár. Var þar lengi haft í seli og stundum sjálfstæður búrekstur. hefur það þá verið hjáleiga frá Gullberastöðum. Land Gullberastaðasels náði allt að Fossá. Auk selstöðunnar var selið löngum notað sem beitarhús og legið þar við með fé frá Gullberastöðum fram á vetur.

Þá er að geta um svonefnt Reykholtssel (einnig nefnt Snorrasel). Sumir telja það hafa staðið við útrennsli Grímsár úr Reyðarvatni. Það er þó ólíklegt vegna þess að oft helst engin skepna við á því svæði sökum mývargs. Enn aðrir, (m.a. Jón Jónsson, vinnupiltur á Gullberastöðum í mörg ár, f. 1873, d. 1968) töldu það hafa staðið undir vestari Fossárhöfða, en enginn þekkir nú til neinna rústa á því svæði. Áreiðanlegastar virðast þó sagnir um að Snorrasel hafi staðið austan við botn Reyðarvatns, þar sem síðar var lengi leitarmannakofi. Ingimundur Ásgeirsson hefur það eftir Kristjáni Þorsteinssyni frá Reykjum, (f. 1849, d. 1934) að þar hafi Snorrasel staðið. Ingimundur talar um Kristján sem fróðan og langminnugan. Segir og að faðir Kristjáns og afi hafi báðir búið á Reykjum, og að sumir aðrir forfeður hans hafi átt heima eða búið í Lundarreykjadal um langan aldur.

Þetta fær stuðning frá örnefnum, sem þekkt eru enn í dag. Selið hefur þá staðið á Selhól, undir Selhöfða, við Selvík, austast í Reyðarvatni. Örnefnið Selvík er þekkt úr gömlum skjölum Þingvallakirkju. Ábúendur á Þverfelli telja að nafnið á vík þeirri við suðvestur horn Reyðvatns, sem nú er gjarna kölluð Selvík, sé miklu yngra.

Augljóslega er æði langur selvegur úr Reykholti alla leið suður að Reyðarvatni, en gæta verður þess að örskammt er frá þessum stað austur á hinn forna Okveg, sem fjölfarinn var, þá og síðar. Nauðsynlegt er að fram fari fornleifarannsóknir á þessum stað, til að skera úr um hvort þar hefur staðið sel, og þá hvenær.

Þá má og geta um sagnir þess efnis að Arnþórssel hafi staðið rétt sunnan Flóku skammt austan við Réttarmel. Allt er það þó fremur óljóst. Eins þekkist örnefnið Skarðssel, sem enginn veit þó hvar á að hafa staðið, nema hvað Á.M. & P.V. geta þess að Skarði sé eignuð selstaða í Gullberastaðalandi, sem þar á móti brúki móskuðr í landi Skarðs ár hvert.

Verðugt verkefni væri að kanna ítarlega heimildir og minjar um selstöður á landi Oks. Vonandi verður það gert – fyrr eða síðar. Þessi samantekt um hefnið hér að ofan er í flýti gerð og ónóg. Verður samt að duga í bili. Hún sýnir þó fram á að selfarir voru víða stundaðar á svæðinu, sem bendir enn í sömu átt og aðrar heimildir – að allt var þetta í upphafi eignarland nærliggjandi jarða.

[...]

Skálpastöðum 5. nóv. 2008. Þorsteinn Þorsteinsson.³⁴

5.3 Þóreyjartungur

Í máldaga kirkjunnar í Reykholti frá árinu 1392 er að finna vitnisburð Einars Þrasa um landamerki Þrándarholts og Hæls í Flókadal. Þar kemur fram að:

hris eighi allar þóreyiar tvnghvr.³⁵

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 segir m.a. í kafla um kirkjustaðinn Reykholt í Reykholtssdal:

Geldfjárupprekstur og afrjett á staðurinn á Geitlandi; staðurinn á og afrjett á Hrutafjarðarheiði, og fær hann afrjettartoll af Geitlandi, eitt lamb af rekstri, hvort sem eru fleiri eður færri.

[...]

Þessi ítök á staðurinn og hefur átölulaus:

Reka á Ströndum, í Trjekyllisvík, sem máldagarnir útvísa.

Veiði í Grímsá eftir máldögunum.

Selstöðu og land með skógi í Kjarradal og veiði fyrir landinu.

Afrjett á Hrutafjarðarheiði ut supra.

Tveggja mánaða beit í Faxadal og brúkast það fyrir selstöðu. Hann liggur fram af Flókadal í Hrísalandi, vide supra Hrísa.

Skóg á staðurinn á sinni jörðu Hraunsási, og brúkar staðurinn hann til kolgjörðar og eldiviðar. Raftviður má hjer heita þrotinn.

Enn eigna máldagar staðnum skóg í Sanddal til vissra ummerkja.³⁶

³⁴ Skjal nr. 5(15).

³⁵ Skjal nr. 5(4).

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1708 er ekki getið um Þóreyjartungur.

Þann 3. maí 1709 lögfesti Hannes Halldórsson Reykholt „med kyrkjunnar Heimalondum Jordum eignum og Itókum.“ Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 9 töluliðum og þar segir m.a.:

8° Logfeste eg Halfa Jordina Hrysa í Flokadale med ollum halfum lóndum, Þóreyartungum og Saudatungum þar med Tveggia manada beit í Faxadal er kyrkiann a í Sinnar og Bæarkyrkiu jord, Hrysa Jord.

Þar segir einnig:

Logfeste eg ädurnefndt Beneficium Reikhollt med Heimalande og ollum nefndum Jórdum, þeirra allra hus, Haga, Hollt, lónd, löder, tódur, eingiar, Sköga, vótn, veidestade og allar eignar og landsnýtiar Sem þeim filger, filgt hefur og filgia ä med riettu til ydstu ummmerkia. Hier med og lika yferllyse eg þessum effter filgiande eignum ytókum Reikhollts kyrkiu og med liku skilyrde logfeste Geitland allt med lande og skoge midlum Geitár og Huýtár, Peturs skög í Nordur är dal í Sanddale, midlum Sclakkagils og Klofa Steina er Standa vid Sanddalsä. Afriett a Hrutafiardar heide, Torfskurd í Steinþorstada Jordu. Selfor í Kiór med sköge, lande og äveide midlum Skialldmeyar gils og Rängargils. Item logfeste eg fimm hlute lasveidar allrar [allrar ofan línu] í laxfosse í Gryms ä, þria hlute ärennar fyr nordan Midberg og fiordung Huors hiliar, Ös Stemmu ad Raudavatnsöse.

[...] ³⁷

Lögfesta þessi var lesin á manntalsþingum að Búrfelli 3. maí og að Reykholti 4. maí 1709. Þá var hún aftur lesin á manntalsþingum að Búrfelli 5. júní og Reykholti 6. júní 1730.

Þann 20. maí 1739 lögfesti Finnur Jónsson staðinn Reykholt með eftirskrifuðum Reykholtskirkju „heimalóndum, utlondum, eýgnum og itókum“. Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 7 töluliðum og þar segir m.a.:

6° Lögfeste eg Geitland eign Reykhollts kirkiu, sem er land allt mille Geitár og Hvítár. 7° Lögfeste eg hálfa jordena hrysa í Flökadal, [...]

Þá segir einnig:

8. Logfeste eg þessar eignar og itök Reikholltskirkiu. Tveggia mänada beit ollum peninge í faxadal, þóreyartungur og Saudatungur, selfór í kiór med lande ollu og skögie mille Skialldmeyargils og rängargils med halfre á veide a mots vid Sydumula. Petursskög í Sanddal mille Slackagils og klofa. Afriett a hrutafiardarheyde, torfskurd í Steinþorsstadaiórdu, fim hlute veydar í allre Gymsaa en þryr hverfa frá hlaupagard og þria hlute arennar fyrer nordan

³⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 230-231.

³⁷ Skjal nr. 2(64) a-b.

midberg en fiördunguren hverfurf frá, fiördung hörhyliar og össtemu ä
Reydavatnsöse.

[...]³⁸

Lögfestan var upplestin fyrir rétti að Reykholti 21. maí 1739 og aftur að
Búrfelli og Reykholti vorið 1743.

Þann 18. maí 1837 lögfesti Þorsteinn Helgason sóknarprestur að Reykholti
staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndúm, kirkjujörðum,
útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum.“ Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 8
tölulíðum og þar segir m.a.:

7. Lögfesti eg Geitland innan sömu herada, eign Reykholtskyrkju, er það land
allt millum Geitár og Hvítár.

8. Lögfesti eg Kyrkjujördina Hríis í Flókadal, sem hálf er eign Reykholtskirkju
[...].

Þá segir einnig:

9. Loksins lögfesti eptirfylgiandi útlönd eignir og ítök kyrkjunnar í Reikholti.
Tveggja mánadabeit öllum peningi í faxadal er kyrkjan á í sínu Og
Bæjarkyrkju landi að Hrísum, þá Saudatungur og Þóreyartungur allar; en það
eru Þóreyjartungur, er liggja millum Sandfellskvísla, framum Sandfell, og
framí Saudabrekku fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norðurhlid.³⁹

Lögfestan var upplestin í manntalsþingsrétti að Heggstöðum þann 19. maí
1837, að Lundi þann 20, Sturlureykjum þann 22. og að Hofstöðum þann 23. sama
mánaðar. Henni var mótmælt á Lundarþingi af prestinum séra B. E. Guðmundssyni.
Mótmæli hans vegna Þóreyjartungna hljóðuðu svo:

3. Þar sem téð lögfesta segir í 9du grein að Þóreyjartungur liggja milli
Sandfellskvísla vil eg þess geta láta, að eg meina Lundarkyrkju egn tungu
þá, sem Sandfellin eru á, og Þóreyjartungur vered fyrir nordan
Midkvíslina ætla og það rétt eptir máldaga og lögfestum Lundskyrkju,
nema hún egi lengra nordureptir, og hyggst sér að brúka og brúka láta til
þess annad er sannad. Lundi 20. maí 1837. B.E. Guðmundsson.⁴⁰

Þorsteinn Helgason í Reykholti svaraði mótmælum B.E. Guðmundssonar á
eftirfarandi hátt:

3. Þar sem séra Benedict vænist að Þóreyjartungur fyrir sunnan Midkvíslina
med Sandfellunum seu egn Lundarkyrkju, þá kalla eg hann gengin af trúnni,
því eg get med vitnum sannad að þegar hann var unglíngur í Reykholti, hélt
hann, eins og eg það sanna um formann minn í kallinu fodur hans prófast séra
Eggert, Sandfellin og allar Þóreyjartungur sjálfs egn Reykholtskyrkju; og eg
tilbýd mig að koma fram med máldaga er hid sama sanni og vitnisburdi

³⁸ Skjal nr. 2(22).

³⁹ Skjal nr. 2(23).

⁴⁰ Skjal nr. 2(24).

merkra manna; og lögfestu síra Einars Oddssonar á Lundi af 2. maí 1724 er egi telur þetta under Lund.

Ad svo komnu fellur því prótest síra Benedicts um sjálft sig, og þarf hvorki hann né leigulidi hans ad huxa til ad draga það undan kyrkjunni í Reykholti, sem hann ætlar sér eda sínum med svo veikum rökum tilheyrta; en vilji hann sinu máli áfram halda svo sæki hann sitt med lögum og dómi; annars mun eg halda því til ýtrustu ummerkja, sem eg hygg kyrkjunnar í Reykholti, og firirbýd eg honum og hans leigulidum undir landnámssekt ad brúka þetta eda annat kyrkjunnar land án þess mitt sé leyfi til. Reykholti þ. 23. maí 1837.⁴¹

Í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti, frá árinu 1842 er fjallað um kirkjujarðir og ítök Reykholtskirkju. Þar segir m.a.:

Eign Reykholtskirkju er [...] ½ jörðin Hrísv (ersus) Hrísv í Flókadal.

Þar segir einnig:

Eftir Vilchins og Gísla biskups Jónssonar máldögum samt ærið gömlum máldaga á membrana (nm.: hér átt við Reykholtsmáldaga) á Reykholtskirkja þessi ítök:

[...]tveggja mánaða beit í Faxadal, Þóreyjartungur allar milli Sandfellskvísla og Flókadalsár á norðurhlið.⁴²

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 eru talin upp hlunnindi Reykholts, þar á meðal Þóreyjartungur:

Meðal margra hlynninda er talin 5/8 partar laxveiðar í Grímsá; þó telur prestur í bréfi til sýslumanns 15. Septembr 1844 þar að auki, eptir máldögum og óátöldum lögfestum: tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal; Sauðatúngur og Þóreyjartungur allar; [...].

Þar segir einnig:

Reykholt skirkjujarðir eru leigðar þannig:

[...] Hrísv 30 al. Lsk. 1 kúg.; [...].⁴³

Í vísitasíu fyrir kirkjuna að Reykholti frá 21. júlí 1869 kemur fram að kirkjan „...á og hefur lengi haft í hefðarhaldi land við Reiðarvatn [Reiðarvatn, úti á spássíu] austan frá Drangshlíð og út um Fossárflóa og Saudatungur og Þóreyjartungur.“⁴⁴

Þann 20. júlí 1872 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

Ítök kirkjunnar eru:

[...]

1. Fjallland. Þóreyjartungur og Sandatúngur eptirgjald 3 Rdl. byggingarbréf 2. júní 1870.⁴⁵

⁴¹ Skjal nr. 2(24).

⁴² Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 294.

⁴³ Skjal nr. 2(26).

⁴⁴ Skjal nr. 2(70).

Á manntalsþingi að Lundi 2. júní 1870 lýsti séra Bjarni Sigvaldason því yfir að hann hefði tekið til leigu „Þoreyjartungur, fjall[í]and Reykholts kirkju“, og að þeir sem þar vildu hafa upprekstur, ættu að semja við hann.⁴⁶

Þann 20. júlí 1872 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

Itök kirkjunnar eru:

[...]

2. Fjallland Þóreyjartungu [Þór-, ofan línu, strikað yfir: Sól-] og Saudatungur eptirgjald 3 rd byggingarbréf 2 Juni 1870.

[...]⁴⁷

Árið 1876 lögfesti séra Þórður Þórðarson Jónassen, sóknarprestur að Reykjaholti og Stóraási, staðinn Reykjaholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum“. Þar segir:

„8 [...] Kirkju jörðina Hrís í Flókadal sem hálf er eign Reykjaholts kirkju. Á milli hennar og jarðarinnar Skóga rædur Djúpilækur; en Hrísa og Hælsjardar á milli eru þessi merki: Sjónhending úr Bliksteinum og í Rauðalæk; þá ræður Raudilækur uppí Grændal, ena [þ.e. hina] efri og norður þaðan í steina þá, er standa á Saurvatna holti og kallast Klofasteinar; en að austan er kvísl sú merki sem fellur næst Saudatungu og í Flókadalsá og úr því Áin, sem hún nú fellur.“

„9 [...] eptirfylgjandi útlönd, eignir og ítök kirkjunnar í Reykja holti; Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal, er kirkjan á í sínu og Bækakirkjulandi að Hrísum, þá Sauðatungur og Þóreyjartungur allar, en það eru Þóreyjartungur, er liggja millum Sandfells kvísla fram um Sandfell og frammí Sauðabrekkur fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norður hlið, en milli Sauðatungu og Hrísalands, er kvísl sú, er áður var getið.“

„9 [...] Þá lögfesti eg og einnig fimm hluti allrar veiði í Grímsá í Borgarfirði, en þrír hlutir heyra öðrum til; nema að því leyti er nú skal telja: Reykjaholt á allan Hlaupa garð þar er nú kallast Strengir og 3 hluti árinna og veiðar fyrir norðan Miðberg, en það er Myrkhylur er nú kallast, (en fjórðung veiðar í honum), en fjórðung veiðar í honum eiga aðrir. Þá á og kirkjan aðeins fjórðung veiðar í Hörngshyl og enn á hún alla ós stemmu að Reiðarvatns ósi er eg einnig hér með lögfesti.“

„[...] Lögfesti eg að orðfullu og lögmáli réttu, fyrirbýð eg einum og sérhverjum að brúka eða sér að nota nokkuð af þessu, nema þess hafi lof eða leyfi er stað heldur í Reykjaholti; og einkum tilnefni eg her fjalllönd(in) staðarins Sauða- og Þóreyjartungur og það land, sem þar er á fjalli uppi sömuleiðis Geitlönd. Fyrirbýð eg nálægra sveita bændum og innbúum að reka þangað hross sín eða fé nema mitt sé leyfi til, leggjandi við allar þær sektir er lög framast leyfa, ef hér er á móti gjört, en tilbýð þeim laga aðgjörðir í

⁴⁵ Skjal nr. 2(71).

⁴⁶ Skjal nr. 2(106) a-b.

⁴⁷ Skjal nr. 2(101) a-b.

frammi að hafa á löglegum stað og tíma er af þessari minni lögfestu þykist vanhaldinn, sé sá nokkur.⁴⁸

Lögfesta þessi var lesin á manntalsþingum vorið 1876 á Búrfelli, Sturlureykjum, Heggstöðum og Lundi og síðan rituð í afsals- og veðmálabók Borgarfjarðarsýslu Ltr. E.

Þann 4. desember 1893 sendi hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps konungi bréf þar sem sótt var um leyfi til að kaupa afréttarland tilheyrandi Reykholtskirkju. Bréfið hljóðar svo:

Lundarreykjadalshreppi

4. des. 1893.

Hreppsnefndin þar sækir um leyfi til að kaupa afréttarland, tilheyrandi Reykholtskirkju, fyrir 700 kr.

Samið af Ólafi Ólafssyni, presti.

Til konungs

Á fjalli, norðaustur af afréttarlöndum jarðanna Lundar, Gullberastaða og Oddsstaða í Lundarreykjadal innan Borgarfjarðarsýslu er land nokkuð allvíðáttumikið tilheyrandi Reykholtskirkju. Land þetta, er núverandi staðarhaldari í Reykholti hefur, að þar til fengnu leyfi, í hyggju að selja, hafa bændur í Lundarreykjadalshreppi komið sjer saman um að kaupa fyrir 700 kr., er borgist á 28 árum með 42 kr. árlega, og leyfum vjer undirritaðir hreppsnefndarmenn í tjeðum hreppi oss hjermeð, fyrir hönd hreppsúa, allra þegsamlegast að sækja um leyfi til tjeðra landkaupa.

Ólafur Ólafsson, Jón Pálsson, Jón Guðmundsson, Árni Sveinbjarnarson og Sigurður G. Gíslason.⁴⁹

Þann 29. janúar 1894 sendi séra Guðmundur Helgason, prestur að Reykholti, bréf til stiftsyrivalda með beiðni um að hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps fái keypt afréttarlönd Reykholtskirkju og nefnd eru „Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn“. Bréfið hljóðar svo:

Borgarfjarðar prófastsdæmi

Reykholti 29. jan. 1894

Eg leyfi mér hér með að senda hinum háu stiptisyrirvöldum bónarbréf til konungs frá hreppsnefndinni í Lundar-Reykjadalshreppi um að sá hreppr fái keypt afréttarlönd þau, er Reykholtskirkja á á „Suðrfjalli“ og nefnd eru „Þóreyjartungur“ og „land við Reyðarvatn“, fyrir 700 kr.

⁴⁸ Skjal nr. 2(68) a-b.

⁴⁹ Skjal nr. 2(127) a-b.

Afréttarlönd þessi liggja að löndum Lundar-Reykjadalsmanna og er miklu hægra að nota þau fyrir þá en prestinn í Reykholti, sem fyrir fjarlægðarsakir á mjög erfitt með að hafa eptirlit með notkun þeirra og getr eigi varist því, að þau verði notuð meira eða minna í óleyfi. Lunda-Reykjadalshreppi er þörf á, að hafa umráð yfir löndum þessum, því að hann á ekkert upprekstrarland, og Lundar-Reykjadalsmönnum er von ágangs þaðan, ef þeir geta engu ráðið um, hvað þangað er rekið af fénaði, en prestinum í Reykholti hefir þess enga þörf, því að hann þarf þeirra hvorki til selfarar né upprekstrar, þar sem Reykholtskirkja á tvær selfarir aðrar, sem nær lægi að nota, og Reykholt á ásamt öðrum jörðum í Reykholtisdalshreppi rétt til afréttar á Arnarvatnsheiði, sem hreppurinn hefir nýlega keypt. Einu notin, sem prestinum í Reykholti getr haft af löndum þessum, eru þau, að leigja þau öðrum til upprekstrs. En það er mjög óvíst, að því verði jafnan við komið, þar sem svo torvelt eða nær ómögulegt það er fyrir prestinum að sjá við því, að þau verði notuð í óleyfi hans. Hæsta leiga, sem eg veit til að fengist hafi fyrir lönd þessi, er 1 vætt á landsvísu fyrir hvort þeirra. En langt er síðan nokkur leiga hefir fengizt eptir landið við Reyðarvatn, líklega um 40 ár. Eptir Þóreyjartungur hefi eg fengið 8 kr. árlega.

Eg er því í engum vafa um, að það sé til hags fyrir Reykholtsprestakall að lönd þessi sé seld fyrir verð það sem boðist hefir, 700 kr., er eg hygg vera fyllsta verð þeirra. En af því að við því má búast, að verðhlutfallið milli landeigna og peninga kunni að breytast og að 700 kr. kunni einhverntíma að hætta að vera jafngildi landa þessara, þá mundi hyggilegra til þess að prestakallið verði einnig þegar fram líða stundir áreiðanlega skaðlaust af sölnunni, að ákveðið væri, að nokkur hluti vaxtanna af söluverðinu legðist árlega við höfuðstólinn, og sýnist mér hæfilegt, að það væri 1/7 þeirra eða þó öllu heldr helmingur þess, sem vextirnir verði ár hvert umfram 20 kr., því að á þann hátt mundi höfuðstóllinn, ef vextirnir yrðu 4%, vaxa miklu fljótar, en hver aðferð sem höfð væri, fengi presturinn í fyrstu 24 kr., eðr sem svarar hæstu leigu, sem eptir lönd þessi hefir fengist og væri því vel í haldinn.

Það virðist vera prestakallinu bagalaust, að leyft væri að borga verðið á þann hátt, sem farið er fram á í bónarbréfinu, þannig að greiddar sé árlega í afborgun og vexti 42 kr. í 28 ár, en það mundi gjöra kaupin aðgengilegri en ella fyrir Lundar-Reykjadalshrepp.

Eg gjöri ráð fyrir, að verðið mundi, jafnóðum og það greiðist, verða lagt í jöfnunarsjóðinn sem föst innistæða Reykholtsprestakalls.

Af framangreindum ástæðum leyfi eg mér að mæla með því, að beiðni hreppsnefndarinnar í Lundar-Reykjadalshreppi verði veitt og með þeim kostum sem nú hafi verið teknir fram.

Útdrátt úr héraðsfundargjörð Borgarfjarðarprófastsdæmis og yfirlýsing sóknarnefndarinnar í Reykholtssókn sölu þessari viðvíkjandi leyfi ég mér að leggja hérmeð.

Til Stiptisyfirvalda Íslands.⁵⁰

Stiftisyfirvöld sendu landshöfðingja bónarbréf til konungs um söluna 27. febrúar 1894. Þar segir:

Stiptisyfirvöldin yfir Íslandi.

Reykjavík 27. febrúar 1894.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Lundareykjadalshreppi í Borgarfjarðarsýslu leyfa stiptisyfirvöldin sjer hjer með virðingarfullst að senda herra landshöfðingjanum bónarbrjef til konungs frá tjeðri hreppsnefnd um að henni veitist leyfi til að kaupa handa hreppnum „land nokkuð allvíðáttumikið tilheyrandi Reykholtskirkju“ fyrir 700 kr., er borgist á 28 árum með 42 kr. árlega.

Ætlast hreppsnefndin til að land þetta verði afrjettarland fyrir hreppinn. Á hjeraðsfundi Borgarfjarðarprófastsdæmis 13. sept. 1892 er samþykkt að mæla með því, að salan á landi þessu, sem í fundargjörðum hjeraðsfundarins er kallað „Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn“ verði leyfð þannig að af vöxtum andvirðisins sje árlega útborgaðar 20 kr. og helmingur þess sem þar er fram yfir, en hinn helmingurinn leggist árlega við höfuðstólinn. Útdráttur úr hjeraðsfundargjörðunum fylgir hjer með. Enn fremur fylgir hjer með yfirlýsing sóknarnefndarinnar í Reykholtssókn, um að hún sje meðmælt sölunni, dags. 27. f. m., og loks ítarleg skýrsla frá sóknarprestinum í Reykholti, sem einnig er prófastur í Borgarfjarðarprófastsdæmi í brjefi dags. 29. jan. þ. á., þar er hann tjáir sig mjög meðmæltan sölunni vegna prestakallsins.

Að vísu hefði beiðnin um leyfi til sölnnar á greindu landi frá Reykholtskirkju átt að koma beinlínis frá sóknarprestinum í Reykholtsprestakalli og sóknarnefndinni þar, en eigi frá væntanlegum kaupanda, hreppsnefndinni í Lundar-Reykjadalshreppi, enda hefur hún eigi heldur sýnt skiliríki fyrir því, að hún hafi fengið leyfi sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu til landkaupanna til handa hreppnum (sbr. tilsk. 4. maí 1872, 26. gr., 2. og 5. máls.), en samt sem áður höfum við afráðið, að afgreiða málið til herra landshöfðingjans eins og það fyrir liggur, í því skyni að útvegað verði leyfi til sölu á landinu frá kirkjunni, en hreppsnefndin af sinni hálfu verður að ábyrgjast það, að hún hafi löglega heimild til að kaupa landið fyrir hreppinn.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í brjefi prófastsins, dags. 29. f. m., og sem við í öllu verulegu verðum að fallast á, leyfum við okkur virðingarfullst

⁵⁰ Skjal nr. 2(119) a-b.

að mæla með því, að hin umbeðna sala á afrjettarlandinu verði heimiluð, þannig að kaupverðið ákveðist 700 kr. er afborgist og ávaxtist með 42 kr. árlega í 28 ár, þannig að 24 kr. af hinni árlegu afborgun sjeu greiddar sóknarprestinum í Reykholtsprestakalli, en 18 kr. sjeu lagðar árlega í jöfnunarsjóð Íslands sem innistæða prestakallsins, unz greiðslunni er að fullu lokið.

Kristján Jónsson

Hallgr. Sveinsson

Til Landshöfðingjans yfir Íslandi.⁵¹

Þann 12. júní 1894 sendi séra Guðmundur Helgason í Reykholti bréf til bréf til konungs, samkvæmt fyrirmælum stiftsyfirvalda, þar sem hann bað um leyfi til þess að selja afréttarlönd kirkjunnar á Suðurfjalli, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn. Bréfið hljóðar svo:

Borgarfjarðarprófastsdæmi
Reykholti 12. júní 1894.

Samkvæmt fyrirmælum hinna háu stiptsyfirvalda í háttvirtu bréfi dags. 25. apr. þ.á. sendi ég hér með bónarbréf til konungs um leyfi til að selja frá Reykholtskirkju afréttarlönd hennar á Suðurfjalli, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn fyrir 700 kr., undirskrifað af prestinum í Reykholti og sóknarnefndinni í Reykholtssókn.

Að öðru leyti, sérstaklega um það, á hvern hátt söluverðið yrði borgað og hvernig vöxtum af því verði varið, leyfi ég mér að vísa til ummæla minna í bréfi dags. 29. jan. þ.á. sem endursendist hér með ásamt hinum öðrum fylgiskjölum.

Guðmundur Helgason.⁵²

Þann 3. júlí 1894 sendu stiftsyfirvöld landshöfðingja bréf þar sem upplýst var um beiðni Reykholtsprests og sóknarnefndar Reykholtssóknar um leyfi til að „selja frá Reykholtskirkju afrjettarlöndin Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn“. Þar segir:

Með skírskotun til hæstvirts bréfi yðar, hávelborni herra landshöfðingi, dagsett 18. apríl þ. á., undanfella stiptsyfirvöldum eigi hjer með virðingarfyllst að senda yður meðfylgjandi allraþegnsamlegasta bænaskrá frá prestinum í Reykholtsprestakalli og sóknarnefndinni í Reykholtssókn með 3 fylgiskjölum, um leyfi til að selja frá Reykjoltskirkju afrjettarlöndin Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvarn.

J.Havsteen

Hallgrímur Sveinsson

⁵¹ Skjal nr. 2(118) a-b.

⁵² Skjal nr. 2(126) a-b.

Til

Landshöfðingjans yfir Íslandi ⁵³

Ráðherra Íslands sendi landshöfðingja bréf 21. september 1894 þar sem fram kemur að hann veiti leyfi til sölu á tveimur afréttum tilheyrandi Reykholtskirkju, þ.e. „afretter þaa Sudurfjall, Thoreyjartungur og en landstrækning ved Reyðarvatn.“⁵⁴

Þann 13. október 1894 sendi landshöfðingi bréf til stiftisyfirvalda, þar sem fram kemur að konungur hafi samþykkt að afréttarlönd Reykholtskirkju, Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn, verði seld frá kirkjunni.⁵⁵

Þann 31. október árið 1895, sendi séra Guðmundur Helgason stiftisyfirvöldunum á Íslandi kaupsamning, uppá væntanlegt samþykki sömu yfirvalda, um afréttarlönd Reykholtskirkju, þar á meðal Þóreyjartungur. Í bréfinu segir:

Borgarfjarðarprófastsdæmi

Reykholt 31. okt. 1895.

Eg leyfi mér hér með að senda hinum háu stiptisyfirvöldum kaupsamning, undirskrifaðan af mér upp á væntanlegt samþykki stiptisyfirvaldanna, við hreppsnefndina í Lundar-Reykjadalshreppi um afréttarlönd Reykholtskirkju á „Suðsfjalli“, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn, þau er konungsleyfi hefir fengist til að selja fyrir 700 kr. Viðvíkjandi borgunarskilmálum leyfi ég mer að geta þess, að þá er hreppsnefnd Lundar-Reykjadalshrepps falaðist eptir kaupum þessum, þá var það í skilyrði haft af hennar hendi, að kuapverðið mætti afborgast á 28 árum, og þar eð það virðist vera bagalaust fyrir seljanda, en er til töluverð hagræðis fyrir kaupanda, og kemur eigi í bág við leyfisbréfið til sölunnar né við neitt annað, sem mér er kunnugt, þá hefi eg í þessu farið eptir ósk hreppsnefndarinnar; hinir árlegu gjalddagar eru einnig ákveðnir eptir því, sem hún áleit sér hentast.

Þótt samningurinn sé ritaður og dagsettur 9 f.m. er hann alveg nýlega fullgjörður; vantaði áður undirskriptir 2 hreppsnefndarmannanna.

Guðmundur Helgason.⁵⁶

Kaupsamningurinn, sem er dagsettur 9. september 1895, hljóðar svo:

Jeg Guðmundur Helgason prófastur í Reykholti fyrir hönd Reykholtskirkju sem seljandi, samkv. konungsleyfi dags. 19. sept. f.á. og hreppsnefnd Lundareykjadalshrepps sem kaupandi gjörðum með okkur svofelldan kaupsamning.

1. Það sem selt er, eru afrjettarlönd Reykholtskirkju á Suðurfjalli fyrir sunnan Flókadalsá, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn.

⁵³ Skjal nr. 2(117).

⁵⁴ Skjal nr. 2(116).

⁵⁵ Skjöl nr. 2(124) a-b og 4(34).

⁵⁶ Skjal nr. 2(125) a-b.

2. Kaupverðið er 700 – sjö hundruð krónur- og skal það greitt og ávaxtað með 42 – fjórtíu og tveimur krónum á ári í 28 ár, og skal sú upphæð greidd í hendur stiptsyfirvöldunum 1. febrúar ár hvert í fyrsta sinn 1896.
3. Kaupin miðast við fardaga 1895. Frá þeim tíma hefur kaupandi notkunarjett til landanna og heldur uppi lögskilum af þeim.
4. Kaupandi fær afsalsbrjef fyrir löndum þegar kaupverðið er að fullu greitt, eða selt hefur verið veð, sem stiptsyfirvöldin taka gilt, fyrir greiðslu þess.
5. Kaupsamningur þessi er gjörður í 3 samritum sendist eitt þeirra stiptsyfirvöldunum, en kaupandi og seljandi halda sínu hvor.

Til staðfestu eru nöfn vor, undirskrifuð í viðurvist 2 tilkvaddra vitunarvotta.

Staddir í Lundi 9. sept. 1895.

Uppá væntanlegt samþykki stiptsyfirvaldanna

Guðmundur Helgason, Ólafur Ólafsson, Jón Guðmundsson, Árni Sveinbjarnarson, Jón Pálsson, Sigurður G. Gíslason.

Vitundarvottar:

Sveinn Oddsson, Magnús Gunnlaugsson.

Framanritaður samningur samþykkist hjermeð, þannig að hreppsnefndin hefur 27. desbr. f.á. gefið út skuldabrief fyrir kaupverðinu 700 kr., sem ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 42 kr. árlega, og gefið Reykholskirkju fyrsta veðrjetti í hinum seldu afrjettarlöndum.

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík. 20. febr. 1896.

J.Havsteen. Hallgrímur Sveinsson.⁵⁷

Stiftsyfirvöld gerðu uppkast að bréfi til prófasts 27. nóvember 1895 vegna sölunnar á afréttarlandi Reykholtskirkju, en samkvæmt bréfinu samþykkja þau kaupsamninginn og skilmála sem í hann eru settir.⁵⁸

Þann 9. janúar 1896 afsalar prófasturinn í Borgarfjarðarprófastsdæmi afréttarlöndum Reykholtskirkju til Lundarreykjadalshrepps. Í afsalinu segir:

Eg Guðmundr Helgason, prófastr í Borgarfjarðarprófastsdæmi, gjöri kunnugt, að eg samkvæmt konungsleyfi dags. 19. sept. 1894, bréfi stiptisyfirvaldanna dags. 27. nóv. f. á. og áðrgjörðum kaupsamningi dags. 9. sept. f. á., sem hreppsnefndin í Lundar-Reykjadalshreppi hefir að sínu leyti fullnægt með því að gefa út veðskuldabréf til handa Reykholtskirkju dags. 27. f. m. fyrir hinu umsamda kaupverði, sjö hundruð krónum, afsala nefndum hreppi til eignar og umráða afréttarlöndum Reykholtskirkju á Suðrfjalli, fyrir sunnan Flókadalsá, Þóreyjartungum og landi við Reyðarvatn.

Afsalsbréf þetta skal þinglesið á kostnað kaupanda.

Reykholti 9. jan. 1896

⁵⁷ Skjöl nr. 2(122) a-b og 5(29).

⁵⁸ Skjal nr. 2(123) a-b.

Afsalið var uppleið á manntalsþingi þann 8. júní 1896. Á sama manntalsþingi var lesið veðbréf hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps, dags. 27. desember 1895, fyrir 700 kr. til Reykholtskirkju með veði í þessum sömu „afréttarlöndum“.⁶⁰

Þann 23. maí 1908 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

[...]

2. Með konungsleyfi 19. sept. 1894 (Stj.tíð. 1894, B. bls. 175) var leyft, að selja afréttarlönd Reykholtskirkju: Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn frá kirkjunni fyrir 700 kr. þannig, að upphæð þessi sé lögð í Söfnunarsjóð Íslands sem óskerðanleg innstæða kirkjunnar, og að af vöxtum af upphæð þessari sé Reykholtspresti árl. greiddar 20 kr. og að auki helmingur þess, er rentan fer fram úr þessari upphæð, en hinn helmingurinn sé jafnan lagður við höfuðstól. Nefnd afréttarlönd voru seld Lundarreykjadalshreppi og jafnframt gefið út skuldabréf af hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps, dags. 27. desbr. 1895, að upphæð 700 kr., er afborgast skyldu í vexti og afborgun [strikað yfir: -um, á næstu 28] með jöfnum greiðslum [greiðslum, ofan línu; strikað yfir afborgunum] á næstu 28 árum í gjalddaga 1. febr. ár hvert, í fyrsta sinn 1. febr. 1896, og með veði í ofangreindum afréttarlöndum. Greiðslan er fyrir það fardagaár, sem yfir stendur, er hún fer fram. Nefnt skuldabréf er sent biskupi með bréfi prófests 16. ág. 1906.

[...]⁶¹

Landamerkjabréf fyrir „Þóreyjartungum afréttarlandi Lundareykjadalshrepps“ var undirritað 2. júlí 1923 og því þinglýst 7. júlí 1924:

Að norðan ræður merkjum bein stefna úr Oköxlinni vestanverðri í upptök Flóku – sjá sóknarskiftalínu á „Generalstabens topografiske kort“ – svo ræður Flóka merkjum þar til Sandfellskvíslin fellur í hana. Að suðvestan verðu ræður Sandfellskvíslin merkjum þar til hún skiftist, þá ræður Syðri-Sandfellskvíslin merkjum allt að upptökum, en úr upptökum hennar ræður bein stefna í há austur upp í Okíð. Að norðaustan verðu ræður Okíð merkjum.⁶²

Sigurður Jónsson samþykkti bréfið fyrir hönd Lundareykjadalshrepps, Sigurður Jakobsson fyrir hönd Andakílsahrepps, Páll Þorsteinsson fyrir Steindórsstaði og Guðm. Bjarnason vegna Hæls.

Í skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps eftir Ingimund Ásgeirsson, dags. 1. júní 1980, segir um Þóreyjartungur:

1. Þóreyjartungur

⁵⁹ Skjal nr. 2(120) a-b.

⁶⁰ Skjöl nr. 2(107) a-b og 2(121) a-b.

⁶¹ Skjal nr. 2(103) a-b.

⁶² Skjal nr. 2(12).

Þóreyjartungur liggja milli Flókadalsár að norðan og Sandfellskvíslar og ofan Kvíslamóta Syðri Sandfellskvíslar að sunnan „og úr upptökum hennar ræður bein stefna í háaustur upp í Okið. Að norðaustanverðu Okið“, segir í landamerkjabréfi er gert var 2. júlí 1923 (9), sennilegast í stað landamerkjabréfs, er glatazt hefur, og undirritað af oddvita Lundarreykjadalshrepps og umráðendum aðliggjandi landa, og innfært í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu II, nr. 38, bls. 14. – Lögfesta sr. Þorsteins Helgasonar í Reykholti, gerð 13. maí 1837 (10), lýsir merkjum að nokkru á annan veg: „en það eru Þóreyjartungur, er liggja millum Sandfellskvísla, fram um Sandfell og fram í Sauðabrekkur fyrir vestan Fanntófell, og að Flókadalsá á norðurhlíð“. Örnefnið Sauðabrekkur er nú ekki notað, þó virðist það hafa þekkt fram um aldamótin síðustu, og geta má sér til, að þær séu hallar vestan Fanntófells, töluvert grónir. Þóreyjartungur munu um langan aldur hafa verið taldar eign Reykholtskirkju, en þó munu Lundarprestar um skeið hafa eignað Lundi syðri tunguna, á milli Sandfellskvísla, sem ásamt Lundartungu var nefnd Lundarheiði, og var hún af sumum nefnd Þrætutunga, vegna ágreinings milli Lundar og Reykholtss um spildu þessa. Getu má þess, að Guðmundur Bjarnason á Hæli, f. 1886, d. 1978, kallaði syðri Þóreyjartungu einatt Þrætutungu. Ekki hafa fundizt eldri skráðar heimildir um eignaraðild Reykholtskirkju að Þóreyjartungum, en lögfesta sr. Finns Jónssonar, prests í Reykholti, frá 1739, og geymd er í kirknaskjölum í Þjóðskjalasafni. T.d. eru Þóreyjartungur ekki taldar meðal eigna Reykholtskirkju í Gíslamáldaga frá 1575 eða þar um bil. Reykholtskirkja seldi með leyfi stiptsyfirvalda (11) Lundareykjadalshreppi 9. sept. 1895 „afréttarlönd í „Suðurfjalli“ fyrir sunnan Flókadalsá, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn“ fyrir kr. 700.00. Kaupsamningurinn (12) er undirritaður af sr. Guðmundi Helgasyni í Reykholti vegna kirkjunnar, og hreppsnefndarmönnum Lundarreykjadalshrepps, þeim sr. Ólafi Ólafssyni á Lundi, Jóni Guðmundssyni á Reykjum, Árna Sveinbjarnarsyni á Oddsstöðum, Jóni Pálssyni í Brennu og Sigurði Gíslasyni í Mávahlíð. Annað eða eitt frumrit kaupsamnings þessa er varðveitt í Þjóðskjalasafni, en afsals- og veðmálabækur Borgarfjarðarsýslu brunnu haustið 1920, sem fyrr er ritað. Reykholtsprestur gaf út afsal 9. janúar 1896, og skv. registri afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu (sem varðvetzt hefur), var kaupbréf ásamt afsali þinglesið 8. júní sama ár (13).⁶³

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílhrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998 samþykktu hreppsnefndirnar að leggja tiltekin landsvæði inn í sjálfseignarstofnunina Ok. Í samþykkt hreppanna segir:

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílhrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998⁶⁴ var tekin til umfjöllunar og afgreiðslu

⁶³ Skjal nr. 4(11).

⁶⁴ Óskýrt í skjali.

tillaga um stofnun sjálfseignarstofnunar um afréttarlönd Andakílshrepps og Lundareykjadalshrepps og skipulagsskrá fyrir stofnunina.

Hreppsnefndir Andakíls- og Lundareykjadalshreppa samþykktu stofnun sjálfseignarstofnunar og fyrirbyggjandi skipulagsskrá. Munu hreppsnefndirnar leggja fram og afhenda endurgjaldslaust 500.000 krónur í reiðufé og eftirlín lönd sín, ásamt réttindum sem þeir tilheyra til sjálfseignarstofnunarinnar:

Andakílshreppur leggur fram eftirtaldar eignir:

- a. Oddsstaðatunga.
- b. Gullberastaðaselsland.
- c. Lundartungu.

Lundareykjadalshreppur leggur fram eftirtaldar eignir

- a. Land sunnan Fossár að Reyðarlæk, með honum austur að sýslumörkum Árness- og Borgarfjarðarsýslu, áður keypt af Reykhólts- og Þingvallakirkjum (Leirárdalir).
- b. Þóreyjartungur, áður keyptar af Reykholtskirkju.

Hreppsnefndirnar samþykkja þær fjárhagslegu skuldbindingar sem felast í 6. gr. og 11. gr. stofnskrárinnar en þar segir m.a. svo:

Úr 6. gr. Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til uppreksturs samkvæmt 1. mgr. 5. gr. stendur óhöggð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem uppreksrarlands og fjallskil þar, þ.m.t. byggingu, viðhaldi og rekstri gangamannahúsa og girðinga, og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðir eru á landverð.

Úr 11. gr. Verði ágreiningur um hvort þau lönd sem hrepparnir afhenda sjálfseignarstofnuninni teljist fullkoin eignarlönd lagður fyrir dómstóla skuldbindur sá hreppur, sem leggur landið fram, sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málshöfðunina eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Brún, 2. apríl 1998.⁶⁵

Skjalið er undirritað af hreppsnefnd Andakílshrepps og Lundareykjadalshrepps.

Sama dag undirritaði hreppsnefnd Lundareykjadalshrepps yfirlýsingu um framlag sitt til sjálfseignarstofnunarinnar. Þar segir:

YFIRLÝSING

⁶⁵ Skjal nr. 4(103).

Hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps, kt. 450269-3019, samþykkti á fundi sínum 31. mars⁶⁶ 1998 að leggja fram og afhenda endurgjaldslaust 250.000 krónur í reiðufé og eftirtalin eignarlönd sín, ásamt réttindum sem þeim tilheyra, til sjálfseignarstofnunarinnar Ok:

a. Land sunnan Fossár að Reyðarlæk, með honum austur að sýslumörkum Árness- og Borgarfjarðarsýslu, áður keypt af Reykholts- og Þingvallakirkjum (Leirárdalir), sbr. kaupsamning, dags. 9. september 1895 og afsal, dags. 9. janúar 1896.

b. Þóreyjartungur, áður keyptar af Reykholtskirkju, sbr. kaupsamning, dags. 9. september 1895 og afsal, dags. 9. janúar 1896.

Landamerkjum þess lands sem getið er í a-lið hér að ofan er lýst í lögfestu, dags. 27. maí 1890.

Landamerkjum Þóreyjartungu er lýst í landamerkjabréfi, dags. 2. júlí 1923.

Eignirnar eru afhentar með þeim kvöðum sem fram koma í skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnuna Ok, sem fylgja yfirlýsingu þessari og teljast hluti hennar.

Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem eignarheimild sjálfseignarstofnunarinnar Ok að ofangreindum fasteignum.

Brún, 2. apríl 1998.⁶⁷

Skjalið er undirritað af hálfu hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps og hreppsnefndar Andakílshrepps.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2004 segir svo í kafla um Flókadal:

Flókadalur er stystur og fábýlastur Borgarfjarðardala en um leið sá eini, sem hefur tvær meginár í dalsbotninum, þó að ekki teljist þær til stórvatna. *Flókadalsá*, eða Flóka, eins og hún er oft kölluð, rennur ofan af heiðum um sunnanverðan dalinn og hefur upptök sín vestan undir Oki, en *Geirsá* rennur um norðanverðan dalinn og ná upptakavíslar hennar ekki upp undir Ok, því að upptakavíslar Rauðagils koma þar á milli, sem falla svo til Reykholtisdals. Dalurinn er því breiðari en syðri dalirnir, um 4 km, en miklum mun styttri, aðeins 5-6 km. Hann endar ekki heldur í bröttum botni, eins og þeir, heldur hækkar dalsbotninn jafnt og þétt inn á heiðar, þó í þrepum sé, sem eru reyndar fremur óglögg. [...] Er *Lundarháls* sunnan dals og *Varmalækjarmúli* ysti hluti hans, upp í 350-400 m y. s. að hæð, nokkuð klettóttur yst. Hálsinn snarlækkar um nærri 100 m innan við Reyðarfell og taka þaðan við flöt heiðalönd inn undir OK. Norðan dals er *Kroppsmúli* eða Litlakroppsmúli yst á hálsinum, sem fer nokkurn veginn síhækkandi úr um 300 m y. s. inn eftir og upp í tæpa 400 m y. s. í Steindórsstaðaöxl, innan við bæi í Flókadal. Þar innan við verður slakki eða skarð að Rauðsgili, um 100 m lægra en fellin beggja vegna við.⁶⁸

⁶⁶ Ritað ofan línu. Strikað yfir 2. apríl.

⁶⁷ Skjal nr. 4(104).

⁶⁸ *Árbók Ferðafélags Íslands* (2004), bls. 125-126.

Þann 5. nóvember 2008 gaf Þorsteinn Þorsteinsson á Skálpastöðum út samantekt um þróun eignarhalds á löndum Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Þar segir:

Þann 2. apríl, 1998, er sjálfseignarstofnuninni Ok komið á fót. Til hennar leggja Andakílshreppur og Lundarreykjadalshreppur allt það land sitt á fjalli, sem smalað er til Oddsstaðaréttar. (sjá merkjalýsingu hér að neðan) Tilgangur hreppanna var að tryggja þeim jörðum, sem þarna höfðu afréttarnot, allan áframhaldandi rétt til landa þessara, svo sem verið hafði síðan hrepparnir keyptu þessi svæði og lögðu til afréttar. Þetta var talið nauðsynlegt vegna þess að til stóð að sameina fjóra hreppa í Borgarfjarðarsýslu. Eðlilegt þótti að réttindi jarða til fjallbeitar og annara afréttarnota héldust hin sömu og verið hafði fyrir sameininguna. Það á sjálfseignarstofnunin að tryggja. Þetta var gert með fullu samþykki allra fjögurra sveitarstjórna. Skipulagsskrá Oks kveður á um fyrirkomulag og rekstur stofnunarinnar, sem og tengsl við sveitarstjórn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfesti skipulagsskrána þann 16. júní, 1998.

[...]

Næst verður reynt að rekja eftir föngum eignarhaldssögu hvers hluta fyrir sig af Landareign Oks.

Saga eignarhalds á Þóreyjartungum.

Samkvæmt Landnámabók heyra Þóreyjartungur til landnáms Björns Gullbera, er bjó að Gullberastöðum. Eftir sömu heimildum nam Flóki, þræll Ketils Gufu landið norðan við Flóku. Hann bjó í Hrísum. Flóka skilur þar á milli heimalands hans og nyrsta hluta Gullberastaðalands, Þóreyjartungna.

Í Reykholtsmáldaga frá árinu 1358 stendur að kirkjan eigi hálfu Hrísi [nú Hrísa]. Í ritgerð sinni „Búskapur og rekstur staðar í Reykholti“ telur Benedikt Eyþórsson, magister, að það land hafi komist í eigu kirkjunnar annað hvort seint á 13. öld eða á fyrri helmingi þeirrar 14.

Í Gíslamáldaga, frá árinu 1575 er sagt að Bæjarkirkja eigi hálf Hrísi. Að frátöldum Þóreyjartungum er jörðin í sameign þessara kirkna fram á 20. öld.

Seint á 14. öld gefur Einar nokkur Þrasi vitnisburð um landamerki milli Prándarholts og Hæls. Báðar eru jarðir þessar í Flókadal. Vitnisburðurinn er varðveittur á skinnhandriti í Biskupsskjalasafni, frá um það bil árinu 1392. Honum lýkur með þessum orðum: „Svo að Hrísi eigi fyrir norðan þá kvísl, er fellur næst Sauða tungum og fram í Flókadalsá **og að Hrísi eigi allar Þóreyjartungur**“ (leturbreyting mín Þ.Þ.)

Þannig er vitað að frá siðaskiptum, eða þar um bil, áttu Reykholt- og Bæjarkirkja jörðina Hrísi í sameign. Þóreyjartungur eru hluti þeirrar eignar. Ekki virðast hafa verið gerð landskipti, heldur átti hvor kirkjan 50% í jörðinni óskiptri.

Árið 1668 lögfestir séra Halldór Jónsson, prestur í Reykholti, kirkjunni hálfu Hrísa með Sauða- og Þóreyjartungum. Þó orðalag sé ekki alveg skýrt er þó

svo að sjá að um það leyti hafi tungurnar tilheyrt jörðinni og hvor kirkja þá átt helming þeirra.

Sjötíu árum síðar, samkvæmt lögfestu Finns Jónssonar, prests í Reykholti frá 1739 [geymd í kirknaskjölum í Þjóðskjalasafni] eru Þóreyjartungur orðnar séreign Reykholtskirkju. Ekki er vitað nánar hvenær, hvernig né hvers vegna sú eignabreyting átti sér stað. Hugsanlega hefur þurft að auka við beitiland selsins í Faxadal, með því að leggja Þóreyjartungur undir selið. Á það bendir m.a. að í skýrslu um tekjur Reykholtstaðar, frá árunum 1862 til 1867 er tiltekið að selstaðan í Faxadal og Þóreyjartungur séu öðrum leigð.

Þann 4. desember 1893 sækir hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps um leyfi til konungs, að þeir megi kaupa Þóreyjartungur. Að fengnu því leyfi, ásamt leyfi stiftsfirvalda er síðan gerður kaupsamningur um Þóreyjartungur og land Reykholtskirkju við Reyðarvatn. Samningurinn er dagsettur þann 9. september 1895. Séra Guðmundur Helgason, Reykholti gefur síðan út afsal fyrir landi þessu þann 9. janúar 1896.

Þann 2. apríl 1998 leggur Lundarreykjadalshreppur Þóreyjartungur fram sem hluta af stofnframlagi sínu til Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Hefur land þetta síðan verið eign hennar.

[...]

Skálpastöðum 5. nóv. 2008. Þorsteinn Þorsteinsson.⁶⁹

5.3.1 Aðliggjandi og tengd landsvæði

5.3.1.1 Reykholt / Reykholtskirkja

Reykholt (Reykjaholt) í Borgarfirði er getið í Landnámu.⁷⁰ Þar segir meðal annars frá því að Tungu-Oddur hafi farið frá húsi til laugar í Reykjaholt, sem og að þar hafi sauðahús hans verið.⁷¹

Í máldaga kirkjunnar í Reykholti (Reykjaholti), er Þorlákur biskup Þórhallsson setti um 1185, er fjallað um eignir kirkjunnar. Þar segir m.a.:

[...] þar ligr til fim hluter. Grimsar alrar en þrir huerfa undan. nema | þat es [ec] mun nu telia. þat es hlaupa garþr alr. oc þrir hluter arenar fyr | norþan miþberg. en fiorgongren huerfr fra. þar fylger oc | fiorþongr haorgs hylar siþan es settungr es af teken oc ostemma | at rauþa vats ose. þar fylgia hestar þrir enge verre an XIII anrar. | þar huerfr oc til selfor i kior með óveþe þeirre es þar fylger at | helfninge oc afretr a hrutafiarþar heþe. oc itoc þau es hun a. i faxa | dal. oc geitland með scoge. Scogr i sandale niþr fra selakkagile umb | scala tofst. gengr mark fyr neþan or steinom þeim es heita klofningar | þeir

⁶⁹ Skjal nr. 5(15).

⁷⁰ Íslensk fornrit I, *Íslendingabók-Landnámabók, fyrri hluti*, (1968), bls. 78-79, 157, 192.

⁷¹ Íslensk fornrit I, *Íslendingabók-Landnámabók, fyrri hluti*, (1968), bls. 192.

standa við sandals o. ok þar up a fialsbun. þar fulger oc scogr | i þuerarlip at
viþa til sels. torfscurþr i steinþors stapa land. Salds | sæþe niþr fort.⁷²

Í máldaga Reykjaholtskirkju í Borgarfirði (Reykholtskirkju) sem er ársettur
1224, er fjallað um eignir kirkjunnar. Þar segir m.a.:

[...] þar liggir til fumm lutir grimsar allrar. en þrir huerfa vndan. nema þat er
nu man ek telia. þat er hlupa garðr allr. oc þrir hlutir arinnar fyrir norðan
miðberg. en fiorðungrinn hverfr fra. þar fylgir oc fiorðvngur haurks hylar.
siðan er settungr er af tekinn. oc stæmma at rauða vatns ose. þar fylgia hestar.
iij. oc ænge verre en fjorgtan aurar. þar hverfr oc til sel for j kior með a væði
er þar fylgir at helmingi og | afreit at rutafiarðar heiði. oc itok þau er hun a j
faxadal. oc geitland með skogi. Skogr j sand dale niðr fra skalca gile vm skala
toft gengr mark fyrir neðan vr steinum þeim er heita kloffingar. þeir standa
við sand dals a oc þar vpp a fialls brun. þar fylgir oc skogr j þverar lið at viðá
til sels. torf skurðr j steindors staða land. Salds sæði niðr foert.

[...]

þa[u] ligia lönd til kirkiu. breiðabolsstaðr oc reykia land oc hoginde.⁷³

Í máldaga kirkjunnar í Reykholti, er Gyrðir biskup Ívarsson setti árið 1358
segir:

[...] ad hun ä heimalannd allt. breidabolzstadi bæda. nordurreyki. häf.
hæginndi. kiolvararstadi. hrijs hälf. gejtland allt. med skogi. peturz skog j
nordárdal millum stackagils oc kloffasteina. selfor j kjorr med skogi. afreit a
rutafiarðarheidi. torfskurð j steinþorsstada lande. tueggia mänada beit j
faxadal. vndir ytra felli a stronndum halfann vidreka oc þridiung hualreka oc
half landid vr jnnra felli fiordunng hualreka og slijkt j ägoda sem vndir ytra
felli. þridiung huortt. A munnadarnesi fiordung hualreka. ad kambí fiordung j
hualreka. j byrgis vijk fiordung i hualreka.⁷⁴

Í máldaga kirkjunnar í Reykholti frá árinu 1392 er að finna vitnisburð Einars
Prasa um landamerki Þrándarholts og Hæls í Flókadal. Þar segir m.a.:

oc þat hyggia menn ath hris eighi allt firir svnnan grönahlid. suo ath hris eigi
fyrer nordan þa kvísl er fellr næst savda tvngum oc fram j flokadals æ og ath
hris eighi allar þoreyiar tvnghvr.⁷⁵

Í Vilchinsmáldaga fyrir Reykholtskirkju frá árinu 1397 segir m.a.:

Pieturskirkia j Reykiahollti a Heimaland allt. Breidabolstade bæda.

Nordur reyki. Häf. Hæginde. Kiolvararstadi. Hrijs half. Geitland alltt med
skogi. Pietursskog j Nordurardal millum Slakkagils oc Klofa. Selför i Kiör

⁷² Skjal nr. 2(28).

⁷³ Skjal nr. 2(29).

⁷⁴ Skjal nr. 2(30).

⁷⁵ Skjal nr. 5(4).

med skoge. Afriett æ Hrutafiardarheidi. torfskurd j Steinþorsstada jord. tueggia manada beit i Faxadal. [...]⁷⁶

Í máldaga kirkjunnar í Reykjaholti (Reykholti), er Magnús biskup Eyjólfsson setti henni árið 1478 segir m.a.:

Peturskirkia j reykihollte a heimalannd allt. hofstade. grijmstade nordurreyke. Breidamolstade bäda. kopareyke. hraunsäs. häf. hægennde. kioluararstade. hrijs half. Geittlannd allt med skoge. peturs skog j nordrardal j millum slackagilz oc klofa. selfor j kior med skogie. afrett a hrutafiardarheide. torfskurd j steinþorsstada jord. ij manada beit j faxadal. [...]⁷⁷

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Reykholtskirkju, frá því um 1570 segir m.a.:

Kirkian i Reijkiahollte ä heimaland alltt. Jtem Breijdabolstad.

Nordur Reijke. Kialvarastade. Kopareijker. Grijmstade. Hofstade. Hraunzäs.

Geijtland alltt med skoge. Pieturzskög i Nordurärdal. millum Slackagils og Klofa.

Selfaur i Kiaur med skoge.

afriett i Hrutafiardar Heide.

torfskurd. i Steindorsstada Jaurdu.

tueggia mänadabeit i Faxadal.⁷⁸

Í kafla Reykholt í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1708 segir m.a.:

Þessi ítök á staðurinn og hefur átölulaus:

[...]

Tveggja mánaða beit í Faxadal og brúkast það fyrir selstöðu. Hann liggur fram af Flókadal í Hrísalandi, vide supra Hrísa.⁷⁹

Þann 3. maí 1709 lögfesti Hannes Halldórsson Reykholt „med kyrkjunnar Heimalondum Jordum eignum og Itókum.“ Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 9 tölulíðum og þar segir m.a.:

8° Logfeste eg Halfa Jordina Hrys i Flokadal med ollum halfum lóndum, Þöreyartungum og Saudatungum þar med Tveggia manada beit i Faxadal er kyrkiann a i Sinnar og Bæarkyrkiu jord, Hrysa Jord.

Þar segir einnig:

⁷⁶ Skjal nr. 2(31).

⁷⁷ Skjal nr. 2(32).

⁷⁸ Skjal nr. 2(33).

⁷⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 231.

Logfeste eg ädurnefndt Beneficium Reikhollt med Heimalande og ollum nefndum Jórdum, þeirra allra hus, Haga, Hollt, lónd, löder, tódur, eingiar, Sköga, vótn, veidestade og allar eignar og landsnýtiar Sem þeim filger, filgt hefur og filgia ä med riettu til ydstu ummmerkia. Hier med og lika yferllyse eg þessum effter filgiande eignum ytókum Reikhollts kyrkiu og med liku skilyrde logfeste Geitland allt med lande og skoge midlum Geitár og Huýtár, Peturs skög i Nordur är dal i Sanddale, midlum Sclakkagils og Klofa Steina er Standa vid Sanddalsä. Afriett a Hrutafiardar heide, Torfskurd i Steinþorstada Jordu. Selfor i Kiór med sköge, lande og äveide midlum Skialldmeyar gils og Rängargils. Item logfeste eg fimm hlute lasveidar allrar [allrar ofan línu] i laxfosse i Gryms ä, þria hlute ärennar fyr nordan Midberg og fiordung Huors hiliar, Ös Stemmu ad Raudavatnsöse.

[...] ⁸⁰

Lögfesta þessi var lesin á manntalsþingum að Búrfelli 3. maí og að Reykholti 4. maí 1709. Þá var hún aftur lesin á manntalsþingum að Búrfelli 5. júní og Reykholti 6. júní 1730.

Þann 20. maí 1739 lögfesti Finnur Jónsson staðinn Reykholt með eftirskrifuðum Reykholtskirkju „heimalóndúm, utlondúm, eýgnum og itókum“. Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 7 tölulíðum og þar segir m.a.:

6° Lögfeste eg Geitland eign Reykhollts kirkiu, sem er land allt mille Geitár og Hvítár. 7° Lögfeste eg hálfa jordena hrýsa i Flökadal, [...]

Þá segir einnig:

8. Logfeste eg þessar eignar og itök Reikholltskirkiu. Tveggja mánada beit ollum peninge i faxadal, þöreyartungur og Saudatungur, selfór i kiór med lande ollu og skögie mille Skialldmeyargils og rängärgils med halfre á veide a mots vid Sydumula. Petursskög i Sanddal mille Slackagils og klofa. Afriett a hrutafiardarheyde, torfskurd i Steinþorsstadaiórdu, fim hlute veydar i allre Gymsaa en þryr hverfa frá hlaupagard og þria hlute arennar fyrer nordan midberg en fiördunguren hverfurf frá, fiördung hörhyliar og össtemu ä Reidavatnsöse.

[...] ⁸¹

Lögfestan var upplesin fyrir rétti að Reykholti 21. maí 1739 og aftur að Búrfelli og Reykholti vorið 1743.

Í vísitasíu fyrir kirkjuna að Reykholti frá 6. júní 1783 segir:

3. behelldur kyrkian ollu sinu Jardargodse eignum og itokum sem ritad finast i hennar maldogum

[...]

⁸⁰ Skjal nr. 2(64) a-b.

⁸¹ Skjal nr. 2(22).

Item á Kyrkian Geitland Petursskog i Nordurárdal millum Slakkagils og Klofa, selför i Kiör med Skoge og Arreide, Afrette i Hrutafiardaheyde, Torfskurd i Steindorsstadalande, Under Itrafelle á Strondum hálfan Vidreka og halft Land under Innrafelle so og liggur Amtmans og Biskups asamt bestu manna dome a kyrkiunne geingenn ad Þingvelli þann 15 Julii 1757 er seiger ad kyrkiann skule eiga 2 hndr. i mina Felle og Rekan fyrer badum Jordunum neml. Stæra og mina Felle so vidt Vilchins máldage uppahliodar, Hun a Fiórdung i Hvalreka a Munadarnesi, i Birke nesi Fiórdung i Hvalreka ad Kambe Fiordung i Hvalreka 5 Hlute veidar Grímsár nu 3 hverfa, item tveggja mánada beit i Faxadal,

[...] ⁸²

Í biskupsvísitasíu Reykholtskirkju frá 31. júlí 1827 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hún á Heimaland alt, item þessar Jarðir: Hofstadi, Breidabolsstadi, Grímsstadi, Kjalvararstadi, Kópareyki, Nordur Reiki, Hraunsás, Bolastadi hálf, hálf Hríis, móts vid Bæjar kyrkiu, efter Wilchins – Gísla Biskups Jónssonar máldögum, og ennþá, eptir ærid gömlum Máldaga, sem liggur á kyrkiunni, skrifadur á Membrana, og Sál: Assessor Árna Magnússyni accurate útcoperudum, á kyrkian Geitland alt med Skógi, Petursskóg i Nordurardal i millum Slakkagils og Klofa. Selför i Kjör, med Skógi og áveidi. Afrétt i Hrutafiardarheidi Torfskurd i Steindórsstada Jördu, 2ia Mánada beit i Faxadal; item undir Ytrafelli á Ströndum hálfan Reka vidar og hálf land undir Innrafelli; Fjórdung i Hvalreka og slíkt i agóða sem undir Ytrafelli, svo og liggur amtmanns og Biskups ásamt bestu manna Dómur á kyrkiunni genginn ad Þingvelli, þann 15da Julii 1757, sem segir, ad kyrkian skuli ega 2 hndr. i Minnafelli, og Reka fyreir bádum Jördunum, nl: Stærra- og Minnafelli, sovidt Wilchins máldagi uppáhlióðar. Hún a Fiórdung Hvalreka á Munadarnesi; I Byrgisviík Fjórdung i Hvalreka, ad Kambi Fjórdung i Hvalreka; 5 Hluta Grímsár, enn 3 hverfa undan.

[...] ⁸³

Þann 18. maí 1837 lögfesti Þorsteinn Helgason sóknarprestur að Reykholti staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum.“ Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 8 tölulíðum og þar segir m.a.:

7. Lögfesti eg Geitland, eign Reykholtskyrkju, er það land allt millum Geitár og Hvítár.

8. Lögfesti eg Kyrkjujördina Hríis í Flókadal, sem hálf er eign Reykholtskirkju [...].

⁸² Skjal nr. 2(69) a-b.

⁸³ Skjal nr. 2(63) a-b.

Þá segir einnig:

9. Loksins lögfesti eptirfylgiandi útlönd eignir og itök kyrkjunnar í Reikholti. Tveggja mánadabeit öllum peningi í faxadal er kyrkjan á í sínu Og Bæjarkyrkju landi að Hrísum, þá Saudatungur og Þóreyartungur allar; en það eru Þóreyjartungur, er liggja millum Sandfellskvísla, framum Sandfell, og framí Saudabrekku fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norðurhlid.⁸⁴

Lögfestan var upplestin í manntalsþingsrétti að Heggstöðum þann 19. maí 1837, að Lundi þann 20. Sturlureykjum þann 22. og að Hofstöðum þann 23. sama mánaðar. Henni var mótmælt á Lundarþingi af prestinum séra B. E. Guðmundssyni. Mótmæli hans vegna Þóreyjartungna hljóðuðu eftirfarandi:

3. Þar sem téð lögfesta segir í 9du grein að Þóreyjartungur liggi milli Sandfellskvísla vil eg þess geta láta, að eg meina Lundarkyrkju egn tungu þá, sem Sandfellin eru á, og Þóreyjartungur vered fyrir nordan Midkvíslina ætla og það rétt eptir máldaga og lögfestum Lundskyrkju, nema hún egi lengra nordureptir, og hyggst sér að brúka og brúka láta til þess annað er sannad. Lundi 20. maí 1837. B.E. Guðmundsson.⁸⁵

Þorsteinn Helgason í Reykholti svaraði mótmælum B.E. Guðmundssonar á eftirfarandi hátt:

3. Þar sem séra Benedict vænist að Þóreyjartungur fyrir sunnan Midkvíslina með Sandfellunum seu egn Lundarkyrkju, þá kalla eg hann gengin af trúnni, því eg get með vitnum sannad að þegar hann var unglíngur í Reykholti, hélt hann, eins og eg það sanna um formann minn í kallinu fodur hans prófast séra Eggert, Sandfellin og allar Þóreyjartungur sjálfs egn Reykholtskyrkju; og eg tilbýd mig að koma fram með máldaga er hid sama sanni og vitnisburdi merkra manna; og lögfestu síra Einars Oddssonar á Lundi af 2. maí 1724 er egi telur þetta under Lund.

Ad svo komnu fellur því prótest síra Benedicts um sjálft sig, og þarf hvorki hann né leigulidi hans að huxa til að draga það undan kyrkjunni í Reykholti, sem hann ætlar sér eða sínum með svo veikum rökum tilheyrja; en vilji hann sinu máli áfram halda svo sæki hann sitt með lögum og dómi; annars mun eg halda því til ýtrustu ummerkja, sem eg hygg kyrkjunnar í Reykholti, og firirbýd eg honum og hans leigulidum undir landnámssekt að brúka þetta eða annað kyrkjunnar land án þess mitt sé leyfi til. Reykholti þ. 23. maí 1837.⁸⁶

Í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti, frá árinu 1842 er fjallað um kirkjujarðir og ítök Reykholtskirkju. Þar segir m.a.:

Eign Reykholtskirkju er heimastaðurinn með Háfkotslandi, Breiðabólstaðir, Grímstaðir, Kjalvararstaðir, Kóparykir og Hægindi sem er staðarins heimaland, ½ jörðin Hrísv(ersu) Hrísar í Flókadalsá, ½ Bolastaðir sem nú eru í

⁸⁴ Skjal nr. 2(23).

⁸⁵ Skjal nr. 2(24).

⁸⁶ Skjal nr. 2(24).

eyði, Hofstaðir, Norðurreykir, Hraunsás og Húsafell síðan það með kóngsbrefi af 21^{ta} august 1812 var lagt undir Reykholt sem kirkjujörð.

Þar segir einnig:

Eftir Vilchins og Gísla biskups Jónssonar máldögum samt ærið gömlum máldaga á membrana (nm.: hér átt við Reykholtsmáldaga) á Reykholtskirkja þessi ítök: Geitland allt með skógi sem er land allt milli Hvítár og Geitár, Pétursskóg í Sanddali í Norðurárdal milli Slakkagils og Klofa, selför í Kjör og land allt milli Rangárgils og Skjaldmeyjargils og ½ áveiði í Kjarará móts við Síðumúlamenn, einkum í Hnitbjörg, afrétt á Hrutafjarðarheiði, torfskurð í Steindórsstaðajörðu, tveggja mánaða beit í Faxadal, Þóreyjartungur allar milli Sandfellskvísla og Flókadalsár á norðurhlið, [...] fimm hluti Grímsár (n(efni)l(ega) í svonefndum Laxfossi) en þrír hverfa undan.⁸⁷

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 eru talin upp hlunnindi Reykholt, þar segir m.a.:

Meðal margra hlynninda er talin 5/8 partar laxveiðar í Grímsá; þó telur prestur í bréfi til sýslumanns 15. Septembr 1844 þar að auki, eptir máldögum og óátöldum lögfestum: tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal; Sauðatúngur og Þóreyjartungur allar; land við Reyðarvatn, austan frá Drangshlíð og út undir Fossárflóa; selför í Kjör milli Skjaldmeyjargils og Rángárgils, og þar með skóg í Þverárhlið; Pétursskóg í Sanddal; afrétt á Hrutafjarðar heiði; [...] Geitland allt með skógi; hálfa veiði móti Síðumúla í Kjarará »fyrir sellandinu á Kjörinni og einkum í Hnitbjörg« [...].⁸⁸

Þar segir einnig:

Reykholt skirkjujarðir eru leigðar þannig:
[...] Hrisar 30 al. Lsk. 1 kúg.; [...]⁸⁹

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Reykholt sé prestssetur, metin á 800 ríkisbankadali. Þar segir orðrétt:

4. Reykholt prestssetur með öllum hlunnindum og ítökum sem maldaginn umgetur, af hverjum nokkur aldrei hafa verið notuð í okkar minnum, herfra eru kyrkjarðirnar [svo] skyldar í kríngum Reykholt.⁹⁰

Í vísitásiu fyrir kirkjuna að Reykholti frá 21. júlí 1869 segir:

Um eignir og ítök Reykholtskirkju og landamerki þykir nægja að vísa til biskupsvísitatsíu 31. júlí 1827 hver vísitatsíu einnig er innfærð í kirkjustól þann, sem nú er hafður; einungis skal því viðbætt (að kirkjan á lönd) að kirkjan á og hefur lengi haft í hefðarhaldi land við Reiðarvatn [Reiðarvatn, úti

⁸⁷ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 294.

⁸⁸ Skjal nr. 2(26).

⁸⁹ Skjal nr. 2(26).

⁹⁰ Skjal nr. 2(41).

á spássú] austan frá Drangshlíð og út um Fossárflóa og Saudatungur og Þóreyjartungur.⁹¹

Þann 20. júlí 1872 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

Itök kirkjunnar eru:

1. Selför í Kjör milli Skjaldmeyargils og Rangárgils, eptirgjald 10 al. Byggingarbr. 1 Agust 1868.
2. Fjallland. Þóreyartungur og Sandatúngur eptirgjald 3 Rdl. byggingarbréf 2. júní 1870.
3. Hálf land undir Innrafelli á Ströndum með tilheirandi trjá og Hvalreka einnig undir Ytrafelli eptirgjald 3 rdl. byggingarbr. 28 apr. 1868.
4. Land við Reidarvatn, austan [í forriti stendur: ustan] frá Drangshlíð og útum Fossárflóa eptirgjald 4 rdl. byggingarbréf 3. júní 1868.
5. Geitland, það er land allt milli Hvítár og Geitar eptirgjald 1 kind veturgöm, byggingarbr. 30. jún[í] 1868.
6. Fimm hlutir allrar veiði í Grímsá enn 3ir hverfa frá og árstemma að Reidarvatnsósi brúkað og hefðað undir stadin af fráfarandi beneficiario með Lögfestu 11 Maí 1869.⁹²

Árið 1876 lögfesti Þórður Þórðarson Jónassen staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnyttjum“. Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 8 tölulíðum og þar segir m.a.:

7. Lögfesti eg Geitland í sama héraði eign Reykjaholtskirkju er það land allt millum Geitar og Hvítár.
 8. Lögfesti eg Kirkju jörðina Hrís í Flókadal sem hálf er eign Reykjaholts kirkju. [...]
 9. Loksins lögfesti eg eptirfylgjandi útlönd, eignir og ítök kirkjunnar í Reykjaholti; Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal, er kirkjan á í sínu og Bækjakirkjulandi að Hrísum, þá Saudatungur og Þóreyjartungur allar, en það eru Þóreyjartungur, er liggja millum Sandfells kvísla fram um Sandfell og frammí Sauðabrekkur fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norður hlið, en milli Sauðatungu og Hrísalands, er kvísl sú, er áður var getið. Þá lögfesti eg og einnig land við Reidarvatn, austan frá Drangshlíð og útundir Fossárflóa.
- Þá lögfesti eg og einnig fimm hluti allrar veiði í Grímsá í Borgarfirði, en þrír hlutir heyra öðrum til; nema að því leyti er nú skal telja: Reykjaholt á allan Hlaupa garð þar er nú kallast Strengir og 3 hluti árinna og veiðar fyrir norðan Miðberg, en það er Myrkhylur er nú kallast, (en fjórðung veiðar í honum), en fjórðung veiðar í honum eiga aðrir. Þá á og kirkjan aðeins fjórðung veiðar í

⁹¹ Skjal nr. 2(70) a-b.

⁹² Skjal nr. 2(71) a-b.

Hörgshyl og enn á hún alla ós stemmu að Reiðarvatns ósi er eg einnig hér með lögfesti.

[...]

Lögfesti eg að orðfullu og lögmáli réttu, fyrirbýð eg einum og sérhverjum að brúka eða sér að nota nokkuð af þessu, nema þess hafi lof eða leyfi er stað heldur í Reykjaholti; og einkum tilnefni eg her fjalllönd(in) staðarins Sauða- og Þóreyjartungur og það land, sem þar er á fjalli uppi sömuleiðis Geitlönd. Fyrirbýð eg nálægri sveita bændum og innbúum að reka þangað hross sín eða fé nema mitt sé leyfi til, leggjandi við allar þær sektir er lög framast leyfa, ef hér er á móti gjört, en tilbýð þeim laga aðgjörðir í frammi að hafa á löglegum stað og tíma er af þessari minni lögfestu þykist vanhaldinn, sé sá nokkur.⁹³

Lögfesta þessi var lesin á manntalsþingum vorið 1876 á Búrfelli, Sturlureykjum, Heggstöðum og Lundi.

Þann 12. júní árið 1894 sendi séra Guðmundur Helgason, prestur að Reykholti, bónarbréf til konungs samkvæmt fyrirmælum stiftsyfirvaldanna á Íslandi þar um, þar sem hann bað um leyfi til þess að selja Þóreyjartungur, sem hann kallar eitt afréttarlanda Reykholtskirkju. Þar segir:

Borgarfjarðarprófastsdæmi.

Reykholti 12. júní 1894.

Samkvæmt fyrirmælum hinna háu stiptisyfirvalda í háttvirtu bréfi dags. 25. apr. þ. á. sendi eg hér með bónarbréf til konungs um leyfi til að selja frá Reykholtskirkju afréttarlönd hennar á „Suðrfjalli“, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn fyrir 700 kr., undirskrifað af prestinum í Reykholti og sóknarnefndinni í Reykholtssókn.

Að öðru leyti, sérstaklega um það, á hvern hátt söluverðið yrði borgað og hvernig vöxtum af því verði varið, leyfi eg mér að vísa til ummæla minna í bréfi dags. 29. jan. þ. á., sem endrsendist hér með ásamt hinum öðrum fylgiskjölum.

Guðmundr Helgason

Til Stiptisyfirvalda Íslands.⁹⁴

Þann 31. október árið 1895, sendi séra Guðmundur Helgason stiftsyfirvöldunum á Íslandi kaupsamning, uppá væntanlegt samþykki sömu yfirvalda, um afréttarlönd Reykholtskirkju, þar á meðal Þóreyjartungur.⁹⁵

Kaupsamningurinn, sem er dagsettur 9. september 1895, hljóðar svo:

⁹³ Skjal nr. 2(68) a-b.

⁹⁴ Skjal nr. 2(126) a-b.

⁹⁵ Skjal nr. 2(125) a-b.

Jeg Guðmundur Helgason prófastur í Reykholti fyrir hönd Reykholtskirkju sem seljandi, samkv. konungsleyfi dags. 19. sept. f.á. og hreppsnefnd Lundareykjadalshrepps sem kaupandi gjörðum með okkur svofelldan kaupsamning.

6. Það sem selt er, eru afrjettarlönd Reykholtskirkju á Suðurfjalli fyrir sunnan Flókadalsá, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn.
7. Kaupverðið er 700 – sjö hundruð krónur- og skal það greitt og ávaxtað með 42 – fjórtíu og tveimur krónum á ári í 28 ár, og skal sú upphæð greidd í hendur stiptsyfirvöldunum 1. febrúar ár hvert í fyrsta sinn 1896.
8. Kaupin miðast við fardaga 1895. Frá þeim tíma hefur kaupandi notkunarjett til landanna og heldur uppi lögskilum af þeim.
9. Kaupandi fær afsalsbrjef fyrir löndum þegar kaupverðið er að fullu greitt, eða selt hefur verið veð, sem stiptsyfirvöldin taka gilt, fyrir greiðslu þess.
10. Kaupsamningur þessi er gjörður í 3 samritum sendist eitt þeirra stiptsyfirvöldunum, en kaupandi og seljandi halda sínu hvor.

Til staðfestu eru nöfn vor, undirskrifuð í viðurvist 2 tilkvaddra vitunarvotta.
Staddir í Lundi 9. sept. 1895.

Uppá væntanlegt samþykki stiptsyfirvaldanna
Guðmundur Helgason, Ólafur Ólafsson, Jón Guðmundsson, Árni Sveinbjarnarson, Jón Pálsson, Sigurður G. Gíslason.

Vitundarvottar:

Sveinn Oddsson, Magnús Gunnlaugsson.

Framanritaður samningur samþykkist hjermeð, þannig að hreppsnefndin hefur 27. desbr. f.á. gefið út skuldabrief fyrir kaupverðinu 700 kr., sem ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 42 kr. árlega, og gefið Reykholtskirkju fyrsta veðrjetti í hinum seldu afrjettarlöndum.

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík. 20. febr. 1896.

J.Havsteen. Hallgrímur Sveinsson.⁹⁶

Stiftsyfirvöld gerðu drög að bréfi til prófests 27. nóvember 1895 vegna sölunnar á afréttarlandi Reykholtskirkju, en samkvæmt bréfinu samþykkja þau kaupsamninginn og skilmála sem í hann eru settir.⁹⁷

Þann 9. janúar 1896 afsalar prófasturinn í Borgarfjarðarprófastsdæmi afréttarlöndum Reykholtskirkju til Lundarreykjadalshrepps. Í afsalinu segir:

Eg Guðmundr Helgason, prófastr í Borgarfjarðarprófastsdæmi, gjöri kunnugt, að eg samkvæmt konungsleyfi dags. 19. sept. 1894, bréfi stiptisyfirvaldanna dags. 27. nóv. f. á. og áðrgjörðum kaupsamningi dags. 9. sept. f. á., sem hreppsnefndin í Lundar-Reykjadalshreppi hefir að sínu leyti fullnægt með því

⁹⁶ Skjöl nr. 2(122) a-b og 5(29).

⁹⁷ Skjal nr. 2(123) a-b.

að gefa út veðskuldabréf til handa Reykholtskirkju dags. 27. f. m. fyrir hinu umsamda kaupverði, sjö hundruð krónum, afsala nefndum hreppi til eignar og umráða afréttarlöndum Reykholtskirkju á Suðrfjalli, fyrir sunnan Flókadalsá, Þóreyjartungum og landi við Reyðarvatn.

Afsalsbréf þetta skal þinglesið á kostnað kaupanda.

Reykholti 9. jan. 1896

Guðmundur Helgason⁹⁸

Afsalið var uppleið á manntalsþingi þann 8. júní 1896. Á sama manntalsþingi var lesið veðbréf hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps, dags. 27. desember 1895, fyrir 700 kr. til Reykholtskirkju með veði í þessum sömu „afréttarlöndum“.⁹⁹

Landamerkjabréf Reykholts var útbúið 12. mars 1898 og það var þinglesið 8. júní sama ár. Þar er merkjum Reykholts með Háfslandi, Breiðabólsstað, Grímsstað og norður-Reykjum, lýst með heildstæðum hætti og án aðgreiningar. Þar segir:

Reykholt eða Reykholtskirkja á eftir máldögum og öðrum skilríkjum þessi útlönd og ítök.

1. Veði í Grímsá. Það eru fimm áttundu hlutar veiðarinnar í ánni allri með þessum undantekningum. Reykholt á allan Hlaupagarð (þar er nú heita Strengir), þrjá fjórðunga árinna fyrir norðan Miðberg (þar er nú heitir Myrkhylur), fimm tuttugustu og fjórðu hluta af Hörgshyl og enn ós stemmu að Reyðarvatnsósi að öllu.
2. Selför á Kjör, með landi öllu og skógi milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils og veiði í Kjarrá að hálfu móts við Síðumúla fyrir öllu því landi, einkum í Hnitbjörg.
3. Geitland allt. Það er land milli Geitár og Hvítár.
4. Skóg í Þverárhlíð, að síðu til sels.
5. Afrétt á Hrutafjarðarheiði.
6. Skóg á Sanddal á Norðurárdal (Pétursskóg), milli Slakkagils og Klofninga. Skógr sá er nú gjöreyddur.
7. Torfskurð (mótak) í Steindórsstaðalandi.
8. Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal. Mun vera hið sama og það, er síður hefir opptast verið kallað selför á Hælsheiði.

[...]¹⁰⁰

Guðmundur Helgason skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Magnússyni eiganda Úlfsstaða og Vilmundarstaða, Þorsteini Magnússyni eiganda Signýjarstaða og Einari Jónssyni hvað varðaði merki Skáneyjar.

⁹⁸ Skjal nr. 2(120) a-b.

⁹⁹ Skjöl nr. 2(107) a-b og 2(121) a-b.

¹⁰⁰ Skjal nr. 2(2).

Þann 23. maí 1908 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

[...]

2. Með konungsleyfi 19. sept. 1894 (Stj.tíð. 1894, B. bls. 175) var leyft, að selja afréttarlönd Reykholtskirkju: Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn frá kirkjunni fyrir 700 kr. þannig, að upphæð þessi sé lögð í Söfnunarsjóð Íslands sem óskerðanleg innstæða kirkjunnar, og að af vöxtum af upphæð þessari sé Reykholtsprestri árl. greiddar 20 kr. og að auki helmingur þess, er rentan fer fram úr þessari upphæð, en hinn helmingurinn sé jafnan lagður við höfuðstól. Nefnd afréttarlönd voru seld Lundarreykjadalshreppi og jafnframt gefið út skuldabréf af hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps, dags. 27. desbr. 1895, að upphæð 700 kr., er afborgast skyldu í vexti og afborgun [strikað yfir: -um, á næstu 28] með jöfnum greiðslum [greiðslum, ofan línu; strikað yfir afborgunum] á næstu 28 árum í gjalddaga 1. febr. ár hvert, í fyrsta sinn 1. febr. 1896, og með veði í ofangreindum afréttarlöndum. Greiðslan er fyrir það fardagaár, sem yfir stendur, er hún fer fram. Nefnt skuldabréf er sent biskupi með bréfi prófasts 16. ág. 1906.

[...] ¹⁰¹

5.3.1.2 Hrísar

Hrísa er getið í Landnámu. Þar segir:

Flóki leysingi Ketils gufu, bróðir Skorra, nam Flókadal allan á milli Flókadalsár ok Geirsár ok bjó bjó í Hrísum ok var þar drepinn. ¹⁰²

Þar segir einnig:

Dóttir Geirs [hins auðuga] var Bergdís, er Gnúpr átti Flókason í Hrísum; þeirar [svo] ættar var Þóroddur hrísablundr. ¹⁰³

Í máldögum kirkjunnar í Reykholti (Reykjaholti) frá 1185 og 1224 eru taldar upp eignir og ítök kirkjunnar. ¹⁰⁴ Í báðum máldögum er minnst á ítak kirkjunnar á Faxadal en hann er innan landamerkja jarðarinnar Hrísa.

Í máldaga kirkjunnar í Reykholti, er Gyrdir biskup Ívarsson setti árið 1358, kemur fram að kirkjunni tilheyri hálf jörð Hrísa og þar er einnig talin upp tveggja mánaða beit í Faxadal. ¹⁰⁵

Í máldaga kirkjunnar í Reykholti frá árinu 1392 er að finna vitnisburð Einars Þrasa um landamerki Þrándarholts og Hæls í Flókadal. Þar segir m.a.:

oc þat hyggia menn ath hris eighi allt firir svnnan grönahlid. suo ath hris eigi fyrer nordan þa kvisl er fellr næst savda tvngum oc fram j flokadals æ og ath hris eighi allar þoreyiar tvnghvr. ¹⁰⁶

¹⁰¹ Skjal nr. 2(103) a-b.

¹⁰² Skjal nr. 4(89).

¹⁰³ Skjal nr. 4(89).

¹⁰⁴ Skjöl nr. 2(28) og 2(29).

¹⁰⁵ Skjal nr. 2(30).

Í máldögum kirkjunnar í Reykholti frá 1397 og 1478 eru taldar upp eignir og ítök kirkjunnar.¹⁰⁷ Þar kemur fram að kirkjunni tilheyri hálf jörð Hrísa og þar er einnig talin upp tveggja mánaða beit í Faxadal.

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Reykholtskirkju, frá því um 1570, segir m.a. að kirkjan eigi tveggja mánaða beit í Faxadal.¹⁰⁸

Í kafla um Hrísa í Flókadal í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1708 segir m.a.:

Eigandinn að hálfri er beneficium Reykholt, en að hálfri Bæjarkirkja, undirliggjandi dómkirkjuna að Skálholti.¹⁰⁹

Ekki er minnst á Þóreyjartungur.

Þann 3. maí 1709 lögfesti Hannes Halldórsson Reykholt „med kyrkjunnar Heimalondum Jordum eignum og Itókum.“ Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 9 töluliðum og þar segir m.a.:

8° Logfeste eg Halfa Jordina Hrys i Flokadal med ollum halfum lóndum, Þöreyartungum og Saudatungum þar med Tveggia manada beit i Faxadal er kyrkiann a i Sinnar og Bæarkyrkiu jord, Hrysa Jord.¹¹⁰

Lögfesta þessi var lesin á manntalsþingum að Búrfelli 3. maí og að Reykholti 4 maí 1709. Þá var hún aftur lesin á manntalsþingum að Búrfelli 5. júní og Reykholti 6. júní 1730.

Í vísitasíu fyrir Bæjarkirkju frá 18. ágúst 1738 segir m.a.:

Anno 1738 þann 18 Augusti Visiterud kyrkiann ad Bæ i Borgarfyrde, Hun ä epter Mældaga hr. Gísla Jonssonar þessar jerder [...] hälf Hrijsaland [...] alla veide i Flökadalsä [...].¹¹¹

Þann 20. maí 1739 lögfesti Finnur Jónsson staðinn Reykholt með eftirskrifuðum Reykholtskirkju „heimalóndum, utlondum, eýgnum og ítókum“. Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 7 töluliðum og þar segir m.a.:

6° Lögfeste eg Geitland eign Reykhollts kirkiu, sem er land allt mille Geitár og Hvítár. 7° Lögfeste eg hálfa jordena hrysa i Flökadal, [...]

Þá segir einnig:

8. Logfeste eg þessar eigner og ítök Reikholltskirkiu. Tveggia mänada beit ollum peninge i faxadal, þöreyartungur og Saudatungur, [...]¹¹²

¹⁰⁶ Skjal nr. 5(4).

¹⁰⁷ Skjöl nr. 2(31) og 2(32).

¹⁰⁸ Skjal nr. 2(33).

¹⁰⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 219.

¹¹⁰ Skjal nr. 2(64) a-b.

¹¹¹ Skjal nr. 2(151) a-b.

¹¹² Skjal nr. 2(22).

Lögfestan var upplesin fyrir rétti að Reykholti 21. maí 1739 og aftur að Búrfelli og Reykholti vorið 1743.

Í vísitasíu fyrir kirkjuna að Reykholti frá 6. júní 1783 segir m.a.:

3. beheldur kyrkian ollu sinu Jardargodse eignum og itokum sem ritad finast i hennar maldogum

[...]

Item á Kyrkian [...]tveggja mánaða beit i Faxadal, [...]¹¹³

Í vísitasíu fyrir Bæjarkirkju frá 9. júní 1745 segir m.a.:

Bær

Anno 1745 d. 9daJunii [...] hun a efter Mældaga hr. Gisla Jonssonar Þessar jerder [...] hálf Hrijsaland [...] alla veide i Flókadalsá [...].¹¹⁴

Í vísitasíu fyrir Bæjarkirkju frá 2. júní 1749 segir m.a.:

Bær

Anno 1749 þann 2 Junii [...] Hun a þessar jerder [...] Hálf Hrisaland [...] alla Veide i Flókadalsá [...].¹¹⁵

Þann 18. maí 1837 lögfesti Þorsteinn Helgason sóknarprestur að Reykholti staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum.“ Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 8 tölulíðum og þar segir m.a.:

8. Lögfesti eg Kyrkjujördina Hris í Flókadal, sem hálf er eign Reykholtskirkju [...]

Þá segir einnig:

9. Loksins lögfesti eptirfylgiandi útlönd egnir og itök kyrkjunnar í Reikholti. Tveggja mánaðabeit öllum peningi í faxadal er kyrkjan á í sínu Og Bæjarkyrkju landi að Hrisum, þá Saudatungur og Þóreyartungur allar; en það eru Þóreyartungur, er liggja millum Sandfellskvísla, framum Sandfell, og framí Saudabrekku fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norðurhlid.¹¹⁶

Lögfestan var upplesin í manntalsþingsrétti að Heggstöðum þann 19. maí 1837, að Lundi þann 20, Sturlureykjum þann 22. og að Hofstöðum þann 23. sama mánaðar. Henni var mótmælt á Lundarþingi af prestinum séra B. E. Guðmundssyni, að því er varðaði merki Þóreyjartungna.¹¹⁷

¹¹³ Skjal nr. 2(69) a-b.

¹¹⁴ Skjal nr. 2(150) a-b.

¹¹⁵ Skjal nr. 2(149) a-b.

¹¹⁶ Skjal nr. 2(23).

¹¹⁷ Skjal nr. 2(24).

Í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti, frá árinu 1842 er fjallað um kirkjujarðir og ítök Reykholtskirkju. Þar segir m.a.:

Eign Reykholtskirkju er [...] ½ jörðin Hríis v(ersus) Hríisar í Flókadal.

Þar segir einnig:

Eftir Vilchins og Gísla biskups Jónssonar máldögum samt ærið gömlum máldaga á membrana (nm.: hér átt við Reykholtsmáldaga) á Reykholtskirkja þessi ítök:

[...] tveggja mánaða beit í Faxadal, Þóreyjartungur allar milli Sandfellskvísla og Flókadalsár á norðurhlið.¹¹⁸

Í sóknalýsingu séra Jóhanns Tómassonar frá árinu 1842 er fjallað um kirkjujarðir Bæjarkirkju. Þar segir m.a.:

Til Bæjarkirkju liggja [...] hálfir Hríisar í Reykholtssókn.¹¹⁹

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 eru talin upp hlunnindi Reykholts, þar segir m.a.:

Meðal margra hlynninda er talin 5/8 partar laxveiðar í Grímsá; þó telur prestur í bréfi til sýslumanns 15. Septembr 1844 þar að auki, eptir máldögum og óátöldum lögfestum: tveggja mánaða beit öllum peníngi í Faxadal; Sauðatúngur og Þóreyjartungur allar; [...] ¹²⁰

Þar segir einnig:

Reykholt skirkjujarðir eru leigðar þannig:

[...] Hríisar 30 al. Lsk. 1 kúg.; [...] ¹²¹

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Hríisar séu kirkjueign [Reykholtskirkju], metin á 260 ríkisbankadali. ¹²²

Í vísitasíu fyrir Bæjarkirkju frá 11. október 1868 segir m.a.:

Árið 1868, 11. Okcober [...] Útjarðir hennar eru [...] hálf Hríis [...] Kirkjan á Faxadal, er Wilch: máld. kallar Selför etc. [...] ¹²³

Árið 1876 lögfesti Þórður Þórðarson Jónassen staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnyttjum“. Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 8 töluliðum og þar segir m.a.:

8. Lögfesti eg Kirkju jörðina Hríis í Flókadal sem hálf er eign Reykjaholts kirkju. [...]

¹¹⁸ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 294.

¹¹⁹ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 258.

¹²⁰ Skjal nr. 2(26).

¹²¹ Skjal nr. 2(26).

¹²² Skjal nr. 2(41)

¹²³ Skjal nr. 2(148) a-b.

9. Loksins lögfesti eg eptirfylgjandi útlönd, eignir og ítök kirkjunnar í Reykja holti; Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal, er kirkjan á í sínu og Bæjakirkjulandi að Hrísum, þá Sauðatungur og Þóreyjartungur allar, en það eru Þóreyjartungur, er liggja millum Sandfells kvísla fram um Sandfell og frammí Sauðabrekkur fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norður hlið, en milli Sauðatungu og Hrísalands, er kvísl sú, er áður var getið.¹²⁴

Lögfesta þessi var lesin á manntalsþingum vorið 1876 á Búrfelli, Sturlureykjum, Heggstöðum og Lundí og síðan rituð í afsals- og veðmálabók Borgarfjarðarsýslu Ltr. E.

Landamerkjabréf Reykhólts var gert 12. mars 1898 og þinglesið 8. júní sama ár. Þar er merkjum Reykhólts með Háfslandi, Breiðabólstað, Grímsstað og norður-Reykjum, lýst með heildstæðum hætti og án aðgreiningar. Svo segir:

Reykholt eða Reykholtskirkja á eftir máldögum og öðrum skilríkjum þessi útlönd og ítök.

[...]

Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal. Mun vera hið sama og það, er síður hefir optast verið kallað selför á Hælsheiði.

[...] ¹²⁵

Guðmundur Helgason skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Magnússyni eiganda Úlfsstaða og Vilmundarstaða, Þorsteini Magnússyni eiganda Signýjarstaða og Einari Jónssyni hvað varðaði merki Skáneyjar.

Sigurbjörn Björnsson keypti hálfa jörð Hrísa af Reykholtskirkju 17. mars 1914.¹²⁶

Landamerkjabréf Hrísa var undirritað 22. október 1922 og þinglýst 30. júní ári síðar. Þar segir um merki:

Að austanverðu sunnan úr Flókadalsá í klofasteina, að norðanverðu úr klofasteinum sjónhending í Grændali þaðan sjónhending í Rauðukeldu þaðan í Bliksteina úr Bliksteinum í Skógalæk að vestanverðu ræður Skógalækur niður fyrir Sjónarhól og þaðan úr Skógalæk í Flókadalsá, að sunnanverðu ræður Flókadalsá framá móts við áðurnefnda¹²⁷ klofasteina.¹²⁸

Björn Sigurbjarnarson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Júlíusi Bjarnasyni fyrir Skóga og Guðm. Bjarnasyni fyrir Hæli.

¹²⁴ Skjal nr. 2(68) a-b.

¹²⁵ Skjal nr. 2(2).

¹²⁶ Skjal nr. 2(93).

¹²⁷ Leiðrétt hér.

¹²⁸ Skjal nr. 2(13).

Sigurbjörn Björnsson afsalaði syni sínum, Birni Sigurbjörnssyni, sínum hluta jarðarinnar árið 1926. Sigurbjörn Björnsson keypti svo hálfu jörð Hrísa af Bæjarkirkju 12. maí 1930.¹²⁹

5.3.1.3 Steindórsstaðir

Landamerkjabréf Steindórsstaða var skráð 4. júní 1884 og þinglýst samdægurs. Þar segir:

Að vestanverðu úr Reykjadalssá í síki er skerst í útnorður í Laugareyri. Þaðan beina stefnu í þúfu austan til á mel þeim sem er á milli bæjanna vestan vert við lækinn og þá í dý uppi á hálsbrúninni vestan til við vörðubrot það er hádegisvarða er kölluð og þaðan í gömlu þúfu og einbúa og þaðan sjónhending í suður og í Flókadalsá hjá steinum þeim er klofasteinar eru kallaðir austan vert við grænu kinn, að sunnan verðu ræður Flókadalsá til efstu grasa og þá í upptök Rauðsgils, síðan ræður Rauðsgil að austanverðu ofan fyrir rjettir, þá beina stefnu austanvert við Þórðarhólma og í Reykjadalssá, síðan ræður hún að norðan verðu til fyrsagðra merkja.¹³⁰

Páll Hannesson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Sigurðssyni fyrir Rauðsgil, Magnúsi Jónssyni, Þórði Sigurðssyni og Árna Jónssyni.

5.3.1.4 Búrfell

Landamerkjabréf fyrir Búrfell í Hálsasveit er ódagsett en því var þinglýst 1. júní 1891. Þar segir:

Landamerki fyrir Búrfelli í Hálsasveit eru sem hjer sagt. Milli Uppsala og Hofstaða skilur Reykjadalssá svo frá ánni yfir Ristumýri milli Auðstaða og Búrfells í litla vörðu í mýrar vörðunni við flatan mel og svo beina sjónhending úr henni í stóran klett á fjallsbrúninni heitir Jöfnubáðuklettur, og svo úr honum yfir mosa kjeldubotn eftir sem vötnum hallar austur og vestur af efri háhryggjunum uppí og ok beina sjónhending á milli Rauðsgils og Búrfells eru merki úr Reykjadalssá í lítið dý austan í djúpahvammskasti og úr því beina sjónhending í klett á fjallshlíðinni og er heitir Sáta og úr Sátu í lítinn melhnúk sunnarlega á langamel heitir Merkjahúkur svo yfir merkjalágina, neðarlega yfir fella flóann í lítinn foss í Rauðsgili heitir Merkjafoss svo skilur Rauðsgilið lönd milli Búrfells og Steindórsstaða alla leið upp að Oki, vissi sá er sagði.¹³¹

Jón Gíslason ábúandi Búrfells skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt vegna Steindórsstaða, Auðsstaða, Rauðsgils og Uppsala.

Í kaflanum um Búrfell í Hálsahreppi í Fasteignamati Borgarfjarðarsýslu 1916 kemur fram að jörðin eigi upprekstur á afréttarland sveitarinnar á Arnarvatnsheiði og að helmingur af fjalllandi hennar hafi verið seldur fyrir nokkrum árum og lagður undir

¹²⁹ Skjal nr. 2(93).

¹³⁰ Skjal nr. 2(14).

¹³¹ Skjal nr. 2(114) a-b.

Steindórsstaði í Reykholtssdal. Einnig kemur fram að landamerki jarðarinnar séu ágreiningslaus og þinglesin. Þau eru dagsett 1. júní 1891.¹³²

5.3.1.5 Augastaðir

Landamerkjabréf Augastaða var skráð 23. september 1921 og þinglýst 29. júní 1923. Þar segir:

Landamerki Að jörðinni Augastaðir í Hálshreppi eru þessi: Að austan ræður Skeiðvallargil til efstu draga, þá bein lína í Okið. Að sunnan ræður Okið. Að vestan ræður sjónhending frá Oki í Valagilsdrög. Þá Valagil til Reykjadalárs. Þá Reykjadalársá til Skeiðvallargils.¹³³

Nikulás Gíslason skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt vegna aðliggjandi jarða.

5.4 Lundartunga

Í máldögum Lundarkirkju frá 1368, 1397, árabílinu 1491-1518, 1507 og 1570 er ekki minnst á Lundartungu.¹³⁴

Í vísitasíu fyrir kirkjuna að Lundi frá 29. júlí 1647 kemur fram lýsing á landamerkjum Lundar og svo segir:

Item filgir tunga su er kollud er Lundarheide liggur a mille Eingjadalz aa og flookadalz aar [...]¹³⁵

Þann 1. ágúst árið 1665 lögfesti séra Eyjólfur Jónsson eignir Lundarkirkju og var lögfestan þinglesin sama dag. Afrit af lögfestunni var skráð í kirkjubækur Lundarkirkju 28. september 1712 og staðfest 30. maí 1893. Í afritinu segir:

Aell. Dipl. afskn. Nr. 1704, eptir kopíubók Lundarkirkju, afskn. vídmæruð á Skammbeinsstöðum 28. Sept. 1712 af Þórði Þórarsyni og Páli Hákonarsyni.

Eg Eyjólfur Jónsson lögfesti hér ídag veitingarjörð mína Lund í Lundar Reykjadal í sjálfrar sinnar kirkjusókn, akra og töður, eingjar og skóga, holt og haga, vötn og veiðistaði, og allar landsnytjar þær, er því landi eiga að fylgja til ummerkja þeirra, er aðrir menn eiga í móti mér, bæði að orðfullu og lögmáli réttu, að tilteknum þessum landamerkjum:

Í fyrstu fyrri framan er Hrafnagil, sér því gili sjónhending ofan í Grímsá, síðan eptir því, sem Grímsá rennur ofan eptir dalnum alt út yfir Lundarhring, síðan beint upp í Stóragil hvert og kallast Geldingagil og upp á háls til þess að vötnum hallar norður af og svo austur eptir hálsinum til þess að beint er komð í móts við Dráunggil, hvert gil þá ræður norður af hálsinum ofan í Flókadalsá, þá ræður Flókadalsá og síðan Eingjadalsá alt til þess að Oddstaða land tekur til og það(!) heim á háls, eptir því sem vötnum hallar

¹³² Skjal nr. 2(21).

¹³³ Skjal nr. 2(115) a-b.

¹³⁴ Skjöl nr. 2(135), 2(136), 2(39), 2(137) og 2(138).

¹³⁵ Skjal nr. 2(56).

norður af, og þaðan vestur eptir hálsinum alt í Hrafnatjörn, úr hverri áður nefnt Hrafnagil fellur.

Hér að auki lögfesti eg alla Lundarheiði fyrir norðan Eingjadalsá til þeirra ummerkja, er aðrir menn eiga bevisanleg á móti mér. Sömuleiðis lögfesti eg þann skóg sem mér er veittur í Háafells landi í Skoradal fyrir framm merkis gil. Eirninn allan Lundarskóg í Vatnshorns landi í Skoradal. Fyrirbýð eg héðan af hverjum manni í að vinna, brúka eða beita eða sér að nytja, nema mitt sé lof eður leyfi til, að vitni allra þingmanna.

Var þessi lögfesta upplestin af heiðarlegum kennimanni Eyjólfvi Jónssyni á Sandatorfu leiðarþingi þann 1. Augusti Anno 1665, til vitnis undirskrifuð nöfn.

Sigurður Jónsson lögmaður eh.

Torfi Þorsteinsson m.e.h.

Oddur Eyreksson með eh.

Þorvarður Magnússon meh.

Að þetta sé rétt eptirrit vottast hérmeð

Kaupmannahöfn 30. Maí 1893.

Ólafur Davíðsson

Jón Þorkelsson

cand. phil.

Dr. phil.¹³⁶

Þann 4. maí 1671 var þinglesin lögfesta prestins á Lundi fyrir Lundi. Þar segir:

Eg Eyolfur Jonsson Prestur, lögfeste hier i dag veitingar Jórd mina Lund i Lundar Reykia, Akra og Tódur, Eingiar og Skoga, hollt og haga, Vótn og Veidistadi og allar landznytjar þær er því landi eiga ad fylgia, til ummerkia þeirra, er adrer menn eiga i mote mier, bædi ad ordfullu og Lógmäle riettu, ad tilteknum þessum Landa merkium. I fyrstu fyrer framan, er Hrafnagil, ur því Gile Siönhending ofan i Grims ä, sidan epter því sem Grims ä rennur ofan epter dalnum, allt ut yfer Lundarhring, sidan beint upp i Stora gil, hvort og kallast Gielldinga gil, og uppä häls til þess at votnum hallar nordur af, og svo austur epter hálsinum til þess ad beint er komid i mots vid Drängs gil, hvort gil þä rædur nordur af halsinum ofan i Floka dals ä, þä rædr Flokadals ä og sidan Eingia dals ä, allt til þess ad Oddstada land tekur til, og það heim ä häls, epter því sem votnum hallar Nordur af, og þaðan vestur epter hälsenum, allt ä mots vid hrafnatiorn ur hvore ädur nefnt Hrafnagil fellur.

Hier med Lógfeste eg alla Lundarheidi, fyrer Nordan Eingiadals ä, til þeirra um merkia er adrer menn eiga bevisanlega ä mote mier.

[...]

Fyrer byd eg hvorium manne i ad vinna, bruka og beyta, eda sier ad nytia, nema mitt sie lof edur leife til, ad vitne allra þingmanna.

¹³⁶ Skjal nr. 5(21).

Ofanskrifud logfesta upplezen af heidurlegum kennemanne Sra Eyolfse Jonssyne ad Lundi i Sydra Reikia dal Þingsoknar mónnum samankomnum og äheyrandi Anno 1671. Þann 4. Mäij, til vitnis vorar handskrifur

[...]

Framanskrifud lögfesta er riect utskrifud ur Copiubok Lundarkirkju i Lundarreykiadal, og er vitnisburdur þeirra fiögurra manna, sem umm hennar upplestur vitna med þeirra eigen handa underskriftum. Til sannenda merkis ockar nófn ad Skammbeinsstóðum þann 28. Septembris Anno 1712.

Pördur Þördarson. Páll Hákonarson.¹³⁷

Þann 25. apríl 1679 var þinglesin lögfesta fyrir Lund. Þar segir:

Eg Eyrekur Eyolfsson lögfeste hier i dag Veitingar Jórd myna Lund i Sydra Reikia dal, Akra og todur, eingar og sköga, hollt og haga, vótn og veidestade, og allar lands nýtiar þær er þvi lande eiga ad filga til Vmmmerkia þeirra er adrer menn eiga i möte mier, bæde ad ordfullu og lögmäle riecttu, ad tilteknum þessum landamerkiuum. I fyrstu fyrir framann er hrafna gil, ur þvj gile siön ending ofann i grýms ä Sydann effter þvi: sem Grýms ä rennur fyrir sunnann Lundar nes og so ofann effter dalnumm allt ut yfer Lundarhrýng, Sydann beint uppí Storagil huert og kallast gelldinga gil, og vppä häls til þess vótnum hallar nordur af, og so austur effter halsinum til þess beint er komed ä möts vid Drängs gil, huert gil þa rædur nordur af halsenum ofann i fliötadalsä, þa rædur fliöta dals ä, og Sydann Eingiadals allt til þess ad Oddstadaland tekur til, og það heim a häls, effter þuj sem vótnum hallar nordur af, og þaðann vestur effter halsenumm allt ä möts vid hrafnatiörn vr huerre adur nefnt hrafnagil fellur, Hier med lögfeste eg lundarheide alla firer nordann eingia dals ä til þeirra Vmm merkia sem adrer menn eiga bevysanlega a möte mier.

[...]

Þesse lögfesta Vpplesinn ad manntals þynge Settu ä Lunde i Lundar reykia Dal, af Sr Eireke Eiolffssine þann 25 Aprilis 1679 til merkis vnderskrifud nófn, Gudmundur Jonsson Egh Jon Þorbiörnsson meh Gysle Þorsteinsson handsalar.

Þesse lögfesta Vpplesinn ä Indridastodumm Settu Manntalsþynge, af Sr Eireke Eiolffssine, þann 28 Aprilis 1679 þyngmónnum äheirande sem Syn nófn hier Vnder skrifa Gudmundur Jonsson Egh Jon Asbiörnsson meh Biarne Olafsson meh.

Framan og ofanskrifad er rett ritad epter Copiu bök Lundarkirkju i LundaReykiadal, og er vitnisburdurdurenn [svo] um upplesturenn ä Indridastada manntalsþynge med eigen handa underskriftum þeirra sem þar

¹³⁷ Skjal nr. 4(84) a-b.

um vitnad hafa. Til sanninda merkis vor nófn j Skalholti þann 28. Octobris Anno 1712.

[...]¹³⁸

Þann 10. maí 1683 var þinglesin lögfesta fyrir Lundi. Þar segir:

Eg Eyrekur Eyolfsson lögfeste hier i dag mýna Veitingar Jórd Lund i Sydra Reikia dal, akra og tódur, eingar og sköga, hollt og hage, vótn og veide stade, og allar lands nýtiar þar sem þvj lande eiga ad filgia til vmm merkja þeirra sem adrer menn eiga j möte mier bæde ad ordfullu og lógmäle riettu: fyrer býd eg hvórjum manne j ad vinna beýta edur bruka edur sier ad nýta, nema mitt sie lof edur leife til, ad vitne vir duglegs Syslu mansens og nálægra þingsoknar manna.

Þesse lögfesta Vpplesenn a herads þynge Heggstodum 10 Maý 1683

[...]

Framan- og ofan-skrifad er riett ritad epter Copiubok Lundarkirkju i LundarReykiadal. Til merkis vor Nófn i Skálhollte þann 28 Octobris Anno Christi 1712.¹³⁹

Þann 21. apríl 1694 var Lundarheiði öll lögfest á manntalsþingi. Lögfestan hljóðar svo:

Eg Eyrekur Eyolfsson lögfeste hier i dag Lundarheide alla fyrer Nordan Eingiadals aa, hollt og Haga, vótn og veidestade og allar landznytjar þær er þvi lande eiga ad fylgia til ummerkia þeirra er adrer menn eiga i mote mier, bæde ad ordfullu og lógmale Rettu, fyrerbyd eg hvorium manne i ad vinna, bruka og beita edur sier ad nyta nema mitt se lof edur leyfe til, ad vitne Eruverdugs Valldsmannsins og allra þeirra er ord myn heyra.

Þesse framanskriufud lögfesta var upplesenn ad settu Manntals þinge ad Reykhollte i Reykholltsdal af heidurlegum kennemanne Sr Eireke Eyölfssyne, [strikað yfir: þing] soknarmónnum ä heyrande, þann 21. Aprilis, anno 1694.

[...]

Framanskriufad ad vera rett Copierad epter originalnum, ritudum ä pappir, vottum vid underskrifader ad Skammbeinsstodum þann 28. Septembris 1712.

Þördur Þordarson

Þáll Häkonarson¹⁴⁰

Varðveitt er afrit af lögfestu séra Eiríks Ejölfssonar er upplesin var á manntalsþingi að Lundi í Lundarreykjardal þann 25. apríl árið 1679. Lögfestan var einnig lesin upp á manntalsþingi að Indriðastöðum sama ár, þremur dögum síðar. Afritið er svohljóðandi:

¹³⁸ Skjal nr. 4(86) a-b.

¹³⁹ Skjal nr. 4(87) a-b.

¹⁴⁰ Skjal nr. 4(83) a-b.

Eg Eiríkur Eyjólfsson lögfesti hér með í dag veitingarjörð mína Lund í Syðra Reykjadal, akra og töður, eingjar og skóga holt haga, vötn og veiðistaði og allar landsnytjar þær, er því landi eiga að fylgja til umerkja þeirra, er aðrir menn eiga í móti mér, bæði að orðfullu og lögmáli réttu, að tilteknum þessum landamerkjum. Í fyrstu fyrir framan er Hranfagil, úr því gili sjónhending ofaní Grímsá, síðan eptir því sem Grímsá rennur fyrir sunnan Lundarnes og svo ofan eptir dalnum alt út yfir Lundarhring síðan beint upp í Stóragil, hvert og kallast Geldíngagil, og uppá háls til þess vötnum hallar ~~hl~~-norður af og svo austur eptir hálsinum til þes beint er komið á móts við Drángsgil, hvert gil þá ræður norður af hálsinum ofan í Flókadalsá. Þá ræður Flókadalsá og síðan Engjadalsá alt til þess að Oddstaðaland tekur til og það[an] heim á háls eptir því sem vötnum hallar norður af og þaðan vestur epti hálsinum alt á mótsvið Hrafatjörn, úr hverri áðurnefnt Hrafnagil fellur. Hér með lögfesti og Lundarheiði alla fyrir norðan Engjaldsá til þeirra ummerkja, sem aðrir menn eiga bevísanleg á móti mér. Sömuleiðis lögfesti og Lundarkirkjuskóg í Vatnshornslandi í Skoradal, hver að er á millum Kirkjutúnganna, sem Fitja kirkju tilheyra í sömu sama landseign, og eru á þessum kirkjuskógum eptirskrifuð merki. Það austasta merki milli Vatnshornsskógs og Fitjakirkju túngu þeirrar austari er gil það sem rennur ofan úr fjallsbrún og ofan í vatn næst vestan til við stóru rétt, en það vestara merki fégreindar fyrgreindrar Fitjakirkju túngu, sem aðgreinir hana frá Lindarskógi er hið næsta gil er þá rennur ofan af fjallsbrún og ofan í vatn. Þá tekur Lundar skógur til og er alt vestur að öðru litlu gljúfragili, hvert og svo rennur ofan af fjallsbrúninni ofan í vatn með nokkrum smáfossom í miðri hlíðinni og er í greindum Lundarskógi lítill lækur utarlga, sá eingin skógarmerki gjörir. Þar næst fyrir utan áðurnefnt litla gljúfragil er ytri Fitja kirkju túnga alt út að því gljúfragili er þar er næst, hvert að rennur næst fyrir austan Vatnshorns fornu fjárhús, sem þar þa hafa leingi verið og eru enn. Einninn lögfesti og Lundar kirkju skóg í Háafells landi í Skorradal, hver að er millum Merkisgils og Krosshólagils þess ytra. Fyrirbýð og hverjum manni í að vinna, brúka eður og beita eður sér að nýta innan nefndra takmarka, nema mitt sé lof eður leyfi til, að vitni(!) ⁱ þessi

ⁱ) svo.

lögfesta upplestin að manntalsþingi settur á Lundi í Lundarreykjadal af séra Eiríki Eyjólfssyni þann 25. aprílís 1679. Til merkis undirskrifuð nöfn Guðmundur Jónsson ehh.

Jón Þorbjörnsson m.e.h.

Gísli Þorbjörnsson m.e.h.

Gísli Þorseinsson handsalaði.

Þessi lögfesta upplestin á Indriðastöðum settu manntalsþingi af séra Eyjólf Eiríki Eyjólfssyni þann 28. aprílís 1679 þingmönnum áheyrandi, sem sín nöfn hér undir skrifa.

Guðmundur Jónsson e.h.h.

Jón Ásbjörnsson m.e.h.

Bjarni Ólafsson m.e.h.

Að þetta sé rétt eptirrit af Fornbókasafni afskríptum Árna Magnússonar Nr. 1716 það vottast hér með Kaupmannahöfn 30. maí 1893.

Ólafur Davíðsson Jón Þorkelsson
Cand. phil Dr. phil.¹⁴¹

Varðveitt er afrit af lögfestu séra Eiríks Eyjólfssonar Lund, en lögfestan mun hafa verið bréfuð árið 1703. Lögfestan hljóðar svo:

Eg [Eiríkur Eyjólfsson] lögfesti hér í dag veitingarjörð mína Lund í [Syðri Reykjadal], akra og töður, eingjar og skóga holt og haga, vötn og veiðistaði og allar landsnytjar þær er því landi eiga að fylgja til ummerkja þeirra, er aðrir menn eiga í móti mér, bæði að orðfullu og lögmáli réttu, að tilteknum þessum landamerkjum. Í fyrstu fyrir framan er Hrafnagil, úr því gili sjónhending ofan í Grímsá, síðan eptir því sem Grímsá rennur [fyrir sunnan Lundarnes og svo“ ofan eptir dalnum alt út yfir Lundarhring, síðan beint uppí Stóragil, hvert og kallast Geldingagil og upp á Háls til þess að vötnum hallar norðuraf og svo austur eptir hálsinum til þess beint er komið á móts við Drángsgil, hvert gil þá ræður norður af hálsinum ofan í Flókadalsá þá ræður Flókadalsá og síðan Eingjadalas alt til þess að Oddstaðaland tekur til og það [an]heim á háls eptir því sem vötnum hallar norðuraf og þaðan vestur eptir hálsinum alt á móts við Hrafnatjörn, úr hverri áður nefnt Hrafnagil fellur. Hér með lögfesti og Lundarheiði fyrir norðan Eingjadalsá til þeirra ummerkja er aðrir menn eiga bevísanlega á móti mér.

1703 bætur við prestur 1. Eyjólfur prestur, 1703 2. Lundarreykja[dal], 1703 3. Sjónhending, 1703 4. sleppir 1703 5. Engjadalsá, 1703 6. 1703 bætur við „alla“.

Í vísitasíu fyrir kirkjuna að Lundi frá 4. júní 1708 segir m.a.:

[...]

Item tueggia Selhüsa vppä Fialle.¹⁴²

Í vísitasíu fyrir kirkjuna að Lundi frá 28. október 1720 segir m.a.:

Hun ä effter Mäldógum og Visitatium

[...]

Item Lundartungu millum Flókadalsär og Eingiadalsär,

[...]¹⁴³

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1708 er ekki minnst á Lundartungu. Í umfjöllun um Lund segir m.a.:

Selstaða örðug í heimalandi.¹⁴⁴

¹⁴¹ Skjal nr. 4(86) a-b.

¹⁴² Skjal nr. 2(105) a-b.

¹⁴³ Skjal nr. 2(87) a-b.

¹⁴⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla (1982), bls. 214.

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1804 kemur fram að jörðin Lundur eigi afrétt en bara fyrir sjálfa sig. Staðsetningar afréttarlandsins er ekki getið. Þar segir:

En afret haves, men bruges kun af Jorden selv.¹⁴⁵

Í vísitasíu Lundarkirkju frá 30. júlí 1827 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Þessi eru Landamerki milli Lunds og annara Landa er móti liggja 1° Heimastadurinn: að framan ræður Hrafnagil úr því Gili Sjónhending ofan í Grimsá, síðan eptir því sem Grimsá rennur fyrir Sunnan Lundarnes, og svo ofan eptir Dalnum, allt útyfir Lundarhring, síðan beint uppi Stóragil, hvört og kallast Géldingagil, og svo uppá Háls, allt þartil Vötnum hallar norduraf, og svo austur eptir Hálsinum til þess, beint er komid móts við Dráungsil, hvört Gil þá ræður norduraf Hálsinum ofaná Flókadalsá, þá ræður Flokadalsá, og síðan Eingiadalsá allt til þess að Oddstada Land tekur til, og það heim á Háls, eptir því sem vötum hallar norduraf, og þaðan vestur eptir Hálsinum allt á móts við Hrafnatjörn, úr hvörri nefndt Hrafnagil fellur. 2° Lundarheidi fyrir nordan Eingiadalsá, allt að Flókadalsá, síðan austur eptir Heidinni til þeirra Ummerkia, er adrir menn ega á móti.¹⁴⁶

Um selstöður og afréttarlönd í Lunds- og Fitjasóknum segir eftirfarandi í sóknalýsingu séra Benedikts Eggertssonar, frá árinu 1840:

31. *Selstöður* eiga fylgjandi jarðir: Lundur, Gullberastaðir, Oddsstaðir og Fitjar, samt kunna seltóftir víðar að finnast í heimalöndum en hvörgi eru þær nú brúkaðar og hafa ei verið nærsta mannsaldur og víða lengur nema á Lundi hefur selstaða brúkuð verið nærstu fimm ár.

32. *Afréttarlönd*. Hvörgi eru hér almenningar til uppreksturs en frá ýmsum jörðum eru léð lönd þar til, þó ætíð þeim er víðlendust fjallönd hafa að ljá sem eru í þessum sóknum Fitjar, Gullberastaðir, Lundur og Oddsstaðir.¹⁴⁷

Varðveitt er afrit af útdrætti af jarðamatsgjörð frá árinu 1849 fyrir Lundi í Lundarreykjardal. Þar segir:

Útdráttur úr jarðamatsgjörð 1849

Lundur

Einhverju umtali hefir Gullberastadaður hreift um landsneið nokkra á fjalli, milli eður upp undan bæjunum, sem en er ei nóglega sannað eður afgjört móti lögfestum Lunds og er því landið allt að þessu metið með Lundi. Útdráttur úr landamerkjarg. Hannesar nr. 112 úr Hs. Í hdr. safni hans bls. 129-130.

S^r. Eyólfur Jónsson gjöði þá grein í staðarins landamerkjum eptir hefðarhaldi, að framan ræður Hrafnagil sjónhending úr áni í fjall upp, svo í Hrafnatjörn,

¹⁴⁵ Skjal nr. 2(20).

¹⁴⁶ Skjal nr. 2(62).

¹⁴⁷ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 271.

síðan sjónhending norðuryfir í Engedalsá. Fyrir utan ræður Geldingagil, hvort sumir kalla Andórsholtsgil, og þaðan sjónhending ofan í Grímsá, en að norðan ræður Draupsgil í Flókadalsá. It. fylgir tunga sú er kölluð er Lundarheiði, liggur í milli Engidalsár og Flókadalsár. It. Lundur skógur í Vatnshornslandi að hefð og brúkun milli kirkjutungunnar sem Fitja kirkja á í sömu landa eign.

Enn 1664 lýsti s^r. Eyjólfur að þó hann í visitatíu 1647 hefi lýst úr Hrafnatjörn í Eyjadalsá, þá lýsir hann þó að hann hafi jafnlega haft og haldið framundir 30 ár undir Lundarstað til leitar og brúkungar upp og fram eptir hálsinum á móts við Oddstaði land, svo langt upp á hálsinn sem vötnum hallar suður af og svo segist hann keypt hafa að s^r. Teitur Pétursson hafi brúkað fyrir sig 1664.

Rjetta útdrætti staðfesta:

Hallgr. Ketilsson Vald. Ásmundsson.

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 segir um Lund:

Skóg á staðurinn í Skoradal og Vatnshorns landi, líka fjall-land, eigi all-lítið, eptir máldögum, og er þar selstaða sáemileg.¹⁴⁸

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Lundur sé prestssetur, með þeim ítökum sem „máldagarnir eigna honum bæði fjall[l]and og skógarskálkar“.¹⁴⁹

Í eftirfarandi útdrætti úr landamerkjaregistri Steingríms Jónssonar biskups, dags. 21. ágúst 1856 og skrifaður eftir handriti Hannesar Finnssonar biskups, er landamerkjum Lundar lýst og Lundartungu getið.

Lundur.

[...]

S^{ra} Eyjólfur Jónsson giörði þá grein á staðarins landamerkium eptir hefðarhaldi, að framan ræður Hrafnagil sjónhending úr ánni í fjall upp, svo í Hrafnatjörn, síðan sjónhending norður yfir í Engedalsá. Fyrir utan ræður Geldingagil, hvort sumir kalla Andórsholltsgil, og þaðan sjónhending ofan í Grímsá. en að norðan ræður Drangsgil í Flókadalsá.

It(em) fylgir tunga sú, er kölluð er Lundarheiði, liggur á milli Engidalsá og Flókadalsár. It(em) Lundarskógur í Vatnshornslandi að hefð og brúkun millum kirkjutungnanna, sem Fitjakirkja á í sömu landareign 1647. NB ibid um Þrætuskóg Lundar og Háafells, er nokkrir kalla Kirkjutungu.

En 1664 lýsti S^{ra} Eyjólfur, að þó hann í visitatíu 1647 hafi lýst: úr Hrafnatjörn í Engidalsá, þá lýsir hann þó, að hann hafi jafnlega haft og haldið fram undir 30 ár undir Lundarstað til beitar og brúkungar upp og fram epter hálsinum á móts við Oddstaðaland, svo langt upp á hálsinn, sem vötnum hallar suður af, og svo segist hann heyrt hafa, að S^{ra} Teitur Petursson hafi brúkað fyrir sig 1664.

Að útdráttur þessi sé rétt skrifaður eptir Landamerkjaregistri Steingríms biskups Jónssonar, skrifuðu eptir handriti Hannesar biskups Finnssonar vitnar

¹⁴⁸ Skjal nr. 2(26).

¹⁴⁹ Skjal nr. 2(41).

Reykjavík 21. ágúst 1856

[...].¹⁵⁰

Í vísitasíu fyrir Lundarkirkju frá 12. ágúst 1868 segir m.a.:

Þessi eru landamerki milli Lunds og annara landa, er á móti liggja:

1° Heimastaðurinn. Að framan ræður Hrafnagil, úr því gili sjónhending ofan í Grímsá, síðan eptir því sem Grímsá rennur fyrir sunnan Lundarnes, og svo ofaneptir dalnum allt ut yfir Lundarhring, síðan beint uppí stóragil, hvert og kallast Geldingagil, og svo uppá háls allt þar til vötnum hallar norður af og svo austur eptir hálsinum til þess beint er komið á mots við Dráungsgil hvert gil þá ræður norður af hálsinum ofan í Flókadalsá, þá ræður Flókadalsá, og síðan Eingiadalssá, allt til þess að Oddsstaðaland tekur til og það heim á háls, eptir því sem vötnum hallar norður af, og þaðan vestur eptir hálsinum allt á móts við Hrafnatjörn, úr hverri nefnt Hrafnagil fellur.

2° Lundaheiði, fyrir norðan Eingiadalssá, allt að Flókadalsá, síðan austur eptir heiðinni til þeirra ummerkja, er aðrir menn eigna á móti.¹⁵¹

Á manntalsþingi að Lundi 1. júní 1877 var þinglesið bann um upprekstur á fjalllönd Lunda, Oddsstaða og Gullberastaða frá 9. maí sama árs.¹⁵²

Þann 6. júní 1902 fór fram úttekt á stað og kirkju að Lundi. Þar segir m.a.:

[...]

C. Kirkjujarðir

Allar eignir og ítök prestakallsins eru óátalin: (Skógartunga í Háafelli og Skógartunga í Vatnshornshlíð. Enn fremur fjallland: Lundartunga. Aftur er hið svo nefnda Hlíðarendaland gengið undan með landamerkjadómi).

[...]¹⁵³

Í jarðalýsingu á Lundi frá árinu 1908 sem gerð var vegna fyrirhugaðrar sölu jarðarinnar úr eigu ríkisins á því ári, segir eftirfarandi um fjalllendi og afrétt jarðarinnar:

Fjallland á jörðin, en sem eigi verður notað sökum fjarlægðar nema sem upprekstrarland, en sem ábúandi þó eigi þarfnast fyrir pening sinn, þar sem jörðin á tiltölulega hlutdeild í afrjetti sveitarinnar. En eigi er vonlaust um að leigja eður selja meigi land þetta, sem talið er fremur gott, við nokkuru verði.¹⁵⁴

Þann 12. maí 1909 seldi Ráðherra Íslands Lund. Í afsals- og veðmálalabók Borgarfjarðarsýslu er eftirfarandi skráð:

Ráðherra Íslands

¹⁵⁰ Skjal nr. 2(18) a-b.

¹⁵¹ Skjöl nr. 2(86) a-b og 2(100) a-b.

¹⁵² Skjal nr. 2(130).

¹⁵³ Skjal nr. 2(102) a-b.

¹⁵⁴ Skjal nr. 2(27).

Kunngjörir: Að með því að sjera Sigurður Jónsson ábúandi á kirkjujörðinni Lundi í Lundareykjadalshreppi í Borgarfjarðarsýslu hefir leitað kaups
. . . hönd nefndum sjera Sigurði Jónssyni greinda ábýlisjörð hans Lund sem er 43.5 hndr að n.m., með 9 kúgildum, húsum og öllum finnast þar, svo og skógarítök á Vatnshornslandi og Háfellslandi í Skorradal.

Kaupverðið er 5000 – fimm þúsund – krónur og með því að kaupandi hefir greitt í kirkjujarðasjóð 1/10 hluta þess með kr. 500.00 – fimm hundruð krónur og gefið út veðskuldabryf sem unnt er.

Til staðfestu undir mín hönd og embættis innsigli

Reykjavík 12. maí 1909

Björn Jónsson¹⁵⁵

Skjalið var þinglesið þann 3. júní 1909.

Í apríl árið 1910 fékk Sigurður Jónsson prestur á Lundi í Lundareykjadal leyfi frá Stjórnarráði Íslands til þess að selja afréttarlandið Lundartungur undan jörðinni. Í bréfi Stjórnarráðsins segir svo:

Samkvæmt ósk yðar, herra prestur, hefur stjr. samþykkt að þjer megið selja undan ábýlis og eignarjörð yðar Lundi í Lundareykjadal afrjettarland nokkuð, er jörðinni tilheyrir, svokallaðar Lundartungur þannig að afrjettarland þetta leysist undan veðbandi því, er á jörðinni hvílir til Kirkjujarðasjóðs samkvæmt veðbréfi dags. 12. maí f. á.¹⁵⁶

Landamerkjabréf Lundartungu var skráð 2. maí 1910 og var því þinglýst 7. júní sama ár. Þar segir um merkin:

Landamerki fjallendisins Lundartunga eru þessi. Að norðan Flókadalsá og Syðri-Sauðfellskvísl allt uppí Ok sem ræður að austan, að sunnan Engjadalsá og að vestan Flókadalsá og Engjadalsá, ármótin. Þessum landamerkjum er jeg samþykkur bæði sem eigandi Gullberustaða og einnig fyrir hönd Lundareykjadalshrepps að því er Þóreyjartungurnar snertir.¹⁵⁷

Það var samþykkt af Vigfúsi Pjeturssyni sem eiganda Gullberustaða og fyrir hönd Lundareykjahrepps að því er varðaði Þóreyjartungur og Jóni Hannessyni vegna Oddsstaðalands.

Landamerkjabréf Lundar var þinglesið á sama tíma.¹⁵⁸

Þann 4. ágúst 1910 var gefið út afsal fyrir Lundartungu og var það þinglesið 28. júní 1920. Þar segir:

Með brjefi þessu gef jeg, Sigurður Jónsson prestur á Lundi, Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu fullkomið afsal frá mjer og erfingjum mínum fyrir afrjettarlandinu Lundartungu, sem jeg hef selt nefndum hreppi fyrir umsamið

¹⁵⁵ Skjal nr. 4(105).

¹⁵⁶ Skjal nr. 2(25).

¹⁵⁷ Skjöl nr. 2(10) og 2(109).

¹⁵⁸ Skjal nr. 2(109).

kaupverð 800 – átta hundruð- krónur, með því að kaupandi hefur í dag gefið mjer þá tryggingu sem jeg læt mjer nægja fyrir greiðslu kaupverðsins.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en jeg svara til lagaríptinga.

þ.t. Skeljabrekku 4. ágúst 1910

Sigurður Jónsson

frá Lundi¹⁵⁹

Í skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps eftir Ingimund Ásgeirsson, dags. 1.6.1980, segir um Lundartungu:

2. Lundartunga.

Merkjum hennar er svo lýst í landamerkjabréfi, dags. á Gullberastöðum 2. maí 1910 (14): „Að norðan Flókadalsá og Syðri Sandfellskvísl, allt upp í Ok, sem ræður að austan, að sunnan Engjadalsá og að vestan Flókadalsá og Engjadalsármótin“. Bréfi undirritar Vigfús Pétursson, sem eigandi Gullberastaða og fyrir hönd Lundarreykjadalshrepps, og vegna Oddsstaða Jón Hannesson í Deildartungu. Landamerkjabréfið var þinglesið á Lundi 7. júní 1910 og síðar innritað í nýja landamerkjabók sýslunnar 23. marz 1923, nr. 251. Lundartunga var hluti af heimalandi Lundar og var seld Andakílhreppi og afsal gefið 4. ágúst 1910 af sr. Sigurði Jónssyni (Sveitarbók Andakílhrepps 1910, (15)). Áður fyrr var haft í seli frá Lundi á Lundartungu, og má sjá til selrústa á tveimur stöðum, skammt frá Engjadalsá, er þar kallað Gamla Lundarsel ofar með ánni, en Lundarsel neðar. Mun síðast hafa verið haft í seli 1888. – Í Sturlungu er þess getið, að deila var milli Oddsstaðamanna og Lundarmanna um víðirif á fjalli, en ekki er vitað, um hvaða spildu var deilt.¹⁶⁰

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílhrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998 samþykktu hreppsnefndirnar að leggja tiltekin landsvæði inn í sjálfseignarstofnunina Ok. Í samþykkt hreppanna segir:

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílhrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998¹⁶¹ var tekin til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga um stofnun sjálfseignarstofnunar um afréttarlönd Andakílhrepps og Lundareykjadalshrepps og skipulagsskrá fyrir stofnunina.

Hreppsnefndir Andakíls- og Lundarreykjadalshreppa samþykktu stofnun sjálfseignarstofnunar og fyrirliggjandi skipulagsskrá. Munu hreppsnefndirnar leggja fram og afhenda endurgjaldslaust 500.000 krónur í reiðufé og eftiralin lönd sín, ásamt réttindum sem þeir tilheyra til sjálfseignarstofnunarinnar:

Andakílhreppur leggur fram eftirtaldar eignir:

¹⁵⁹ Skjal nr. 4(101).

¹⁶⁰ Skjal nr. 4(11).

¹⁶¹ Óskýrt í skjali.

a. Oddsstaðatunga.

b. Gullberastaðaselsland.

c. Lundartungu.

Lundarreykjadalshreppur leggur fram eftirtaldar eignir

a. Land sunnan Fossár að Reyðarlæk, með honum austur að sýslumörkum Árness- og Borgarfjarðarsýslu, áður keypt af Reykhólts- og Þingvallakirkjum (Leirárdalir).

b. Þóreykjartungur, áður keyptar af Reykholtskirkju.

Hreppsnefndirnar samþykkja þær fjárhagslegu skuldbindingar sem felast í 6. gr. og 11. gr. stofnskrárinnar þar segir m.a. svo:

Úr 6. gr. Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til uppreksturs samkvæmt 1. mgr. 5. gr. stendur óhöggð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem uppreksrarlands og fjallskil þar, þ.m.t. byggingu, viðhaldi og rekstri gangamannahúsa og girðinga, og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðir eru á landverð.

Úr 11. gr. Verði ágreiningur um hvort þau lönd sem hrepparnir afhenda sjálfseignarstofnuninni teljist fullkoin eignarlönd lagður fyrir dómstóla skuldbindur sá hreppur, sem leggur landið fram, sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málshöfðunina eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Brún, 2. apríl 1998.¹⁶²

Skjalið er undirritað af hreppsnefnd Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps.

Sama dag undirritaði hreppsnefnd Andakílshrepps yfirlýsingu um framlag sitt til sjálfseignarstofnunarinnar. Þar segir:

Yfirlýsing

Hreppsnefnd Andakílshrepps, kt. 420169-3969, samþykkti á fundi sínum 2. apríl 1998 að leggja fram og afhenda endurgjaldslaust 250.000 krónur í reiðufé og eftirtalin eignarlönd sín, ásamt réttindum sem þeim tilheyra, til sjálfseignarstofnunarinnar Ok:

a. Oddsstaðatunga, sbr. afsal, dags. 8. janúar 1940.

b. Gullberastaðaselsland, sbr. Hæraréttardóm nr. 193/1970

c. Lundartunga, sbr. afsal 4. ágúst 1910.

¹⁶² Skjal nr. 4(103).

Landamerki Oddsstaðatungu eru svo sem segir í kaupsamningi, dags. 18. desember 1930, og afsali dags. 8. janúar 1940, þinglýstu 25. janúar 1940.

Landamerki Gullberastaðaselslands eru svo sem segir í merkjaskrá þinglýstri á manntalsþingi á Lundi 1899 og samningi um landamerkin, dags. 17. júní 1933.

Landamerki Lundartungu er lýst í landamerkjabréfi, dags. 2. maí 1910, þinglýstu á manntalsþingi á Lundi 1910, og afsali, dags. 4. ágúst 1910.

Eignirnar eru afhentar með þeim kvöðum sem fram koma í skipulagsskrá fyrir sjálfseiganrstofnunina Ok sem fylgja yfirlýsingu þessari og teljast hluti hennar.

Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem eignarheimild sjálfseignarsofnunarinnar Ok að ofangreindum fasteignum.

Brún, 2. apríl 1998.

Í hreppsnefnd Andakílshrepps

[...]

Samþykki hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps vegna Oddsstaðatungu

[...] ¹⁶³

Yfirlýsingunni var þinglýst 2. júní 1998 með þeirri athugasemd að afsalshafa skorti þinglýsta eignarheimild vegna Gullberastaðaselslands.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2004, Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla eftir Freysteinn Sigurðsson, segir svo í kafla um Lundarreykjadal:

Lundarreykjadalur liggur samhliða Skorradal að kalla og stefnir austsuðaustur. Er hann nærri 25 km langur, frá Götuási og inn að Þverfelli, en heldur mjór, 1 ½ - 2 ½ km á breidd utan til, eða inn að Brautartungu, um 15 km innan við Götuás. Þar skiftist hann. Er stuttur dalur norðan megin, að *Grímsá*, en þröngur og hlykkjóttur dalur sunnan megin, upp með *Tunguá*, svokallaður Framdalur. Sunnan að Lundarreykjadal er svokallaður *Skorradalsháls*, en hann dregur raunar nafn af ýmsum þeim bæjum, er undir honum standa. [...] Hálsinn norðan megin dals er stundum kallaður *Lundarháls* einu nafni með utanverðum dalnum, en ekki mun það heiti þó eiga að réttu við nema hálsinn upp af Lundi. Hann er í yfir 300 m y. s. inn fyrir Oddsstaði og losar 400 m y. s. skammt utan við Lund (Lundarhnöttur). Dalsbotninn er í 30 – 50 m hæð y. s. inn undir Brautartungu, og var þar þakinn mýrum, en hækkar verulega innar og er í 140-200 m hæð y. s. innan til í Framdalnum. Þar er hálsinn norðan megin yfirleitt í 300-350 m hæð y. s., en þverskorið er fyrir dalinn í innri endann af *Þverfelli* (655 m y. s.). [...]

Innan við miðjan dal klýfur *Tungufellsmúli* (um 300 m y.s. á brúnunum) dalinn í tvennt, stuttan og grunnan með *Grímsá* að norðan, en langan og

¹⁶³ Skjal nr. 4(100).

þröngan á köflum með Tunguá að sunnan. Er þar í þeim dal byggðin og leiðin „austur yfir fjall“ til Árnesþings og Þingvalla. [...]

Til forna hét dalurinn *Syðri-Reykjadalur*, eða *Reykjadalur syðri*, til aðgreiningar frá *Reykholtsdal*, sem þá hét *Nyrðri-Reykjadalur*, eða *Reykjadalur nyrðri*.¹⁶⁴

[...]

Lundur var líklega höfuðból sveitarinnar, nærri frá upphafi. Þar var prestssetur, fyrst nefnt í upphafi 12. aldar, sem af var lagt með prestakallabreytingunni miklu 1907, en síðasti prestur þar sat þó til 1932, en hann lést. Við Lund var svo einnig kennt *Lundarmannagoðorð*, sem svo var kallað a.m.k. á Sturlungaöld. *Gullberastaðir*, næsti bær innan við, var þó landnámsjörðin. Þar nam land Björn gullberi, mágur Kolgríms gamla á Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd og faðir Grímkels goða í Bláskógum og afi Harðar Grímkelssonar, að sögn Harðar sögu. Björn og þeir Kolgrímur mágar eru í Landnámu taldir í hópi göfugustu landnámsmanna. [...] Af Þórdísi, dóttur Svarthöfða á Reyðarfelli, sonar Bjarnar, voru Sturlungar komnir, en Þjóstólfur, sonur Bjarnar, bjó á Lundi samkvæmt Njálu.

[...]

Þjóstólfs á Lundi er tvisvar getið í Njálu. [...] Kjallakur Hrólfsson, niðji Gríms háleyska, bjó svo á Lundi, líklega á ofanverðri 10. öld. Þórður lundarskalli, prestur, bjó á Lundi um 1120 og hafa menn talið hann sama mann og Þórð Skúlason, goðorðsmann og afkomanda Egils Skallagrímssonar í beinan karlegg. Böðvar, sonur Þórðar, bjó á Görðum á Akranesi, og var faðir Guðnýjar, eiginkonu Hvamm-Sturlu og móður Sturlusona, þeirra Þórðar, Sighvats og Snorra, en sonur Böðvars var Þórður sá er gaf Snorra Sturlusyni, systursyni sínum, helming goðorðs síns, *Lundarmannagoðorðs*, og var faðir Þorleifs í Görðum, eins helsta höfðingja í Borgarfirði á Sturlungaöld að Snorra Sturlusyni gengnum. *Lundur* hefur sennilega ekki orðið endanlega prestssetur í kirkjueign („staður“) fyrr en undir 1500, en síðan sátu prestar þar til 1932, eins og fyrr segir.¹⁶⁵

Þann 5. nóvember 2008 gaf Þorsteinn Þorsteinsson á Skálpastöðum út samantekt um þróun eignarhalds á löndum Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Þar segir:

Þann 2. apríl, 1998, er sjálfseignarstofnuninni Ok komið á fót. Til hennar leggja Andakílshreppur og Lundarreykjadalshreppur allt það land sitt á fjalli, sem smalað er til Oddsstaðaréttar. (sjá merkjalýsingu hér að neðan) Tilgangur hreppanna var að tryggja þeim jörðum, sem þarna höfðu afréttarnot, allan áframhaldandi rétt til landa þessara, svo sem verið hafði síðan hrepparnir keyptu þessi svæði og lögðu til afréttar. Þetta var talið nauðsynlegt vegna þess að til stóð að sameina fjóra hreppa í Borgarfjarðarsýslu. Eðlilegt þótti að

¹⁶⁴ *Árbók Ferðafélags Íslands* (2004), bls. 125-126.

¹⁶⁵ *Árbók Ferðafélags Íslands* (2004), bls. 127-129.

réttindi jarða til fjallbeitar og annara afréttarnota héldust hin sömu og verið hafði fyrir sameininguna. Það á sjálfseignarstofnunin að tryggja. Þetta var gert með fullu samþykki allra fjögurra sveitarstjórna. Skipulagsskrá Oks kveður á um fyrirkomulag og rekstur stofnunarinnar, sem og tengsl við sveitarstjórn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfesti skipulagsskrána þann 16. júní, 1998.

[...]

Næst verður reynt að rekja eftir föngum eignarhaldssögu hvers hluta fyrir sig af Landareign Oks.

[...]

Eignarhaldssaga Lundartungu, (Áður fyrr oft nefnd Lundarheiði)

Lundartunga tilheyrir upprunalega landnámi Björns Gullbera. Sonur hans, Þjóstólfur, byggir á Lundi, fyrstur manna, og fær úthlutað landi úr landnámi föður síns. Síðan þá er Lundartungan (Lundarheiði) hluti heimalands Lundar þar til hún er seld Andakílhreppi árið 1910. (Afsal dagsett 4. ágúst 1910). Þegar sjálfseignarstofnunin Ok er stofnsett, þann 2. apríl 1998, leggur Andakílhreppur fram þessa eign sína, sem hluta af stofnfé Oks.

Frekari heimildir.

1. Lögfestur Lundarklerka frá árunum 1665, (á Sandatorfu leiðarþingi 1671), (á Lundi) 1673, (á Sandatorfu leiðarþingi) og 1679, (á Lundi).
2. Lýsing og matsgjörð á Lundarstað frá árinu 1908. Þar segir að fjallland jarðarinnar sé ill nýtanlegt vegna fjarðlægðar, „en eigi er vonlaust um að leigja eða selja megi land þetta“.
3. Sölubréf og afsal fyrir Lundartungu til Andakílhrepps frá 1910.

[...]

Skálpastöðum 5. nóv. 2008. Þorsteinn Þorsteinsson.¹⁶⁶

5.4.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.4.1.1 Lundur

Lundar í Lundarreykardal getið í Landnámu. Þar segir að Hrólfur hinn yngri, sonur Hróalds Hjaltasonar, hafi átt Þuríði Vapjófsdóttur. Hrólfur og Þuríður áttu Kjallak, en hann bjó á Lundi í Syðradal.¹⁶⁷ Syðridalur er Reykjadalur syðri (Lundarreykjardalur).¹⁶⁸

Lundar er getið í Sturlungu. Þar segir:

¹⁶⁶ Skjal nr. 5(15).

¹⁶⁷ Skjal nr. 4(89).

¹⁶⁸ Skjal nr. 4(89).

Hámundur hét maðr Gilsson. Hann bjó at Lundi í Reykjardal. Hann átti Kolþernu Klyppsdóttur, systur Þorvarðs prests. Þeir bjuggu báðir samt. Hámundur var þingmaðr Þórðar Sturlusonar.¹⁶⁹

Þar er einnig sagt frá því að Lundarmenn og Oddsstaðabændur „skildi á um víðirif á fjalli“.¹⁷⁰

Lundar er einnig getið í Njálu en þar segir:

Þeir bræðr riðu vestr til Reykjardals, Höskuldr ok Hrútr, ok gistu at Lundi; þar bjó Þjóstólfr, son Bjarnar gullbera.¹⁷¹

Lundarkirkju, er getið í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200.¹⁷²

Í máldögum Lundarkirkju frá 1368 og 1397 er ekki minnst á landsvæði í eigu kirkjunnar.¹⁷³

Í máldaga Lundarkirkju, sem talinn er frá árabílinu 1491-1518, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Kirkia sancti Laurencij a lunde i lundareykiadal a heimaland allt med gognum oc giædum.¹⁷⁴

Í máldaga Lundarkirkju frá árinu 1501 er ekki minnst á landsvæði í eigu kirkjunnar.¹⁷⁵

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Lundarkirkju, frá því um 1570, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Kirkian ad Lunde i Reijkiadal. Thar liggia til tueir bæer. og xx. til tijundar.

[...]

fastaeign ij[c] hundrada og xxxviiijc.¹⁷⁶

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1804 kemur fram að jörðin Lundur eigi afrétt en bara fyrir sjálfa sig. Staðsetningar afrettarlandsins er ekki getið.¹⁷⁷

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Lundur sé prestssetur, með þeim ítökum sem „máldagarnir eigna honum bæði fjall[l]and og skógarskálkar“. Jörðin Lundur er metin á 1200 ríkisbankadali.¹⁷⁸

Árið 1880 lögfesti Þorsteinn Benediktsson „Lundarheimaland“. Merkjum landsins var lýst eftirfarandi í lögfestunni:

¹⁶⁹ Íslendingasaga. *Sturlunga saga* I (1946), bls. 232.

¹⁷⁰ Íslendinga saga. *Sturlunga saga* II (1948), bls. 6-7.

¹⁷¹ *Brennu-Njáls saga*. Reykjavík 1954, bls. 28.

¹⁷² Skjal nr. 2(134).

¹⁷³ Skjöl nr. 2(135) og 2(136).

¹⁷⁴ Skjal nr. 2(39).

¹⁷⁵ Skjal nr. 2(137).

¹⁷⁶ Skjal nr. 2(138).

¹⁷⁷ Skjal nr. 2(20).

¹⁷⁸ Skjal nr. 2(41).

Hjer með lögfesti eg undirskrifaðr Lundarheimaland innan þeirra takmarka er hjer segir:

Að framan ræðr Hrafnagil, og úr því gili sjónhending ofan í Grímsá, síðan eptir því, sem Grímsa rennur, og eptir hennar eldri farvegi, þar sem hún hefr breitt honum, ofan eptir dalnum allt út yfir Lundarhing, síðan beint upp í Stóragil, ~~sem og kallast Geldingagil~~¹⁷⁹ og svo upp á háls allt þar til vötnum hallar norður af og svo austr eptir hálsinum þar til beint er komið móts við Drangsgil, sem og kallast Vegagil, svo ræðr það gil norður af hálsinum ofan í Flókadalsá, þá ræðr Flókadalsá og síðan Engjadalsá allt til þess að Oddstaðaland tekr við og þaðan heim á háls eptir því sem vötnum hallar norður af og þaðan vestr eptir hálsinum allt á móts við Hrafnatjörn, úr hverri aðrnefnt Hrafnagil rennur.

Þetta land innan ádrnefndra takmarka banna eg öllum nær sem fær til nokkurra afnota.

Lundi 2. júní 1880.

Þorsteinn Benediktsson.¹⁸⁰

Lögfestan var upplesin fyrir manntalsþingsrétti að Lundi 3. júní 1880. Henni var mótmælt fyrir hönd Jóns bónda á Gullberastöðum að því leyti er hún kynni að skerða rétt Gullberastaðalands eftir þeim vitnisburðum er höfðu verið þinglesnir vorið áður. Lögfestan var framlögð fyrir landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 29. júlí 1892.

Þann 12. maí árið 1909 staðfesti ráðherra Íslands sölu kirkjujarðarinnar Lundar í Lundarreykjardalshreppi til séra Sigurðar Jónssonar, ábúanda sömu jarðar, fyrir fimm þúsund krónur.¹⁸¹

Í apríl árið 1910 fékk Sigurður Jónsson prestur á Lundi í Lundarreykjadal leyfi frá Stjórnarráði Íslands til þess að selja afréttarlandið Lundartungur undan jörðinni.¹⁸²

Landamerkjabréf Lundar var útbúið 2. maí 1910 og það var þinglesið 7. júní sama ár:

Að austan ræður sjónhending úr Grímsá uppí Hrafnagil, eftir skurði á undirlendinu milli árinna og gilsins, síðan ræður Hrafnagil upp undir Hrafnatjörn, en úr upptökum gilsins norður að Engjadalsá, ræður lína dregin norður í Flókadalsá þar sem hún beygist lengst til vesturs, áður en Engjadalsá fellur í hana. Að sunnan ræður kvísl sú er fellur fyrir sunnan Lundarhólma (Lundarnes) og síðan Grímsá niður eftir dalnum. Að vestan ræður bein stefna úr Grímsá uppí gil það sem næst er Arnþórsholti (Andórsholti), sem kallast Stóragil (eða Geldingagil) og síðan sama stefna upp á háls til þess vötnum

¹⁷⁹ Yfirstrikun með blýanti og bætt við neðanmáls með blýanti: Úr Sinuhólmanum ~~beint á Hrafn~~ í Svartaklett að neðanverðunni frá því vötnum hallar norður af þaðan í svo nefndan þvermel og þaðan sjónhending í Engjadalsá.

¹⁸⁰ Skjal nr. 2(53).

¹⁸¹ Skjal nr. 2(94).

¹⁸² Skjal nr. 2(25).

hallar norður af. Að norðan ræður stefna austur eptir hálsinum, svo sem vötnum hallar, til þess komið er beint á móts við Vegagil (Drangsgil), þá ræður það gil ofan í Flókadalsá og síðan Flókadalsá og Engjadalsá.¹⁸³

Sigurður Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Vigfúsi Pjeturssyni eiganda Gullberastaða, Guðm. Guðmundssyni eiganda Snartastaða, Sigurði Guðmundssyni eiganda Skarðs, Sigm. Guðbjarnarsyni eiganda Arnþórsholts og Einari Magnússyni eiganda Eyrar í Flókadal.

Í kaflanum um Lund í Lundareykjadalshreppi í fasteignamati Borgarfjarðarýslu 1916 kemur fram að jörðin eigi upprekstur á afréttarland hreppsins og að jörðin muni eiga skógarítak í Háafellsskógi. Fjalllendið Lundartungur hefur verið selt úr eigninni. Einnig kemur fram að landamerki jarðarinnar séu ágreiningslaus og þinglesin.¹⁸⁴

5.4.1.2 Oddsstaðir

Landamerkjabréf Oddsstaða var skráð 29. maí 1885 og þinglýst 3. júní 1891:

Fyrst úr miðjum sinuhólma, er liggur í Grímsá og beina sjónhending í svartaklett sem er klettasnös er stendur í vestrabarmi Djúpadals, svo ræður bein stefna í Efri-Þverbrekku vestari vestan í Reiðarfelli hinu vestra og þaðan beint í Engjadalsá. Síðan ræður sú á fram eftir öllu, allt að upptökum sínum og frá upptökum hennar er sjónhending í Fantófell. Úr áðurgreindum sinuhólma ræður Grímsá fyrir sunnan alla hólma uns Lambá fellur í hana, síðan ræður Lambá alt að upptökum sínum og svo er bein sjónhending í suðurrana Fantófjalls. Einnig á jörðin Oddsstaðir skógarítak fyrir sunnan vatn í Skorradal nefnd Oddsstaða-tunga, er liggur milli (Stafholtsskógs ?) Þófagils og staf Stafafkollssk[ó]gs (sic)¹⁸⁵

Árni Sveinbjarnarson skrifaði undir fyrir hönd jarðareiganda. Bréfið var samþykkt af Eiríki Gíslasyni á Lundi og Jóni Jónssyni eiganda og ábúanda Gullberustaða (handsalað Sigurði Þórðarsyni).

5.4.1.3 Gullberastaðir

Landamerkjabréf Gullberastaða var útbúið 19. janúar 1923 og var það þinglesið 2. júlí sama ár:

Milli Gullberustaða og Lundar, ræður sjónhending úr Grímsá, upp í Hrafnagil, eftir skurði á undirlendinu, milli árinna og gilsins, síðan ræður Hrafnagil upp undir Hrafnatjörn, en úr upptökum gilsins, ræður lína dregin norður í Flókadalsá. Þar, sem hún beygist lengst til vesturs áður en Engjadalsá fellur í hana; svo ræður Engjadalsá merkjum austur að Oddstaðalandi, norðanvert við Reyðarfell. Milli Gullberustaða og Oddstaða eru merkin úr miðjum sinuhólma í Grímsá, í síkiskjaftinn, skarð í bakkann við ána, klett í

¹⁸³ Skjal nr. 2(11).

¹⁸⁴ Skjal nr. 2(21).

¹⁸⁵ Skjal nr. 2(4).

hlíðinni, vörðu á eystri Djúpadalsbarmi í sundkjaftinn hjá Þvermel og sjónhending í merkjavörðu við Engjadalsá. Milli Hóls og Gullberustaða ræður Grímsá sunnanvert við Svínhólma, niður fyrir Hólsnestá, en úr því ræður merkjum, gamall árfarvegur niður með Hólsmelum, sem liggja að sunnanverðum farveginum, en Gullberustaðahólmi meðfram honum að norðan og síðast ræður syðsta kvísl Grímsár, út að Merkjugili. Svo ræður Grímsá merkjum áfram, milli Snartastaða og Gullberustaða að framanskráðum merkjum, milli Lundar og Gullberustaða.¹⁸⁶

Vigfús Pjetursson eigandi Gullberustaða skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Birni Jóhannssyni eiganda Hóls, Guðmundi Guðmundssyni eiganda Snartastaða og Sigurði Jónssyni eiganda Lundar.

Landamerkjabréf Gullberustaða var útbúið [13. júní 1924] og var það þinglesið 7. júlí sama ár. Þar kemur fram:

Landamerki milli Gullberustaða og Oddstaða í Lundarreykjadal. Úr vörðu við Grímsá austan við Merkgil ræður bein stefna í vörðu á hálsbrúninni fyrir miðjum Djúpadal. Síðan bein stefna í vörðu norðan í hálsinum. Þaðan ræður sjónhending í tvær vörður á Reiðarfelli hinn vestra og þaðan bein lína í vörðu við Engjadalsá.¹⁸⁷

Sigurður Bjarnason eigandi Oddsstaða og Vigfús Pjetursson eigandi Gullberustaða skrifuðu undir bréfið.

5.4.1.4 Hrísar

Landamerkjabréf Hrísa var samþykkt 22. október 1922 og var því þinglýst 30. júní ári síðar. Þar segir:

Að austanverðu sunnan úr Flókadalsá í klofasteina, að norðanverðu úr klofasteinum sjónhending í Grændali þaðan sjónhending í Rauðukeldu þaðan í Bliksteina úr Bliksteinum í Skógalæk að vestanverðu ræður Skógalækur niður fyrir Sjónarhól og þaðan úr Skógalæk í Flókadalsá, að sunnanverðu ræður Flókadalsá framá móts við áðurnefnda¹⁸⁸ klofasteina.¹⁸⁹

Björn Sigurbjarnarson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Júlíusi Bjarnasyni fyrir Skóga og Guðm. Bjarnasyni fyrir Hæli.

5.4.1.5 Þóreyjartungur

Landamerkjabréf Þóreyjartungna afréttarlands Lundareykjadalshrepps var samþykkt 2. júlí 1923, og var því þinglýst 7. júlí 1924. Þar segir:

Að norðan ræður merkjum bein stefna úr Oköxlinn vestanverðri í upptök Flóku – sjá sóknarskiptalínu á „Generalstabens topografiske kort” – svo ræður

¹⁸⁶ Skjal nr. 2(5).

¹⁸⁷ Skjal nr. 2(7).

¹⁸⁸ Leiðrétt hér.

¹⁸⁹ Skjal nr. 2(13).

Flóka merkjum þar til Sandfellskvíslin fellur í hana. Að suðvestan verðu ræður Sandfellskvíslin merkjum þar til hún skiftist, þá ræður Syðri-Sanfellskvíslin merkjum allt að upptökum, en úr upptökum hennar ræður bein stefna í há austur upp í Okið. Að norðaustan verðu ræður Okið merkjum.¹⁹⁰

Sigurður Jónsson samþykkti bréfið fyrir hönd Lundareykjadalshrepps, Sigurður Jakobsson fyrir hönd Andakílshrepps, Páll Þorsteinsson fyrir Steindórsstaði og Guðm. Bjarnason vegna Hæls.

Sjá nánar kafla 5.3.

5.4.1.6 Oddsstaðatunga

Landamerkjabréf Oddsstaða var skráð 29. maí 1885 var því þinglýst 3. júní 1891. Þar er merkjum Oddsstaða og Oddsstaðatungu lýst sameiginlega, en þar segir:

Fyrst úr miðjum sinuhólma, er liggur í Grímsá og beina sjónhending í svartaklett sem er klettasnös er stendur í vestrabarmi Djúpadals, svo ræður bein stefna í Efri-Þverbrekku vestari vestan í Reiðarfelli hinu vestra og þaðan beint í Engjadalsá. Síðan ræður sú á fram eftir öllu, allt að upptökum sínum og frá upptökum hennar er sjónhending í Fantófell. Úr áðurgreindum sinuhólma ræður Grímsá fyrir sunnan alla hólma uns Lambá fellur í hana, síðan ræður Lambá alt að upptökum sínum og svo er bein sjónhending í suðurrana Fantófjalls. Einnig á jörðin Oddsstaðir skógarítak fyrir sunnan vatn í Skorradal nefnd Oddsstaða-tunga, er liggur milli (Stafholtsskógs ?) Þófagils og staf Stafakollssk[ó]gs (sic)¹⁹¹

Árni Sveinbjarnarson skrifaði undir fyrir hönd jarðareiganda. Bréfið var samþykkt af Eiríki Gíslasyni á Lundi og Jóni Jónssyni eiganda og ábúanda Gullberastaða (handsalað Sigurði Þórðarsyni).

Sjá nánar kafla 5.5.

5.5 Oddsstaðatunga

Varðveittar eru vottaðar og dagsettar lögfestur fyrir Oddstöðum frá árunum 1666 og 1682. Þar er merkjum Oddsstaða lýst. Þessum lögfestum var lýst á þingum og hljóða svo:

(Landamerkje Oddstaða)

Eg Steinþór Sigurdsson Logfesti hjer i dag eignar jörd mína sem sex og þrjátju hundrud í jörduni Oddstöðum. Logfesti eg Akra og töður eingjar og skóga, hollt og haga, vötn og veidistaði og allar Landsnitjar, þær er þvj landi eiga að filgja til ummerkja þeirra er adrir men eiga í móti mér, að þessum. Ur Sinuhólma og á þrep, þaðann sjónhendíng í Svartaklett vestan til við Djúpadal, þaðan sjónhendíng nordur í Eingjadalsá, sídan ræður Eingjadalsá til

¹⁹⁰ Skjal nr. 2(12).

¹⁹¹ Skjal nr. 2(4).

hennar upptaka. Þaðan sjónhendíng í Fanntær, sídan ræður Lambá að austan til þess er Grímsá mætir, síðan ræður Grímsá að sunnan að öllum Oddstadahólum, til þess kémur að Sinuhólma áðurnefndum. Sömuleidis lögfesti eg Skógartúngu þá er liggur í Skorradal firir sunnan Vatn og Oddstaða Tunga er kölluð, að svo miklu sem vidvíkur jardarmagni firrnefndra þrjátju og sex hundraða í jörðunni Oddstöðum, firirbíð eg héðanaf hverjum manni í að vinna eða sér nitja, nema mitt sé lof eður leife til, að vitni allra ærlegra manna sem ord mín heira.

Þessi ofanskrifud lögfesta var upplesinn af Steinþóri Sigurdssini á Lundar manntalssamkomu deigi, þíngmönnum áheirandi þann 28^{da} Aprílis Anno 1666. til merkis vorar handskriftir. (Undirskrifuð nöfn). Torfi Steinþórsson Meh. Olafur Stephansson Meh. Jón Sigurdsson Meh. Bjarni Olafsson Eh.

Anno 1682 þan 14^{da} Marty að Oddstöðum í Lundareikadal tilsagdi Steinþór Sigurdsson Lögmanningum Sigurdi Björnsini til eignar téða jörd Oddstaði hvor öll að er XL hndr. ad dírleika með þessum ummerkjum það framast hann vissi firir hvorjum manni átölulauast halldast mætti, first úr Sinuhólma er liggur í Grímsá millum Brautartungu lands og Oddstaða og beint uppi opið merkigil vestur undan Torfadal, og so uppeptir í Svartaklett vestan til við Djúpadal. Þaðan sjónhending beint nordur í Eingjadalsá. Sídan ræður Eingjadalsá fram eptir öllu fjalli allt ad upptökum. Sídan ræður Lambá að austan merkjunum frá sínum upptökum allt til þess hún fellur í Grímsá sidan ræður Grímsá firir sunnan alla hólma, allt á firgreindann Sinuhólma, so og átölulausa veiði í Grímsá firir sínu landi, seigir hann tjeda jörd Oddstadi eiga. Jtem Auglisir Steinþór Sigurdsson optgreindri jördu filgi til eignar Skogarlands plats í Skorradal firir sunnan Vatnið sem nefnist Oddstaða tunga, og til taki strax firir vestann Þófagil og so vestur eptir allt að því gili sem merki séu millum Oddstaðatungu og Stafholtsskógs, so og auglisa fromir menn, Olafur Sigurdson og Gisli Þorbjarnarson, að þeir um sína tíð ei annars minnist eda viti en téð merki sé og hafi verið átölulaus, einkum það vidvíkur fjall lands merkjunum í kríng og so ad sunnan verdu allt á greindan Sinuholma ogso ádurgreindt Skógarpláts nefnd Oddstadatunga hafi átölulauast verið Oddstada eign. Þessu til merkis eru undirskrifuð nöfn í sama stað á ári og deigi sem fir seigir.

Undirskrifuð Nöfn Steinþór Sigurdsson með eh.
Olafur Sigvatsson handsaladi. Gísli Þorbjörnsson Meh.

Vidstaddir vorum vid undirskrifadir Gudmundur Sigurdsson með e h. Jón Jónsson e.h.

Jeg Sigurdur Björnsson lögfesti hér í dag eign mína alla jordina Oddstadi Fjörtju hundruð að dírleika er liggur í Sidra Reikjadal til Lunds að Kirkjusókn, lögfesti eg Akra og töður Eingjar og Skóga, hollt og haga, vötn og veidistöður og allar landsnitjar, þær er téðri jördu Oddstöðum eiga ad filgja og hennar landi, til ummerkja þeirra er adrir eiga í móti mér með réttu.

Nefnilega tiltakandi þessi ummerki, first ur Sinuhólma er liggur í Grímsá ad sunnanverdu, og beint uppí opið merkisgil, vestur undan Torfadall og so uppeftir því í Svartaklett vestan til við Djúpadal, þadan sjónhendíng beint nordur í Eingjadalsá sídan rædur sú á frameptir öllu fjalli allt ad sínum upptökum, en ad austan rædur Lambá merkjum frá hentar upptökum allt til þess hún fellur í Grímsá, sídan rædur Grímsá merkjum ofan eptir firir sunnan alla hólma, allt á firrgreindan Sinuhólma so og átölulausa veidi í Grímsá firir Oddstadalandi. Jtem á jörðin Oddstadir Skógarítak firir sunnan Vatn í Skorradal, nefndt Oddstadatunga, hvert eg til ummerkja lögfesti á næst umlidna Indridastada manntalsþíngi þan 24^{da} Aprílis þessa Ars Lögfesti eg að ordfullu og lögmáli réttu. firir bíd eg sjerhvirjum manni héðan af greinda jörd Oddstaði med hennar landi, eða serhvirju því henni með réttu filgir ad jrka, brúka, beita, í ad vinna eður ser að níta nema mitt sé lof edur leifi til, undir þær sektir sem á meíga seigjast med réttu, þessi mín lögfesta standi um 12 mánuði þá næstu og það leingur sem lög ei í móti mæla, vitna eg þessa Lögfestu til virdulegs syslumannsins Gudmundar Jónssonar, samt allra erlegra nærverandi þíngmana er ord món heira.

Undirskrifað nafn, Sigurdur Björnsson.

Þessi lögfesta var uplesinn af lögmanningum Sigurdi Björnssini a Saudatorfu leidar þíngi Ano 1682 þan 28^{da} July í áheirn þíngmanna til vitnis Undirskrifud nöfn. Gudmundur Jonsson eh. Bjarni Olafsson Meh. Halldor Runulfsson Meh. Þorvardur Magnusson Meh. Þordur Petursson Eh. Sturli Þórdarson Meh.

Anno 1682 Segstan hundruð áttatíu og tvö þan 24^{da} Aprílis ad settu mantalsþíngi á Indridastöðum í Skoradal oskadi og beiddist virdulegur Her. Lögmaðurinn Sigurdur Björnsson ad fromir menn nú nálægir hvurjer helst sem væri villdu opinberlega auglisa hvað þeir sannast vissu edur af skilríkum mönnum heirt hefði um þaug Skógarpláts hér í Skoradal hvurra annað eignað sé Jördunni Oddstöðum í Laundareikjadal nefndt Oddstadatunga en annad sem Stafholtskirkju til heirir nefndt Stafhollts Skógur, hvar helst þessi Skógarpláts lægie edur hvur merki þeirra séu og bera nú þessir frámu menn Bjarni Olafsson, Vermundur Arnason, Jón Jónsson og annar Jón Jónsson ad þeir vita átölulauust halldið hafa verið og jafnvel af sér elldri mönnum skilvísu heirt ad Oddstadatunga liggir sunnan við Skoradalvatn næst firir utan Þófagil, hvurt gil ad sé merkje millum Vatnsendaskógs og tédrar Oddstadatungu, síðan ad Stafholtsskógur sé þar næst firir utan, millum hvurs og Oddstadatungu sé landamerki gilid þarí millum, so framveigis að næst firir utan Stafholtsskóg, séu Margrétarskridur þennan sama Stafholtsskóg seigist Vermundur Arnason brúkað hafa í fjögur Ar eptir tilsögn og leifi sáluga S. Sigurdar Oddssonar sem þá héllt Skálhollts Stað. Jtem auglísir Jón Jónsson firnefndur búandi á Stálpastöðum að hann heirt hafi módur sína það seigja að sálugi S. Sigurdur Oddsson hefði léð föður hennar Hróbjarti Olafssini nær hann bjó a Brekku að Hvalfjardarströnd að höggva við uppá 2 hesta, hvað han

og gjört hafi í þessum firnefndum Stafholtsskógie. Þettað firirskrifað handsöludu firnefndir frómir menn og sérhvir firir sig Lögmanninum Sigurdi Björnssyni viljandi með góðri samvisku þar við standa hvar sem fram kémur, hvurju til merkis eru þeirra Skírnar nöfn undirskrifuð í sama stað Ari og deigi sem fir seigir.

Bjarni Olafsson meh. Jón Jonsson meh. Vermundur Arnason meh. Jón Jonsson Meh.

Eg undirskrifadur var vidstaddur þá þessi vitnisburdur var utgéfinn handsaladur og með eiginhöndum undirskrifadur af firrtédum frómum mönnum til merkis Anno

Anno die et loco ut supra Gudmundur Jónsson eh.

Eg Sigurdur Björnsson lögfesti hér í dag Skogarpláts nú liggjandi í Skoradal firir sunnan Vatn hvurrt annad er nefndt Oddstadatunga er eg kalla eign mína, en annað nefndt Stafholtsskógur er eg tilseigi af heidarlegum Kennimanni Síra Páli Gunnarssyni Stafholtsstaðar halldara. Lögfesti eg Skógar Jtök þessi til þeirra ummerkja sem frómra manna vitnisburdir hér fir skrifadir upphljóða. nefni eg að Þófragil rádi merkjum milli Oddstadatungu og Vatnsendaskógs, en að utan rádi gilið millum Oddstadatungu og Stafholts skógs, sídan Stafholts skogur firnefndur rádi útad Margrétarskridum. Firir bíd eg sérhvurium mann undir fullar lagasektir þessi firrtéd Skogar ítök að yrkja edur brúka, edur sér að níta nema mitt sé lof edur leifi til edur þeirra sem yfir Stafholts skogie forráð eiga, það hönum vidvíkur lögfesti eg að vitni Erlegra Dánumanna, hvurja eg bið sín nöfn hér undir að skrifa til vitnisburdar. Anno 1682 þan 24^{da} Aprílis á Jndridastaðamanntalsþíngi.

Sigurdur Björnsson

Vidstaddur var eg Gudmundur Jonsson eh. Oddur Eireksson med eh. Jón Jónsson meh. Jón Sigurdsson meh. Bjarni Olafsson meh.

Ad þettað hér allt firirskrifad á þessu bladi sé rétt coperad og samhljóðandi vid sinn handskrifadann orgínal medkenna undirskrifadir er samanlasu á Hvítarvöllum þan 30^{ast} May 1683. Halldór Arnason meh.

Björn Þorarinsson meh.

Ad þettað allt og sérhvir firir framan og ofanskrifad vidvikjandi Landamerkjum Jardarinnar Oddstaða Jtem Oddstadatungu og Stafholts skógs sé hér ordrétt skrifad og samanlesid vid sína Origínala og forskrifter medkenna undirskrifadir er samanlásu á Hvítarvöllum þan 21^{ta} Júní 1687.

Gudmundur Jonsson Eh. Sigurdur Björnsson.

Brinjólfur Jonsson meh.

Þessu framan og ofanskrifud ord voru rétt upplesinn sem þaug hljóða þíngsókninni vidverandi, til merkis ad Lundar settu manntalsþíngi þan 27^{da} Aprílis Anno 1719.

(Seitjanhundruð og nítján) Sigurdur Jonsson

Bjarni Jónsson JónSigurdsson
Bjarni Kaprasíusson Ögmundur Gíslason

Upplesinn firir Manntalsþingsréttinum á Lundi 6^{ta} July 1784.

Jón Eggertsson Prestur.¹⁹²

Í jarðabréfi, dagsettu 11. desember 1686 er jörðin Oddsstaðir seld. Þar er fjallað um Oddsstaðatungu í Skorradal. Þar segir:

1686, 11. desember.

Kristján konungur V staðfestir jarðaskipti, sem fram fóru á alþingi 8. Júlí 1686: Þórður Þorláksson biskup selur Sigurði Björnssyni lögmanni eftirfarandi Skálholtskirkjujarðir: *Hvítárvelli, Heggstaði, Búrfell*, allar í Borgarfirði. Hér í mót greiðir lögmaðurinn til dómkirkjunnar alla jörðina *Oddastaði* í Lundarreykjardal ásamt hjáleigunni *Kleppum* og skógarplássí í Skorradal, sem kallast Oddsstaðatunga.¹⁹³

Í kafla um Oddsstaði í jarðabók Árna og Páls árið 1708, er ekki minnst á Oddsstaðatungu.¹⁹⁴

Um selstöður og afréttarlönd í Lunds- og Fitjasóknum segir eftirfarandi í sóknalýsingu séra Benedikts Eggertssonar, frá árinu 1840:

31. *Selstöður* eiga fylgjandi jarðir: Lundur, Gullberastaðir, Oddsstaðir og Fitjar, samt kunna seltóftir víðar að finnast í heimalöndum en hvörgi eru þær nú brúkaðar og hafa ei verið nærsta mannsaldur og víða lengur nema á Lundi hefur selstaða brúkuð verið nærstu fimm ár. [...].

32. *Afréttarlönd*. Hvörgi eru hér almenningar til uppreksturs en frá ýmsum jörðum eru léð lönd þar til, þó ætíð þeim er víðlendust fjalllönd hafa að ljá sem eru í þessum sóknum Fitjar, Gullberastaðir, Lundur og Oddsstaðir.¹⁹⁵

Þann 21. maí 1840 lögfesti Sveinbjörn Arnason ábýlisjörð sína, Oddsstaði í Lundarreykjardal. Þar er merkjum Oddsstaða lýst og einnig fjallað um Oddsstaðatungu í Skorradal. Lögfesta Sveinbjörns hljóðar svo:

Eg Sveinbjörn Arnason lögfesti hér í dag ábýlisjörð mína Oddstadi í Lundareykjadal, eptir bón Eigandans Mr. Jóns Davidssonar í Hlíðarhúsum til þeirra ummerkja er þær Lögfestur og Afsalsbréf tiltaka, sem hann hefur mér í hendur feingid og nú skal greína. Fyrst úr Sinuhólma er liggur i Grímsá ad sunnanverdu og beint uppí opid merkisgil vesturundann Torfdal og svo uppeptir því í Svartaklett vestantil vid djúpadal, þaðann sjónhendíng beint nordur í Eingjadalsá, sídan rædur sú á frammeptir öllu fjalli, allt ad sínum upptökum. enn ad austan rædur Lambá merkjum frá hennar upptökum, allt til

¹⁹² Skjal nr. 2(15) a-b.

¹⁹³ Skjöl nr. 2(139) og 5(3).

¹⁹⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla (1982), bls. 211-212.

¹⁹⁵ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 271.

Þess hún fellur í Grímsá, síðann rædur Grímsá merkjum ofanneptir, fyrir sunnann alla hólma allt að fyrr greindum Sinuhólma svo og átölulausa veidi í Grímsá fyrir Oddstada landi. Einnig á Jördinn Oddsstadir Skógarítak fyrir sunnann vatn í Skoradal nefnt Oddstadatunga er liggur milli Þófagils og Stafholtsskógar. Fyrirbíð eg serhvörjum manni hjedanaf greinda Jörd Oddsstadi, með hennar landi eða sérhvörju því henni með rettu fylgir, að yrkja brúka edur beita, í að vinna edur sér að nyta, nema mitt sé lof edur leifi til, undir sektir sem á meíga seigiast með rettu.

Lund d. 21. Maí 1840

Sveinbiörn Arnason

Þinglyst a manntalsþingi að Lundi þ. 21. Maí 1840

innfærd í Borgarfjardar sýslu bréfabók vitnar

Haldor Einarsson

[...]

Framanskriðud Lögfesta er samanborin við eins og í henni tiltekur eldri Lögfestur, afsals og vitnisburðarbréf samín og utgefín á ofanverdri 17^{du} öld í tíð og að vitni Lögmánnssins Sigurðar Björnssonar og þinglyst að vitni sýslumanna, a Saudatorfu Leidarþingi 28. Julí 1682, Lunds manntalsþingum 27. apríl 1717 og 6. Julí 1784, vitnar

Haldor Einarsson

Bóndin Jón Þórdarson á Gullberastöðum áskildi sér, að upplesinni framanskriðadri Lögfestu Sveinbjarnar Arnasonar á Lundspíngi 21. Maí 1840, geimdan óspiltan Rétt til að frammkoma síðar með hans mótmæli móti Lögfestunni að því leiti sem honum tilheyrandi fram ritadir vitnisburðir um Gullberastada Landamerki sönnudu að Lögfest væri innýfir téðrar Jarda Landmerki.

in fidem

Haldor Einarsson.¹⁹⁶

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Oddsstaðir séu bændaeygn, metín á 800 ríkisbankadali.¹⁹⁷ Í sömu heimild segir ennfremur eftirfarandi:

[...] jörðin utrímsmikil til fjalls mest á einn veginn, haglendi á vetrum frammeptir gott og altjend þegar niðri nær, skógar högg í Oddstaðatúngu í Skorradal, mótak ekkert, torfrista slæm, landið víða skriðusamt.¹⁹⁸

Á manntalsþingi að Lundi 1. júní árið 1877 var þinglesið bann um upprekstur á fjalllönd Lundar, Oddsstaða og Gullberastaða frá 9. maí sama árs.¹⁹⁹

Landamerkjabréf Oddsstaða var skráð 29. maí 1885 og því þinglýst 3. júní 1891:

¹⁹⁶ Skjal nr. 2(16) a-b.

¹⁹⁷ Skjal nr. 2(41).

¹⁹⁸ Skjal nr. 2(41).

¹⁹⁹ Skjal nr. 2(130) a-b.

Fyrst úr miðjum sinuhólma, er liggur í Grímsá og beina sjónhending í svartaklett sem er klettasnös er stendur í vestrabarmi Djúpadals, svo ræður bein stefna í Efri-Þverbrekku vestari vestan í Reiðarfelli hinu vestra og þaðan beint í Engjadalsá. Síðan ræður sú á fram eftir öllu, allt að upptökum sínum og frá upptökum hennar er sjónhending í Fantófell. Úr áðurgreindum sinuhólma ræður Grímsá fyrir sunnan alla hólma uns Lambá fellur í hana, síðan ræður Lambá alt að upptökum sínum og svo er bein sjónhending í suðurrana Fantótfjalls.

Einnig á jörðin Oddsstaðir skógarítak fyrir sunnan vatn í Skorradal nefnd Oddsstaða-tunga, er liggur milli (Stafholtsskógs ?) Þófagils og staf Stafakollssk[ó]gs (sic)²⁰⁰

Árni Sveinbjarnarson skrifaði undir fyrir hönd jarðareiganda. Bréfið var samþykkt af Eiríki Gíslasyni á Lundi og Jóni Jónssyni eiganda og ábúanda Gullberustaða (handsalað Sigurði Þórðarsyni).

Í kaflanum um Oddsstaði í Lundareykjadalshreppi í fasteignamati Borgarfjarðarsýslu 1916 kemur fram að jörðin eigi upprekstur á afréttarland sveitarinnar og einnig eigi hún meir en nóg fjallland fyrir búpening enda sé nokkur upprekstur tekinn. Henni tilheyra einnig ýmsir fossar þ.á.m. Lambafoss [í Flókadalsá]. Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus og þinglesin. Þau eru dagsett 29. maí 1885.²⁰¹

Þann 19. apríl árið 1930 seldi Sigurður Bjarnason, bóndi á Oddsstöðum í Lundarreykjadal hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps fjallandið Oddsstaðatungu með öllum gögnum og gæðum fyrir fjögur þúsund krónur. Kaupsamningurinn hljóðar svo:

MB nr. 19-1931

Kaupsamningur um fjallendi

Sigurður Bjarnason, bóndi á Oddsstöðum í Lundarreykjadal í Borgarfjarðarsýslu og hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps í sömu sýslu gera svohljóðandi

Kaupsamning

1. Sigurður Bjarnason skuldbindur sig til að selja Lundarreykjadalshreppi fjallandið Oddsstaðatungu með öllum gögnum og gæðum. Landamerki Oddsstaðatungu eru: Að vestan, frá Lambárbug hjá fossinum sjónhending á Sandfell þar sem það er hæst. Að sunnan verðu Lambá úr Lambárbug það sem hún nær og þaðan sjónhendingu í suðurrana Fanntófalls. Þar sem Lambá greinist ræður syðsta kvísl hennar. Að norðan nær Engjadalsá.
2. Kaupverðið er 4000, - fjögur þúsund krónur, og greiðist það þannig: Kaupandi greiðir fyrir miðjan maí n.k. 3000, krónur þrjú þúdund.

²⁰⁰ Skjal nr. 2(4).

²⁰¹ Skjal nr. 2(21).

b. Greiði eftirstöðvar kaupverðsins 1000 kr., eitt þúsund krónur fyrir október lok n.k. Þegar kaupverðið er þannig greitt, á kaupandi heimting á að fá afsal fyrir eigninni.

3. Seljandi skuldbindur sig til þess að selja kaupanda í hendur full umráð yfir hinni seldu eign þegar fyrri greiðslan fer fram og hafa hana þá lausa úr ábúð

4. Seljandi skuldbindur sig ennfremur til að hafa nefnt fjallland laust undan verði þar sem hvílir á því ásamt heima jörðinni Oddsstöðum.

5. Mál, er rísa kunna út af samingi þessum, skulu sótt og varin fyrir gestarjetti Lundarreykjardalsþinghár og gangast aðilar undir að mæta með viku fyrirvara.

6. Samningur þessi er í tveim samhljóða eintökum.

Til staðfestu eru eiginhandarnöfn seljanda og hreppsnefndarmanna Lundarreykjadalshrepps fyrir hönd kaupanda.

Oddsstöðum, 19. apríl 1930.

Sigurður Bjarnason, Böðvar Jónsson, Magnús Sigurðsson, Þorsteinn Kristleifsson, Ari Guðmundsson.

Vitundarvottar:

Ármann Magnússon, Guðrún Benónýsdóttir.

Með því að Lundarreykjadalshreppur hefir greitt mjer að fullu kaupverð það sem um ræðir í 2. gr. framanritaðs kaupsamings, kr. 4000,00 = fjögur þúsund krónur, þá lýsi jeg hann rjettan eiganda að Oddsstaðatungu Lundarreykjadalshreppi upp frá þessum degi, og ber mjer að svara til vanheimilda.

Til staðfestu nafn mitt ritað í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Pt. Gullberastöðum, 18. desember 1930.

Siguður Bjarnason

Vitundarvottar:

Friðjón Þorsteinsson

Pjetur Sigfússon.

Móttekið 4/1' 31 og innfært í veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og þinglesturs á næsta manntalsþingi. G. Bjarnason.²⁰²

Þann 20. maí 1933 veitti sýslunefnd Lundarreykjadalshrepps leyfi fyrir því að selja mætti afréttarlandið Oddsstaðatungu.²⁰³

Þann 17. júní 1933 seldi hreppsnefnd Lundarreykjadalshreppsnefnd Andakílhrepps fjalllandið Oddsstaðatungu fyrir fjögur þúsund krónur. Kaupsamningurinn hljóðar svo:

Hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps í Borgarfjarðarsýslu og hreppsnefnd Andakílhrepps í sömu sýslu gera með sér svofeldan kaupsamning:

²⁰² Skjöl nr. 4(58), 4(82) og 4(90).

²⁰³ Skjal nr. 4(54).

1. Hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps skuldbindur sig til að selja hreppsnefnd Andakílshrepps fjalllandið Oddsstaðatungu, er hún keypti af Sigurði Bjarnasyni bónda á Oddsstöðum 1930 og jafnframt að viðurkenna austur landameki Gullberastaðatungu úr upptökum Fossár í suðurrana Fántófalls fyrir kr. 4000.00 – fjögur þúsund krónur.-

2. Kaupverðið greiði kaupandi þannig:

a. Við undirskrift þessa samings eða annan dag, sem oddvitar hreppsnefndanna koma sér saman um kr. 1000,00 – eitt þúsund krónur.

b. Tekur við kr. 3000,00 – þrjú þúsund krónum af láni, er Lundarreykjadalshreppur skuldar Búnaðarbanka Íslands í Rvík.

Þegar lánið hefir þannig verið greitt eða höfð nafnaskifti á Búnaðarbankaláninu gefur Lundareykjadalshreppur út afsal fyrir eigninni.

3. Seljandi greiði skatta alla og skyldur af hinni seldu eign til 1. júní þ.árs svo og vexti af láninu í Búnaðarbankanum til næsta vaxtagjaldaga.

4. Lönd hreppanna eins og þau verða við undirskrift þessa samnings skulu notuð og leituð í sameiningu framvegis eins og verið hefur hin síðari ár, en hlutföllum um skiftingu á kostnaði við fjallskil geta hreppsnefndirnar breytt ef fénaðartala breytist eða aðrar ástæður þykja fyrir hendi.

5. Hvorugur hreppurinn má leigja lönd sín né afnot þeirra, selja, girða eða gera annað, er máli skiftir nema samþykki hins fáist til.

Annar hreppurinn má þó girða minni girðingu fyrir sumarslátrunarfé, ef hinn fæst ekki til þátttöku, enda sé látið í þá girðingu hlutfallslega jafnmikill fénaður og er í öllu landinu. Sá fénaður, sem látinn er í þá girðingu er þó jafn fjallskilaskyldur og hann annars væri. Samþykki þess hreppsins, sem ekki tekur þátt í girðingunni þarf þó um legu girðingarinnar.

6. Kostnaður við girðingar, er gerður kunna að vera um löndin skulu kostaður af hreppunum í réttu hlutfalli við afnot þeirra af löndunum síðustu fimm árin áður en girðingar samþykkt er gerð, nema sérstaklega semjist um.

7. Ef annarhvor málsaðili brýtur samning þennan í nokkru liggja við alt að kr. 1000,00 - eitt þúsund krónur til hins.

8. Af samningi þessum skulu gerð þrjú samhljóða eintök og heldur sinn samningsaðili hvoru og hið þriðja leggst fram til þingslesnignar.

9. Til staðfestu eru eiginhandarnöfnd hreppsnefndarmanna úr viðkomandi hreppum rituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Gerð að Varmalæk 17. júní 1933.

Í hreppsnefnd Andakílshreppi:

Sigurður Jakobsson, Eiríkur Albertsson, Halldór Vilhjálms, Snorri Teitsson.

Í hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps

Ari Guðmundsson, Jóhannes Bjarnason, Vilhjálmur Hannesson.

[...]

Móttækið 25/1 '40 og innfært í veðmálsbækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og þinglestur á næsta manntalsþingi Lundarreykjadalshr.

Auðk. Ltr. B. nr. 334.²⁰⁴

Samþykki fyrir sölunni var skráð í fundargerð í hreppstjórabók Lundarreykjadalshrepps.²⁰⁵

Afsal frá Lundarreykjadalshreppi til Andakílshrepps var gefið út 8. janúar 1940. Sama dag voru landamerki fyrir Oddsstaðatungu undirrituð af fyrirsvarsmönnum beggja hreppa, Lundarreykjadalshrepps og Andakílshrepps. Landamerkjaskráin hljóðar svo:

Landamerki
Oddsstaðatungu.-

Að vestan: Úr Lambárbug hjá fossinum sjónhendingu í Eystra-Sandfell, þar sem það er hæst.

Að norðan: Engjadalsá frá fyrirgreindri stefnu, um Urriðatjörn í upptök Lambár, þar sem hún nær lengst upp í Okhryggina. Að sunnan: Lambá úr áðurnefndum upptökum niður í Lambárbug.

Gert að Gullberastöðum, 8. janúar 1940

Fyrir hönd Lundareykjadalshrepps:

Þorsteinn Kristleifsson, Ingimundur Ásgeirsson Þorsteinn Guðmundsson

Jóhannes Björnsson

Davíð Björnsson.

f.h. Andakílshrepps

Sigurður Jakobsson

Vegna Oddsstaða

Sigurður Bjarnason.

Móttekið 25/1 1940 til innfærslu í veðmálsbækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og þinglesturs á næsta manntalsþingi Lundarreykjadalshr.²⁰⁶

Í afsalinu segir:

Með því að Andakílshreppur hefir samkvæmt samningi þessum, 2. gr. a. liðs, greitt við undirritun samningsins kr. 1000,00- þúsund krónur- og samkvæmt b. lið sömu greinar, greitt að fullu þær kr. 3000.-, þrjú þúsund krónur, - lán í Búnaðarbanka Íslands, sem Lundarreykjadalshreppur skuldaði þar, þar með er greitt að fullu kaupverð Oddstaðatungu, lýsum við, hjer með, Andakílshrepp rjettan eiganda að Oddstaðatungu.

Gullberastöðum 8. jan. 1840

Í hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps

Þorsteinn Kristleifsson, Ingimundur Ásgeirsson, Þorsteinn Guðmundsson,

Jóhannes Björnsson, Davíð Björnsson.²⁰⁷

²⁰⁴ Skjöl nr. 4(59) og 4(97).

²⁰⁵ Skjal nr. 4(55).

²⁰⁶ Skjal nr. 4(81).

²⁰⁷ Skjöl nr. 4(60) og 4(98).

Í skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps eftir Ingimund Ásgeirsson, dags. 1. júní 1980, segir um Oddsstaðatungu:

3. Oddsstaðatunga.

Tungan var hluti af heimalandi Oddsstaða, enda áföst því. Elztu heimildir um landamerki Oddsstaða er lögfesta Steinþórs Sigurðssonar, eiganda Oddsstaða, líklega bónda í Álftártungu, (hann var sonarsonur sr. Ásgeirs Hákonarsonar á Lundi, er hefur efalítið átt Oddsstaði). Hún var „upplestin á Lundarmanntalssamkomu þann 28. apríl 1666 (16). Segir þar um norðurmerki Oddsstaða, eftir að vesturmörkunum hefur verið lýst: „...síðan ræður Engjadalsá til hennar upptaka, þaðan sjónhending í Fanntær, síðan ræður Lambá að austan til þess Grímsá mætir“. Orðalag lögfestunnar virðist bera þess vott, að hún sé samin eftir miklu eldri lögfestu. Örnefnið Fanntær er ekki lengur þekkt, en hefur efalítið verið við rætur Fanntófells eða jafnvel fellið sjálft. Landamerkjabréf fyrir Oddsstöðum, gert af sama Steinþóri Sigurðssyni 1682 (16) nefnir ekki Fanntær, en lýsir svo merkjum: „...síðan ræður Engjadalsá fram eftir öllu fjalli, allt að upptökum, þaðan ræður Lambá að austurmerkjum, allt til þess hún fellur í Grímsá“. Sama orðalag er í lögfestu Sigurðar lögmanns Björnssonar, þá eiganda Oddsstaða, er upplestin var á Sandatorfubingi 28. júní 1682 (16), og einnig í lögfestu Sveinbjarnar Árnasonar, bónda á Oddsstöðum, er þinglesin var á manntalsþingi að Lundi 21. maí 1840. (Hún er í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni). – 19. apríl 1930 seldi Sigurður bóndi Bjarnason á Oddsstöðum Lundarreykjadalshreppi Oddsstaðatungu (17) með svotöldum landamerkjum: „Að vestan frá Lambárbug hjá fossinum sjónhending í Sandfell, þar sem það er hæst. Að sunnan ræður Lambá úr Lambárbug, það sem hún nær, og þaðan sjónhending í suðurrana Fanntófells. Þar sem Lambá greinist ræður syðsta kvísl hennar. Að norðan ræður Engjadalsá“. Söluverð er kr. 4.000.00. Afsal var gefið af Sigurði Bjarnasyni til Lundarreykjadalshrepps 18. des. 1930 (18). 17. júní 1933 seldi Lundarreykjadalshreppur Andakílshreppi Oddsstaðatungu fyrir sama verð og hann hafði fyrir hana gefið. Afsal var gefið Andakílshreppi 8. janúar 1940 (19). Sama dag voru undirrituð svofelld landamerki fyrir Oddsstaðatungu og undirrituð af aðilum beggja hreppa, Lundarreykjadalshrepps og Andakílshrepps (20): „Að vestan: Úr Lambárbug hjá fossinum sjónhending í Eystra-Sandfell þar sem það er hæst. Að norðan: Engjadalsá frá fyrrgreindri stefnu, um Urriðatjörn í upptök Lambár, þar sem hún nær lengst upp í Okhryggina. Að sunnan: Lambá úr áðurnefndum upptökum niður í Lambárbug“. Þingfest 25. janúar 1940.²⁰⁸

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998 samþykktu hreppsnefndirnar að leggja tiltekin landsvæði inn í sjálfseignarstofnunina Ok. Í samþykkt hreppanna segir:

²⁰⁸ Skjal nr. 4(11).

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998²⁰⁹ var tekin til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga um stofnun sjálfseignarstofnunar um afréttarlönd Andakílshrepps og Lundareykjadalshrepps og skipulagsskrá fyrir stofnunina.

Hreppsnefndir Andakíls- og Lundarreykjadalshreppa samþykktu stofnun sjálfseignarstofnunar og fyrirbyggjandi skipulagsskrá. Munu hreppsnefndirnar leggja fram og afhenda endurgjaldslaust 500.000 krónur í reiðufé og eftiralin lönd sín, ásamt réttindum sem þeir tilheyrta til sjálfseignarstofnunarinnar:

Andakílshreppur leggur fram eftirtaldar eignir:

- a. Oddsstaðatunga.
- b. Gullberastaðaselsland.
- c. Lundartungu.

Lundarreykjadalshreppur leggur fram eftirtaldar eignir

- a. Land sunnan Fossár að Reyðarlæk, með honum austur að sýslumörkum Árness- og Borgarfjarðarsýslu, áður keypt af Reykhólts- og Þingvallakirkjum (Leirárdalir).
- b. Þóreykjartungur, áður keyptar af Reykholtskirkju.

Hreppsnefndirnar samþykkja þær fjárhagslegu skuldbindingar sem felast í 6. gr. og 11. gr. stofnskrárinnar þar segir m.a. svo:

Úr 6. gr. Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til uppreksturs samkvæmt 1. mgr. 5. gr. stendur óhöggð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem uppreksrarlands og fjallskil þar, þ.m.t. byggingu, viðhaldi og rekstri gangamannahúsa og girðinga, og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðir eru á landverð.

Úr 11. gr. Verði ágreiningur um hvort þau lönd sem hrepparnir afhenda sjálfseignarstofnuninni teljist fullkoin eignarlönd lagður fyrir dómstóla skuldbindur sá hreppur, sem leggur landið fram, sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málshöfðunina eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Brún, 2. apríl 1998.²¹⁰

Skjalið er undirritað af hreppsnefnd Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps.

²⁰⁹ Óskýrt í skjali.

²¹⁰ Skjal nr. 4(103).

Sama dag undirritaði hreppsnefnd Andakílshrepps yfirlýsingu um framlag sitt til sjálfseignarstofnunarinnar. Þar segir:

Yfirlýsing

Hreppsnefnd Andakílshrepps, kt. 420169-3969, samþykkti á fundi sínum 2. apríl 1998 að leggja fram og afhenda endurgjaldslaust 250.000 krónur í reiðufé og eftirtalin eignarlönd sín, ásamt réttindum sem þeim tilheyra, til sjálfseignarstofnunarinnar Ok:

- a. Oddsstaðatunga, sbr. afsal, dags. 8. janúar 1940.
- b. Gullberastaðaselsland, sbr. Hæraréttardóm nr. 193/1970
- c. Lundartunga, sbr. afsal 4. ágúst 1910.

Landamerki Oddsstaðatungu eru svo sem segir í kaupsamningi, dags. 18. desember 1930, og afsali dags. 8. janúar 1940, þinglýstu 25. janúar 1940.

Landamerki Gullberastaðaselslands eru svo sem segir í merkjaskrá þinglýstri á manntalsþingi á Lundi 1899 og samningi um landamerkin, dags. 17. júní 1933.

Landamerki Lundartungu er lýst í landamerkjabréfi, dags. 2. maí 1910, þinglýstu á manntalsþingi á Lundi 1910, og afsali, dags. 4. ágúst 1910.

Eignirnar eru afhentar með þeim kvöðum sem fram koma í skipulagsskrá fyrir sjálfseignanrstofnunina Ok sem fylgja yfirlýsingu þessari og teljast hluti hennar.

Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem eignarheimild sjálfseignarstofnunarinnar Ok að ofangreindum fasteignum.

Brún, 2. apríl 1998.

Í hreppsnefnd Andakílshrepps

[...]

Samþykki hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps vegna Oddsstaðatungu

[...] ²¹¹

Yfirlýsingunni var þinglýst 2. júní 1998 með þeirri athugasemd að afsalshafa skorti þinglýsta eignarheimild vegna Gullberastaðaselslands.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2004, Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla eftir Freysteinn Sigurðsson, segir svo í kafla um Lundarreykjadal:

Lundarreykjadalur liggur samhliða Skorradal að kalla og stefnir aust-suðaustur. Er hann nærri 25 km langur, frá Götuási og inn að Þverfelli, en heldur mjór, 1 ½ - 2 ½ km á breidd utan til, eða inn að Brautartungur, um 15 km innan við Götuás. Þar skiftist hann. Er stuttur dalur norðan megin, að *Grímsá*, en þröngur og hlykkjóttur dalur sunnan megin, upp með *Tunguá*,

²¹¹ Skjal nr. 4(100).

svokallaður Framdalur. Sunnan að Lundarreykjadal er svokallaður *Skorradalsháls*, en hann dregur raunar nafn af ýmsum þeim bæjum, er undir honum standa. [...] Hálsinn norðan megin dals er stundum kallaður *Lundarháls* einu nafni með utanverðum dalnum, en ekki mun það heiti þó eiga að réttu við nema hálsinn upp af Lundi. Hann er í yfir 300 m y. s. inn fyrir Oddsstaði og losar 400 m y. s. skammt utan við Lund (Lundarhnöttur). Dalsbotninn er í 30 – 50 m hæð y. s. inn undir Brautartungu, og var þar þakinn mýrum, en hækkar verulega innar og er í 140-200 m hæð y. s. innan til í Framdalnum. Þar er hálsinn norðan megin yfirleitt í 300-350 m hæð y. s., en þverskorið er fyrir dalinn í innri endann af *Þverfelli* (655 m y. s.). [...]

Innan við miðjan dal klýfur *Tungufellsmúli* (um 300 m y.s. á brúnunum) dalinn í tvennt, stuttan og grunnan með Grímsá að norðan, en langan og þröngan á köflum með Tunguá að sunnan. Er þar í þeim dal byggðin og leiðin „austur yfir fjall“ til Árneshings og Þingvalla. [...]

Til forna hét dalurinn *Syðri-Reykjadalur*, eða Reykjadalur syðri, til aðgreiningar frá Reykholtisdal, sem þá hét Nyrðri-Reykjadalur, eða Reykjadalur nyrðri.²¹²

Þann 5. nóvember 2008 gaf Þorsteinn Þorsteinsson á Skálpastöðum út samantekt um þróun eignarhalds á löndum Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Þar segir:

Þann 2. apríl, 1998, er sjálfseignarstofnuninni Ok komið á fót. Til hennar leggja Andakílhreppur og Lundarreykjadalshreppur allt það land sitt á fjalli, sem smalað er til Oddsstaðaréttar. (sjá merkjalýsingu hér að neðan) Tilgangur hreppanna var að tryggja þeim jörðum, sem þarna höfðu afréttarnot, allan áframhaldandi rétt til landa þessara, svo sem verið hafði síðan hrepparnir keyptu þessi svæði og lögðu til afréttar. Þetta var talið nauðsynlegt vegna þess að til stóð að sameina fjóra hreppa í Borgarfjarðarsýslu. Eðlilegt þótti að réttindi jarða til fjallbeitar og annara afréttarnota héldust hin sömu og verið hafði fyrir sameininguna. Það á sjálfseignarstofnunin að tryggja. Þetta var gert með fullu samþykki allra fjögurra sveitarstjórna. Skipulagsskrá Oks kveður á um fyrirkomulag og rekstur stofnunarinnar, sem og tengsl við sveitarstjórn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfesti skipulagsskrána þann 16. júní, 1998. [...]

Næst verður reynt að rekja eftir föngum eignarhaldssögu hvers hluta fyrir sig af Landareign Oks.

[...]

Eignarhaldssaga Oddsstaðatungu.

Oddsstaðir eru byggðir úr landnámi Björns Gullbera. Ljóst er að fjalllendið hefur verið hluti jarðarinnar svo langt aftur, sem heimildir ná. Í Sturlungu er

²¹² *Árbók Ferðafélags Íslands* (2004), bls. 125-126.

getið deilna um víðirif á fjalli milli eigenda Oddsstaða og Lundar. Það bendir til að jarðirnar eigi samliggjandi fjallendi á þeim tíma.

Einnig má geta þess að árið 1686 eru höfð eignaskipti; annarsvegar á Hvítárvöllum og Heggstöðum í Andakílshreppi, sem og Búrfelli í Hálsasveit, og hins vegar Oddsstöðum, ásamt þeim hjáleigum og ítökum sem þeirri jörð fylgdu. Slík makaskipti yrðu að teljast fráleit nema að fjallendið Oddsstaðatunga fylgdi, sem hluti af jörðinni, og einnig að það fjallendi sé talið mjög verðmætt.

Þá má benda á að í Sóknarlýsingu Lundar- og Fitjasókna, frá árinu 1846 segir um sóknir þessar að „Hvorgi eru hér almenningar til uppreksturs, en frá ýmsum jörðum eru léð lönd þar til, þó ei ætíð þeim er víðlendust fjalllönd hafa að ljá sem eru í þessum sóknum Fitjar, Gullberastaðir, Lundur og Oddsstaðir“.

Í sóknarlýsingunni er þess og getið að selstöður fylgi öllum þessum jörðum, sem taldar eru upp hér að framan, en selstöðu mátti ekki hafa í afrétti samkvæmt Grágás, og aðeins með leyfi allra eigenda samkvæmt Jónsbók.

Árið 1930 selur Sigurður Bjarnason, bóndi á Oddsstöðum, Lundarreykjadalshreppi Oddsstaðatungu, samkvæmt kaupsamningi, dags. 19. apríl það ár. Afsal er síðan gefið þann 18. desember 1930, og þinglýst 4. janúar 1931.

Árið 1933 selur Lundarreykjadalshreppur Andakílshreppi Oddsstaðatungu, með kaupsamningi dagsettum þann 17. júní það ár. Þeirri gerð er þinglýst þann 25. janúar, 1940, ásamt afsali, dagsettu 8. janúar það ár. Þann dag er einnig þinglýst landamerkjabréfi fyrir Oddsstaðatungu, undirritað samdægurs afsalinu.

Þegar Sjálfseignarstofnunin Ok er stofnsett, þann 2. apríl 1998, leggur Andakílshreppur fram þessa eign sína, sem hluta af stofnfé Oks.

[...]

Skálpastöðum 5. nóv. 2008. Þorsteinn Þorsteinsson.²¹³

5.5.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.5.1.1 Oddsstaðir

Oddsstaða er getið í Sturlungu. Þar segir:

Þórðr hét maðr ok var kallaðr rauðr. Hann bjó á Oddsstöðum upp frá Lundi. Hann var gildir bóndi. Finnrr hét sonr hans. Þeir váru þingmenn Kolbeins Tumasonar, ok var Finnrr löngum með honum.²¹⁴

²¹³ Skjal nr. 5(15).

²¹⁴ Íslendingasaga. *Sturlunga saga* I (1946), bls. 232.

Þar er einnig sagt frá því að Lundarmenn og Oddsstaðabændur „skildi á um víðirif á fjalli“.²¹⁵

Varðveittar eru vottaðar og dagsettar lögfestur fyrir Oddsstöðum frá árunum 1666 og 1682. Þar er merkjum Oddsstaða og ágreiningssvæðisins lýst með heildstæðum hætti.²¹⁶

Samkvæmt jarðabréfi, dagsettu 11. desember 1686 selur Sigurður Björnsson Oddsstaði í skiptum fyrir aðrar jarðir í eigu Skálholtskirkju:

1686, 11. desember.

Kristján konungur V staðfestir jarðaskipti, sem fram fóru á alþingi 8. Júlí 1686: Þórður Þorláksson biskup selur Sigurði Björnssyni lögmanni eftirfarandi Skálholtskirkjujarðir: *Hvítárvelli*, *Heggstaði*, *Búrfell*, allar í Borgarfirði. Hér í mót greiðir lögmaðurinn til dómkirkjunnar alla jörðina *Oddastaði* í Lundarreykjardal ásamt hjáleigunni *Kleppum* og skógarplássi í Skorradal, sem kallast Oddsstaðatunga.²¹⁷

Um selstöður og afréttarlönd í Lunds- og Fitjasóknum segir eftirfarandi í sóknalýsingu séra Benedikts Eggertssonar, frá árinu 1840:

31. *Selstöður* eiga fylgjandi jarðir: Lundur, Gullberastaðir, Oddsstaðir og Fitjar, samt kunna seltóftir víðar að finnast í heimalöndum en hvörgi eru þær nú brúkaðar og hafa ei verið nærsta mannsaldur og víða lengur nema á Lundi hefur selstaða brúkuð verið nærstu fimm ár. [...].

32. *Afréttarlönd*. Hvörgi eru hér almenningar til uppreksturs en frá ýmsum jörðum eru léð lönd þar til, þó ætíð þeim er víðlendust fjallönd hafa að ljá sem eru í þessum sóknum Fitjar, Gullberastaðir, Lundur og Oddsstaðir.²¹⁸

Þann 21. maí 1841 lögfesti Sveinbjörn Árnason ábylisjörð sína, Oddsstaði í Lundarreykjardal. Þar er merkjum Oddsstaða og ágreiningssvæðisins lýst með heildstæðum hætti.²¹⁹

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Oddsstaðir séu bændaeign, metin á 800 ríkisbankadali.²²⁰ Í sömu heimild segir enn fremur eftirfarandi:

[...]jörðin utrímsmikil til fjalls mest á einn veginn, haglendi á vetrum frammeptir gott og altjend þegar niðri nær, skógar högg í Oddstaðatúngu í Skorradal, mótak ekkert, torfrista slæm, landið víða skriðusamt.²²¹

Landamerkjabréf Oddsstaða var skráð 29. maí 1885 var þinglýst 3. júní 1891. Þar segir:

²¹⁵ Íslendinga saga. *Sturlunga saga* II (1948), bls. 6-7.

²¹⁶ Skjal nr. 2(15) a-b.

²¹⁷ Skjöl nr. 2(139) og 5(3).

²¹⁸ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 271.

²¹⁹ Skjal nr. 2(16) a-b.

²²⁰ Skjal nr. 2(41).

²²¹ Skjal nr. 2(41).

Fyrst úr miðjum sinuhólma, er liggur í Grímsá og beina sjónhending í svartaklett sem er klettasnös er stendur í vestrabarmi Djúpadals, svo ræður bein stefna í Efri-Þverbrekku vestari vestan í Reiðarfelli hinu vestra og þaðan beint í Engjadalsá. Síðan ræður sú á fram eftir öllu, allt að upptökum sínum og frá upptökum hennar er sjónhending í Fantófell. Úr áðurgreindum sinuhólma ræður Grímsá fyrir sunnan alla hólma uns Lambá fellur í hana, síðan ræður Lambá alt að upptökum sínum og svo er bein sjónhending í suðurrana Fantófjalls. Einnig á jörðin Oddsstaðir skógarítak fyrir sunnan vatn í Skorradal nefnd Oddsstaða-tunga, er liggur milli (Stafholtsskógs ?) Þófagils og staf Stafafkollssk[ó]gs (sic)²²²

Árni Sveinbjarnarson skrifaði undir fyrir hönd jarðareiganda. Bréfið var undirritað um samþykki vegna Lundar og Gullberustaða.

Í kaflanum um Oddsstaði í Lundareykjadalshreppi í fasteignamati Borgarfjarðarýslu 1916 kemur fram að jörðin eigi upprekstur á afréttarland sveitarinnar og einnig eigi hún meir en nóg fjallland fyrir búpening enda sé nokkur upprekstur tekinn. Henni tilheyrja einnig ýmsir fossar þ.á.m. Lambafoss. Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus og þinglesin.²²³

5.5.1.2 Lundartunga

Landamerkjabréf Lundartungu var skráð 2. maí 1910 og því var þinglýst 7. júní sama ár. Þar segir:

Landamerki fjallendisins Lundartunga eru þessi. Að norðan Flókadalsá og Syðri-Sauðfellskvísl allt uppí Ok sem ræður að austan, að sunnan Engjadalsá og að vestan Flókadalsá og Engjadalsá, ármótin. Þessum landamerkjum er jeg samþykktur bæði sem eigandi Gullberustaða og einnig fyrir hönd Lundarrekjadalshrepps að því er Þóreyjartungurnar snertir.²²⁴

Það var samþykkt af Vigfúsi Pjeturssyni sem eiganda Gullberastaða og fyrir hönd Lundareykjahrepps að því er varðaði Þóreyjartungur og Jóni Hannessyni vegna Oddsstaðalands.

Sjá nánar kafla 5.4.

5.5.1.3 Þóreyjartungur

Landamerkjabréf Þóreyjartungna afréttarlands Lundareykjadalshrepps var samþykkt 2. júlí 1923 var því þinglýst 7. júlí 1924. Þar segir:

Að norðan ræður merkjum bein stefna úr Oköxlinn vestanverðri í upptök Flóku – sjá sóknarskiftalínu á „Generalstabens topografiske kort” – svo ræður Flóka merkjum þar til Sandfellskvíslin fellur í hana. Að suðvestan verðu ræður Sandfellskvíslin merkjum þar til hún skiftist, þá ræður Syðri-

²²² Skjal nr. 2(4).

²²³ Skjal nr. 2(219).

²²⁴ Skjal nr. 2(10).

Sandfellskvíslin merkjum allt að upptökum, en úr upptökum hennar ræður bein stefna í há austur upp í Okið. Að norðaustan verðu ræður Okið merkjum.

Sigurður Jónsson samþykkti bréfið fyrir hönd Lundareykjadalshrepps, Sigurður Jakobsson fyrir hönd Andakílhrepps, Páll Þorsteinsson fyrir Steindórsstaði og Guðm. Bjarnason vegna Hæls.²²⁵

Sjá nánar kafla 5.3.

5.5.1.4 Afréttur Lunddæla og Ok

Sjá nánar kafla 5.7.

5.5.1.5 Gullberastaðaselsland

Sjá nánar kafla 5.6.

5.6 Gullberastaðaselsland

Árið 1709 lögfesti Hannes Halldórsson Reykholt „med kyrkjunnar Heimalondum Jordum eignum og Itókum.“ Í lögfestunni er m.a. getið um fimm hluti laxveiðar allrar í Grímsá og „Ósstemmu á Raudavatnsósi“.²²⁶

Lögfestan var lesin á manntalsþingum að Búrfelli 3. maí og að Reykholti 4 maí 1709. Þá var hún aftur lesin á manntalsþingum að Búrfelli 5. júní og Reykholti 6. júní 1730.

Í vísitásiðum fyrir Reykholt frá 1725 og 1732 segir m.a. að kirkjan eigi fimm hluti Grímsár, en þrír hverfi undan. Í vísitásiunum er ekki minnst á „Ósstemmu“ við Reyðarvatnsós.²²⁷

Árið 1739 lögfesti Finnur Jónsson eignir og ítök Reykholtssstaðar og er í lögfestunni getið um fimm hluti veiðar í Grímsá með nánari skýringum og „Ósstemmu á Raudavatnsósi“.²²⁸

Lögfestan var upplestin fyrir rétti að Reykholti 21. maí 1739 og aftur að Búrfelli og Reykholti vorið 1743.

Í vísitásiðum fyrir Reykholt frá 1751, 1759, 1781 og 1827 segir m.a. að kirkjan eigi fimm hluti Grímsár, en þrír hverfi undan. Í vísitásiunum er ekki minnst á „Ósstemmu“ við Reyðarvatnsós.²²⁹ Sama á við um úttekt á standi og ásigkomulagi kirkjunnar að Reykholti, ásamt hennar eignum og ítökum, frá 6. júní 1783.²³⁰

Um selstöður og afréttarlönd í Lunds- og Fitjasóknum segir eftirfarandi í sóknalýsingu séra Benedikts Eggertssonar, frá árinu 1840:

²²⁵ Skjal nr. 2(12).

²²⁶ Skjal nr. 2(64).

²²⁷ Skjöl nr. 2(57) og 2(58).

²²⁸ Skjal nr. 2(22).

²²⁹ Skjöl nr. 2(59), 2(60), 2(61) og 2(63).

²³⁰ Skjal nr. 2(69).

31. *Selstöður* eiga fylgjandi jarðir: Lundur, Gullberastaðir, Oddsstaðir og Fitjar, samt kunna seltóftir víðar að finnast í heimalöndum en hvörgi eru þær nú brúkaðar og hafa ei verið nærsta mannsaldur og víða lengur nema á Lundi hefur selstaða brúkuð verið nærstu fimm ár. [...].

32. *Afréttarlönd*. Hvörgi eru hér almenningar til uppreksturs en frá ýmsum jörðum eru léð lönd þar til, þó ætíð þeim er víðlendust fjalllönd hafa að ljá sem eru í þessum sóknum Fitjar, Gullberastaðir, Lundur og Oddsstaðir.²³¹

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 eru talin upp hlunnindi Reykholts, þar á meðal veiði í Grímsá:

Meðal margra hlynninda er talin 5/8 partar laxveiðar í Grímsá,²³²

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Gullberastaðir séu bændaeygn, metin á 600 ríkisbankadali.²³³ Í sömu heimild segir enn fremur eftirfarandi:

2. Gullberastaðir

Túnið fóðrar vel 6 kýr fyrir sérlega góða hyrðing og rækt og greiðslægt, útheyisslægjur hægar og heygott enn fremur litlar, og beutiland því nær ekkert heima, fjallland mikið og gott langt í burt, fyrir framan og sunnan Oddstaðaland þar selstaða góð og beit þegar niðri nær, ekkert til eldiviðar. og torfrista slæm, landbrot nokkur með ánni. og aurarennslí víða um landið.²³⁴

Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var Gullberastaðasel í byggð árin 1855, 1870, 1880, og 1890.²³⁵

Í Sálnaregistri Lundarkirkju 1864-1878 kemur eftirfarandi fram um búsetu í Gullberastaðaseli:

Gunnar Gunnarsson bóndi bjó þar, ásamt fjölskyldu sinni, árin 1864 og 1866-1869.

Guðmundur Guðmundsson bóndi bjó þar, ásamt fjölskyldu sinni, árin 1870-1871 en er orðinn húsmáður á Oddsstöðum árið 1872.

Eyjólfur Guðmundsson bóndi bjó þar, ásamt fjölskyldu sinni árið 1875.

Oddur Þorleifsson bóndi bjó þar ásamt eiginkonu sinni árið 1878.²³⁶

Á manntalsþingi að Lundi 22. maí 1868 var upplesin lögfesta eiganda Gullberastaða fyrir Gullberastaðatungum, fjallendi frá Gullberastöðum, dagsett 29.

²³¹ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 271.

²³² Skjal nr. 2(26).

²³³ Skjal nr. 2(41).

²³⁴ Skjal nr. 2(41).

²³⁵ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Leitarforsendur: „Gullberastaðir“ og „Borgarfjarðarsýsla“. Sjá manntal.is

²³⁶ Skjal nr. 2(128).

apríl 1868. Lögfestan hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar en hennar er getið í dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu 1868.²³⁷

Þann 20. júlí 1872 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

Ítök kirkjunnar eru:

[...]

6. Fimm hlutir allrar veiði í Grímsá enn 3ir hverfa frá og árstemma að Reidarvatnsósi brúkað og hefðað undir stadin af fráfarandi beneficiario með Lögfestu 11 Mai 1869.²³⁸

Árið 1876 lögfesti Þórður Þórðarson Jónassen, sóknarprestur að Reykjaholti og Stóraási, staðinn Reykjaholt með eftirnefndum kirkjunnar heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum. Þar segir:

„9 [...] Þá lögfesti eg og einnig fimm hluti allrar veiði í Grímsá í Borgarfirði, en þrír hlutir heyra öðrum til; nema að því leyti er nú skal telja: Reykjaholt á allan Hlaupa garð þar er nú kallast Strengir og 3 hluti árinna og veiðar fyrir norðan Miðberg, en það er Myrkhylur er nú kallast, (en fjórðung veiðar í honum), en fjórðung veiðar í honum eiga aðrir. Þá á og kirkjan aðeins fjórðung veiðar í Hörghyl og enn á hún alla ós stemmu að Reidarvatns ósi er eg einnig hér með lögfesti.“²³⁹

Lögfesta þessi var lesin á manntalsþingum vorið 1876 á Búrfelli, Sturlureykjum, Heggstöðum og Lundi.

Á manntalsþingi að Lundi 1. júní árið 1877 var þinglesið bann um upprekstur á fjalllönd Lundar, Oddsstaða og Gullberastaða frá 9. maí sama árs.²⁴⁰

Í Sálregistretri Lundarkirkju 1879-1885 kemur eftirfarandi fram um búsetu í Gullberastaðaseli:

Oddur Þorleifsson bóndi bjó þar ásamt eiginkonu sinni árin 1879-1881.

Björn Ólafsson bjó þar, ásamt fjölskyldu sinni, árið 1882.

Árin 1883-1884 bjó enginn í Gullberastaðaseli.

Jón Magnússon bóndi bjó þar, ásamt eiginkonu sinni, árið 1885.²⁴¹

Í Sálregistretri Lundarkirkju 1885-1891 kemur eftirfarandi fram um búsetu í Gullberastaðaseli:

Jón Magnússon bóndi bjó þar, ásamt eiginkonu sinni, árin 1885-1888.

Magnús Halldórsson bjó þar, ásamt eiginkonu sinni, árin 1889-1891.²⁴²

²³⁷ Skjal nr. 2(129) a-b.

²³⁸ Skjal nr. 2(71).

²³⁹ Skjal nr. 2(68).

²⁴⁰ Skjal nr. 2(130) a-b.

²⁴¹ Skjal nr. 2(128).

²⁴² Skjal nr. 2(128).

Í Sálnamegri Lundarkirkju 1892-1896 kemur eftirfarandi fram um búsetu í Gullberastaðaseli:

Magnús Halldórsson bjó þar, ásamt eiginkonu sinni, árin 1892-1895.

Páll Steingrímsson vinnumaður bjó þar, ásamt syni sínum, árið 1895.

Kristgeir Jónsson bjó þar, ásamt eiginkonu sinni, árið 1896²⁴³ ²⁴⁴.

Þann 28. maí 1895, var gerður kaupsamningur fyrir Gullberastaði. Kaupsamningurinn var lesinn á manntalsþingi þann 8. júní 1896. Þar segir:

Jón Jónsson bóndi á Gullberastöðum í Lundareykjadalshreppi í Borgarfjarðarsýslu gjöri kunnugt: að jeg með brjefi þessu sel og afsala Vigfúsi bónda Pjeturssyni á Gullberastöðum eignarhluta minn í nefndri jörð, 19 hndr. 30. ál. að fornu mat, með tiltölulegum hluta af 4 kúgildum 2 ásauðar og 2 kýrkúgildum, húsum og öllum gögnum og gæðum, er jörð þessari að rjettu lagi fylgja og eftir því sem segir í kaupsamningi þeim er við gjörðum 3. júní 1893, og með því að velnefndur Vigfús Pjetursson hefur fullnægt þeim skildögum, sem honum voru settir í kaupsamningnum og Árni Árnason tómthúsmaður í Hafnarfirði, sem nefndur eignarhlutimi í tjeðri jörð er veðsettur fyrir 1200 kr. láni, hefur hinsvegar gefið samþykki sitt til þeirrar færslu á láninu, er leiðir af eigendaskiftum, þá segi jeg nefndan Vigfús Pjetursson rjettan eiganda að tjeðum jarðaparti.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en jeg svara til lagariftingar.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og innsigli, og nöfn tilkvaddra vitundarvotta.

Gullberastöðum 28. maí 1895

Jón Jónsson

handsalað²⁴⁵

Þann 25. janúar 1896 var gefið út afsal fyrir Gullberastöðum og var það þinglesið þann 8. júní 1896. Þar segir:

Afsalsbréf

Jón Tómasson búandi á Hjarðarholti í Stafholtstungum í Mýrasýslu gjöri kunnugt að jeg með brjefi þessu sel og afsala Vigfúsi bónda Pjeturssyni á Gullberastöðum eign mín 4 hundr. og 90 álnir í Gullberastöðum liggjandi í Lundareykjadal í Borgarfjarðarsýslu með tilheyrandi kúgildi og húsum og öllum gögnum og gæðum er jörð þessari, að rjettu lagi fylgja, alt eftir því sem segir í kaupsamningi þeim er við gjörðum 20 júní næstliðið ár, og með því velnefndur Vigfús Pjetursson hefur fullnægt öllum þeim skildögum sem honum voru settir í kaupsamningnum. Þá segi jeg hann rjettan eiganda að ofanefndum jarðarhundruðum.

²⁴³ Þau bjuggu þar 31. desember 1896 svo þau hafa ekki flutt þaðan fyrr en árið 1897.

²⁴⁴ Skjal nr. 2(128).

²⁴⁵ Skjal nr. 4(92).

[...]

Þessu til staðfestu er nafn mitt og innsigli svo og nöfn tilkvaddra vitundarvotta.

Hjarðarholti 25. janúarmán 1896

Jón Tómasson²⁴⁶

Þann 9. maí 1899 veðsetti hreppsnefnd Andakílsahrepps Gullberastaðaselland fyrir 812 kr. bankaláni.²⁴⁷ Veðbréfið var þinglesið á manntalsþingi að Lundi þann 13. júní 1899.²⁴⁸

Á sama manntalsþingi var þinglesið landamerkjabréf „Gullberastaðasellands“. Landamerkjabréfið hefur ekki fundist en er getið með framangreindu orðalagi í dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu.²⁴⁹

Í kafla um Gullberastaði í fasteignamati Borgarfjarðarsýslu 1916 segir:

Upprekstur í heimafjalllandinu og upprekstrarlandi sveitarinnar. Afréttarland jarðarinnar liggur þvert yfir hálsinn norður að Engjadalsá.

[...]

Síðustu tíu árin hefur jörðin ekki verið seld en fjallland allmikið hefir verið selt undan jörðinni sem nefnist Gullberastaðatunga. Kaupverðið var kr. 900,00 Í landi jarðarinnar var bær sem nefndist Gullberastaðasel.

[...] ²⁵⁰

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 12. júní 1923 segir m.a.:

IV. Afréttarland hreppsins Leirárdalir.

Var mælt um landamerki milli afréttarlands Andkílinga Gullberastaðatungu og Leirárdalanna. Eftir talsverðar umræður var Ásgeiri á Reykjum falið að fara á þessar slóðir og athuga merkin og skýra þau upp og gjöra síðan merkjabrjef. Með öðrum manni frá Andkílingum – óskað eftir Sigurði á Varmalæk til þeirra starfa – . Og hefir Ásgeir fulla heimild til að ráðstafa þessu fyrir hreppsins hönd.²⁵¹

Landamerkjaskrá var gerð fyrir Gullberastaðatungu 17. júní 1923. Þar er landamerkjum lýst svo:

²⁴⁶ Skjal nr. 4(93).

²⁴⁷ Skjal nr. 2(81) a-b.

²⁴⁸ Skjal nr. 2(131) a-b.

²⁴⁹ Skjal nr. 2(108).

²⁵⁰ Skjal nr. 2(21).

²⁵¹ Skjal nr. 4(76).

„Að sunnan ræður Grímsá merkjum, alt austur þar til er hún fellur úr Reyðarvatni. Þaðan ræður Reyðarvatn, þangað sem Fossá fellur í það, og þaðan í norður bein sjónhending í hvílt þá, sem er í vesturenda Oksins.

Að vestan og norðan ræður Lambá merkjum frá því er hún fellur í Grímsá, og til þess, er hún kvíslast norður af Skotmannsfellinu.

Þaðan eru merki eftir beinni stefnu í suðvesturrana Fanntófells og í sjónhending þá úr mynni Fossár í Okið, sem um segir hér að ofan.“²⁵²

Landamerkjaskráin er undirrituð um samþykki vegna Lundarreykjadalshrepps, Oddsstaða og Reykja.

Ný landamerkjaskrá var gerð fyrir Gullberastaðatungu 2. júlí 1923. Þar er landamerkjum lýst svo:

„Að vestan og norðan ræður Lambá. Úr upptökum Lambár sjónhending í suðvesturrana Fanntófells, þaðan sjónhending í upptök Fossár.

Úr því ræður Fossá að Reyðarvatni. Reyðarvatn ræður að Grímsá.

Frá Reyðarvatni ræður Grímsá að Lambá þar sem hún fellur í Grímsá.“²⁵³

Landamerkjaskráin er undirrituð um samþykki vegna Andakílshrepps, Oddsstaða og Þverfells.

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 12. júní 1924 segir m.a.:

Rætt um landamerki milli Leirárdala og Gullberastaðatungu en engin ákvörðun tekin um það mál.²⁵⁴

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 12. júní 1926 segir m.a.:

Lesið upp og lagt fram landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu, samið af Oddvita Andakílshrepps, Sigurði Jakobssyni á Varmalæk, og undirritað af eiganda Oddsstaða, eiganda Þverfells.

Fundurinn telur eigi rétt að samþykkja bréf þetta fyrir hönd Lundarreykjadalshrepps að svo komnu máli, og vill leita frekari upplýsinga um málið úr fornum skjölum og frá kunnugum og skilríkum mönnum, og felur hreppsnefndinni að afla þeirra upplýsinga og halda sem best á rétti Lundarreykjadalshrepps.²⁵⁵

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 10. nóvember 1930 segir m.a.:

Fjallland. Oddviti mundi vilja ganga að samkomulagi um fjallland hreppanna, þannig að Andkílingar kaupi hálf Oddsstaðaland það, sem hreppurinn keypti í vor og láta þar með niðurfalla landaþrætumálið.

Tillaga frá Ara Guðmundssyni um að kjósa 3ja manna nefnd til að athuga málið frá öllum hliðum og gera tillögur fyrir vorhreppsskilafing var samþ. í

²⁵² Skjal nr. 4(73).

²⁵³ Skjal nr. 4(72).

²⁵⁴ Skjal nr. 4(88).

²⁵⁵ Skjal nr. 4(75).

einuhlj. og kosnir í nefndina án atkvæðagreiðslu: Þorsteinn Kristleifsson Gullberastöðum, Ari Guðmundsson Skálpastöðum og Magnús Siurðsson Arnþórsholti.²⁵⁶

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 19. júní 1932 segir m.a.:

2. Oddsstaðatunga. Rætt var um sölu á Oddsstaðalandi því sem hreppurinn keypti fyrir nokkrum árum. Eftir langar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá oddvita, og var samþ. með 11 atkv. gegn 5: „Fundurinn samþykkir að gengið sé að samningsuppkasti hreppsnefndanna frá 11. des. þ.á. með því skilyrði að Andkílingar svari fyrir 20. n.m.“²⁵⁷

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 29. október 1932 segir m.a.:

4. Afréttarmál: Lesið var upp bréf frá séra Eiríki á Hesti þar sem hann tilkynnir f.h. hreppsnefndarinnar í Andakílhreppi að hreppsfundur þar hafi fellt samningatillögur hreppsnefndaranna frá f.á., en samþykkt að bjóða Lunddælingum að kaupa Oddsstaðatungu fyrir kr. 4000.00- gegn því skilyrði að Lunddælingar viðurkenni landamerki Gullberastaðatungu nálega því sem Andkílingar hafa haldið fram áður. Umræður urðu miklar. Böðvar Jónsson bað um að þess væri skírt getið í bókum hreppsins að hann hefði aldrei verið „heigull“ í þessu máli. Hreppstjóri sagði að hann hefði einmitt alltaf verið „heigull“ í málinu, og það svo að hann hefði ekki sótt hreppsnefndarfundi úr af því. Svohljóðandi tillaga var samþ. með 14 atkv. til tilboðs Andkílinga um afréttarland hreppsins, en felur hreppsnefndinni að athuga möguleika á því að samningar geti tekist og heimilar nefndinni að leiða málið til lykta fyrir hreppsins hönd.²⁵⁸

Deilu hreppanna lauk með samkomulagi þann 17. júní 1933, en þá var gerður samningur um kaup Andakílhrepps á Oddsstaðatungu og samkvæmt kaupsamningnum skuldbatt hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps sig til þess að viðurkenna landamerki Gullberastaðatungu með tilteknum hætti.

Í kaupsamningum segir m.a.:

Hreppsnefnd Lundarreykjadalss í Borgarfjarðarsýslu og hreppsnefnd Andakílhrepps í sömu sýslu gera með sér svofeldan kaupsamning:

Hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps skuldbindur sig til að selja hreppsnefnd Andakílhrepps fjallandið Oddsstaðatungu, er hún keypti af Sigurði Bjarnasyni bónda á Oddsstöðum 1930 og jafnframt að viðurkenna austur landamerki Gullberastaðatungu úr upptökum Fossár í suðurrana Fántófells fyrir kr. 4000.00 – fjögur þúsund krónur.²⁵⁹

²⁵⁶ Skjal nr. 4(79).

²⁵⁷ Skjal nr. 4(77).

²⁵⁸ Skjal nr. 4(78).

²⁵⁹ Skjal nr. 4(59).

Í apríl árið 1965 voru lögð fram í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu vottorð nokkurra staðkunnugra einstaklinga um landamerki fyrir Gullberastaðatungu. Vottorðin eru öll dagsett á árunum 1923 – 1929. Þau eru eftirfarandi:

Jeg undirritaður sem hefi verið biðinn að segja álit mitt um landamerki fyrir Gullberastaðatungu, álit að þau sjeu þannig: Að norðan ræður Lambá að austan Kaldá og að sunnan Grímsá.

Akranesi 21. nóv. 1929

Gunnlaugur Torfason (sign)

Vitundarvottar:

Ingiríður Sigurðardóttir (sign)

Evtir beiðni, vel jeg lýsa landamerkjum Gullberastaðatungu; eftir eigin minni og eftir því sem jeg heyrði föður minn segja frá, hann bjó í Gullberastaðarseli í fimmtán ár um 1844-1869 og jeg var þá tólf ára er við fluttumst þaðan:

Að norðan réði Lambá, að sunnan Grímsá og að austan Kaldá.

Reykjavík þ. 11. nóv. 1929

Ingibjörg Gunnarsdóttir

(handsalað)

Vitundarvottar:

Þorsteinn Daníelsson (sign)

Lára Guðmundsdóttir (sign)

Jeg undirritaður hefi verið beðinn að gefa vottorð um landamerki Gullberastaðatungu að austan. Í sambandi við það skal jæg geta þess að jeg og kona mín Guðlaug Steingrimsdóttir vorum búsett í Gullberastaðaseli í 3 ár og var mjer alltaf sagt það að landamerkin væru um þá Álftakletta.

Reykjavík 19/9 1929

Virðingarfyllst

Magnús Magnússon (sign)

Gíslholti

Eftir því sem Árni heitinn Sveinbjarnarson á Oddastöðum sagði mér undirrituðum, þá eru merkin fyrir Gullberastaðatungu að austanverðu frá Fossá um Álftakletta og norður í Skurði.

Þar nær Oddsstaðaland og land það sem Reykholtskirkja átti, saman.

St. á Gullberastöðum 1. seft. 1929

Björn Jóhannesson (sign)

Þar sem jeg sem kunnug, hefi verið beðin að gefa álit mitt um landamerki Gullberastaðatungu, þá vil jeg taka það fram að það sem jeg man gleggst viðvíkjandi merkjum þeim er giltu í mínu ungdæmi er það, að Ósmóar fylgdu ekki tungu þessari, að öðru leiti minnir mig að merkin væru um Kaldá í Álftárkletta. Annað um merkin er mjer ekki í eins fersku minni og treystist ekki til að gefa frekari ábyggilegar upplýsingar.

Akranesi 21. nóv. 1929

Ingun Gunnarsdóttir

handsala H.E.

Vitundarvottar:

Gunnar Oddsson (sign)

Meðan jeg var vinnumaður á Oddsstöðum sagði Árni Sveinbjarnarson, húsbóndi minn, mjer þessi landamerki á Gullberastaðatungu: að norðan Lambá að Grímsá, þá Grímsá að Kaldá, þá Kaldá að læknum sem rennur úr eystri Skotmannstjörninni og um hana í læk þann sem rennur ofan Álftaklettasund og út úr Álftaklettasundi í Lambá, þar sem kvislin að norðan, sú með fossinum rennur í Lambá.

Heyrði jeg aldrei á orðum manna önnur takmörk en þessi á Gullberastaðatungu.

Reykjavík, 5. oktb. 1929

Gunnlaugur Magnússon

Þegar ég var í Lundarreykjadal í ungdæmi mínu, heyrði ég alltaf að Kaldá réði merkjum að austanverðu fyrir Gullberastaðatungu.

Meðal þeirra, sem sögðu mér þetta, var Ásmundur Gunnarsson í Múlakoti, sem var nauðakunnugur á þessum slóðum.

Staddur á Stóra-Kroppi 29. okt. 1929

Eggert G. Waage (sign)

Um og eftir 1880 var ég fjögur ár vinnumaður í Gullberastaðaseli, þá heyrði ég landamerkjum þar lýst þannig. Að austan réði Kaldá og um Álftakletta. Lambá réði að vestan.

Staddur á Stóra-Kroppi 8. des. 1929

Markús Jónsson (sign)

Vottar: Guðný Kristleifsdóttir

Sigurbjörg Jakobsdóttir

Bitru í Flóa

14. jan. 1924.

[...]

Árni sálaði á Oddstöðum skírði mjer frá landamerkjum Gullberustaðatungu þannig: að norðvestan Lambá, úr Grímsá., svo leingi sem farveg hennar irði fyllt greinilega, þaðan beina stefnu í Fantófell, að suðaustan sem þú spirð mig sjerstaklega um. Fossá frá Reyðarvatni sem hennar farveg vestur verður haldið, svo beina stefnu í Fantófell.

Þessa um sögn Árna heitins tók ég fullkomlega gilda, þessum landamerkjum gat engin verið kunnari, fæddur þarna og uppalin, og að öllum líkindum ein hverntíma verið með í svo kallaðri landamerkjaárið. Enda sannar nafn landsins einmitt svona löguð merki.

Frekari upplýsingar get ég ekki gefið.

Vertu marg blessaður

þinn gamli

Kristgeir (sign)

Árið 1878 fluttist ég frá Heiðarbæ í Þingvallasveit að Gullberastaðaseli í Lundarreykjadalshreppi. Þar bjó ég í fjögur ár. Eigandi Gullberastaðasels var þá Jón heitinn Jónsson á Gullberastöðum. Hann sagði mér að merkin að suðaustanverðu fyrir Gullberastaðatungu væru um há Álftakletta sjónhendingu í Fanntófell. Þetta man ég mjög skýrt.

Slægjur sagði Jón að ég mætti nota í Álftaklettasundi vestanvert við Álftakletta. Jarðarafnot sunnar, eða austar voru mér ekki leyfð.

Þetta votta ég við drengskap minn.

Rauðagili 1. nóv. 1929

Oddur Þorleifsson

Að Oddur Þorleifsson hafi af fúsum og frjálsum vilja framanritaðar upplýsingar og undirritað þær með eigjin hendi vottum við undirritaðir hjer með.

Páll Þorsteinsson (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign).

Árni Sveinbjarnarson á Oddsstöðum, sagði mér undirrituðum að merkin fyrir Gullberastaðatungu að austanverðu væru frá Fossá norður melana (fyr) rétt fyrir austan Álftakletta og norður í suðvestustu kvíslina í Lambá, þar sem hún dregst saman í Skurðum. Þar fyrir austan náði Oddsstaðaland og Reykholtskirkjuland saman.

Iðunnarstöðum 28. júlí 1929.

Magnús Gunnlaugsson (sign)

Rauðagili 24/6'23

[...]

Sem svar upp á bréf frá þér sem jeg meðtók í dag upp á merki á Gullberastaðatungunni merkinn, voru þegar ég var þar úr Fossár upptökum beina stefnu síðst í Fantófell á bréfinu frá þér sínist mér að þið vitið umm merki annarsstaðar kringumm Tunguna. Láttu aungann sjá þettað ljóta klór jeg bið þig að taka viljann fir verkið.

alúðar kveðja til þín og þinna

Oddur Þorleifsson (sign)²⁶⁰

Þann 2. desember 1971 dæmdi Hæstaréttur í máli nr. 193/1970 um veiðiréttindi í Reyðarvatni. Niðurstaða dómsins var eftirfarandi:

Veiðifélagið Báskógar s/f, eigandi Þverfells í Lundarreykjadalshreppi, á botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, fyrir landi jarðarinnar frá Grímsárósi og að mynni Reyðarlækjar og svo veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ef því er að skipta.

Andakílshreppur á botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, frá Grímsárósi að Fossármynni og svo veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ef því er að skipta.

Svo segir orðrétt:

²⁶⁰ Skjal nr. 4(108).

„Af gögnum málsins, sem rakin eru í dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 20. október 1967, verður ekki ráðið, hvort lönd Lundarreykjadalshrepps, sem liggja að Reyðarvatni á svæðinu frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar, eru fullkomin eignarlönd hreppsins eða einungis afréttareign, og er málið eigi fullreifað að þessu leyti. Að svo vöxnu máli verður eigi lagður dómur á kröfu Lundarreykjarhrepps um vatns- og botnsrétt í Reyðarvatni. Samkvæmt þessu ber að telja að Lundarreykjadalshreppur eigi veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, á svæðinu frá Fossármynni að mnni Reyðarlækjar, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, svo og veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsvæði, ef því er að skipta.“²⁶¹

Í skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps eftir Ingimund Ásgeirsson, dags. 1. júní 1980, segir um Gullberastaðatungu:

4. Gullberastaðatunga. Gullberastaðaselsland.

Gullberastaðatunga er á milli Lambár að vestan og norðan, Grímsár að sunnan og Kaldár að austan. Sú kenning, að Gullberastaðatunga hafi verið talin ná austur að Fossá, fullyrði ég, að sé röng, enda þótt sumir hafi látið hafa það eftir sér. Má þar vel um tala, því að ég þekkti menn, sem fæddir voru fyrir miðja 19. öld og voru fæddir og uppaldir á Reykjum, en land Reykja liggur að Grímsá að sunnan, og töldu þeir Kaldá vera austurmörk Gullberastaðatungu. Sjáfur er ég þarna mjög kunnugur frá barnæsku til fullorðinsára, annaðist ásamt öðrum smalanir Reykjalands, gegnt Gullberastaðatungu, og vörzlu gegn ágangi stóðhrossa af afrétti, og var alltaf, undantekningarlaust, talið, að Gullberastaðatunga næði einungis fram að kaldá, og talað um, að skepnur væru fremst á tungunni, ef þær voru skammt vestan Kaldár. Ýmis vottorð frá fólki uppöldu í Gullberastaðaseli eru einnig þessu til stuðnings (21), og frá fleirum, en einnig finnast vottorð um, að Gullberastaðatunga hafi náð að Fossá, en þau hygg ég á misminni byggð, enda sum gefin af mönnum, er áttu skamma viðdvöl í Gullberastaðaseli, og eftir langa fjarvist þaðan. Hinsvegar eignuðu Gullberastaðamenn sér, stundum a.m.k., land lengra austur en að Kaldá og líklega allt til Fossár, kemur það m.a. fram í því að talað er um Gullberastaðatungur af eiganda Gullberastaða í lögfestu þinglesinni á Lundi 22. maí 1868. Lögfestu skjalið er glatað, en lögfestunnar er getið í dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu 1868 (22). Nafnið Gullberastaðatungur mun hvergi annarsstaðar koma fyrir og aldrei hafa tíðkast í munnni manna. Gullberastaðir hafa þó að líkindum átt land austur fyrir Kaldá, e.t.v. að Fossá; var það þá að líkindum allt land Gullberastaðasels, eftir að byggð hófst þar upp úr miðri 19. öld, líklega 1854. Þó er svo að sjá af vottorðum, að ekki hafi þeim alltaf verið heimil not af landi austan Kaldár (22). Byggð hélzt í Gullberastaðaseli með nokkrum hléum til vors 1897. Gullberastaðatunga eða land Gullberastaðasels var alltaf talinn hluti af heimalandi Gullberastaða.

²⁶¹ Skjal nr. 1(14).

Landsvæði þetta var selt Andakílshreppi af ábúanda Gullberastaða, Vigfúsi Péturssyni, árið 1898 heldur en snemma árs 1899. Kaupbréfið er ekki til, það hefur aldrei verið þinglesið, svo að séð verði, en frumrit, sem Andakílshreppur hlýtur að hafa átt, hefur brunnið í eldsvoða á Hvanneyri 6. okt. 1903, en þar eyðilögðust öll skjalagögn Andakílshrepps. Um eyðileggingu sýsluskjala hefur oftlega verið getið hér að framan. Ekki er vitað um kaupverð, en mig minnir, að í æsku minni heyrði ég talað um það hefði verið kr. 1.200.00, en ekki vil ég fullyrða þetta. Má að vísu segja, að líkindi séu til, að það hafi einungis verið kr. 800.00, því að á manntalsþingi á Lundi 13. júní 1899 (23) var þinglesið veðbréf frá Andakílshreppi, dags. 9. maí þ. á. „fyrir 812 króna bankaláni með veði í Gullberastaðaselli“. Á sama manntalsþingi var þinglesin landamerkjaskrá Gullberastaðasells (23). Í sveitabók Andakílshrepps 1904 og næstu ár er „Gullberastaðasel“ talið meðal eigna sveitarfélagsins (24). Má af þessu draga þau líkindi eða fulla vissu, að eigandi Gullberastaða hafi selt Gullberastaðaselland (eða Gullberastaðaselli), en ekki tilgreint Gullberastaðatungu sérstaklega í sölubréfi. Um landamerki þess lands, er Gullberastaðabóndi seldi, varð síðar (1923-1933) deila milli Lundarreykjadalshrepps og Andakílshrepps, að því er tók til austurmarkanna. Sagnir gengu og um það, að Reykholtssel hefði staðið á landi því, er um var deilt, og jafnvel vísað til tveggja staða þar, sem Reykholtssel hefði verið. Annar var á hólí rétt norðan þar, sem Grímsá fellur úr tjörn (Óstjörn) neðan við Reyðarvatnsós; þar eru rústir. Sumir nefna hólinn Skálahól og telja að þar hafi verið kofi þeirra, er stunduðu veiði með ástemmu (eða ósstemmu), og getið er um sem ítaks Reykholtskirkju þegar um eða eftir 1200. Uppgröftur rústanna myndi sjálfsagt leiða í ljós hverskonar byggingar hafa verið reistar þar, en meiri sýnast þær en að þar hafi aðeins staðið veiðimannakofi. Hinsvegar gat varla verið um verra selstæði að gera, því að mývargur er óskaplegur við Reyðarvatnsós, og oftlega engri skepnu vært þar af þeim sökum. Aðrir (t.d. Jón Jónsson, er var vinnupiltur á Gullberastöðum í mörg ár, f. 1873, d. 1968), vísuðu til Reykholtssels nálægt Kaldárhöfða, en ekki er nú vitað um rústir þar. Einn staður enn var tilgreindur, þar sem Reykholtssel skyldi hafa staðið, en það var utan þess svæðis og verður að því vikið í 5. kafla. Deilunni um, hvar merkin væru, lauk með samningsgerð 17. júní 1933 (19), og voru þau ákveðin úr upptökum Fossár í suðurrana Fanntófalls.

Áður en búseta hófst í Gullberastaðaseli, og líklega einnig eftir það í nokkur ár, hafði Gullberastaðabóndi þar í seli, sennilega um langan aldur, og einnig að sögn sauðfé sitt þar á hausti og fram eftir vetri og þess þá gætt af fjármönnum, er höfðu vist í selhúsunum.²⁶²

²⁶² Skjal nr. 4(11).

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílhrepps og Lunda­reykjadalshrepps 2. apríl 1998 samþykktu hreppsnefndirnar að leggja tiltekin landsvæði inn í sjálfseignarstofnunina Ok. Í samþykkt hreppanna segir:

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílhrepps og Lunda­reykjadalshrepps 2. apríl 1998²⁶³ var tekin til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga um stofnun sjálfseignarstofnunar um afréttarlönd Andakílhrepps og Lunda­reykjadalshrepps og skipulagsskrá fyrir stofnunina.

Hreppsnefndir Andakíls- og Lunda­reykjadalshreppa samþykktu stofnun sjálfseignarstofnunar og fyrirliggjandi skipulagsskrá. Munu hreppsnefndirnar leggja fram og afhenda endurgjaldslaust 500.000 krónur í reiðufé og eftiralin lönd sín, ásamt réttindum sem þeir tilheyra til sjálfseignarstofnunarinnar:

Andakílhreppur leggur fram eftirtaldar eignir:

- a. Oddsstaðatunga.
- b. Gullberastaðaselsland.
- c. Lundartungu.

Lunda­reykjadalshreppur leggur fram eftirtaldar eignir

- a. Land sunnan Fossár að Reyðarlæk, með honum austur að sýslumörkum Árness- og Borgarfjarðarsýslu, áður keypt af Reykhólts- og Þingvallakirkjum (Leirárdalir).
- b. Þóreykjartungur, áður keyptar af Reykholtskirkju.

Hreppsnefndirnar samþykkja þær fjárhagslegu skuldbindingar sem felast í 6. gr. og 11. gr. stofnskrárinnar þar segir m.a. svo:

Úr 6. gr. Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til uppreksturs samkvæmt 1. mgr. 5. gr. stendur óhöggðuð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem uppreksrarlands og fjallskil þar, þ.m.t. byggingu, viðhaldi og rekstri gangamannahúsa og girðinga, og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðir eru á landverð.

Úr 11. gr. Verði ágreiningur um hvort þau lönd sem hrepparnir afhenda sjálfseignarstofnuninni teljist fullkoin eignarlönd lagður fyrir dómstóla skuldbindur sá hreppur, sem leggur landið fram, sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málshöfðunina eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Brún, 2. apríl 1998.²⁶⁴

²⁶³ Óskýrt í skjali.

²⁶⁴ Skjal nr. 4(103).

Skjalið er undirritað af hreppsnefnd Andakílhrepps og Lundarreykjadalshrepps.

Sama dag undirritaði hreppsnefnd Andakílhrepps yfirlýsingu um framlag sitt til sjálfseignarstofnunarinnar. Þar segir:

Yfirlýsing

Hreppsnefnd Andakílhrepps, kt. 420169-3969, samþykkti á fundi sínum 2. apríl 1998 að leggja fram og afhenda endurgjaldslaust 250.000 krónur í reiðufé og eftirtalin eignarlönd sín, ásamt réttindum sem þeim tilheyra, til sjálfseignarstofnunarinnar Ok:

- a. Oddsstaðatunga, sbr. afsal, dags. 8. janúar 1940.
- b. Gullberastaðaselsland, sbr. Hæstaréttardóm nr. 193/1970
- c. Lundartunga, sbr. afsal 4. ágúst 1910.

Landamerki Oddsstaðatungu eru svo sem segir í kaupsamningi, dags. 18. desember 1930, og afsali dags. 8. janúar 1940, þinglýstu 25. janúar 1940.

Landamerki Gullberastaðaselslands eru svo sem segir í merkjaskrá þinglýstri á manntalsþingi á Lundi 1899 og samningi um landamerkin, dags. 17. júní 1933.

Landamerki Lundartungu er lýst í landamerkjabréfi, dags. 2. maí 1910, þinglýstu á manntalsþingi á Lundi 1910, og afsali, dags. 4. ágúst 1910.

Eignirnar eru afhentar með þeim kvöðum sem fram koma í skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Ok sem fylgja yfirlýsingu þessari og teljast hluti hennar.

Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem eignarheimild sjálfseignarstofnunarinnar Ok að ofangreindum fasteignum.

Brún, 2. apríl 1998.

Í hreppsnefnd Andakílhrepps

[...]

Samþykki hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps vegna Oddsstaðatungu

[...] ²⁶⁵

Yfirlýsingunni var þinglýst 2. júní 1998 með þeirri athugasemd að afsalshafa skorti þinglýsta eignarheimild vegna Gullberastaðaselslands.

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar IV* frá árinu 1998 er að finna ábúendatal fyrir árin 1880-1995. Þar segir að Gullberastaðasel í Lundarreykjadalshreppi sé „Húsmennskubýli með grasnyt í fjalllandi Gullberastaða“. Þar kemur fram að búseta

²⁶⁵ Skjal nr. 4(100).

hafi verið í Gullberastaðaseli á árunum 1878 – 1897, með þeirri undantekningu að engin byggð hafi verið þar 1883 – 1884. Engin byggð hafi síðan verið þar frá 1897.²⁶⁶

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2004, Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla eftir Freysteinn Sigurðsson, segir svo í kafla um Lundarreykjadal:

Lundarreykjadalur liggur samhliða Skorradal að kalla og stefnir aust-suðaustur. Er hann nærri 25 km langur, frá Götuási og inn að Þverfelli, en heldur mjór, 1 ½ - 2 ½ km á breidd utan til, eða inn að Brautartungur, um 15 km innan við Götuás. Þar skiftist hann. Er stuttur dalur norðan megin, að *Grímsá*, en þröngur og hlykkjóttur dalur sunnan megin, upp með *Tunguá*, svokallaður Framdalur. Sunnan að Lundarreykjadal er svokallaður *Skorradalsháls*, en hann dregur raunar nafn af ýmsum þeim bæjum, er undir honum standa. [...] Hálsinn norðan megin dals er stundum kallaður *Lundarháls* einu nafni með utanverðum dalnum, en ekki mun það heiti þó eiga að réttu við nema hálsinn upp af Lundi. Hann er í yfir 300 m y. s. inn fyrir Oddsstaði og losar 400 m y. s. skammt utan við Lund (Lundarhnöttur). Dalsbotninn er í 30 – 50 m hæð y. s. inn undir Brautartungu, og var þar þakinn mýrum, en hækkar verulega innar og er í 140-200 m hæð y. s. innan til í Framdalnum. Þar er hálsinn norðan megin yfirleitt í 300-350 m hæð y. s., en þverskorið er fyrir dalinn í innri endann af *Þverfelli* (655 m y. s.). [...]

Innan við miðjan dal klýfur *Tungufellsmúli* (um 300 m y.s. á brúnunum) dalinn í tvennt, stuttan og grunnan með *Grímsá* að norðan, en langan og þröngan á köflum með *Tunguá* að sunnan. Er þar í þeim dal byggðin og leiðin „austur yfir fjall“ til *Árnesþings* og *Þingvalla*. [...]

Til forna hét dalurinn *Syðri-Reykjadalur*, eða *Reykjadalur syðri*, til aðgreiningar frá *Reykholtsdal*, sem þá hét *Nyrðri-Reykjadalur*, eða *Reykjadalur nyrðri*.²⁶⁷

Þann 5. nóvember 2008 gaf Þorsteinn Þorsteinsson á Skálpastöðum út samantekt um þróun eignarhalds á löndum Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Þar segir:

Þann 2. apríl, 1998, er sjálfseignarstofnuninni Ok komið á fót. Til hennar leggja Andakílshreppur og Lundarreykjadalshreppur allt það land sitt á fjalli, sem smalað er til Oddsstaðaréttar. (sjá merkjalýsingu hér að neðan) Tilgangur hreppanna var að tryggja þeim jörðum, sem þarna höfðu afréttarnot, allan áframhaldandi rétt til landa þessara, svo sem verið hafði síðan hrepparnir keyptu þessi svæði og lögðu til afréttar. Þetta var talið nauðsynlegt vegna þess að til stóð að sameina fjóra hreppa í Borgarfjarðarsýslu. Eðlilegt þótti að réttindi jarða til fjallbeitar og annara afréttarnota héldust hin sömu og verið hafði fyrir sameininguna. Það á sjálfseignarstofnunin að tryggja. Þetta var gert með fullu samþykki allra fjögurra sveitarstjórna. Skipulagsskrá Oks kveður á

²⁶⁶ *Byggðir Borgarfjarðar* IV (1998), bls. 132.

²⁶⁷ *Árbók Ferðafélags Íslands* (2004), bls. 125-126.

um fyrirkomulag og rekstur stofnunarinnar, sem og tengsl við sveitarstjórn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfesti skipulagsskrána þann 16. júní, 1998.

[...]

Næst verður reynt að rekja eftir föngum eignarhaldssögu hvers hluta fyrir sig af Landareign Oks.

[...]

Eignarhaldssaga Gullberastaðaselslands.

Svæði það, sem nú er nefnt Gullberastaðaselsland hefur tilheyrt Gullberastöðum svo lengi, sem heimildir ná til, enda hluti af landnámi Björns Gullbera. Björn hefur látið af hendi sneiðar af landnámi sínu. Að sunnanverðu fær Þorgeir Meldun á Tungufelli tunguna milli Grímsár og Tunguár, eftir því sem segir í Landnámabók.

Þjóstólfur, sonur Bjarnar Gullbera bjó að Lundi. Hann fær landið frá Hrafnagili niður að Geldingagili, (nú Arnþórsholtsgili) svo langt norður á hálsinn, sem vötn draga, allt inn að Drangsgili (Vegagili) en austan þess allt norður til Flókadalsár. Gullberastaðir virðast halda suðurhlíð hálsins, austan Hrafnagils, allt að vatnaskilum og landi öllu sunnan Engjadalsár.

Líklega eru Oddsstaðir byggðir úr Gullberastaðalandi eftir að mörk Lundarlands eru ákveðin. Við þau skipti virðist eigandi Gullberastaða hafa viljað halda besta landinu undir heimajörð sinni. Það er svæðið upp og austur af Reyðarvatni, nú kallað Gullberastaðaselsland. Hann verður þó einnig að láta Oddsstaði hafa sneið af hinu verðmæta fjallendi. Tungan milli Engjadalsár og Lambár kemur því í hlut þeirrar jarðar. Af þessu leiðir að heimaland Gullberastaða og fjallendi jarðarinnar skiljast að. Enginn vafi er þó á því að þarna er um fullt eignarland að ræða, en ekki afrétt. Sést það meðal annars á því að bændur á Gullberastöðum hafa þar í seli, sen sel mátti aldrei hafa í afréttum samkvæmt elstu lögum. Eins á því að Gullberastaðasel var hjáleiga frá Gullberastöðum meðan það var í byggð. Gullberastaðaselsland náði allt suður að Fossá.

Þennan skilning staðfestir Hæstiréttur Íslands með dómi sínum frá 2. desember, 1971.

1898 eða 1899 selur Vigfús Pétursson á Gullberastöðum, landssvæði þetta til Andakílshepps. Hvorki eru til kaupsamningur né afsal, og ekki verður séð að slíkum skjölum hafi nokkru sinni verið þinglýst. Þessi skjöl hafa sennilega brunnið með öðrum sveitarskjölum í Hvanneyrarbruna árið 1903.

Á manntalsþingi á Lundi, 13. júní 1899 er þó þinglýst veðbréfi frá Andakílsheppi „fyrir 812 króna bankaláni með veði í Gullberastaðasellandi“. Á sama manntalsþingi er einnig þinglesin landamerkjaskrá Gullberastaðsellslands. Þá er Gullberastaðaselland talið meðal eigna Andakílshepps árið 1904 og næstu ár þar á eftir. Þessar heimildir hefur

Hæstiréttur metið nægjanlega traustar til að dæma land þetta fulla eign Andakílshrepps, samkvæmt áður nefndum dómi.

Um hríð stóðu deilur milli Andakíls- og Lundarreykjahrepps um mörk þessa svæðis. Deilt var um svæðið milli Fossár og Kaldár. Sættir náðust í máli þessu 1933. Þar voru suður- og austurmörk Gullberastaðaselsland ákveðin að Fossá og úr upptökum hennar í suður rana Fanntófells.

Þegar Sjálfseignarstofnunin Ok er stofnsett, þann 2. apríl 1998, leggur Andakílshreppur fram þessa eign sína, sem hluta af stofnfé Oks.

[...]

Skálpastöðum 5. nóv. 2008. Þorsteinn Þorsteinsson.²⁶⁸

5.6.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.6.1.1 Gullberastaðir

Gullberastaða getið í Landnámu. Þar segir:

Björn gullberi nam Reykjardal enn syðra ok bjó á Gullberstoðum.²⁶⁹

Í kafla um Gullberastaði, í jarðabók Árna og Páls árið 1708 segir m.a.:

„Landþröngt er heima og liggur meginhluti lands í fjarska.“²⁷⁰

Um selstöður og afréttarlönd í Lunds- og Fitjasóknum segir eftirfarandi í sóknalýsingu séra Benedikts Eggertssonar, frá árinu 1840:

31. *Selstöður* eiga fylgjandi jarðir: Lundur, Gullberastaðir, Oddsstaðir og Fitjar, samt kunna seltóftir víðar að finnast í heimalöndum en hvörgi eru þær nú brúkaðar og hafa ei verið nærsta mannsaldur og víða lengur nema á Lundi hefur selstaða brúkuð verið nærstu fimm ár. [...].

32. *Afréttarlönd*. Hvörgi eru hér almenningar til uppreksturs en frá ýmsum jörðum eru léð lönd þar til, þó ætíð þeim er víðlendust fjalllönd hafa að ljá sem eru í þessum sóknum Fitjar, Gullberastaðir, Lundur og Oddsstaðir.²⁷¹

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Gullberastaðir séu bændaeign, metin á 600 ríkisbankadali.²⁷² Í sömu heimild segir enn fremur eftirfarandi:

2. Gullberastaðir

Túnið fóðrar vel 6 kýr fyrir sérlega góða hyrðing og rækt og greiðslægt, útheýsslægjur hægar og heygott enn fremur litlar, og beitiland því nær ekkert

²⁶⁸ Skjal nr. 5(15).

²⁶⁹ Skjal nr. 4(89).

²⁷⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla (1982), bls. 212-213.

²⁷¹ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 271.

²⁷² Skjal nr. 2(41).

heima, fjallland mikið og gott langt í burt, fyrir framan og sunnan Oddstaðaland þar selstaða góð og beit þegar niðri nær, ekkert til eldiviðar. og torfrista slæm, landbrot nokkur með ánni. og aurarennslí víða um landið.²⁷³

Í kafla um Gullberastaði í Fasteignamati Borgarfjarðarsýslu 1916 segir m.a.:

Upprekstur í heimafjalllandinu og upprekstrarlandi sveitarinnar. Afréttarland jarðarinnar liggur þvert yfir hálsinn norður að Engjadalsá.

[...]

Síðustu tíu árin hefur jörðin ekki verið seld en fjallland allmikið hefir verið selt undan jörðinni sem nefnist Gullberastaðatunga. Kaupverðið var kr. 900,00 Í landi jarðarinnar var bær sem nefndist Gullberastaðasel.

[...] ²⁷⁴

Landamerkjabréf Gullberastaða var undirritað 19. janúar 1923 og var það þinglesið 2. júlí sama ár. Þar segir:

Milli Gullberustaða og Lundar, ræður sjónhending úr Grímsá, upp í Hrafnagil, eftir skurði á undirlendinu, milli árinna og gilsins, síðan ræður Hrafnagil upp undir Hrafnatjörn, en úr upptökum gilsins, ræður lína dregin norður í Flókadalsá. Þar, sem hún beygist lengst til vesturs áður en Engjadalsá fellur í hana; svo ræður Engjadalsá merkjum austur að Oddstaðalandi, norðanvert við Reyðarfell. Milli Gullberustaða og Oddstaða eru merkin úr miðjum sinuhólma í Grímsá, í síkiskjaftinn, skarð í bakkann við ána, klett í hlíðinni, vörðu á eystri Djúpadalsbarmi í sundkjaftinn hjá Þvermel og sjónhending í merkjavörðu við Engjadalsá. Milli Hóls og Gullberustaða ræður Grímsá sunnanvert við Svínhólma, niður fyrir Hólsnestá, en úr því ræður merkjum, gamall árfarvegur niður með Hólsmelum, sem liggja að sunnanverðum farveginum, en Gullberustaðahólmi meðfram honum að norðan og síðast ræður syðsta kvísl Grímsár, út að Merkjugili. Svo ræður Grímsá merkjum áfram, milli Snartastaða og Gullberustaða að framanskráðum merkjum, milli Lundar og Gullberustaða.²⁷⁵

Vigfús Pjetursson eigandi Gullberustaða skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Birni Jóhannssyni eiganda Hóls, Guðmundi Guðmundssyni eiganda Snartastaða og Sigurði Jónssyni eiganda Lundar.

5.6.1.2 Þverfell

Landamerkjabréf Þverfells var útbúið 10. september 1886 og var þar þinglesið 2. júní 1887. Þar segir:

Fyrst úr Kaldagili þar sem fellur í tung á í stein þann, sem stendur á lágamel merktur með +, sem högginn er í steininn síðan beina stefnu í lágan

²⁷³ Skjal nr. 2(41).

²⁷⁴ Skjal nr. 2(21).

²⁷⁵ Skjal nr. 2(5).

hellustein, sem er vestanverðu í svokölluðu Áreiðarskarði merktan með sama +; úr þessum steini ræður bein stefna eftir mýrardragi upp á hálsinum og yfir vesturenda á syðri tjörninni og í stein þar norður í hryggnum, sem er með höggnum +; svo ræður bein stefna norður hálsinn og í Grímsá þar, sem Kaldá fellur í hana að norðanverðu, á þessari stefnu á að vera steinn merktur með +, svo ræður Grímsá fram til Reiðarvatnsóss, svo eru merki með austurströnd Reiðarvatns, suður að Reiðarlæk, svo ræður hann merkjum til Grunnvatns, svo ræður bein sjónhending merkjum milli Þverfells og Þingvallakirkju í háhnjúkinn á Kvígindisfelli, þaðan vestur í gil það, sem fellur syðst í krókinn, sem er vestan undir því og Tungná kemur úr. Síðan ræður Tungná merkjum ofan fjallið þar til Kaldagil rennur í hana. Þessi landamerki hef jeg fyrir hönd eiganda jarðarinnar orðið samþykktur á að vera skulu við þá menn, sem lönd eiga að Þverfellslandi og eru hins vegar undirskrifaðir.²⁷⁶

Björn Sveinbjarnarson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Davíð Snæbjarnarsyni á Vörðufelli og Jens Pálssyni vegna Þingvallakirkju.

5.6.1.3 Brenna

Núverandi landsvæði jarðarinnar Brennu er nær til þess svæðis sem áður tilheyrði eldri jörð Brennu og jörðinni Reykjum. Landamerkjabréf jarðanna frá árinu 1884 ná því yfir það landsvæði sem í dag gengur eingöngu undir nafninu Brenna.

Landamerkjabréf Reykja var skráð 28. maí 1884 og þinglýst 11. júní 1885. Þar segir m.a.:

1. Á milli Brennu og Reykja er krosslaug sem er í Brennuhlíð samþykkt landamerki og beina stefnu í Tunguá; síðan er krosslaug beina stefnu í stein þann er stendur vestanvert við svo kallað Laugarskarð og er sá steinn merktur með breyttu látínulettum M, sem höggvið er í steininn frá þessum steini ræður bein stefna merkjum milli ofan tjeðra jarða í stein þann er stendur neðan til (á) hálsinum, steinn sá er merktur með sama M en frá steini þessum sjónhending í Lambárgljúfur eða svo kallaða Lambá er kemur norðan af fjalli og fellur í Grímsá að norð-an.
2. Grímsá ræður að öllu leyti merkjum að norðan þar til að svo kölluð Kaldá fellur í hana (sú á kemur norðan af fjalli.) Síðan ræður bein stefna merkjum suður hálsinn milli Reykja og Þverfells sem stefnir yfir svokallaða Reykjatjörn þá eystri, vestarlega í laut þá eða mýrardrag sem er þar á Hálsinum og liggur það til suðurs og suður undir brún. [...]²⁷⁷

Árni Sveinbjarnarson skrifaði undir fyrir hönd eiganda jarðarinnar. Bréfið var samþykkt vegna Englands, Þverfells og Brennu.

²⁷⁶ Skjal nr. 2(1).

²⁷⁷ Skjal nr. 2(9).

Landamerkjabréf Brennu var gert 3. júní 1884 og þinglýst tveimur dögum síðar. Þar segir:

Milli Reykja og Brennu eru landamerki þessi: Í suður stefnu frá Lambárgljúfrum eru stór steinn merktur M (latínuletur) sem stendur á norðanverðum hálsinum, ræður þá sama stefna í stórann strýtumyndaðann stein sem er suður á hálsbrúninni, sá steinn er merktur M (latínuletur) frá þeim steini í Krosslaug og sömu stefnu í Tunguá, en hún gjörir landamerki milli Brennu og Iðunnarstaða. Milli Brennu og Tungufels eru landamerki: austan til af Leynifitarholti, sem liggur suður við Tungu-á beina stefnu í Grástein, sem stendur sunnarlega á svo kölluðum Tungufellsflóa, Grásteinn er merktur L M (latínuletur). Svo eru merkin í Svartaklett og sömu stefnu norður yfir hálsinn í stóran stein sem stendur skamt fyrir sunnan Grímsá, sá steinn er með sama markog Grásteinn. Grímsá aðskilur lönd Brennu og Oddstaða.²⁷⁸

Einar Árnason skrifaði undir fyrir sig og alla eigendur. Bréfið var undirritað um samþykki vegna Reykja, Iðunnarstaða, Tungufells og Oddsstaða.

5.6.1.4 Oddsstaðir

Landamerkjabréf Oddsstaða var skráð 29. maí 1885 var þinglýst 3. júní 1891. Þar segir:

Fyrst úr miðjum sinuhólma, er liggur í Grímsá og beina sjónhending í svartaklett sem er klettasnös er stendur í vestrabarmi Djúpadals, svo ræður bein stefna í Efri-Þverbrekku vestari vestan í Reiðarfelli hinu vestra og þaðan beint í Engjadalsá. Síðan ræður sú á fram eftir öllu, allt að upptökum sínum og frá upptökum hennar er sjónhending í Fantófell. Úr áðurgreindum sinuhólma ræður Grímsá fyrir sunnan alla hólma uns Lambá fellur í hana, síðan ræður Lambá alt að upptökum sínum og svo er bein sjónhending í suðurrana Fantófjalls. Einnig á jörðin Oddsstaðir skógarítak fyrir sunnan vatn í Skorradal nefnd Oddsstaða-tunga, er liggur milli (Stafholtsskógs ?) Þófagils og ~~staf~~ Stafafkollssk[ó]gs (sic)²⁷⁹

Árni Sveinbjarnarson skrifaði undir fyrir hönd jarðareiganda. Bréfið var samþykkt af Eiríki Gíslasyni á Lundi og Jóni Jónssyni eiganda og ábúanda Gullberustaða (handsalað Sigurði Þórðarsyni).

5.6.1.5 Oddsstaðatunga

Sjá nánar kafla 5.5.

5.6.1.6 Afréttur Lunddæla og Ok

Sjá nánar kafla 5.7.

²⁷⁸ Skjal nr. 2(8).

²⁷⁹ Skjal nr. 2(4).

5.7 Afréttur Lunddæla og Ok

Máldagar Reykholtskirkju á tímabilinu 1185 fram um 1570, varpa engu ljósi á tengsl kirkjunnar við svæðið.²⁸⁰

Lögfestur fyrir Reykholtskirkju frá árunum 1709 og 1739, sem og vísitasía fyrir kirkjuna frá 1783, varpa engu ljósi á tengsl kirkjunnar við svæðið.

Þann 18. maí 1837 lögfesti séra Þorsteinn Helgason Reykholtstað, ásamt öllum eignum og ítökum kirkjunnar. Í lögfestunni segir m.a.:

9. Loksins lögfesti eptirfylgjandi útlönd, eignir og ítök kyrkjunnar í Reykholti. [...] Þá lögfesti eg og einnig land við Reidarvatn austan frá drángshlíð og útundir Fossárflóa.²⁸¹

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 eru talin upp hlunnindi Reykholt, þar á meðal land við Reyðarvatn:

Meðal margra hlynninda er talin 5/8 partar laxveiðar í Grímsá; þó telur prestur í bréfi til sýslumanns 15. Septembr 1844 þar að auki, eptir máldögum og óátöldum lögfestum: tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal; Sauðatúngur og Þóreyjartungur allar; land við Reyðarvatn, austan frá Drángshlíð og út undir Fossárflóa; selför í Kjör milli Skjaldmeyjargils og Rángargils, og þar með skóg í Þverárhlíð; Pétursskóg í Sanddal; afrétt á Hrutafjarðar heiði; [...] Geitland allt með skógi; hálfa veiði móti Síðumúla í Kjarará »fyrir sellandinu á Kjörinni og einkum í Hnitbjörg« [...].²⁸²

Í kirkjubók Lundar fyrir árið 1859 er fært inn dauðsfall Jóns Bjarnasonar, sem er sagður vera tveggja ára gamalt „ungabarn frá Reyðarvatni“. Af kirkjubókinni að ráða standa líkur til þess að dauða hans hafi borið að snemma í ágústmánuði það ár.²⁸³

Í vísitasíu fyrir kirkjuna að Reykholti frá 21. júlí 1869 segir:

Um eignir og ítök Reykholtskirkju og landamerki þykir nægja að vísa til biskupsvísitatsíu 31. júlí 1827 hver vísitatsíu einnig er innfærð í kirkjustól þann, sem nú er hafður; einungis skal því viðbætt (að kirkjan á lönd) að kirkjan á og hefur lengi haft í hefðarhaldi land við Reidarvatn [Reiðarvatn, úti á spássíu] austan frá Drangshlíð og út um Fossárflóa og Saudatungur og Þóreyjartungur.²⁸⁴

Þann 20. júlí 1872 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

Itök kirkjunnar eru:

1. Selför í Kjör milli Skjaldmeyjargils og Rángargils, eptirgjald 10 al. Biggingarbr. 1 Agust 1868.

²⁸⁰ Skjöl nr. 2(28), 2(29), 2(30), 2(31), 2(32) og 2(33).

²⁸¹ Skjal nr. 2(23).

²⁸² Skjal nr. 2(26).

²⁸³ Skjal nr. 2(133) a-b.

²⁸⁴ Skjal nr. 2(70) a-b.

2. Fjallland. Þóreyjartungur og Sandatúngur eptirgjald 3 Rdl. byggingarbréf 2. júní 1870.

3. Hálf land undir Innrafelli á Ströndum með tilheirandi trjá og Hvalreka einnig undir Ytrafelli eptirgjald 3 rdl. byggingarbr. 28 apr. 1868.

4. Land við Reidarvatn, austan [í forriti stendur: ustan] frá Drángshlíð og útum Fossárflóa eptirgjald 4 rdl. byggingarbréf 3. júní 1868.

5. Geitland, það er land allt milli Hvítár og Geitar eptirgjald 1 kind veturgömul, byggingarbr. 30. jún[í] 1868.

6. Fimm hlutir allrar veiði í Grímsá enn 3ir hverfa frá og árstemma að Reidarvatnsósi brúkað og hefðað undir stadin af fráfarandi beneficiario með Lögfestu 11 Mai 1869.²⁸⁵

Árið 1876 lögfesti Þórður Þórðarson Jónassen staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum“. Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 8 tölulíðum og þar segir m.a.:

8. Lögfesti eg Kirkju jörðina Hrís í Flókadal sem hálf er eign Reykjaholts kirkju. [...]

9. Loksins lögfesti eg eptirfylgjandi útlönd, eignir og ítök kirkjunnar í Reykja holti; Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal, er kirkjan á í sínu og Bækjakirkjulandi að Hrísum, þá Sauðatungur og Þóreyjartungur allar, en það eru Þóreyjartungur, er liggja millum Sandfells kvísla fram um Sandfell og frammi Sauðabrekkur fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norður hlið, en milli Sauðatungu og Hrísalands, er kvísl sú, er áður var getið.

Þá lögfesti eg og einnig land við Reidarvatn, austan frá Drangshlíð og útundir Fossárflóa.

Þá lögfesti eg og einnig fimm hluti allrar veiði í Grímsá í Borgarfirði, en þrír hlutir heyra öðrum til; nema að því leyti er nú skal telja: Reykjaholt á allan Hlaupa garð þar er nú kallast Strengir og 3 hluti árinnar og veiðar fyrir norðan Miðberg, en það er Myrkhylur er nú kallast, (en fjórðung veiðar í honum), en fjórðung veiðar í honum eiga aðrir. Þá á og kirkjan aðeins fjórðung veiðar í Hörgshyl og enn á hún alla ós stemmu að Reidarvatns ósi er eg einnig hér með lögfesti.

[...]

Lögfesti eg að orðfullu og lögmáli réttu, fyrirbýð eg einum og sérhverjum að brúka eða sér að nota nokkuð af þessu, nema þess hafi lof eða leyfi er stað heldur í Reykjaholti; og einkum tilnefni eg her fjalllönd(in) staðarins Sauða- og Þóreyjartungur og það land, sem þar er á fjalli uppi sömuleiðis Geitlönd. Fyrirbýð eg nálægri sveita bændum og innbúum að reka þangað hross sín eða fé nema mitt sé leyfi til, leggjandi við allar þær sektir er lög framast leyfa, ef

²⁸⁵ Skjal nr. 2(71) a-b.

hér er á móti gjört, en tilbýð þeim laga aðgjörðir í frammi að hafa á löglegum stað og tíma er af þessari minni lögfestu þykist vanhaldinn, sé sá nokkur.²⁸⁶

Lögfestan var lesin á manntalsþingum vorið 1876 á Búrfelli, Sturlureykjum, Heggstöðum og Lundi og síðan rituð í afsals- og veðmálabók Borgarfjarðarsýslu Ltr. E.

Á manntalsþingi að Lundi þann 29. maí 1890, lögfesti hreppsnefndin í Lunda-Reykjadalshreppi land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands.²⁸⁷ Lögfesta þessi hefur ekki fundist en hennar er getið með framangreindu orðalagi í dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu 1887-1891.

Þann 29. janúar 1894 sendi séra Guðmundur Helgason, prestur að Reykholti, bréf til stiftsýfirvalda með beiðni um að hreppsnefnd Lunda-Reykjadalshrepps fái keypt afréttarlönd Reykholtskirkju og nefnd eru „Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn“. Bréfið hljóðar svo:

Borgarfjarðar prófastsdæmi

Reykholti 29. jan. 1894

Eg leyfi mér hér með að senda hinum háu stiptisýfirvöldum bónarbréf til konungs frá hreppsnefndinni í Lunda-Reykjadalshreppi um að sá hreppur fái keypt afréttarlönd þau, er Reykholtskirkja á á „Suðrfjalli“ og nefnd eru „Þóreyjartungur“ og „land við Reyðarvatn“, fyrir 700 kr.

Afréttarlönd þessi liggja að löndum Lunda-Reykjadalsmanna og er miklu hægra að nota þau fyrir þá en prestinn í Reykholti, sem fyrir fjarlægðarsakir á mjög erfitt með að hafa eptirlit með notkun þeirra og getr eigi varist því, að þau verði notuð meira eða minna í óleyfi. Lunda-Reykjadalshreppi er þörf á, að hafa umráð yfir löndum þessum, því að hann á ekkert upprekstrarland, og Lunda-Reykjadalsmönnum er von ágangs þaðan, ef þeir geta engu ráðið um, hvað þangað er rekið af fénaði, en prestinum í Reykholti hefir þess enga þörf, því að hann þarf þeirra hvorki til selfarar né upprekstrar, þar sem Reykholtskirkja á tvær selfarir aðrar, sem nær lægi að nota, og Reykholt á ásamt öðrum jörðum í Reykholtsdalshreppi rétt til afréttar á Arnarvatnsheiði, sem hreppurinn hefir nýlega keypt. Einu notin, sem prestinum í Reykholti getr haft af löndum þessum, eru þau, að leigja þau öðrum til upprekstrs. En það er mjög óvíst, að því verði jafnan við komið, þar sem svo torvelt eða nær ómögulegt það er fyrir prestinum að sjá við því, að þau verði notuð í óleyfi hans. Hæsta leiga, sem eg veit til að fengist hafi fyrir lönd þessi, er 1 vætt á landsvísu fyrir hvort þeirra. En langt er síðan nokkur leiga hefir fengizt eptir landið við Reyðarvatn, líklega um 40 ár. Eptir Þóreyjartungur hefi eg fengið 8 kr. árlega.

²⁸⁶ Skjal nr. 2(68) a-b.

²⁸⁷ Skjal nr. 2(132) a-b.

Eg er því í engum vafa um, að það sé til hags fyrir Reykholtsprestakall að lönd þessi sé seld fyrir verð það sem boðist hefir, 700 kr., er eg hygg vera fyllsta verð þeirra. En af því að við því má búast, að verðhlutfallið milli landeigna og peninga kunni að breytast og að 700 kr. kunni einhverntíma að hætta að vera jafngildi landa þessara, þá mundi hyggilegra til þess að prestakallið verði einnig þegar fram líða stundir áreiðanlega skaðlaust af sölnunni, að ákveðið væri, að nokkur hluti vaxtanna af söluverðinu legðist árlega við höfuðstólinn, og sýnist mér hæfilegt, að það væri 1/7 þeirra eða þó öllu heldr helmingur þess, sem vextirnir verði ár hvert umfram 20 kr., því að á þann hátt mundi höfuðstóllinn, ef vextirnir yrðu 4%, vaxa miklu fljótar, en hver aðferð sem höfð væri, fengi presturinn í fyrstu 24 kr., eðr sem svarar hæstu leigu, sem eptir lönd þessi hefir fengist og væri því vel í haldinn.

Það virðist vera prestakallinu bagalaust, að leyft væri að borga verðið á þann hátt, sem farið er fram á í bónarbréfinu, þannig að greiddar sé árlega í afborgun og vexti 42 kr. í 28 ár, en það mundi gjöra kaupin aðgengilegri en ella fyrir Lundar-Reykjadalshrepp.

Eg gjöri ráð fyrir, að verðið mundi, jafnóðum og það greiðist, verða lagt í jöfnunarsjóðinn sem föst innistæða Reykholtsprestakalls.

Af framangreindum ástæðum leyfi eg mér að mæla með því, að beiðni hreppsnefndarinnar í Lundar-Reykjadalshreppi verði veitt og með þeim kostum sem nú hafi verið teknir fram.

Útdrátt úr héraðsfundargjörð Borgarfjarðarprófastsdæmis og yfirlýsing sóknarnefndarinnar í Reykholtssókn sölu þessari viðvíkjandi leyfi ég mér að leggja hérmeð.

Guðmundur Helgason

Til Stiptisyfirvalda Íslands.²⁸⁸

Stiftisyfirvöld sendu landshöfðingja bónarbréf til konungs um sölu 27. febrúar 1894. Þar segir:

Stiptisyfirvöldin yfir Íslandi.

Reykjavík 27. febrúar 1894.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Lundareykjadalshreppi í Borgarfjarðarsýslu leyfa stiptisyfirvöldin sjer hjer með virðingarfullst að senda herra landshöfðingjanum bónarbrjef til konungs frá tjeðri hreppsnefnd um að henni veitist leyfi til að kaupa handa hreppnum „land nokkuð allvíðáttumikið

²⁸⁸ Skjal nr. 2(119) a-b.

tilheyrandi Reykholtskirkju“ fyrir 700 kr., er borgist á 28 árum með 42 kr. árlega.

Ætlast hreppsnefndin til að land þetta verði afrjettarland fyrir hreppinn. Á hjeradsfundi Borgarfjarðarprófastsdæmis 13. sept. 1892 er samþykkt að mæla með því, að salan á landi þessu, sem í fundargjörðum hjeradsfundarins er kallað „Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn“ verði leyfð þannig að af vöxtum andvirðisins sje árlega útborgaðar 20 kr. og helmingur þess sem þar er fram yfir, en hinn helmingurinn leggist árlega við höfuðstólinn. Útdráttur úr hjeradsfundargjörðunum fylgir hjer með. Enn fremur fylgir hjer með yfirlýsing sóknarnefndarinnar í Reykholtssókn, um að hún sje meðmælt sölunni, dags. 27. f. m., og loks ítarleg skýrsla frá sóknarprestinum í Reykholti, sem einnig er prófastur í Borgarfjarðarprófastsdæmi í brjefi dags. 29. jan. þ. á., þar er hann tjáir sig mjög meðmæltan sölunni vegna prestakallsins.

Að vísu hefði beiðnin um leyfi til sölnnar á greindu landi frá Reykholtskirkju átt að koma beinlínis frá sóknarprestinum í Reykholtsprestakalli og sóknarnefndinni þar, en eigi frá væntanlegum kaupanda, hreppsnefndinni í Lundar-Reykjadalshreppi, enda hefur hún eigi heldur sýnt skilríki fyrir því, að hún hafi fengið leyfi sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu til landkaupanna til handa hreppnum (sbr. tilsk. 4. maí 1872, 26. gr., 2. og 5. máls.), en samt sem áður höfum við afráðið, að afgreiða málið til herra landshöfðingjans eins og það fyrir liggur, í því skyni að útvegað verði leyfi til sölu á landinu frá kirkjunni, en hreppsnefndin af sinni hálfu verður að ábyrgjast það, að hún hafi löglega heimild til að kaupa landið fyrir hreppinn.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í brjefi prófastsins, dags. 29. f. m., og sem við í öllu verulegu verðum að fallast á, leyfum við okkur virðingarfyllst að mæla með því, að hin umbeðna sala á afrjettarlandinu verði heimiluð, þannig að kaupverðið ákveðist 700 kr. er afborgist og ávaxtist með 42 kr. árlega í 28 ár, þannig að 24 kr. af hinni árlegu afborgun sjeu greiddar sóknarprestinum í Reykholtsprestakalli, en 18 kr. sjeu lagðar árlega í jöfnunarsjóð Íslands sem innistæða prestakallsins, unz greiðslunni er að fullu lokið.

Kristján Jónsson

Hallgr. Sveinsson

Til Landshöfðingjans yfir Íslandi.²⁸⁹

Þann 12. júní árið 1894 sendi séra Guðmundur Helgason, prestur að Reykholti, bónarbréf til konungs samkvæmt fyrir mælum stiftsyfirvaldanna á Íslandi þar um, þar sem hann bað um leyfi til þess að selja Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn. Þar segir:

²⁸⁹ Skjal nr. 2(118) a-b.

Borgarfjarðarprófastsdæmi.

Reykholti 12. júní 1894.

Samkvæmt fyrirmælum hinna háu stiptisyfirvalda í háttvirtu bréfi dags. 25. apr. þ. á. sendi eg hér með bónarbréf til konungs um leyfi til að selja frá Reykholtskirkju afréttarlönd hennar á „Suðrfjalli“, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn fyrir 700 kr., undirskrifað af prestinum í Reykholti og sóknarnefndinni í Reykholtssókn.

Að öðru leyti, sérstaklega um það, á hvern hátt söluverðið yrði borgað og hvernig vöxtum af því verði varið, leyfi eg mér að vísa til ummæla minna í bréfi dags. 29. jan. þ. á., sem endrsendist hér með ásamt hinum öðrum fylgiskjölum.

Guðmundr Helgason

Til Stiptisyfirvalda Íslands.²⁹⁰

Ráðherra Íslands sendi landshöfðingja bréf 21. september 1894 þar sem fram kemur að hann veiti leyfi til sölu á tveimur afréttum tilheyrandi Reykholtskirkju, þ.e. „afretter paa Sudurfjall, Thoreyjartungur og en landstrækning ved Reyðarvatn.“²⁹¹

Þann 13. október 1894 sendi landshöfðingi bréf til stiftisyfirvalda, þar sem fram kemur að konungur hafi samþykkt að afréttarlönd Reykholtskirkju, Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn, verði seld frá kirkjunni.²⁹²

Þann 31. október 1895, sendi séra Guðmundur Helgason stiftisyfirvöldum á Íslandi kaupsamning, uppá væntanlegt samþykki sömu yfirvalda, um afréttarlönd Reykholtskirkju, þar á meðal „land við Reyðarvatn“. Þar segir:

Ad.-Bo-20-’95.

Borgarfjarðarprófastsdæmi

Reykholt 31. okt. 1895.

Eg leyfi mér hér með að senda hinum háu stiptisyfirvöldum kaupsamning, undirskrifaðan af mér upp á væntanlegt samþykki stiptisyfirvaldanna, við hreppsnefndina í Lundar-Reykjadalshreppi um afréttarlönd Reykholtskirkju á „Suðsfjalli“, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn, þau er konungsleyfi hefir fengist til að selja fyrir 700 kr. Viðvíkjandi borgunarskilmálum leyfi ég mer að geta þess, að þá er hreppsnefnd Lundar-Reykjadalshrepps falaðist eptir kaupum þessum, þá var það í skilyrði haft af hennar hendi, að kuapverðið mætti afborgast á 28 árum, og þar eð það virðist vera bagalaust fyrir seljanda, en er til töluverð hagræðis fyrir kaupanda, og kemur eigi í bág við leyfisbréfið til sölnunnar né við neitt annað, sem mér er kunnugt, þá hefi eg í þessu farið eptir ósk

²⁹⁰ Skjal nr. 2(126) a-b.

²⁹¹ Skjal nr. 2(116).

²⁹² Skjal nr. 4(34).

hreppsnefndarinnar; hinir árlegu gjalddagar eru einnig ákveðnir eptir því, sem hún áleit sér hentast.

Þótt samningurinn sé ritaður og dagsettur 9 f.m. er hann alveg nýlega fullgjörður; vantaði áður undirskriptir 2 hreppsnefndarmannanna.
Guðmundur Helgason.²⁹³

Þann 9. september 1895 var undirritaður kaupsamningur um sölu lands við Reyðarvatn. Stiftningsfyrirvöld samþykktu kaupsamninginn 20. febrúar 1896. Kaupsamningurinn og samþykki stiftningsfyrivalda hljóða hvort um sig svo:

Ad. ÍB-Bo-20-’95.

Jeg Guðmundur Helgason prófastur í Reykholti fyrir hönd Reykholtskirkju sem seljandi, samkv. konungsleyfi dags. 19. sept. f.á. og hreppsnefnd Lundareykjadalshrepps sem kaupandi gjörðum með okkur svofelldan kaupsamning.

Það sem selt er, eru afrjettarlönd Reykholtskirkju á Suðurfjalli fyrir sunnan Flókadalsá, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn.

Kaupverðið er 700 – sjö hundruð krónur- og skal það greitt og ávaxtað með 42 – fjörtíu og tveimur krónum á ári í 28 ár, og skal sú upphæð greidd í hendur stiftsyrirvöldunum 1. febrúar ár hvert í fyrsta sinn 1896.

Kaupin miðast við fardaga 1895. Frá þeim tíma hefur kaupandi notkunarjett til landanna og heldur uppi lögskilum af þeim.

Kaupandi fær afsalsbrjef fyrir löndum þegar kaupverðið er að fullu greitt, eða selt hefur verið veð, sem stiftsyrirvöldin taka gilt, fyrir greiðslu þess.

Kaupsamningur þessi er gjörður í 3 samritum sendist eitt þeirra stiftsyrirvöldunum, en kaupandi og seljandi halda sínu hvor.

Til staðfestu eru nöfn vor, undirskrifuð í viðurvist 2 tilkvaddra vitunarvotta.

Staddur í Lundi 9. sept. 1895.

Uppá væntanlegt samþykki stiftsyrirvaldanna

Guðmundur Helgason, Ólafur Ólafsson, Jón Guðmundsson, Árni Sveinbjarnarson, Jón Pálsson, Sigurður G. Gíslason.

Vitundarvottar:

Sveinn Oddsson, Magnús Gunnlaugsson.

Framanritaður samningur samþykkist hjermeð, þannig að hreppsnefndin hefur 27. desbr. f.á. gefið út skuldabryjef fyrir kaupverðinu 700 kr., sem ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 42 kr. árlega, og gefið Reykholtskirkju fyrsta veðrjetti í hinum seldu afrjettarlöndum.

Stiftsyrirvöld Íslands, Reykjavík. 20. febr. 1896.

J.Havsteen. Hallgrímur Sveinsson.²⁹⁴

Þann 9. janúar 1896 afsalaði prófasturinn í Borgarfjarðarprófastsdæmi afréttarlöndum Reykholtskirkju til Lundareykjadalshrepps. Í afsalinu segir:

²⁹³ Skjal nr. 5(29).

²⁹⁴ Skjal nr. 2(122) a-b.

Eg Guðmundr Helgason, prófastr í Borgarfjarðarprófastsdæmi, gjöri kunnugt, að eg samkvæmt konungsleyfi dags. 19. sept. 1894, bréfi stiptisyfirvaldanna dags. 27. nóv. f. á. og áðrgjörðum kaupsamningi dags. 9. sept. f. á., sem hreppsnefndin í Lundar-Reykjadalshreppi hefir að sínu leyti fullnægt með því að gefa út veðskuldabréf til handa Reykholtskirkju dags. 27. f. m. fyrir hinu umsamda kaupverði, sjö hundruð krónum, afsala nefndum hreppi til eignar og umráða afréttarlöndum Reykholtskirkju á Suðrfjalli, fyrir sunnan Flókadalsá, Þóreyjartungum og landi við Reyðarvatn.

Afsalsbréf þetta skal þinglesið á kostnað kaupanda.

Reykholti 9. jan. 1896

Guðmundur Helgason²⁹⁵

Afsalið var uppleið á manntalsþingi þann 8. júní 1896. Á sama manntalsþingi var lesið veðbréf hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps, dags. 27. desember 1895, fyrir 700 kr. til Reykholtskirkju með veði í þessum sömu „afréttarlöndum“.²⁹⁶

Þann 23. maí 1908 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

[...]

2. Með konungsleyfi 19. sept. 1894 (Stj.tíð. 1894, B. bls. 175) var leyft, að selja afréttarlönd Reykholtskirkju: Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn frá kirkjunni fyrir 700 kr. þannig, að upphæð þessi sé lögð í Söfnunarsjóð Íslands sem óskerðanleg innstæða kirkjunnar, og að af vöxtum af upphæð þessari sé Reykholtspresti árl. greiddar 20 kr. og að auki helmingur þess, er rentan fer fram úr þessari upphæð, en hinn helmingurinn sé jafnan lagður við höfuðstól. Nefnd afréttarlönd voru seld Lundarreykjadalshreppi og jafnframt gefið út skuldabréf af hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps, dags. 27. desbr. 1895, að upphæð 700 kr., er afborgast skyldu í vexti og afborgun [stríkað yfir: -um, á næstu 28] með jöfnum greiðslum [greiðslum, ofan línu; stríkað yfir afborgunum] á næstu 28 árum í gjalddaga 1. febr. ár hvert, í fyrsta sinn 1. febr. 1896, og með veði í ofangreindum afréttarlöndum. Greiðslan er fyrir það fardagaár, sem yfir stendur, er hún fer fram. Nefnt skuldabréf er sent biskupi með bréfi prófests 16. ág. 1906.

[...]²⁹⁷

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 12. júní 1923 segir m.a.:

IV. Afréttarland hreppsins Leirárdalir.

Var mælt um landamerki milli afrjettarlands Andkílinga Gullberastaðatungu og Leirárdalanna. Eftir talsverðar umræður var Ásgeiri á Reykjum falið að fara á þessar slóðir og athuga merkin og skýra þau upp og gjöra síðan merkjabrjef. Með öðrum manni frá Andkílingum – óskað eftir Sigurði á

²⁹⁵ Skjal nr. 2(120) a-b.

²⁹⁶ Skjöl nr. 2(107) a-b og 2(121) a-b.

²⁹⁷ Skjal nr. 2(103) a-b.

Varmalæk til þeirra starfa – . Og hefir Ásgeir fulla heimild til að ráðstafa þessu fyrir hreppsins hönd.²⁹⁸

Landamerkjaskrá var gerð fyrir Gullberastaðatungu 17. júní 1923. Þar er landamerkjum lýst svo:

„Að sunnan ræður Grímsá merkjum, alt austur þar til er hún fellur úr Reyðarvatni. Þaðan ræður Reyðarvatn, þangað sem Fossá fellur í það, og þaðan í norður bein sjónhending í hvilft þá, sem er í vesturenda Oksins.

Að vestan og norðan ræður Lambá merkjum frá því er hún fellur í Grímsá, og til þess, er hún kvíslast norður af Skotmannsfellinu.

Þaðan eru merki eftir beinni stefnu í suðvesturrana Fanntófells og í sjónhending þá úr mynni Fossár í Okið, sem um segir hér að ofan.“²⁹⁹

Landamerkjaskráin er undirrituð um samþykki vegna Lundarreykjadalshrepps, Oddsstaða og Reykja.

Ný landamerkjaskrá var gerð fyrir Gullberastaðatungu 2. júlí 1923. Þar er landamerkjum lýst svo:

„Að vestan og norðan ræður Lambá. Úr upptökum Lambár sjónhending í suðvesturrana Fanntófells, þaðan sjónhending í upptök Fossár.

Úr því ræður Fossá að Reyðarvatni. Reyðarvatn ræður að Grímsá.

Frá Reyðarvatni ræður Grímsá að Lambá þar sem hún fellur í Grímsá.“³⁰⁰

Landamerkjaskráin er undirrituð um samþykki vegna Andakílshrepps, Oddsstaða og Þverfells.

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 12. júní 1924 segir m.a.:

Rætt um landamerki milli Leirárdala og Gullberastaðatungu en engin ákvörðun tekin um það mál.³⁰¹

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 12. júní 1926 segir m.a.:

Lesið upp og lagt fram landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu, samið af Oddvita Andakílshrepps, Sigurði Jakobssyni á Varmalæk, og undirritað af eiganda Oddsstaða, eiganda Þverfells.

Fundurinn telur eigi rétt að samþykkja bréf þetta fyrir hönd Lundarreykjadalshrepps að svo komnu máli, og vill leita frekari upplýsinga um málið úr fornum skjölum og frá kunnugum og skilríkum mönnum, og felur hreppsnefndinni að afla þeirra upplýsinga og halda sem best á rétti Lundarreykjadalshrepps.³⁰²

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 10. nóvember 1930 segir m.a.:

²⁹⁸ Skjal nr. 4(76).

²⁹⁹ Skjal nr. 4(73).

³⁰⁰ Skjal nr. 4(72).

³⁰¹ Skjal nr. 4(88).

³⁰² Skjal nr. 4(75).

Fjallland. Oddviti mundi vilja ganga að samkomulagi um fjallland hreppanna, þannig að Andkílingar kaupi hálf Oddsstaðaland það, sem hreppurinn keypti í vor og láta þar með niðurfalla landaþrætumálið.

Tillaga frá Ara Guðmundssyni um að kjósa 3ja manna nefnd til að athuga málið frá öllum hliðum og gera tillögur fyrir vorhreppsakiláping var samþ. í einuhlj. og kosnir í nefndina án atkvæðagreiðslu: Þorsteinn Kristleifsson Gullberastöðum, Ari Guðmundsson Skálpastöðum og Magnús Siurðsson Arnþórsholti.³⁰³

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 19. júní 1932 segir m.a.:

2. Oddsstaðatunga. Rætt var um sölu á Oddsstaðalandi því sem hreppurinn keypti fyrir nokkrum árum. Eftir langar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá oddvita, og var samþ. með 11 atkv. gegn 5: „Fundurinn samþykkir að gengið sé að samningsuppkasti hreppsnefndanna frá 11. des. þ.á. með því skilyrði að Andkílingar svari fyrir 20. n.m.“³⁰⁴

Í fundargerð hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 29. október 1932 segir m.a.:

4. Afréttarmál: Lesið var upp bréf frá séra Eiríki á Hesti þar sem hann tilkynnir f.h. hreppsnefndarinnar í Andakílhreppi að hreppsfundur þar hafi fellt samningatillögur hreppsnefndaranna frá f.á., en samþykkt að bjóða Lunddælingum að kaupa Oddsstaðatungu fyrir kr. 4000.00- gegn því skilyrði að Lunddælingar viðurkenni landamerki Gullberastaðatungu nálega því sem Andkílingar hafa haldið fram áður. Umræður urðu miklar. Böðvar Jónsson bað um að þess væri skírt getið í bókum hreppsins að hann hefði aldrei verið „heigull“ í þessu máli. Hreppstjóri sagði að hann hefði einmitt alltaf verið „heigull“ í málinu, og það svo að hann hefði ekki sótt hreppsnefndarfundi úr af því. Svohljóðandi tillaga var samþ. með 14 atkv. til tilboðs Andkílinga um afréttarland hreppsins, en felur hreppsnefndinni að athuga möguleika á því að samningar geti tekist og heimilar nefndinni að leiða málið til lykta fyrir hreppsins hönd.³⁰⁵

Deilu hreppanna lauk með samkomulagi þann 17. júní 1933, en þá var gerður samningur um kaup Andakílhrepps á Oddsstaðatungu og samkvæmt kaupsamningnum skuldbatt hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps sig til þess að viðurkenna landamerki Gullberastaðatungu með tilteknum hætti.

Í kaupsamningum segir m.a.:

Hreppsnefnd Lundarreykjadalss í Borgarfjarðarsýslu og hreppsnefnd Andakílhrepps í sömu sýslu gera með sér svofeldan kaupsamning:

Hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps skuldbindur sig til að selja hreppsnefnd Andakílhrepps fjallandið Oddsstaðatungu, er hún keypti af Sigurði

³⁰³ Skjal nr. 4(79).

³⁰⁴ Skjal nr. 4(77).

³⁰⁵ Skjal nr. 4(78).

Bjarnasyni bónda á Oddsstöðum 1930 og jafnframt að viðurkenna austur landamerki Gullberastaðatungu úr upptökum Fossár í suðurrana Fántófalls fyrir kr. 4000.00 – fjögur þúsund krónur.³⁰⁶

Í vottorði Davíðs Björnssonar, þá bónda á Þverfelli, vegna Reyðarvatnsmála, dags. 14. febrúar 1965, segir m.a.:

Um tilefni áreiðarinnar 1886 heyrði ég oft sinnis eftirfarandi sögu sagða, bæði af föður mínum og Árna hreppstjóra á Oddsstöðum:

[...]

Það sama ár, 1886, var áreiðin gerð. Var hún farin í því skyni að helga Lunddælingum Reykholtskirkjuland fyrir norðan Reyðarvatn, sem Reykholtskirkja hafði ekkert hirt um í langan tíma og var álitid „nomannsland“. Með í þessari áreið var meðal annarra Jón á Gullberastöðum. Er frumrit landamerkjabréfsins skrifað af Árna hreppstjóra og er til á Þverfelli. Ástæðan til þess, að Jón á Gullberastöðum skrifaði ekki undir landamerkjabréfið var þessi: Séra Jens Pálsson á Þingvöllum var með í áreiðinni. Hann vildi ekki borga kostnað vegna refaveiða í landi því, sem Þingvallakirkja taldist eiga fyrir framan Reyðarvatn. Vildi hann heldur láta landið af hendi við Lunddælinga, og gekk Árni hiklaust að því, en Jón taldi að þarna væri verið að binda sveitarfélagið, þ.e. Lundarreykjadalshrepp, ófyrirsjáanlegum kostnaði vegna refaveiðanna og vildi Jón þess vegna ekki skrifa undir landamerkjabréfið. Þetta heyrði ég að hefði verið ástæðan til að Jón skrifaði ekki undir en ekki sú, að hann teldi verið að ganga á sinn rétt, því Gullberastaðir áttu ekki land að Reyðarvatni. Jón var, ásamt Árna, fulltrúi hreppsins við áreiðina, en þeim bar á milli um þetta atriði.

[...]

Ég heyrði það, að Árni hreppstjóri hefði sjálfur farið með bréfið til sýslumanns, Sigurðar Þórðarsonar, sem þinglýsti bréfinu frá 1886 að manntalsþingi að Lundi. Taldi sýslumaður hér að öllu rétt að farið og frjálst væri að ákveða landamerkin svona þar sem um „nomannsland“ væri að ræða.³⁰⁷

Þann 2. desember 1971 dæmdi Hæstaréttur í máli nr. 193/1970 um veiðiréttindi í Reyðarvatni. Niðurstaða dómsins var eftirfarandi:

Veiðifélagið Báskógar s/f, eigandi Þverfells í Lundarreykjadalshreppi, á botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, fyrir landi jarðarinnar frá Grímsárósi og að mynni Reyðarlækjar og svo veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ef því er að skipta.

³⁰⁶ Skjal nr. 4(59).

³⁰⁷ Skjal nr. 4(111).

Andakílshreppur á botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, frá Grímsárósi að Fossármynni og svo veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ef því er að skipta.

Svo segir orðrétt:

„Af gögnum málsins, sem rakin eru í dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 20. október 1967, verður ekki ráðið, hvort lönd Lundarreykjadalshrepps, sem liggja að Reyðarvatni á svæðinu frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar, eru fullkomin eignarlönd hreppsins eða einungis afréttareign, og er málið eigi fullreifað að þessu leyti. Að svo vöxnu máli verður eigi lagður dómur á kröfu Lundarreykjarhrepps um vatns- og botnsrétt í Reyðarvatni. Samkvæmt þessu ber að telja að Lundarreykjadalshreppur eigi veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, á svæðinu frá Fossármynni að mnni Reyðarlækjar, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, svo og veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ef því er að skipta.“³⁰⁸

Í skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps eftir Ingimund Ásgeirsson, dags. 1. júní 1980, segir um ágreiningssvæðið:

5. Svæðið frá Gullberastaðaselslandi að Þingvallakirkjulandi og vatnaskilum milli austurs og vesturs þar norður af og í Geitlandsjökul (Þórisjökul).

Heiti þessa svæðis mun oftast í eignareikningum Lundarreykjadalshrepps nefnt Leirárdalir, enda þótt þeir í raun nái ekki yfir nema hluta svæðisins. Land þetta var í fyrri tíð talið eign Reykholtskirkju, en ekki finnst þess getið í máldögum eða lögfestum fyrir en 18. maí 1837 í lögfestu sr. Þorsteins Helgasonar, sem getið hefur verið um hér að framan (10). Segir þar „... þá lögfesti ég einnig land við Reyðarvatn, austan frá Drangshlíð og út undir Fossárflóa“. Sama er sagt í sumum yngri lögfestum Reykholts og í visitazíubók Péturs biskups Péturssonar. En þessi mörk eru þannig, að þar hefur gerókunnugur maður um fjallað. Fossárflói liggur vestan Fossár, fast að ánni, en Drangshlíð er hlíðin sunnan í Leirárhöfða, allt frá slakkanum vestan við Selhöfða, upp undan leitarmannaskálanum gamla við austurenda Reyðarvatns, og vestur með vatninu þar til Leirárhöfða þrýtur, og er þá skammt til þess, er Leirá fellur í Reyðarvatn. Prófasturinn í Reykholti eða heimildamaður hans hefur þekkt þessi örnefni en ekki vitað um staðhátta. – Það var að sögn Kristjáns Þorsteinssonar frá Reykjum (f. 1849 – d. 1934), fróðs manns og langminnugs, að Reykholtssel hefði verið við austurenda Reyðarvatns, þar sem leitarmannaskálinn stóð (og stendur víst raunar að nafni til enn) og verið kallað Snorrasel. Faðir Kristjáns og afi bjuggu báðir á Reykjum og sumir aðrir forfeður hans áttu heima eða bjuggu í Lundarreykjadal um langan aldur. Er og miklu trúlegra, að selið hafi verið við fremri enda Reyðarvatns heldur en við neðri endann, því að færri annmarkar

³⁰⁸ Skjal nr. 1(14).

voru á selstöðu þar. Nafnið Selhöfði bendir eindregið til sels þar skammt frá. Og sé að marka þá frásögn sr. Björns Pálssonar í sóknarlýsingu Þingvalla (4) að austurendi Reyðarvatns hafi fyrir austan fjall verið kallaður Selvík, bendir það og til hins sama. Raunar er þessi frásögn Björns tortryggileg vegna þess, að Selvík heitir stór vík, er liggur til suðvesturs úr Reyðarvatni suður undir Selfell og að Seldal í Þverfellslandi, en nær því fráleitt, að tvær víkur hafi borið sama nafn, skammt hvor frá annarri. – Þykja mér öll líkindi til, að land Reykholtskirkju hafi náð frá Gullberastaðasellandi að vestan og austur eins langt og vötn draga, suður að Reyðarvatni og Reyðarlæk og að norðan hafi Ok ráðið og vatnaskil á Kaldadal yfir til Geitlandsjökuls (Þórisjökuls), enda var land þetta einatt leitað af Lunddælum og engum öðrum, og munu þeir hafa rekið afréttarfénað sinn í landið um langan aldur. Geta má þess, að 28. maí 1858 (25) lætur Bjarni Guðmundsson á Þverfelli þinglýsa, að hann ætli að byggja nýbýli í Reykholtlandi. Skjal um þetta finnst nú ekki, hefur sjálfsagt brunnið, eins og veðmálabókin, sem það var fært inn í. En nafnaskrá veðmálabókar hefur varðveitt og þar meðvitneskjan um þetta atriði (25). Hefur Bjarni ekki látið sitja við orðin ein, því að hann hefur byggt býli í fjallendinu. Í kirkjubók Lundar, 1859, er þess getið að Jón, sonur Bjarna, sennilega ungbarn, deyr „við Reyðarvatn“ það ár. 1860 flyttir Bjarni að Þverfelli og bjó þar í 4 ár. Staðurinn, þar sem Bjarni byggði bæ sinn, er afgangur hóll á tungunni milli Fossár og Leirár, og þó allmiklu nær Fossá, skammt frá Reyðarvatni. Hét hóllinn Fuglaþúfa, og af veru sinni þar tók Bjarni viðurnefni og var ávallt nefndur Þúfu-Bjarni upp frá því, og það þótt hann flyttist í fjarlægja byggð, en hann bjó lengi í Hátúni á Vatnsleysuströnd. Svo sagði Kristleifur Þorsteinsson mér. Nokkrum árum síðar, 1863, flutti bóndi frá Kópareykjum í Reykholtsdal, Illugi Ásgrímsson, fyrr bóndi á Þverfelli og bóndasonur þaðan, á þennan stað ásamt fjölskyldu sinni og dvaldi þar í 5 ár. Ekki verður séð, að hann hafi greitt nein gjöld til hreppstjóra eða sýslumanns þennan tíma, enda í sögnum, að hann hafi leikið tveim skjöldum, sagt við hreppstjóra Lunddæla, að hann byggi í Reykholtshreppi, en hreppstjóra Reykdæla, að hann byggi í Lundarreykjadalshreppi. Sagnir ganga og um handalögmál, er urðu af undanfærslu Illuga við því að gjalda til almenningsþarfa. Víst er, að hann nýtti land beggja megin Fossár til búskapar og að sjálfsögðu veiði í Reyðarvatni, vetur og sumar. Þótti Þverfellsbónda, er næstur tók við búi þar á eftir Bjarna, Gunnlaugi Jónssyni, óþarfagestir komnir í nágrenni sitt og veiðistöðvar og nefndi býlið Vargaþúfu og hefur það nafn haldist til þessa. – Land Reykholtts var selt með leyfi stíptsyfirvalda Lundarreykjadalshreppi um leið og Þóreyjartungur, en án tilgreindra landamerkja, einungis er talað um „land við Reyðarvatn“ (13). Hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps hefur verið kunnugt um orðalag lögfestu sr. Þorsteins Helgasonar og þótt þau óljós, að því er tók til þessa lands, og gerði hún því „skjal, dags. 27. maí 1890, (26 a og b), þar sem hún lögfestir hreppnum land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk, á milli Þingvallakirkjulands og Reykholtskirkjulands“. Skjal þetta er ekki lengur til, en þinglesningar með

framangreindu orðalagi er getið í dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu 1887-1891, bls. 393-394. Sem fyrr segir mun Reykholtskirkjuland raunar hafa legið að Þingvallakirkjulandi, sbr. frásögnina um Snorrasel, en sakir orðalagsins um austurmörk landsins, eins og þau eru tilgreind í lögfestunni frá 1837 hefur hreppsnefndinni þótt tryggara að lögfesta hreppnum landið. Sennilega hafa landamerkin verið nákvæmar tilgreind í lögfestingarskjalinu, en um það er ekki unnt að fá vitneskju, þar sem skjalið er týnt.

Samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar í dómi, felldum 2. des. 1971, tilheyrir afréttinum Reyðarvatn á móts við Þverfell (6), en eigendur Þverfells höfðu eignað sér vatnið allt.³⁰⁹

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998 samþykktu hreppsnefndirnar að leggja tiltekin landsvæði inn í sjálfseignarstofnunina Ok. Í samþykkt hreppanna segir:

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998³¹⁰ var tekin til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga um stofnun sjálfseignarstofnunar um afréttarlönd Andakílshrepps og Lundareykjadalshrepps og skipulagsskrá fyrir stofnunina.

Hreppsnefndir Andakíls- og Lundarreykjadalshreppa samþykktu stofnun sjálfseignarstofnunar og fyrirliggjandi skipulagsskrá. Munu hreppsnefndirnar leggja fram og afhenda endurgjaldslaust 500.000 krónur í reiðufé og eftiralin lönd sín, ásamt réttindum sem þeir tilheyra til sjálfseignarstofnunarinnar:

Andakílshreppur leggur fram eftirtaldar eignir:

- a. Oddsstaðatunga.
- b. Gullberastaðaselsland.
- c. Lundartungu.

Lundarreykjadalshreppur leggur fram eftirtaldar eignir

- a. Land sunnan Fossár að Reyðarlæk, með honum austur að sýslumörkum Árness- og Borgarfjarðarsýslu, áður keypt af Reykholt- og Þingvallakirkjum (Leirárdalir).
- b. Þóreykjartungur, áður keyptar af Reykholtskirkju.

Hreppsnefndirnar samþykkja þær fjárhagslegu skuldbindingar sem felast í 6. gr. og 11. gr. stofnskrárinnar þar segir m.a. svo:

Úr 6. gr. Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til uppreksturs samkvæmt 1. mgr. 5. gr. stendur óhögguð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstraréttinn eiga standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem uppreksrarlands og fjallskil þar, þ.m.t. byggingu, viðhaldi og rekstri

³⁰⁹ Skjal nr. 4(11).

³¹⁰ Óskýrt í skjali.

gangamannahúsa og girðinga, og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðir eru á landverð.

Úr 11. gr. Verði ágreiningur um hvort þau lönd sem hrepparnir afhenda sjálfseignarstofnuninni teljist fullkoin eignarlönd lagður fyrir dómstóla skuldbindur sá hreppur, sem leggur landið fram, sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málishöfðunina eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Brún, 2. apríl 1998.³¹¹

Skjalið er undirritað af hreppsnefnd Andakílhrepps og Lundaerkykjadalshrepps.

Sama dag undirritaði hreppsnefnd Lundaerkykjadalshrepps yfirlýsingu um framlag sitt til sjálfseignarstofnunarinnar. Þar segir:

YFIRLÝSING

Hreppsnefnd Lundaerkykjadalshrepps, kt. 450269-3019, samþykkti á fundi sínum 31. mars³¹² 1998 að leggja fram og afhenda endurgjaldslaust 250.000 krónur í reiðufé og eftirtalin eignarlönd sín, ásamt réttindum sem þeim tilheyra, til sjálfseignarstofnunarinnar Ok:

a. Land sunnan Fossár að Reyðarlæk, með honum austur að sýslumörkum Árness- og Borgarfjarðarsýslu, áður keypt af Reykhólts- og Þingvallakirkjum (Leirárdalir), sbr. kaupsamning, dags. 9. september 1895 og afsal, dags. 9. janúar 1896.

b. Þóreyjartungur, áður keyptar af Reykholtskirkju, sbr. kaupsamning, dags. 9. september 1895 og afsal, dags. 9. janúar 1896.

Landamerkjum þess lands sem getið er í a-lið hér að ofan er lýst í lögfestu, dags. 27. maí 1890.

Landamerkjum Þóreyjartungu er lýst í landamerkjabréfi, dags. 2. júlí 1923.

Eignirnar eru afhentar með þeim kvöðum sem fram koma í skipulagsskrá fyrir sjálfeignarstofnuna Ok, sem fylgja yfirlýsingu þessari og teljast hluti hennar.

Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem eignarheimild sjálfseignarstofnunarinnar Ok að ofangreindum fasteignum.

Brún, 2. apríl 1998.³¹³

Skjalið er undirritað af hálfu hreppsnefndar Lundaerkykjadalshrepps og hreppsnefndar Andakílhrepps vegna Oddsstaðatungu.

³¹¹ Skjal nr. 4(103).

³¹² Ritað ofan línu. Strikað yfir 2. apríl.

³¹³ Skjal nr. 4(104).

Þann 5. nóvember 2008 gaf Þorsteinn Þorsteinsson á Skálpastöðum út samantekt um þróun eignarhalds á löndum Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Þar segir:

Þann 2. apríl, 1998, er sjálfseignarstofnuninni Ok komið á fót. Til hennar leggja Andakílshreppur og Lundarreykjadalshreppur allt það land sitt á fjalli, sem smalað er til Oddsstaðaréttar. (sjá merkjalýsingu hér að neðan) Tilgangur hreppanna var að tryggja þeim jörðum, sem þarna höfðu afréttarnot, allan áframhaldandi rétt til landa þessara, svo sem verið hafði síðan hrepparnir keyptu þessi svæði og lögðu til afréttar. Þetta var talið nauðsynlegt vegna þess að til stóð að sameina fjóra hreppa í Borgarfjarðarsýslu. Eðlilegt þótti að réttindi jarða til fjallbeitar og annara afréttarnota héldust hin sömu og verið hafði fyrir sameininguna. Það á sjálfseignarstofnunin að tryggja. Þetta var gert með fullu samþykki allra fjögurra sveitarstjórna. Skipulagsskrá Oks kveður á um fyrirkomulag og rekstur stofnunarinnar, sem og tengsl við sveitarstjórn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfesti skipulagsskrána þann 16. júní, 1998.

[...]

Næst verður reynt að rekja eftir föngum eignarhaldssögu hvers hluta fyrir sig af Landareign Oks.

[...]

Heimildir um eignarhald á Leirárdölum.

Samkvæmt bæði Sturlubók og Þórðarbók Landnámu, sem og Egils sögu, nam Skallagrímur land allt í Borgarfirði norðan Hafnarfjalla allt að vatnaskilum. Björn Gullberi fær svo að nema land innan þessa svæðis. Í hans hlut kemur allur Lundarreykjadalur norðan Grímsár, allt að Flókadalsá. Sennilega liggja lönd hans og Óleifs Hjalta saman. Fullvíst og eðlilegt má telja að Björn Gullberi hafi þar með eignast land allt upp af Lundarreykjadal, austur að núverandi sýslumörkum. Þá er einnig ljóst af öðrum og yngri heimildum að Gullberastaðir hafa átt land suður með Reyðarvatni austanverður, hið skemmsta allt að Fossá.

Ólíklegt verður að telja að sú á, sem er fremur lítið vatnsfall, hafi verið látin ráða suðurmörkum jarðarinnar. Að minnsta kosti ekki nema annað landnám tæki við sunnan árinna. Svo er ekki í þessu tilviki. Miklu líklegra er að Reyðarvatn hafi verið notað sem landamerki, að Reyðarlæk og síðan sá lækur að Brunnavatni Stóra. Þar er komið að vatnaskilum milli Borgarfjarðar- og Árnessýslu. með því móti geta lönd Bjarnar Gullbera og Þorgeirs meldun legið saman við Reyðarlæk.

Ekki hafa enn fundist eldri heimildir um eign Reykholtskirkju á „landi við Reyðarvatn“ en lögfesta séra Þorsteins Helgasonar frá 18. maí, 1837. Þinglýsing frá 28. maí 1858, staðfestir enn frekar eignarhald Reykholtskirkju á landi þessu. Þar lætur Bjarni Guðmundsson þinglýsa, að hann hyggist byggja nýbýli í Reykholtlandi. Skjalið sjálft hefur líkast til brunnið með öðrum svipuðum skjölum í Borgarnesi árið 1920. En nafnaskrá veðmálabókar

hefur varðveist og þar með vitneskjan um þetta atriði. Býli það, sem Bjarni reisti var í tungunni milli Fossár og Leirár, þó miklu nær Fossá.

Austurmörk lands þessa hafa verið nokkuð á reiki. Í lögfestu séra Markúsar Snæbjörnssonar á Þingvöllum, frá 16. maí 1740, er landamerkjum lýst mjög nálægt þeirri línu, sem sýslumörk fylgja nú. Þó nokkrum áratugum síðar telur Þingvallakirkja sig eiga land lengra í vestur, þótt þær merkjalínur séu ónákvæmar, ósamhljóða og oft af litlum kunnugleika lýst.

Þó sýnast Lunddælingar, að minnsta kosti um tíma, hafa fallist á að land Þingvallakirkju næði allt vestur að Drangi í Drangshlíð, við Reyðarvatn. Því krefja þeir Þingvallaprest um greiðslu kostnaðar við grenjavinnslu í Langási, sem Lunddælingar höfðu með höndum. Hann virðist hafa verið tregur til skuldaskila og er að lokum sæst á að Lundarreykjadalshreppur taki bæði við landinu og skuldinni. (Heimildir mínar um deilu vegna kostnaðar við grenjavinnslu eru vottorð frá Davíð Björnssyni á Þverfelli, í skjölum Reyðarvatnsmála, og ódagsett vottorð Þorsteins Guðmundssonar á Skálpastöðum, um sama efni, sennilega skrifað um eða eftir 1980).

Davíð Björnsson, þá bóndi á Þverfelli, segir svo, í áður um getnu vottorði, vegna Reyðarvatnsmála, dags. 14. febrúar, 1965, að árið 1886 hafi verið gerð áreið á land þetta. „Var hún farin í því skyni að helga Lunddælingum Reykholtskirkjuland (á að vera Þingvallakirkjuland) fyrir norðan Reyðarvatn,-“ Davíð segir að í áreið þessari hafi verið, meðal annarra, Jón á Gullberastöðum, séra Jens Pálsson á Þingvöllum og að öllum líkindum Árni hreppstjóri á Oddsstöðum. Áreiðin hlýtur að hafa verið gerð að sumri til. Þá um haustið skráir séra Jens nýja merkjalýsingu fyrir Þingvallakirkjuland, dags. hinn 1. september 1886, mjög samhljóða því sem rétt er talið í dag. Þeirri merkjalýsingu lætur sr. Jón Thorsteinsson, þá Þingvallaprestur, þinglýsa á manntalsþingi á Þingvöllum árið 1890. Þennan gjörning staðfestir dóms- og kirkjumálaráðuneytið með bréfi til Landamerkjadóms Mýra og Borgarfjarðarsýslu vegna Reyðarvatnsmáls (sjá Hæstaréttarmál nr. 193/1970. Skjöl A til F, bls. 43) dags. 14. október, 1967, en þar segir að ekki verði talið „að umrætt mál varði landsréttindi Þingvallakirkju“.

Sveinbjörn Björnsson, bróðir Davíðs á Þverfelli, getur einnig um áreið þessa í vottorði vegna Reyðarvatnsmála, dags. 29. október, 1964.

Enn fremur er vitað að hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps útbýr „skjal, dags. 27. maí 1890, þar sem hún lögfestir hreppnum land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk, á milli Þingvallakirkjulands og Reykholtskirkjulands“. Skjalið sjálft er ekki lengur til, en þinglesningar með framangreindu orðalagi er getið í dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu 1887 – 1891, bls. 393-394. Eflaust hafa mörk lands þessa verið nánar tilgreind í hinu þinglýsta skjali, en þær upplýsingar hafa glatast með skjalinu sjálfu.

Þegar talað er um „land við Reyðarvatn“ í lögfestum Reykholtskirkju teljum við að vísað sé til fulls eignarhalds á landi þessu, en ekki einungis

afréttarnota. Byggjum við á því, að svæðið sé innan upprunalegs landnáms Björns Gullbera. Einnig vísum við til þess álits fróðra manna á fyrri hluta 20. aldar, (sjá afréttarlýsingu Ingimundar Ásgeirssonar) að Reykholtssel (Snorrasel) hafi staðið á Selhól, suðvestan undir Selhöfða við austurenda Reyðarvatns. Sel mátti ekki hafa í afrétti, samkv. Grágás.

Þann 2. apríl 1998 leggur Lundarreykjadalshreppur Þóreyjartungur fram sem hluta af stofnframlagi sínu til Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Hefur land þetta síðan verið eign hennar.

[...]

Skálpastöðum 5. nóv. 2008. Þorsteinn Þorsteinsson.³¹⁴

Í málinu liggur fyrir skjal þar sem segir „Landamerki fyrir Leirárdölum, afréttarlandi Lundareykjadalshrepps“. Hluti skjalsins fannst við leit á héraðsskjalasafni Borgarfjarðar, þ.e. fyrri hluti skjalsins sem inniheldur hluta merkjalýsingar fyrir svæðið. Hins vegar vantar síðari hluta skjalsins, þ.e. upplýsingar um mögulega undirritun þess og þinglýsingu. Skjalið fannst í bæjarskjölum Oddstaða. Sá hluti merkjalýsingar svæðisins sem fram kemur í skjalinu er svohljóðandi:

Að vestan verðu ræður merkjum, bein lína úr ósi Fossár, þar sem hún fellur í Reyðarvatn, og stefnir línan í hvílt þá sem er í vestur enda Oksins, þar til hún mætir línu þeirri sem er merkjalína að norðanverðu, er hefst þar sem Lambá fer að hvíslast fyrir norðan Skotmannsfellin, og liggur í beina stefnu yfir syðri rana Fanntófells og austur á sýslumerki. Að austan ráða merkjum, sýslumerki allt suðvestur [...].³¹⁵

5.7.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.7.1.1 Reykholt / Reykholtskirkja

Landamerkjabréf Reykholts var undirritað 12. mars 1898 og það þinglesið 8. júní sama ár. Þar er merkjum Reykholts með Háfslandi, Breiðabólstað, Grímsstað og norður-Reykjum, lýst með heildstæðum hætti og án aðgreiningar. Svo segir:

Reykholt eða Reykholtskirkja á eftir máldögum og öðrum skilríkjum þessi útlönd og ítök.

1. Veði í Grímsá. Það eru fimm áttundu hlutar veiðarinnar í ánni allri með þessum undantekningum. Reykhollt á allan Hlaupagarð (þar er nú heita Strengir), þrjá fjórðunga árinna fyrir norðan Miðberg (þar er nú heitir Myrkhylur), fimm tuttugustu og fjórðu hluta af Hörgshyl og enn ós stemmu að Reyðarvatnsósi að öllu.

³¹⁴ Skjal nr. 5(15).

³¹⁵ Skjal nr. 4(107).

2. Selför á Kjör, með landi öllu og skógi milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils og veiði í Kjarrá að hálfu móts við Síðumúla fyrir öllu því landi, einkum í Hnitbjörg.
3. Geitland allt. Það er land milli Geitár og Hvítár.
4. Skóg í Þverárhlið, að síðu til sels.
5. Afrétt á Hrutafjarðarheiði.
6. Skóg á Sanddal á Norðurárdal (Pétursskóg), milli Slakkagils og Klofninga. Skógr sá er nú gjöreyddur.
7. Torfskurð (mótak) í Steindórsstaðalandi.
8. Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal. Mun vera hið sama og það, er síður hefir opptast verið kallað selför á Hælsheiði.

[...]³¹⁶

Guðmundur Helgason skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Magnússyni eiganda Úlfsstaða og Vilmundarstaða, Þorsteini Magnússyni eiganda Signýjarstaða og Einari Jónssyni hvað varðaði merki Skáneyjar.

Þann 23. maí 1908 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

[...]

2. Með konungsleyfi 19. sept. 1894 (Stj.tíð. 1894, B. bls. 175) var leyft, að selja afréttarlönd Reykholtskirkju: Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn frá kirkjunni fyrir 700 kr. þannig, að upphæð þessi sé lögð í Söfnunarsjóð Íslands sem óskerðanleg innstæða kirkjunnar, og að af vöxtum af upphæð þessari sé Reykholtspresti árl. greiddar 20 kr. og að auki helmingur þess, er rentan fer fram úr þessari upphæð, en hinn helmingurinn sé jafnan lagður við höfuðstól. Nefnd afréttarlönd voru seld Lundarreykjadalshreppi og jafnframt gefið út skuldabréf af hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps, dags. 27. desbr. 1895, að upphæð 700 kr., er afborgast skyldu í vexti og afborgun [strikað yfir: -um, á næstu 28] með jöfnum greiðslum [greiðslum, ofan línu; strikað yfir afborgunum] á næstu 28 árum í gjalddaga 1. febr. ár hvert, í fyrsta sinn 1. febr. 1896, og með veði í ofangreindum afréttarlöndum. Greiðslan er fyrir það fardagaár, sem yfir stendur, er hún fer fram. Nefnt skuldabréf er sent biskupi með bréfi prófasts 16. ág. 1906.

[...]³¹⁷

5.7.1.2 Þverfell

Landamerkjabréf Þverfells var undirritað 10. september 1886 og þinglesið 2. júní 1887. Þar segir:

³¹⁶ Skjal nr. 2(2).

³¹⁷ Skjal nr. 2(103) a-b.

Fyrst úr Kaldagili þar sem fellur í tung á í stein þann, sem stendur á lán-gamel merktur með +, sem högginn er í steininn síðan beina stefnu í lágan hellustein, sem er vestanverðu í svokölluðu Áreiðarskarði merktan með sama +; úr þessum steini ræður bein stefna eftir mýrardragi upp á hálsinum og yfir vesturenda á syðri tjörninni og í stein þar norður í hryggnum, sem er með höggnum +; svo ræður bein stefna norður hálsinn og í Grímsá þar, sem Kaldá fellur í hana að norðanverðu, á þessari stefnu á að vera steinn merktur með +, svo ræður Grímsá fram til Reiðarvatnsóss, svo eru merki með austurströnd Reiðarvatns, suður að Reiðarlæk, svo ræður hann merkjum til Grunnavatns, svo ræður bein sjónhending merkjum milli Þverfells og Þingvallakirkju í háhnjúkinn á Kvígindisfelli, þaðan vestur í gil það, sem fellur syðst í krókinn, sem er vestan undir því og Tungná kemur úr. Síðan ræður Tungná merkjum ofan fjallið þar til Kaldagil rennur í hana. Þessi landamerki hef jeg fyrir hönd eiganda jarðarinnar orðið samþykktur á að vera skulu við þá menn, sem lönd eiga að Þverfellslandi og eru hins vegar undirskrifaðir.³¹⁸

Björn Sveinbjarnarson skrifaði undir landamerkjabréfið. Var það samþykkt vegna Vörðufells og vegna Þingvallakirkju.

Þann 2. desember 1971 dæmdi Hæstaréttur í máli nr. 193/1970 um veiðiréttindi í Reyðarvatni. Var niðurstaða dómsins eftirfarandi:

Veiðifélagið Baskógar s/f, eigandi Þverfells í Lundarreykjadalshreppi, á botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, fyrir landi jarðarinnar frá Grímsárósi og að mynni Reyðarlækjar og svo veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ef því er að skipta.³¹⁹

5.7.1.3 Húsafell

Í máldögum Húsafellskirkju frá því um 1170 og frá 1397, 1472, 1504 og 1570 er merkjum jarðarinnar ekki lýst.³²⁰

Hið sama á við um lýsingu Húsafells frá 2. mars 1710.³²¹

Þann 27. apríl 1837 lögfesti séra Þorsteinn Helgason allar eignir og ítök Reykholtskirkju innan Mýrasýslu. Þar segir m.a.:

Eg Þorsteinn Helgason Sóknarprestur að Reykholti og Stóra Ási í Borgarfirði og Beneficíatus Reykholtstaðar og Kalls – Lögfesti hérmeð í dag téds kalls jardi, eignir og ítök liggjandi innan Mýrasýslu:

1. Húsafellsstað innan Stóraásssóknar, en Hvítarsíðuhrepps og Mýrasýslu, sem til kalls er lagdur í Reykholti með kónigsbréfi af 21. Aug. 1812 með þessum Landamerkjum Hvítá ræður að nordan allt að Ámóti, þá Geitá að

³¹⁸ Skjal nr. 2(1).

³¹⁹ Skjal nr. 1(14).

³²⁰ Skjöl nr. 2(34) - 2(38).

³²¹ Skjal nr. 2(65) a-b.

austan og til Landsudurs, svo Lángt sem hagar taka, síðan vestur með Oki allt í Deildargil.

2. Geitland innan sama bygðarlags, sem er Land allt millum Geitár og Hvítár.

[...] ³²²

Þann 18. maí 1837 lögfesti Þorsteinn Helgason sóknarprestur að Reykholti staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum.“ Þar segir m.a.:

[...]

Ad sídustu lögfesti eg og einnig Húsafellsjardar veidiítök: nefnilega: Ceciliuvík á Arnarvatnsheidi á Arnarvatni stóra og tveggja manna ífar í allar Gilsbakka veidar, svoframt Reykholtis og Gilsbakka stadhöldurum kemur saman herum; njóti sá enn fyrri þessa móti því, ad enn sídari hafi þar fyrir skógarhögg í hagaskógum ad Húsafelli, eins og áður var.

[...] ³²³

Lögfestan var upplestin í manntalsþingsrétti að Heggstöðum þann 19. maí 1837, að Lundi þann 20, Sturlureykjum þann 22. og að Hofstöðum þann 23. sama mánaðar.

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Húsafell sé Reykholtskirkjujörð, metin á 864 ríkisbankadali. ³²⁴

Þann 14. maí 1869 lögfesti séra Þórarinn Kristjánsson Geitland og jarðirnar Húsafell og Hraunsás. Þar segir m.a.:

Þórarinn Kristjánsson prestur að Reykholti, héraðsprófastur í Borgarfjarðarsýslu kunngjörir: að eg samkvæmt máldögum og skilríkjum Reykholtis- og fyrrverandi Húsafells kirkju lögfesti hérmeð þessar eignir: Geitland, og jarðirnar Húsafell og Hraunsás með öllum réttindum, gögnum og gæðum, sem fylgt hafa og fylgja eiga með réttu, þar meðtalin veiðiítök Húsafellskirkju, sem nú tilheyra jörðinni: Ceciliuvík á Arnarvatni stóra framá heidi, og tveggja manna íför á allar Gilsbakkaveiðar, svoframt Reykholtis- og Gilsbakka stadhöldurum kemur saman þarum, móti skógarhöggi í Hagaskógi að Húsafelli, eins og áður var. ³²⁵

Lögfestan var þinglesin að Búrfelli þann 15. maí sama ár og að Sturlureykjum 31. maí 1870 og aftur að Sámsstöðum 15. maí og Norðurtungu 16. maí árið 1871.

Þann 3. júní 1876 lögfesti Þórður Þórðarson Jónassen staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum“. Þar segir m.a.:

Reykjaholti 29da maí 1876

³²² Skjal nr. 2(147) a-b.

³²³ Skjal nr. 2(23) a-b.

³²⁴ Skjal nr. 2(41).

³²⁵ Skjal nr. 2(15) a-b.

Eg Þórður Þórðarson Jónassen sóknarprestur að Reykjaholti og Stóraási og beneficiatus Reykjaholts staðar og kalls lögfesti hérmeð í dag nefnda veitingarjörð mína, staðinn Reykjaholt með eptirnefndum kirkjunnar heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum.

[...]

6. Lögfesti eg jörðina Húsafells stað í Stóra áss sókn og Hálsa hreppi í Borgarfjarðar sýslu, sem til kalls er lagdur í Reykjaholti með Kgs.brefi af 21. ágúst 1812 með þessum landamerkjum: Hvítá ræður að norðan [síðuskipti] allt að Ámóti þá Geitá að austan og til landsuðurs svo langt, sem hagar taka; síðan vestur með Oki og allt í Deildargil er síðan ræður nidrí Hvítá.

[...]

Að síðustu lögfesti eg og einnig Húsafells jarðar veiðíttök: nefnilega Ceciliuvík á Arnarvatnsheiði í Arnarvatni stóra og tveggja manna ífar í allar Gilsbakka heiðar svo framt Reykjaholts og Gilsbakka staðarhöldurum kemur saman hér um; njóti sá enn [þ.e. hinn] fyrri þessa móti því, að enn [þ.e. hinn] síðari hafi þar fyrir skógar högg í Hagaskógnum að Húsafelli eins og áður var.

[...]

Framan og ofanskrifaðri lögfestu til staðfestu er nafn mitt og signet.

Reykjaholti 3^{ja} dag Júní-mánaðar 1876.

Þórður Þ. Jónassen

Lögfesta þessi var af mér lesin á manntalsþingum vorið 1876 á Búrfelli, Sturlureykjum, Heggstöðum og Lundi og síðan rituð í afsals- og veðmálabók Borgarfjarðarsýslu Ltr. E.

E[ggert] Th[eódór] Jónassen³²⁶

Landamerkjabréf fyrir Hraunsás, Húsafell og Geitland er ódagsett en því er þinglýst þann 7. júní 1898. Þar segir um merki Húsafells:

Hraunsásslund er land alt milli Ásgils og Deildargils, eftir því sem þau nú renna og í mannaminum numið hafa, frá fjalli til Hvítár.

Húsafell. Hvítá ræður að norðan alt að ármóti; þá Geitá að austan og til landsuðurs svo langt sem hagar taka; síðan vestur með Oki og alt í Deildargil, er síðan ræður niður að Hvítá.

Geitland er land alt millum Geitár og Hvítár, og undanteknu Torfábæli. Veiðíttök Húsafells:

1. Sesseljuvík í Arnarvatni hinu stóra á Arnarvatnsheiði.

2. Tveggja manna íför í allar Gilsbakkaveiðar, svo framt Reyholts og Gilsbakka staðarhöldurum kemur saman hjer um; njóti sá hinn fyrir þessa móti því, að hinn síðari hafi þar fyrir skógarhögg í Hagaskógnum að Húsafelli eins og áður var.

Rjett eftir lögfestum Þorsteins Helgasonar 18. maí 1837 og Þórður Þ. Jónassens 3. júní 1876, að öðru leyti en því að við er hjer bætt orðum um „að undanteknu Torfábæli“.

Rétt eftir lögfestum Þorsteins Helgasonar 18. maí 1837 og Þórður Þ. Jóanssens 3. júní 1876 [...]³²⁷

³²⁶ Skjal nr. 2(68) a-b.

Landamerkjálýsingin var samþykkt af eigendum Kalmanstungu og Stóra-Áss.

5.7.1.4 Stóri – Ás

Landamerkjabréf Stóra-Áss var gert 4. júní 1883 og því þinglýst 3. júní 1884. Þar segir m.a.:

Samkvæmt lögfestu tjeðrar eignar frá 20. maí 1839 sem síðan hefur verið óátalin, eru landamerki sem nú skal greina: Að norðan ræður Hvítá framm að Ásgili, þá ræður gilið að austan neðanfrá [neðanfrá ofan línu] alt svo langt sem grös vaxa suður undir Ok og út með því í Valagilsdrög, þá ræður Valagil að vestanverðu til Reykjadalársár, síðan eftir ánni þvert í móts við markhól, svo af markhól sjónhending í beinhól, þaðan sjónhending í gildruholt og af því holti beint í Múlagil sem ræður í áðurnefnda Hvítá.³²⁸

Jón Magnússon skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Þórsteinssyni, Sveinbirni Þorbjörnssyni, Páli Hannessyni og Þórði Þórðarsyni.

Annað landamerkjabréf var gert fyrir Stóra-Áss 23. október 1921 og því þinglýst 29. júní 1923. Þar segir:

Landamerki að jörðinni Stóra-Ási í Hálshreppi eru þessi: Að norðan ræður Hvítá til Ásgils, að austan ræður Ásgil til efstu draga vestanvert við vinnumannahnúk, að sunnan ræður bein lína frá vinnumannahnúk vestur með Oki til efstu draga að Skeiðvallargili, að vestan ræður Skeiðvallargil til Reykjadalársár, þá Reykjadalársá til móts við Markhól, frá markhól sjónhending í be[il]nhól, þaðan sjónhending í Gildruholt, og frá því beint í Múlagil sem ræður í áðurnefnda Hvítá.³²⁹

Þorgerður Hannesdóttir skrifaði undir landamerkjabréfið og það er undirritað um samþykki af eigendum Stóra-Áss.

5.7.1.5 Augastaðir

Landamerkjabréf Augastaða var skráð 23. september 1921 og því þinglýst 29. júní 1923. Þar segir:

Landamerki Að jörðinni Augastaðir í Hálshreppi eru þessi: Að austan ræður Skeiðvallargil til efstu draga, þá bein lína í Okið. Að sunnan ræður Okið. Að vestan ræður sjónhending frá Oki í Valagilsdrög. Þá Valagil til Reykjadalársár. Þá Reykjadalársá til Skeiðvallargils.³³⁰

Nikulás Gíslason skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða.

³²⁷ Skjöl nr. 2(3) og 2(42).

³²⁸ Skjal nr. 2(142).

³²⁹ Skjal nr. 2(141).

³³⁰ Skjal nr. 2(115) a-b.

5.7.1.6 Búrfell

Landamerkjabréf fyrir Búrfelli í Hálsasveit er ódagsett en því var þinglýst 1. júní 1891. Þar segir m.a.:

Landamerki fyrir Búrfelli í Hálsasveit eru sem hjer sagt. Milli Uppsala og Hofstaða skilur Reykjadalsá so frá ánni yfir Ristumýri milli Auðstaða og Búrfells í litla vörðu í mýrar röndinni við flatan mel og svo beina sjónhending úr henni í stóran klett á fjallsbrúninni heitir Jöfnubáðuklettur, og svo úr honum yfir mosa kjeldubotn eftir sem vötnum hallar austur og vestur af efri háhryggjunum uppí og Ok³³¹ beina sjónhending á milli Rauðsgils og Búrfells eru merki úr Reykjadalsá í lítið dý austan í djúpahvammaskasti og úr því beina sjónhendingg í klett á fjallshlíðinni *øg* er heitir Sáta og úr Sátu í lítinn melhnúk sunnarlega á langamel heitir Merkjahúkur svo yfir merkjalágina, neðarlega yfir fella flóann í lítinn foss í Rauðsgili heitir Merkjafooss svo skilur Rauðsgilið lönd milli Búrfells og Steindórsstaða alla leið upp að Oki, vissi sá er sagði.³³²

Jón Gíslason ábúandi Búrfells skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt vegna Steindórsstaða, Auðsstaða, Rauðsgils og Uppsala.

5.7.1.7 Steindórsstaðir

Landamerkjabréf Steindórsstaða var skráð 4. júní 1884 og því var þinglýst samdægurs. Þar segir m.a.:

Að vestanverðu úr Reykjadalsá í síki er skerst í útnorður í laugareyri. Þaðan beina stefnu í þúfu austan til á mel þeim sem er á milli bæjanna vestan vert við lækinn og þá í dý uppi á hálsbrúninni vestan til við vörðubrot það er hádegisvarða er kölluð og þaðan í gömlu þúfu og einbúa og þaðan sjónhending í suður og í Flókadalsá hjá steinum þeim er klofasteinar eru kallaðir austan vert við grænu kinn, að sunnan verðu ræður Flókadalsá til efstu grasa og þá í upptök Rauðsgils, síðan ræður Rauðsgil að austanverðu ofan fyrir rjettir, þá beina stefnu austanvert við Þórðarhólma og í Reykjadalsá, síðan ræður hún að norðan verðu til fýrsagðra merkja.³³³

Páll Hannesson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt vegna Rauðsgil og af Magnúsi Jónssyni, Þórði Sigurðssyni og Árna Jónssyni.

5.7.1.8 Þóreyjartungur

Sjá kafla 5.3.

5.7.1.9 Lundartunga

Sjá kafla 5.4.

³³¹ Leiðrétt ofan línu

³³² Skjal nr. 2(114) a-b.

³³³ Skjal nr. 2(14).

5.7.1.10 Oddsstaðatunga

Sjá kafla 5.5.

5.7.1.11 Gullberastaðaselsland

Sjá kafla 5.6.

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrirbyggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinnar staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Sú útgáfa *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem fylgdi með úrskurðum á svæði 7B hafði með sama hætti verið uppfærð með hluta af kafla úr úrskurðum á svæði 7A, sem innihélt almenn atriði. Samhliða uppkvaðningu úrskurða á svæði 8A voru *Almennu niðurstöðurnar* enn á ný uppfærðar, þá með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 7B. Loks hafa hinar *Almennu niðurstöður* nú verið uppfærðar með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 8A og fylgja svo breyttar í viðauka með úrskurði þessum.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, samanber kafla 6.3–6.6 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísa til þeirra.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Nú liggja fyrir samtals 62 dómur Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Dómum þessum hafa verið gerð skil í eldri úrskurðum óbyggðanefndar, nánar tiltekið úrskurðum nefndarinnar á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A. Tveir nýir Hæstaréttardómar á sviði þjóðlendumála hafa fallið frá því að úrskurðir óbyggðanefndar á svæði 8A voru kveðnir upp þann 19. desember 2014. Þar er annars vegar um að ræða dóm réttarins frá 22. október 2015 í máli nr. 743/2014 þar sem staðfest var niðurstöðu óbyggðanefndar um að Nýjabæjarafréttur væri þjóðlenda. Hins vegar er um að ræða dóm réttarins frá 29. september 2016 í máli nr. 850/2015 þar sem

staðfest var niðurstaða nefndarinnar um að Hólaafréttur í Eyjafirði væri þjóðlenda. Umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum hefur, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.³³⁴ Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður sú ályktun dregin að ágreiningssvæðið hafi verið numið að hluta til, a.m.k. hluti Oddsstaðatungu og Gullberastaðaselslands. Að sama skapi verður sú ályktun dregin að eftir því sem fjær dregur byggð og land hækkar er meiri vafa undirorpið að landsvæðið hafi verið numið. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

6.3 Þóreyjartungur

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Þóreyjartungur. Sjálfseignarstofnunin Ok gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Þóreyjartungur liggja í yfir 220 m yfir sjávarmáli og hafa meginleguna vestur-austur. Svæðið myndar tungu sem afmarkast af Flókadalsá að norðan og Syðri-Sandfellskvísl að sunnan. Svæðið er lág, öldótt heiði sem er að miklu leyti gróin en gróður fer minnkandi eftir því sem ofar dregur í Okhryggjum. Nyrðri-Sandfellskvísl rennur um mitt svæðið frá austri til vesturs og sameinast Syðri-Sandfellskvísl vestast á svæðinu. Á milli Sandfellskvíslanna á sunnanverðu svæðinu eru Vestra-Sandfell (385 m) og Eystra-Sandfell (408 m). Frá bæjarstæði Hrísa að ármótum Flókadalsár og Syðri-Sandfellskvíslar eru 5,4 km, mælt í beinni loftlínu.³³⁵

³³⁴ Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

³³⁵ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskráum frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

6.3.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukarafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Andkílinga og Lunddæla án sérstakrar aðgreiningar á milli einstakra landsvæða. Þóreyjartungur falla þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna þess séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða. Hvað varðar afmörkun þjóðlendukröfusvæðisins hafi íslenska ríkið við afmörkun þess fyrst og fremst litið til landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, afréttarlýsingar Ingimundar Ásgeirssonar frá árinu 1980, auk annarra heimilda sem getið er í kröfulýsingu og fjalla um merki svæðisins. Þá hafi verið tekið tillit til staðháttanna.

Hvað varðar Þóreyjartungur sérstaklega er á því byggt að eignarhald á Þóreyjartungum hafi verið nokkuð óljóst og ekki hafi fundist eldri skráðar heimildir um eignarhaldið en lögfesta frá árinu 1739, þar sem lögfestar eru eignir og ítök Reykholtskirkju. Þóreyjartungur séu t.a.m ekki taldar meðal eigna Reykholtskirkju í Gíslamáldaga frá því um 1570. Þá sé að finna fyrstu lýsingu á mörkum Þóreyjartungna, sem sérafmörkuðu svæði, í lögfestu fyrir Reykholtskirkju frá árinu 1837.

Af hálfu Sjálfseignarstofnunarinnar Oks, gagnaðila íslenska ríkisins, er m.a. byggt á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem hann hafi fyrir landsvæðinu, sem og þinglýstu landamerkjabréfi. Á því er byggt að landamerkjabréfið sé löglega frágengið og að það fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jörðin skráð í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Byggt er á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms í Borgarfirði. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt. Þá styðji heimildir um búsetu á svæðinu einnig kenningar um að landnám hafi náð til heiðarlandsins í öndverðu.

Á því er byggt að um sé að ræða land ákveðinna höfuðbóla frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðst við eldri eignarheimildir, sé eignarland og sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Því til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð) og úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Engu breyti í þessu sambandi þó hlutar jarðanna hafi seinna verið seldir frá þeim sem sérstakt afréttarland, samanber m.a. dóm Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 (Gullberastaðatungur), en þann dóm telur gagnaðili íslenska ríkisins hafa

efnislega þýðingu við úrlausn um eignarhald á Þóreyjartugum. Telur hann að með þessum dómi Hæstaréttar hafi endanlega verið skorið úr eignarrétti á svæðinu, og með þeim hætti, að óbyggðanefnd sé bundin við niðurstöðu réttarins. Þá telji gagnaðili íslenska ríkisins að það landsvæði Gullberastaða sem um var að ræða í dóminum, þ.e. Gullberastaðaselsland, sé sambærilegt við Þóreyjartungur, Lundartungu, Oddsstaðatungu og Leirárdali og því eigi sama niðurstaða að gilda þau landsvæði.

Þá er vísað til þess að þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd, samanber m.a. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í málum nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði) og 722/2009 (Hvammur/Hvammshéiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradsals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Byggt er á því á því að gagnaðili íslenska ríkisins og forverar þeirra hafi nýtt landsvæðið með öllum mögulegum hætti, bæði til búsetu og seljabúskapar, og þar sem um heiðarland sé að ræða hafi það verið nytjað í samræmi við það, eftir fremsta megni hverju sinni. Þá er það jafnframt ítrekað að landsvæðið hafi verið skilið frá heimajörð sinni og selt hreppsfélögunum gegn endurgjaldi. Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji einnig við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti. Landsvæðið sé í meginatriðum lágrent og vel gróið og þar að auki að hluta til umlukið öðrum landsvæðum sem talin hafi verið til eignarlands allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu. Þá hafi notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almenningsafrétta, né heldur hafi það staðið almenningi frítt til afnota, heldur aðeins gegn gjaldi.

Þá byggist krafa gagnaðila íslenska ríkisins að auki við fullnaða hefð, þ.e. að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan merkja landsvæðisins teljist vera eignarland. Að lokum er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhöfsreglu stjórnarsýslulaga.

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar, sem gerir þá kröfu til þrautavara að svæðið sé afréttur jarða í fyrrum Andakíls- og Lundarreykjadalshreppum, nú Borgarbyggð, er um málavexti alla vísað til málavaxtalýsinga sem fylgdu kröfulýsingum annarra málsaðila. Þegar fyrrnefnd sveitarfélög hafi keypt landsvæðið á sínum tíma hafi ætlunin verið að tryggja þeim fullkominn eignarrétt að svæðunum þannig að unnt væri að nýta þar allar eignarheimildir, þ.m.t. upprekstrarrétt. Landsvæðið hafi að mestu verið nýtt sem upprekstrarland jarða í Andakíls- og Lundarreykjadalshreppi, sem nú eru hluti af sveitarfélaginu Borgarbyggð, um langan aldur. Ef talið verði að sveitarfélögin hafi ekki keypt upprekstrarréttinn á sínum tíma, þá hljóti hann enn að tilheyra þeim jörðum sem áttu upprekstrarrétt á landsvæðið, þar

sem það hafi þá verið tekið til afréttarnota, og einungis og verið nýtt sem slíkt af eignum jarða í sveitarfélaginu, samanber þó það sem rakið er um seljabúskap og búsetu á svæðinu. Af hálfu Borgarbyggðar er tekið fram að þrautavarakrafan raski þó í engu kröfugerð Sjálfseignarstofnunarinnar Ok um að hafna beri þjóðlendukröfu ríkisins til svæðisins, samanber þó varakröfur hennar.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þóreyjartungna er rakin í kafla 5.3 hér að framan. Í kaflanum eru raktar heimildir um Reykholtskirkju sem benda til að kirkjunni hafi tilheyrt hálf jörðin Hrísar frá því á 14. öld, auk þess að henni hafi tilheyrt réttindi á a.m.k. hluta ágreiningssvæðisins frá sama tíma. Ekki er þó ljóst af þeim heimildum hvernig Reykholtskirkja var upphaflega komin að þeim rétti, en engin landfræðileg tengsl eru þar á milli. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Hrísa er aðliggjandi ágreiningssvæðinu að vestanverðu, þó Flókadalsá skilji á milli, en það hvort Þóreyjartungur hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er hins vegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Landnáma er elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Hrísa. Elsta heimild sem getur um kirkjuna í Reykholti er máldagi Reykholtskirkju sem talinn hefur verið frá 1185. Þar er getið um að kirkjan eigi ítök í Faxadal, en hann er staðsettur innan landamerkja Hrísa. Þá er Þóreyjartungna fyrst getið í máldaga Reykholtskirkju frá árinu 1392. Þar er ekki vísað til Hrísa eða Þóreyjartungna sem eigna kirkjunnar, heldur er um að ræða vitnisburð vegna ágreinings um landamerki Þrándarholts og Hæls, en sem fyrr segir átti Reykholtskirkja beitarítak í landi Hrísa á þeim tíma. Í lögfestu Reykholtskirkju frá 1837 er merkjum Þóreyjartungna fyrst lýst sérstaklega og þá aðgreindum frá heimajörð Hrísa. Merkjum Þóreyjartungna er lýst í heild eða að hluta í fleiri heimildum á 19. og 20. öld, svo sem nánar verður getið hér á eftir.

Árið 1895 keypti Lundaarreykjadalshreppur „afréttarlönd“ Reykholtskirkju á „Suðsfjalli“, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn. Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Þóreyjartungur 2. júlí 1923, og því þinglýst 7. júlí 1924. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfsins eru Þóreyjartungur sérstaklega tilgreindar og aðskildar frá Hrísum.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Þóreyjartungna er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki svæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Hér er um að ræða landamerkjabréfið fyrir Þóreyjartungur frá 1923, lögfestur Reykholtskirkju frá 1837 og 1876, sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti frá 1842 og kaupsamning um Þóreyjartungur 1895. Jafnframt verður höfð hliðsjón af heimildum um merki aðliggjandi jarða. Vestan og norðan við kröfusvæðið eru

óumdeild eignarlönd Hrísa, Steindórsstaða, Búrfells og Augastaða. Austan megin er ágreiningssvæði vegna afréttar Lunddæla og Oks, sem fjallað er um í kafla 6.7. Sunnan megin eru ágreiningssvæði vegna Oddsstaðatungu, sem fjallað er um í kafla 6.5, og ágreiningssvæði vegna Lundartungu, sem fjallað er um í kafla 6.4. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Verða nú fyrst vestur- og norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfusvæða, þ. á m. svæðisins þar austan við. Þessum hluta merkja ágreiningssvæðisins er lýst svo af hálfu íslenska ríkisins.

„ ... Flókadalsá að ármótum hennar og Syðri-Sandfellskvíslar (8), frá ármótum er Flókadalsá fylgt til austurs og til upptaka hennar (9), þaðan er farið beina sjónhendingu austur í vestanverða Oköxl, (10), og þaðan er farin bein lína að jökuljaðri (11) í stefnu á hátind Oks, jökuljaðri er svo fylgt réttisælis ... “.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega heldur vísað til lýsingar landamerkjabréfs fyrir Þóreyjartungur.

Vestur- og norðurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi Þóreyjartungna frá 1923:

Að norðan ræður merkjum bein stefna úr Oköxlinni vestanverðri í upptök Flóku – sjá sóknarskiftalínu á „Generalstabens topografiske kort“ – svo ræður Flóka merkjum þar til Sandfellskvíslin fellur í hana. [...] Að norðaustan verðu ræður Okíð merkjum.

Í lögfestunni frá 1837 er norðurmerkjum lýst svo að Flókadalsá ráði. Í sóknalýsingunni frá 1842 er norðurmerkjum lýst svo að Flókadalsá ráði á norðurhlið. Í lögfestunni frá 1876 er norðurmerkjum lýst svo að Flókadalsá ráði á norðurhlið. Í kaupsamningi um Þóreyjartungur frá 1895 eru þær sagðar sunnan Flókadalsár.

Vestan megin við ágreiningssvæðið liggur jörðin Hrísar. Í landamerkjabréfi fyrir Hrísa, sem er dagsett 22. október 1922 og þinglýst 30. júní 1923, er austurmörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „Að austanverðu sunnan úr Flókadalsá í klofasteina ... “. Landamerkjabréfið er undirritað vegna eigenda Hæls og Skóga.

Norðan megin við ágreiningssvæðið liggja jarðirnar Steindórsstaðir, Búrfell og Augastaðir. Í landamerkjabréfi fyrir Steindórsstaði, sem er dagsett 4. júní 1884 og þinglýst sama dag, er suðurmörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „ ... í Flókadalsá hjá steinum þeim er klofasteinar eru kallaðir austan vert við grænu kinn, að sunnan verðu ræður Flókadalsá til efstu grasa og þá í upptök Rauðsgils ... “. Landamerkjabréfið var samþykkt af eiganda jarðarinnar Rauðsgils. Í landamerkjabréfi fyrir Búrfell, sem var þinglýst 1. júní 1891, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „ ... svo skilur Rauðsgilið lönd milli Búrfells og Steindórsstaða alla leið upp að Okí ... “. Landamerkjabréfið var samþykkt af eigendum

Steindórsstaða, Auðsstaða, Rauðagils og Uppsala. Í landamerkjabréfi Augastaða, sem er dagsett 23. september 1921 og þinglýst 29. júní 1923, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „Að sunnan ræður Okið.“ Landamerkjabréfið var samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða.

Að mati óbyggðanefndar verða þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að Flókadalsá réði norðurmerkjum, þaðan sem Syðri Sandfellskvíslin fellur í hana, og til upptaka. Hins vegar lýsir landamerkjabréf Þóreyjartungna merkjum svo að þau nái lengra norður og austur, þ.e. frá upptökum Flókadalsár beina stefnu norðaustur í Oköxlina vestanverða og þaðan áfram austur með Oki. Ósamræmi er á milli landamerkjabréfsins og eldri heimilda að þessu leyti. Gagnaðili íslenska ríkisins dregur kröfulínu sínu eftir Flókadalsá og þaðan í vestanverða Oköxl og áfram austur í hæsta punkt Oks. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á norðurmerkjum Þóreyjartungna lengra til austurs en sem nemur upptökum Flókadalsár á sér því eingöngu stoð í landamerkjabréfinu frá 1923 en ekki í eldri heimildum.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að norðurmörk Þóreyjartungna séu með þeim hætti að Flókadalsá ræður þaðan sem Syðri Sandfellskvíslin fellur í hana og til upptaka.

Næst verða merki ágreiningssvæðisins að sunnanverðu tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfusvæða. Suðurmerkjum ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Sem fyrr segir er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins heldur vísað til lýsingar landamerkjabréfs fyrir Þóreyjartungur.

Suðurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1923: „Að suðvestan verðu ræður Sandfellskvíslin merkjum þar til hún skiftist, þá ræður Syðri-Sandfellskvíslin merkjum allt að upptökum, en úr upptökum hennar ræður bein stefna í há austur upp í Okið.“

Í lögfestunni frá 1837 er suðurmerkjum lýst svo að þau fylgi Sandfellskvíslum „framum Sandfell, og framí Saudabrekku fyrir vestan Fantófell.“ Í sóknalýsingunni frá 1842 er merkjum Þóreyjartungna lýst svo að þær liggja milli Sandfellskvísla og Flókadalsár. Í lögfestunni frá 1876 er suðurmerkjum lýst með sama hætti og í lögfestunni frá 1837. Í kaupsamningi um Þóreyjartungur frá 1895 er ekki minnst á suðurmerki Þóreyjartungna.

Sunnan megin við ágreiningssvæðið liggja ágreiningssvæði vegna Lundartungu og Oddsstaðatungu. Fjallað er sérstaklega um Lundartungu í kafla 6.4 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum beri saman um að Syðri-Sandfellskvísl ráði norðurmerkjum Lundartungu að upptökum. Þá er fjallað sérstaklega um Oddsstaðatungu í kafla 6.5 og svo sem þar er rakið er það

niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum ber saman um að Engjadalsá ráði norðurmerkjum Oddsstaðatungu að upptökum.

Að mati óbyggðanefndar verða þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á Syðri-Sandfellskvísl hafi ráðið suðurmerkjum allt þar til komið er að svokallaðri Sauðabrekku. Það örnefni er ekki lengur þekkt og því ekki ljóst til hvers þar er vísað. Í afréttarskrá Ingimundar Ásgeirssonar frá 1980 segir í umfjöllun um merki Þóreyjartungna: „Örnefnið Sauðabrekkur er nú ekki notað, þó virðist það hafa þekkzt fram um aldamótin síðustu, og geta má sér til, að þær séu hallar vestan Fanntófells, töluvert grónir.“ Að mati óbyggðanefndar er þó ekki hægt á þessum grundvelli að fullyrða neitt um staðsetningu Sauðabrekkna. Hins vegar gefur orðalag lögfestanna til kynna að Syðri-Sandfellskvíslinni skyldi fylgja alla leið fram í Sauðabrekku og því verður að telja líklegt að þar hafi upptök hennar verið eða mögulega enn austar. Þá segir í sóknalýsingunni frá 1842 að Þóreyjartungur séu á milli Sandfellskvísla og Flókadalsár. Það er því mat óbyggðanefndar að Sauðabrekkur hafi legið nærri upptökum Syðri-Sandfellskvíslar.

Hins vegar lýsir landamerkjabréf Þóreyjartungna merkjum svo að þau nái lengra norður og austur, þ.e. frá upptökum Syðri-Sandfellskvíslar beina stefnu í há austur upp í Okið. Ósamræmi er á milli landamerkjabréfsins og eldri heimilda að þessu leyti. Gagnaðili íslenska ríkisins dregur kröfulínu sínu eftir Syðri-Sandfellskvísl til upptaka hinnar og þaðan beina línu í háaustur upp í Okið að suðvestanverðu. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á suðurmerkjum Þóreyjartungna lengra til austurs en sem nemur upptökum Syðri-Sandfellskvíslar á sér því eingöngu stoð í landamerkjabréfinu frá 1923 en ekki í eldri heimildum.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að suðurmörk Þóreyjartungna séu með þeim hætti að Syðri-Sandfellskvísl ráði þaðan sem hún fellur í Flókadalsá og til upptaka.

Loks verða merki ágreiningssvæðisins að austanverðu tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfusvæða. Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Sem fyrr segir er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins heldur vísað til lýsingar landamerkjabréfs fyrir Þóreyjartungur.

Austurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1923: „...úr upptökum [Syðri-Sandfellskvíslar] ræður bein stefna í há austur upp í Okið. Að norðaustan verðu ræður Okið merkjum. Að norðan ræður merkjum bein stefna úr Oköxlinni vestanverðri í upptök Flóku.“

Lögfesturnar frá 1837 og 1876 lýsa báðar austurmerkjum svo að þau liggi frá Sauðabrekkum „og að Flókadalsá á norðurhlid.“ Austurmerkjum Þóreyjartungna er hvorki lýst sérstaklega í sóknalýsingunni frá 1842 né í kaupsamningnum frá 1895.

Austan megin við Þóreyjartungur liggur ágreiningssvæði vegna afréttar Lunddæla og Oks, en fjallað er sérstaklega um það landsvæði í kafla 6.7. Svo sem þar er rakið er engar eldri heimildir að finna um merki þess landsvæðis gagnvart Þóreyjartungum.

Með bókun við endurupptöku málsins hjá óbyggðanefnd 29. ágúst 2016 lagði lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins fram yfirlýsingu þess efnis að ef óbyggðanefnd teldi að merkjalínur gagnaðila íslenska ríkisins í málinu, á einstökum landareignum, væru ekki í samræmi við lýsingar í gögnum málsins, hefðu umbjóðendur hans ekkert við það að athuga að nefndin drægi merkjalínur þar sem nefndin teldi þær liggja samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Að því virtu telur óbyggðanefnd að þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að austurmörk Þóreyjartungna séu miðuð við línu sem sé dregin frá Sauðabrekku að upptökum Flókadalsár. Eins og að framan greinir er það mat óbyggðanefndar að miða skuli við að Sauðabrekkur liggja nærri upptökum Syðri-Sandfellskvíslar. Hins vegar lýsir landamerkjabréfið merkjum svo að þau nái mun lengra austur, þ.e. annars vegar frá upptökum Syðri-Sandfellskvíslar í há austur í Ok, og hins vegar frá upptökum Flókadalsár beina stefnu norðaustur í Oköxlina vestanverða og þaðan í há Ok. Ósamræmi er á milli landamerkjabréfsins og eldri heimilda að þessu leyti. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á austurmerkjum Þóreyjartungna lengra til austurs en sem nemur línu sem dregin er á milli upptaka Flókadalsár og upptaka Syðri-Sandfellskvíslar á sér því eingöngu stoð í landamerkjabréfinu frá 1923 en ekki í eldri heimildum.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að Syðri-Sandfellskvísl hafi náð að minnsta kosti fram að Sauðabrekku eða mögulega lengra austur og því sé rétt að miða austurmerki Þóreyjartungna við línu sem dregin er milli upptaka Syðri-Sandfellskvíslar og upptaka Flókadalsár.

Í framangreindum heimildum er ekki nákvæmlega tilgreint hvar upptök Flókadalsár og Syðri-Sandfellskvíslar eru staðsett. Árnar eru myndaðar úr nokkrum upptakakvíslum. Óbyggðanefnd óskaði því eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um vatnasvið ána og ætluð upptök þeirra. Á korti sem barst frá Veðurstofunni í kjölfarið og liggur fyrir í málinu má sjá greiningu á upptökum mismunandi kvísla.

Aðila málsins greinir ekki á um hvar upptök Flókadalsár eru og staðsetja báðir kröfupunktur við þau. Nánar tiltekið er þar um að ræða punkt 9 í kröfugerð íslenska ríkisins og punkt 2 í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins og er sá punktur jafnframt í samræmi við það hvar Veðurstofan staðsetur upptök Flókadalsár samkvæmt myndkort Loftmynda. Verður því miðað við þau upptök við afmörkun á austurmörkum Þóreyjartungna. Hins vegar verður miðað við austustu upptök Syðri-Sandfellskvíslar eins og þau koma fram á umræddu korti og nýtur þá gagnaðili íslenska ríkisins þess vafa sem uppi er að þessu leyti.

Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Þóreyjartungna, eins og hún var seld forverum hans árið 1895, hafi getað náð lengra til austurs en að þeirri línu sem dregin er með framangreindum hætti frá upptökum Flókadalsár til upptaka Syðri-Sandfellskvíslar styðst því ekki við elstu heimildir um afmörkun Þóreyjartungu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Ekki kemur fram í *Landnámu* að ágreiningssvæðið hafi verið numið. Í Þórðarbók Landnámu segir að Björn gullberi hafi numið Reykjardal enn syðra frá Grímsá og til Flókadalsár. Lundarreykjadalur, sem áður kallaðist Reykjadalur syðri, er nærri 25 km langur, frá Götuáasi og inn að Þverfelli. Þá skiptist hann í tvennt við Tungufellsmúla og liggur hann þá annars vegar með Grímsá að norðan og hins vegar með Tunguá að sunnan.³³⁶ Samkvæmt þessu nær Lundarreykjadalur ekki til ágreiningssvæðisins. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þessari frásögn *Landnámu*. Í því sambandi skal þess getið að ekki verður ráðið af frásögnum hennar að landnám á Flókadal hafi náð svo langt til suðurs og austurs. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að hluta. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem

³³⁶ Samanber lýsing Freysteins Sigurðssonar á Lundarreykjadal í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2004.

fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafarétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af kaupum Lundarreykjadalshrepps á Þóreyjartungum í september 1895 og nýtingu landsins á þeim grundvelli síðan leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða svæðisins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Þóreyjartungur hafi verið hluti af landi jarðarinnar Hrísa eða jörðinni hafi þar aðeins fylgt óbein eignarréttindi.

Eins og getið er um hér að framan er Hrísa fyrst getið í *Landnámu*. Þá er jarðarinnar, eða tiltekinna landsvæða innan hennar, getið í fjölda máldaga Reykholtskirkju fram á 18. öld. Í máldögum kirkjunnar frá árunum 1185 og 1224 er tiltekin tveggja mánaða beit í Faxadal, sem er innan landamerkja jarðarinnar Hrísa. Þá kemur fram í máldögum kirkjunnar frá árunum 1358, 1397 og 1478 að henni tilheyri hálf jörðin Hrísar og einnig er talin upp áðurnefnd beit í Faxadal. Í máldaga kirkjunnar frá því um 1570 er talin upp beit í Faxadal. Í þessum máldögum eru taldar upp eignir og ítök kirkjunnar en þar er Þóreyjartungna ekki getið sérstaklega. Þó er þeirra getið sjálfstætt í máldaga kirkjunnar í Reykholti frá 1392, þar sem er að finna vitnisburð Einars Þrasa um landamerki Þrándarholts og Hæls í Flókadal. Þar segir: „oc þat hyggja menn [...] ath hris eighi allar þoreyiar tvnghvr.“ Af framangreindum heimildum má ráða að litið var á Þóreyjartungur sem sérstakt landsvæði aðskilið frá jörðinni Hrísum þegar á árinu 1392.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708³³⁷ er fjallað um Hrísa og þar segir að jörðin sé að hálfu í eigu Reykholtskirkju og að hálfu í eigu Bæjarkirkju en ekki er þar minnst á Þóreyjartungur. Í umfjöllun um Reykholt í *Jarðabókinni* segir: „Þessi ítök á staðurinn og hefur átölulaus: [...] Tveggja mánaða beit í Faxadal og brúkast það fyrir selstöðu. Hann liggur fram af Flókadal í Hrísalandi, vide supra Hrísa.“

Í lögfestu Hannesar Halldórssonar fyrir Reykholt frá 1709 er lögfest hálf jörðin Hrísar með „med ollum halfum löndum, Þóreyartungum og Saudatungum þar med Tveggja manada beit i Faxadal er kyrkiann a i Sinnar og Bæarkyrkiu jord, Hrysa Jord.“ Lögfestan var þinglesin sama ár og aftur árið 1730.

Í lögfestu Finns Jónssonar fyrir Reykholt frá 1739 eru lögfestar jarðir kirkjunnar í 7 töluliðum, þ. á m. hálf jörð Hrísa. Svo segir í tölulið 8: „Logfeste eg þessar eignar og ítök Reikholtskirkju. Tveggja manada beit ollum peninge i faxadal, þóreyartungur og Saudatungur ... “. Lögfestan var þinglesin í maí sama ár og aftur árið 1743.

Í lögfestu Þorsteins Helgasonar fyrir Reykholt frá árinu 1837 eru lögfestar jarðir kirkjunnar í 8 töluliðum, þ. á m. hálf jörð Hrísa. Svo segir í tölulið 9: „Loksins lögfesti eptirfylgiandi útlönd eignir og ítök kyrkjunnar í Reikholti. Tveggja manadabeit öllum peningi í faxadal er kyrkjan á í sínu Og Bæjarkyrkju landi að Hrísum, þá Saudatungur og Þóreyartungur allar; en það eru Þóreyjartungur, er liggja millum Sandfellskvísla, framum Sandfell, og framí Saudabrekku fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norðurhlid.“ Í lögfestunni er staðsetningar Þóreyjartungna fyrst getið. Lögfestan var þinglesin í maí sama ár en henni var mótmælt á Lundarþingi af Lundarpresti, séra Benedict Guðmundssyni, sem taldi syðri tunguna, þ.e. sunnan Nyrðri-Sandfellskvíslar, vera eign Lundarkirkju. Séra Þorsteinn svaraði mótmælunum þannig að séra Benedict færi með rangt mál og því til stuðnings vísaði hann bæði í eldri máldaga Reykholtskirkju, sem og lögfestu séra Einars Oddssonar fyrir Lundarkirkju frá 2. maí 1724, þar sem landsvæði þetta væri ekki talið meðal eigna Lundarkirkju. Umrædd lögfesta Lundarkirkju hefur ekki fundist þrátt fyrir leit en ekki er að sjá af öðrum heimildum kirkjunnar að hún hafi gert tilkall til umrædds landsvæðis. Þá er ekki að sjá af heimildum að séra Benedict hafi reynt að halda kröfu sinni til streitu eða að frekari deilur hafi átt sér stað um landsvæðið. Þó hefur syðri hluti Þóreyjartungna verið nefndur Þrætutunga af sumum vegna þessa ágreinings.

Í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti frá 1842 er fjallað um kirkjujarðir og ítök Reykholtskirkju. Þar er hálf jörð Hrísa talin upp meðal jarða í eigu kirkjunnar. Svo segir: „Eftir Vilchins og Gísla biskups Jónssonar máldögum samt ærið gömlum máldaga á membrana [hér er átt við Reykholtsmáldaga] á Reykholtskirkja þessi ítök: [...] tveggja mánaða beit í Faxadal, Þóreyjartungur allar.“

³³⁷ Hér eftir er vísað til þessarar heimildar sem *Jarðabókar* Árna og Páls, auk þess sem getið er þess ártals sem viðkomandi hluti *Jarðabókarinnar* var ritaður.

Þá segir í Jarðatali Johnsens frá 1847 að meðal margra hlunninda Reykhólts sé tveggja mánaða beit í Faxadal, Sauðatungur og Þóreyjartungur allar. Svo segir: „Reykhólts kirkjujarðir eru leigðar þannig: [...] Hrísar 30 al. Lsk. 1 kúg.; [...]“

Í vísitasíu fyrir Reykhóltskirkju frá 1869 kemur fram að kirkjan „... á og hefur lengi haft í hefðarhaldi land við Reiðarvatn austan frá Drangshlíð og út um Fossárflóa og Sauðatungur og Þóreyjartungur.“ Á manntalsþingi að Lundi 2. júní 1870 lýsti séra Bjarni Sigvaldason því yfir að hann hefði tekið til leigu „Þóreyjartungur, fjall[1]and Reykhólts kirkju“, og að þeir sem þar vildu hafa upprekstur, ættu að semja við hann. Þá er „Fjallland“ – Þóreyjartungur og Sauðatungur – talið meðal ítaka kirkjunnar í úttekt á stað og kirkju í Reykholti frá 1872.

Í lögfestu séra Þórðar Þórðarsonar Jónassen fyrir Reykholt frá 1876 eru jarðir Reykhóltskirkju lögfestar í 8 töluliðum, þ. á m. hálf jörð Hrísa. Svo segir í tölulið 9: „Loksins lögfesti eg eptirfylgjandi útlönd, eignir og ítök kirkjunnar í Reykja holti; Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal, er kirkjan á í sínu og Bæjakirkjulandi að Hrísum, þá Sauðatungur og Þóreyjartungur allar ...“. Lögfestan var þinglesin sama ár.

Þann 4. desember 1893 sendi hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps konungi bréf þar sem beðið var um leyfi til að kaupa „afrjettarland tilheyrandi Reykhóltskirkju“. Í bréfinu segir að afréttarlandið sé á fjalli „norðaustur af afrjettarlöndum jarðanna Lundar, Gullberastaða og Oddsstaða“ og tilheyrir Reykhóltskirkju. Texti bréfsins ber það með sér að ekki hafi verið litið á Þóreyjartungur sem hluta jarðarinnar Hrísa. Öðru máli gegndi um Lundartungu, Oddsstaðatungu og Gullberastadaselsland, sem tengd voru þeim jörðum sem þær höfðu tilheyrt. Á þessum tíma hafði hvorki hluti Reykhóltskirkju né Bæjarkirkju í jörð Hrísa verið seldir undan kirkjunum.

Þann 29. janúar 1894 sendi séra Guðmundur Helgason í Reykholti bréf til stiptsyfirvalda vegna beiðnar hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps um kaup á Þóreyjartungum og landi við Reyðarvatn. Í bréfinu mælir hann með því að af kaupunum verði og þar segir m.a.:

Afréttarlönd þessi liggja að löndum Lundar-Reykjadalsmanna og er miklu hægra að nota þau fyrir þá en prestinn í Reykholti, sem fyrir fjarlægðarsakir á mjög erfitt með að hafa eptirlit með notkun þeirra og getr eigi varist því, að þau verði notuð meira eða minna í óleyfi. Lunda-Reykjadalshreppi er þörf á, að hafa umráð yfir löndum þessum, því að hann á ekkert upprekstrarland, og Lundar-Reykjadalsmönnum er von ágangs þaðan, ef þeir geta engu ráðið um, hvað þangað er rekið af fénaði, en prestinum í Reykholti hefir þess enga þörf, því að hann þarf þeirra hvorki til selfarar né upprekstrar, þar sem Reykhóltskirkja á tvær selfarir aðrar, sem nær lægi að nota, og Reykholt á ásamt öðrum jörðum í Reykhóltsdalshreppi rétt til afréttar á Arnarvatnsheiði, sem hreppurinn hefir nýlega keypt. Einu notin, sem prestinum í Reykholti

getr haft af löndum þessum, eru þau, að leigja þau öðrum til upprekstrs. En það er mjög óvíst, að því verði jafnan við komið, þar sem svo torvelt eða nær ómögulegt það er fyrir prestinum að sjá við því, að þau verði notuð í óleyfi hans.

Þann 12. júní 1894 sendi svo séra Guðmundur Helgason í Reykholti bréf til konungs þar sem hann bað um leyfi til þess að selja afréttarlönd kirkjunnar á Suðurfjalli, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn. Kaupsamningur um Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn er dagsettur 9. september 1895 og var afsal gefið út 9. janúar 1896 og það þinglesið á manntalsþingi að Lundi 8. júní 1896. Landamerkjabréf Þóreyjartungna var samþykkt 2. júlí 1923 og því þinglýst 7. júlí 1924.

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Lundarreykjadalshrepps, dags. 28. janúar 1920, segir hann: „Um almenninga veit ég ekki að séu til. En lundareykjadalshreppur á tvo smá landbletti er ekki heira til neinu lögbýli. 1. Þóreyjartungur og liggur það land milli Flókadalsár og Sandfellskvíslar (þeirri syðri) og er um engan foss eða fallanda þar að tala.“

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílhrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998 samþykktu hreppsnefndirnar að leggja tiltekin landsvæði inn í sjálfseignarstofnunina Ok. Samkvæmt samþykktinni skyldi Lundarreykjadalshreppur m.a. leggja fram „Þóreyjartungur, áður keyptar af Reykholtskirkju“. Sama dag undirritaði hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps yfirlýsingu um framlag sitt til sjálfseignarstofnunarinnar og þar segir m.a.: „b. Þóreyjartungur, áður keyptar af Reykholtskirkju, sbr. kaupsamning, dags. 9. september 1895 og afsal, dags. 9. janúar 1896. [...] Landamerkjum Þóreyjartungu er lýst í landamerkjabréfi, dags. 2. júlí 1923.“

Svo sem rakið hefur verið hér að framan eru Þóreyjartungur tilgreindar sérstaklega í ýmsum heimildum, líkt og margir afréttir einstakra jarða eða stofnana. Af heimildunum má ráða að litið var á Þóreyjartungur sem sérstakt landsvæði, aðskilið frá jörðinni Hrísum, þegar á árinu 1392. Í máldögum Reykholtskirkju frá þeim tíma og allt fram á 17. öld kemur fram að kirkjunni tilheyri hálf jörðin Hrísar auk þess sem að jafnaði eru tilgreind sérstaklega réttindi hennar í Faxadal. Þóreyjartungna er hins vegar ekki getið meðal eigna og ítaka kirkjunnar í þessum heimildum, heldur fyrst getið í lögfestu Hannesar Halldórssonar frá 1709.

Í lögfestum Reykholtskirkju frá 1739, 1837 og 1876 eru Þóreyjartungur ekki taldar upp meðal jarða kirkjunnar, en þær taldar upp á eftir jarðaupptalningu og þá meðal annarra eigna og ítaka hennar og án nokkurra tengsla við Hrísa. Þá segir í vísitásiu kirkjunnar frá 1869 að hún hafi lengi „haft í hefðarhaldi“ land við Reyðarvatn, Sauðatungur og Þóreyjartungur. Bendir sú framsetning ekki til þess að af hálfu Reykholtskirkju hafi verið litið svo á að kirkjan hafi verið komin að rétti sínum

til svæðisins á grundvelli venjubundins framsals eignarréttar. Þá ber texti bréfs hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps frá desember 1893 það ekki með sér að litið hafi verið á Þóreyjartungur sem hluta jarðarinnar Hrísa, eins og átti við um landsvæði Lundartungu, Oddsstaðatungu og Gullberastaðaselslands sem voru tengd þeim jörðum sem þau höfðu tilheyrt.

Ekkert liggur fyrir um hvernig Reykholtskirkja var upphaflega komin að rétti sínum til þessa landsvæðis eða hvert inntak þeirra réttinda var. Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirliggjandi landnámslýsingum að teljast verður líklegt að landsvæðið sé innan upphaflegs landnáms. Jafnvel þó svo að það hafi verið numið í öndverðu, í heild eða að hluta, þá verður sem endranær að hafa þann fyrirvara að sú staðreynd sker ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirferst til síðari rétthafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og að landsvæðið hafi í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort að um óvæfengjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotaafrétt og má við það mat styðjast við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Heimildir um afnot landsvæðisins frá 17. og fram á 21. öld fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem liggja nærri ágreiningssvæðinu eru bæði eignarlönd og þjóðlendur sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirk en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.³³⁸

Hvað Þóreyjartungur varðar þá liggja engar heimildir fyrir sem sýna fram að þar hafi verið búið og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga

³³⁸ Sbr. kafla 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að Þóreyjartungum getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá eigendum Reykhólts, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, samanber dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarheit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkjara jarða þar sem háttar til eins og í tilviki Þóreyjartungna. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að Þóreyjartungum fyrir hefð.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds landsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til veiðar og sumarheitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Þóreyjartungur séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.³³⁹ Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Oks sem leiðir þann rétt frá Reykholtskirkju fyrir milligöngu Lundarreykjadalshrepps.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Þóreyjartungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Upphafspunktur er við ármót Flókadalsár og Syðri-Sandfellskvíslar. Þaðan er Flókadalsá fylgt til upptaka. Þaðan er dregin bein lína í upptök Syðri-Sandfellskvíslar. Syðri-Sandfellskvísl er svo fylgt vestur í upphafspunkt við Flókadalsá.

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Oks, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

³³⁹ Sbr. einnig lokakafla í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

6.4 Lundartunga

6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Lundartunga. Sjálfseignarstofnunin Ok gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Lundartunga liggur í yfir 260 m hæð og hefur meginleguna norðvestur-suðaustur. Svæðið myndar tungu sem afmarkast af Syðri-Sandfellskvísl að norðan og Engjadalsá að sunnan. Svæðið er lág öldótt heiði sem er að miklu leyti gróin. Frá bæjarstæði Lundar að ármótum Flókadalsár og Engjadalsár, sem eru á vesturmörkum kröfusvæðis íslenska ríkisins, eru um 4,6 km, mælt í beinni loftlínu.³⁴⁰

6.4.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendarafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Andkílinga og Lunddæla án sérstakrar aðgreiningar á milli einstakra landsvæða. Lundartunga fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendarafa þess séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendarafa ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendarafans teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða. Hvað varðar afmörkun þjóðlendarafans hafi íslenska ríkið við afmörkun þess fyrst og fremst litið til landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, afréttarlýsingar Ingimundar Ásgeirssonar frá árinu 1980, auk annarra heimilda sem getið er í kröfulýsingu og fjalla um merki svæðisins. Þá hafi verið tekið tillit til staðháttanna.

Af hálfu Sjálfseignarstofnunarinnar Oks, gagnaðila íslenska ríkisins, er m.a. byggt á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafa fyrir landsvæðinu, sem og þinglýstu landamerkjabréfi. Á því er byggt að landamerkjabréfið sé löglega frágengið og að það fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jörðin skráð í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Byggt er á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms í Borgarfirði. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt. Þá styðji heimildir um búsetu á svæðinu einnig kenningar um að landnám hafi náð til heiðarlandsins í öndverðu.

³⁴⁰ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum upplýttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

Á því er byggt að um sé að ræða land ákveðinna höfuðbóla frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðst við eldri eignarheimildir, sé eignarland og sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Því til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar frá 21. október í máli nr. 48/2004 (Úthlíð) og úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Engu breyti í þessu sambandi þó hlutar jarðanna hafi seinna verið seldir frá þeim sem sérstakt afréttarland, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 (Gullberastaðatungur), en þann dóm telur gagnaðili íslenska ríkisins hafa efnislega þýðingu við úrlausn um eignarhald á Lundartungu. Telur hann að með þessum dómi Hæstaréttar hafi endanlega verið skorið úr eignarrétti á svæðinu, og með þeim hætti, að óbyggðanefnd sé bundin við niðurstöðu réttarins. Þá telur gagnaðili íslenska ríkisins að það landsvæði Gullberastaða sem um var að ræða í dómnum, þ.e. Gullberastaðaselsland, sé sambærilegt við Þóreyjartungur, Lundartungu, Oddsstaðatungu og Leirárdali og því eigi sama niðurstaða að gilda þau landsvæði.

Þá er vísað til þess að þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd, samanber m.a. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í málum nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði) og 722/2009 (Hvammur/Hvammshéiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Byggt er á því að gagnaðili íslenska ríkisins og forverar hans hafi nýtt landsvæðið með öllum mögulegum hætti, bæði til búsetu og seljabúskapar, og þar sem um heiðarland sé að ræða hafi það verið nytjað í samræmi við það, eftir fremsta megni hverju sinni. Þá er það jafnframt ítrekað að landsvæðið hafi verið skilið frá heimajörð sinni og selt hreppsfélögunum gegn endurgjaldi. Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji einnig við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti. Landsvæðið sé í meginatriðum láglent og vel gróið og þar að auki að hluta til umlukið öðrum landsvæðum sem talin hafi verið til eignarlanda allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu. Þá hafi notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hvorki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afrétta, né heldur hefur það staðið almenningi frítt til afnota, heldur aðeins gegn gjaldi.

Þá byggist krafa gagnaðila íslenska ríkisins að auki við fullnaða hefð, þ.e. að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan merkja landsvæðisins teljist vera eignarland. Að lokum er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga.

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar, sem gerir þá kröfu til þrautavara að svæðið sé afréttur jarða í fyrrum Andakíls- og Lundarreykjadalshreppum, nú

Borgarbyggð, er um málavexti alla vísað til málavaxtalýsinga sem fylgdu kröfulýsingum annarra málsaðila. Þegar fyrrnefnd sveitarfélög hafi keypt landsvæðið á sínum tíma hafi ætlunin verið að tryggja þeim fullkominn eignarrétt að svæðunum þannig að unnt væri að nýta þar allar eignarheimildir, þ.m.t. upprekstrarrétt. Landsvæðið hafi að mestu verið nýtt sem upprekstrarland jarða í Andakíls- og Lundarreykjadalshreppi, sem nú eru hluti af sveitarfélaginu Borgarbyggð, um langan aldur. Ef talið verði að sveitarfélögin hafi ekki keypt upprekstrarréttinn á sínum tíma, þá hljóti hann enn að tilheyra þeim jörðum sem áttu upprekstrarrétt á landsvæðið, þar sem það hafi þá verið tekið til afréttarnota, og einungis og verið nýtt sem slíkt af eigendum jarða í sveitarfélaginu, samanber þó það sem rakið er um seljábúskap og búsetu á svæðinu. Af hálfu Borgarbyggðar er tekið fram að þrautavarakrafan raski þó í engu kröfugerð Sjálfseignarstofnunarinnar Ok um að hafna beri þjóðlendukröfu ríkisins til svæðisins, samanber þó varakröfur hennar.

6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Lundar og Lundartungu er rakin í kafla 5.4 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið má ráða að Lundur hafi verið sjálfstæð jörð³⁴¹ og að Lundartunga hafi heyrt undir jörðina. Óumdeilt eignarland jarðarinnar er aðliggjandi ágreiningssvæðinu á vesturhorninu, þó Flókadalsá skilji á milli, en það hvort Lundartunga hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er hins vegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar. Í umfjöllun um landsvæðið í kafla 5.4 er ýmist fjallað um það sem Lundartungu eða Lundarheiði, en í báðum tilvikum er um tilvísun að ræða til hins umdeilda svæðis í máli þessu.

Sem fyrr segir er *Landnáma* elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Lund. Þar segir að Kjallakur Hrólfsson, niðji Gríms háleyska hafi búið á Lundi í Syðradal. Syðridalur sá sem vitnað er til er Lundarreykjadalur. Aðliggjandi að jörð Lundar að austanverðu er jörð Gullberastaða, en um hana er einnig getið í *Landnámu*. Þar segir að Björn gullberi hafi numið Reykjardal „enn syðra“ og búið á Gullberastöðum. Lundarreykjadalur er nærri 25 km langur, frá Götuáasi og inn að Þverfelli. Þá skiptist hann í tvennt við Tungufellsmúla og liggur hann þá annars vegar með Grímsá að norðan og hins vegar með Tunguá að sunnan³⁴². Samkvæmt þessu standa líkur til þess að jörðunum Lundi og Oddsstöðum hafi verið skipt út úr jörðinni Gullberastöðum og samfelld land hennar hafi upphaflega tekið yfir núverandi land Lundar, Gullberastaða og Oddsstaða.

Ágreiningssvæðisins er fyrst getið sérstaklega í vísitasíu fyrir kirkjuna að Lundi frá 1647. Í vísitasíunni er að finna lýsingu á landamerkjum Lundar og Lundartungu og þar er merkjum Lundartungu lýst sérstaklega og aðgreindum frá landi

³⁴¹ Samanber umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

³⁴² Samanber lýsingu Freysteins Sigurðssonar á Lundarreykjadal í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2004.

Lundar. Merkjum Lundartungu er lýst í heild eða að hluta í fleiri heimildum frá 17. til 19. aldar, svo sem nánar verður getið hér á eftir.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Lundartungu 2. maí 1910, og því þinglýst 7. júní sama ár. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfsins er Lundartunga sérstaklega tilgreind og aðskilin frá Lundi. Árið 1910 keypti Andakílhreppur „fjalllendið“ Lundartungu.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Lundartungu er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki svæðanna, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á þeim. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Er þar um að ræða landamerkjabréfið fyrir Lundartungu frá 1910, vísitasíur fyrir kirkjuna að Lundi frá 1647, 1720, 1827 og 1868, lögfestur fyrir Lund frá 1665, 1671, 1679 og 1703, lögfestu fyrir Lundarheiði frá 1694, jarðamatsgjörð fyrir Lund frá árinu 1849 og landamerkjaregistur fyrir Lund frá 1856. Jafnframt verður höfð hliðsjón af heimildum um merki aðliggjandi jarða. Vestan og norðvestan megin við ágreiningssvæðið er óumdeilt eignarland Hrísa. Norðan megin er ágreiningssvæði vegna Þóreyjartungna, sem fjallað er um í kafla 6.3. Austan og suðaustan megin eru ágreiningssvæði vegna afréttar Lunddæla og Oks, sem fjallað er um í kafla 6.7, og ágreiningssvæði vegna Oddsstaðatungu, sem fjallað er um í kafla 6.5. Suðvestan megin eru óumdeild eignarlönd Lundar, Gullberastaða og Oddsstaða. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Verða nú fyrst vestur- og norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Kröfufylsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfuvæða. Þessum hluta merkja ágreiningssvæðisins er lýst svo af hálfu íslenska ríkisins að Flókadalsá ráði austur, frá ármótum hennar og Engjadalsár, þangað sem Syðri-Sandfellskvísl rennur í hana. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega heldur vísað til lýsingar landamerkjabréfs Lundartungu.

Vestur- og norðurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1910: „Að norðan Flókadalsá og Syðri-Sauðfellskvísl allt uppí Ok [...] að vestan Flókadalsá og Engjadalsá, ármótin.“

Í vísitasíum kirkjunnar frá 1647 og 1720 er ekki fjallað sérstaklega um vestur- eða norðurmerki heldur segir að landsvæðið sé á milli Flókadalsár og Engjadalsár. Lögfestur kirkjunnar lýsa heldur ekki vestur- eða norðurmerkjum svæðisins sérstaklega heldur er eingöngu tekið fram að það sé fyrir norðan Engjadalsá „til þeirra ummerkja, er adrir menn eiga bevisanlega á móti mér“. Í vísitasíum kirkjunnar frá 1827 og 1868 segir: „fyrer nordan Eingiadalsá, alt ad Flókadalsá, sídan austur eptir Heidinni til þeirra Ummerkia, er adrir menn ega á móti“. Þá lýsa jarðamatsgjörð frá

1849 og landamerkjaregistur frá 1856 vestur- og norðurmerkjum svo að landsvæðið liggi á milli Engjadalsár og Flókadalsár.

Vestan- og norðvestan megin við ágreiningssvæðið liggur jörðin Hrísar. Í landamerkjabréfi fyrir Hrísa, sem er dagsett 22. október 1922 og því þinglýst 30. júní 1923, er suður- og austurmörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „ ... að sunnanverðu ræður Flókadalsá framá móts við áðurnefnda klofasteina.“ Landamerkjabréfið er undirritað vegna eigenda Hæls og Skóga.

Norðan við Lundartungu er ágreiningssvæði vegna Þóreyjartungna. Fjallað er sérstaklega um Þóreyjartungur í kafla 6.3 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum ber saman um að Syðri-Sandfellskvísl ráði suðurmerkjum Þóreyjartungna að upptökum.

Að mati óbyggðanefndar verða þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á Flókadalsá réði merkjum frá ármótum hennar og Engjadalsár þar til Syðri-Sandfellskvísl fellur í hana og þá ráði sú á austur eftir heiðinni. Landamerkjabréfið lýsir hins vegar norðurmerkjum svo að þau fylgi Flókadalsá þar til Syðri-Sandfellskvísl fellur í hana og eftir það sé Syðri-Sandfellskvíslinni fylgt allt upp í Ok. Ósamræmi er á milli landamerkjabréfsins og eldri heimilda að þessu leyti.

Gagnaðili íslenska ríkisins dregur kröfulínu sína eftir Flókadalsá, þaðan sem Engjadalsá fellur í hana, og að ármótum Flókadalsár og Syðri-Sandfellskvíslar. Þaðan fylgir kröfulínan Syðri-Sandfellskvísl að upptökum og síðan er dregin bein lína í óskilgreindan punkt í suðvestanverðum Okhryggjum. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á norðurmerkjum Lundartungu lengra til austurs en sem nemur upptökum Syðri-Sandfellskvíslar á sér því eingöngu stoð í landamerkjabréfinu frá 1923 en ekki í eldri heimildum.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að vestur- og norðurmörk Lundartungu séu með þeim hætti að Flókadalsá ræður frá ármótum hennar og Engjadalsá þangað sem Syðri Sandfellskvíslin fellur í hana og þá ræður sú á til upptaka.

Næst verða merki ágreiningssvæðisins að sunnanverðu tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfusvæða. Þessum hluta merkja ágreiningssvæðisins er lýst svo af hálfu íslenska ríkisins: „[Frá Lambárbug] er farið þvert yfir í Engjadalsá (6) miðað við beina stefnu í Eystra-Sandfell, þar sem það er hæst. Þaðan er Engjadalsá fylgt til vesturs allt að ármótum hennar og Flókadalsá (7).“

Sem fyrr segir er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins heldur vísað til lýsingar landamerkjabréfs Lundartungu.

Suðurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1910: „ ... að sunnan Engjadalsá...“. Í vísitásum kirkjunnar frá 1647 og 1720 segir að landsvæðið sé á milli Flókadalsár og Engjadalsár. Í lögfestum kirkjunnar segir að það sé fyrir norðan

Engjadalsá „til þeirra ummerkja, er aðrir menn eiga bevisanlega á móti mér“. Í vísitasíum kirkjunnar frá 1827 og 1868 segir: „fyrir nordan Eingiadalsá, alt að Flókadalsá, síðan austur eptir Heidinni til þeirra Ummerkja, er aðrir menn eiga á móti“. Þá segir í jarðamatsgjörð frá 1849 og landamerkjaregistri frá 1856 að landsvæðið sé milli Engjadalsár og Flókadalsár.

Suðvestan megin við ágreiningssvæðið liggja jarðirnar Lundur, Gullberastaðir og Oddsstaðir I og II. Í landamerkjabréfi fyrir Lund, dagsett 2. maí 1910 og þinglýst 7. júní sama ár, er mörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „... en úr upptökum gilsins [Hrafnagils] norður að Engjadalsá, ræður lína dregin norður í Flókadalsá þar sem hún beygist lengst til vesturs, áður en Engjadalsá fellur í hana.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Gullberastaða, Snartastaða, Skarðs, Arnþórsholts og Eyrar. Í landamerkjabréfi fyrir Gullberastaði, dagsett 19. janúar 1923 og þinglýst 2. júlí sama ár, er mörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „... svo ræður Engjadalsá merkjum austur að Oddsstaðalandi.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Hóls, Snartastaða og Lundar. Í Landamerkjabréfi fyrir Oddsstaði, dagsett 29. maí 1885 og þinglýst 3. júní 1891, er mörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „... þaðan beint í Engjadalsá. Síðan ræður sú á fram eftir öllu, allt að upptökum sínum ... “. Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Lundar og Gullberastaða.

Suðaustan megin við Lundartungu er ágreiningssvæði vegna Oddsstaðatungu. Fjallað er sérstaklega um Oddsstaðatungu í kafla 6.5 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum ber saman um að Engjadalsá ráði norðurmerkjum Oddsstaðatungu að upptökum.

Að mati óbyggðanefndar verða þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar, sem og eldri heimildir er varða afmörkun Oddsstaðatungu, helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að Engjadalsá ráði suðurmerkjum til upptaka. Landamerkjabréfið lýsir suðurmerkjum jafnframt svo að Engjadalsá ráði. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfur sínar um suðurmörk Lundartungu við Engjadalsá, þaðan sem hún fellur í Flókadalsá, og að upptökum hennar. Þaðan er dregin lína í óskilgreindan punkt í suðvestanverðum Okhryggjum. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á suðurmerkjum Lundartungu lengra til austurs en sem nemur upptökum Engjadalsár á sér því að mati óbyggðanefndar ekki stoð í gögnum málsins.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að suðurmörk Lundartungu séu með þeim hætti að Engjadalsá ræður þaðan sem hún fellur í Flókadalsá og til upptaka.

Loks verða merki ágreiningssvæðisins að austanverðu tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfusvæða. Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Sem fyrr segir er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst

sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins heldur vísað til lýsingar landamerkjabréfs fyrir Lundartungu.

Austurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfinu að Ok ráði að austan. Er það jafnframt eina heimildin sem lýsir austurmerkjum ágreiningssvæðisins sérstaklega. Þær eldri heimildir sem liggja fyrir í málinu lýsa eingöngu norður- og suðurmerkjum en lögfestur kirkjunnar og vísitásiurnar frá árunum 1827 og 1878 lýsa merkjum austur eftir heiðinni móts við merki annarra landsvæða, samanber afmörkun þeirra „síðan austur eptir Heidinni til þeirra Ummerkia, er adrir menn ega á móti“.

Austan megin við Lundartungu er ágreiningssvæði vegna afréttar Lunddæla og Oks, en fjallað er sérstaklega um það landsvæði í kafla 6.7. Svo sem þar er rakið er engar heimildir að finna um vesturmerki þess landsvæðis gagnvart Lundartungu.

Með bókun við endurupptöku málsins hjá óbyggðanefnd 29. ágúst 2016 lagði lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins fram yfirlýsingu þess efnis að ef óbyggðanefnd teldi að merkjalínur gagnaðila íslenska ríkisins í málinu, á einstökum landareignum, væru ekki í samræmi við lýsingar í gögnum málsins, hefðu umbjóðendur hans ekkert við það að athuga að nefndin drægi merkjalínur þar sem nefndin teldi þær liggja samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Að því virtu telur óbyggðanefnd að þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar verði helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að austurmörk Lundartungu fylgi línu sem dregin er milli upptaka Syðri-Sandfellskvíslar og upptaka Engjadalsár. Hins vegar lýsir landamerkjabréfið austurmerkjum svo að þau ráðist af Oki. Gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu miðar kröfur sínar um austurmörk Lundartungu við línu sem er dregin frá upptökum Syðri-Sandfellskvíslar í óskilgreindan punkt í suðvestanverðum Okhryggjum og þaðan í upptök Engjadalsár. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á austurmerkjum Lundartungu lengra til austurs en sem nemur framangreindri línu á sér því að mati óbyggðanefndar ekki stoð í gögnum málsins.

Í framangreindum heimildum er ekki nákvæmlega tilgreint hvar upptök Syðri Sandfellskvíslar og upptök Engjadalsár eru staðsett. Árnar eru myndaðar úr nokkrum upptakakvísllum. Óbyggðanefnd óskaði því eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um vatnasvið ána og ætluð upptök þeirra. Á korti sem barst frá Veðurstofunni í kjölfarið og liggur fyrir í málinu má sjá greiningu á upptökum þeirra upptakakvísla sem ána mynda. Verður hér miðað við að upptök þeirra séu staðsett eins og fram kemur á umræddu korti. Nánar tiltekið er þá miðað við austustu upptök árinna, eins og þau koma fram á umræddu korti, og nýtur þá gagnaðili íslenska ríkisins þess vafa sem uppi er að þessu leyti.

Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Lundartungu, eins og hún var seld forverum þeirra árið 1910, hafi getað náð lengra til austurs en að þeirri línu sem dregin er með framangreindum hætti frá upptökum Syðri-Sandfellskvíslar til upptaka Engjadalsár verður því ekki talin geta stuðst við elstu heimildir um afmörkun Lundartungu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Ekki kemur fram í *Landnámu* að ágreiningssvæðið hafi verið numið. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af frásögnum hennar dregnar. Í því sambandi skal þess þó getið að Lundur var landnámsjörð og tungan virðist hafa tilheyrt jörðinni frá öndverðu. Styður það fremur þá ályktun að Lundartunga hafi verið numin og staðhættir og fjarlægð frá byggð mæla því ekki í mót að mati óbyggðanefndar. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafarétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án einhvers konar aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum

máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af kaupum Andakílshrepps á Lundartungu í ágúst 1910 og nýtingu landsins á þeim grundvelli síðan leiðir að við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi Þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Lundartunga hafi verið hluti af landi jarðarinnar Lundar eða jörðinni hafi þar aðeins fylgt óbein eignarréttindi.

Eins og getið er um hér að framan er Lundar fyrst getið í *Landnámu*. Þá er jarðarinnar getið í fjölda heimilda fram á 17. öld, t.d. *Sturlungu*, skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200, og máldögum Lundarkirkju frá 1368, 1397, árabílinu 1491 – 1518, 1501 og 1570. Í þessum heimildum kemur ekkert fram um afréttarmálefni og Lundartungu er ekki getið sérstaklega. Í fyrrnefndum máldögum Lundarkirkju frá árunum 1491 – 1518 kemur fram að kirkjan á Lundi eigi heimaland allt „með gögnum og gæðum“.

Ágreiningssvæðisins er fyrst getið sérstaklega í vísitasíu fyrir Lundarkirkju frá 1647, og er þar nefnt Lundarheiði og staðsetningu þess lýst. Árin 1665 og 1671 lögfesti séra Eyjólfur Jónsson „veitingarjörð“ sína Lund og „alla Lundarheiði [...] til þeirra ummerkja, sem aðrir menn eiga bevísanlega á móti mér.“ Árin 1679 og 1703 lögfesti séra Eiríkur Eyjólfsson Lund og Lundarheiði og eru lögfesturnar orðaðar með sama hætti og fyrri lögfestur. Árið 1694 lögfesti séra Eiríkur Lundarheiði sérstaklega en þar segir: „Eg Eyrekur Eyjólfsson logfeste hier i dag Lundarheide alla fyrer Nordan Eingiadals aa, hollt og Haga, vótn og veidestade og allar landznytjar þær er því lande eiga ad fylgia til ummerkja þeirra er adrer menn eiga i mote mier ...“.

Í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1708, er ekki minnst sérstaklega á Lundartungu. Þar segir hins vegar að selstaða sé „örðug í heimalandi“. Lundarsel var staðsett á Lundartungu og af orðalaginu má ráða að litið hafi verið svo á að Lundartunga hafi verið órofa hluti jarðinnar.

Örnefnisins Lundartungu er fyrst getið í vísitasíu Lundarkirkju frá 1720 og staðsetningar hennar getið. Er þar um að ræða sama svæði og nefnt var Lundarheiði í eldri heimildum. Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1804 kemur fram að jörðin Lundur eigi afrétt en bara fyrir sjálfa sig. Staðsetningar afréttarlandsins er ekki getið.

Í vísitasíum fyrir Lundarkirkju frá 1827 og 1868 er að finna lýsingu á landamerkjum milli Lundar og annarra landa er á móti liggja. Er þar lýst merkjum „heimastaðarins“ annars vegar og Lundarheiðar hins vegar gagnvart öðrum landsvæðum. Þá segir í sóknalýsingu séra Benedikts Eggertssonar frá árinu 1840: „*Selstöður* eiga fylgjandi jarðir: Lundur, Gullberastaðir, Oddsstaðir og Fitjar, samt kunna seltóftir víðar að finnast í heimalöndum en hvörgi eru þær nú brúkaðar og hafa ei verið nærsta mannsaldur og víða lengur nema á Lundi hefur selstaða brúkuð verið nærstu fimm ár.“ Þar segir einnig „*Afréttarlönd*. Hvörgi eru hér almenningar til uppreksturs en frá ýmsum jörðum eru léð lönd þar til, þó ætíð þeim er víðlendust fjalllönd hafa að ljá sem eru í þessum sóknum Fitjar, Gullberastaðir, Lundur og Oddsstaðir“.

Í jarðatali Johnsens frá 1847 segir að Lundur eigi „fjall-land, eigi all-lítið, eptir máldögum, og er þar selstaða sæmileg“. Í jarðamatsgjörð fyrir Lund frá árinu 1849 segir að jörðinni fylgi „tunga sú er kölluð er Lundarheiði, liggur í milli Engidalsár og Flókadalsár.“ Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árunum 1849–50, kemur fram að Lundur sé prestssetur, með þeim ítökum sem „máldagarnir eigna honum bæði fjall[1]and og skógarskálkar“.

Í landamerkjaregistri Steingríms Jónsonar biskups frá 21. ágúst 1856 er getið um Lund og merkjum jarðarinnar lýst. Svo segir: „It(em) fylgir tunga sú, er kölluð er Lundarheiði, liggur á milli Engidalsá og Flókadalsár.“ Á manntalsþingi að Lundi árið 1877 var þinglesið bann við upprekstri á fjalllönd Lundar, Oddsstaða og Gullberastaða.

Árið 1880 lögfesti Þorsteinn Benediktsson „Lundarheimaland“ en ekki er fjallað um Lundartungu. Á þessum tíma stóð yfir deila milli Lundar og Gullberastaða um svokallað „Hlíðarendafjallendi“ sem er utan við ágreiningssvæði í málinu. Leiða má að því líkur að gerð og efni lögfestunnar hafi fyrst og fremst miðast að því að tryggja rétt vegna þeirrar deilu.

Í úttekt á stað og kirkju að Lundi, frá 6. júní 1902, segir m.a.: „Allar eignir og ítök prestakallsins eru óátalin: (Skógartunga í Háafelli og Skógartunga í Vatnshornshlíð. Enn fremur fjallland: Lundartunga.“

Í jarðalýsingu á Lundi frá árinu 1908, sem gerð var vegna fyrirhugaðrar sölu jarðarinnar úr eigu ríkisins, segir eftirfarandi:

Fjallland á jörðin, en sem eigi verður notað sökum fjarlægðar nema sem upprekstrarland, en sem ábúandi þó eigi þarfnast fyrir pening sinn, þar sem jörðin á tiltölulega hlutdeild í afrjetti sveitarinnar. En eigi er vonlaust um að leigja eður selja meigi land þetta, sem talið er fremur gott, við nokkuru verði.

Þann 12. maí árið 1909 staðfesti ráðherra Íslands sölu kirkjujarðarinnar Lundar til séra Sigurðar Jónssonar ábúanda jarðarinnar. Land jarðarinnar er þar selt að Lundartungu meðtalinni og án þess að hún sé tilgreind með neinum sérstökum hætti. Í skjalinu, sem var þinglesið 3. júní sama ár, er þó getið um „skógarítök á

Vatnshornslandi og Háfellslandi í Skorradal.“ Það var svo tæpu ári síðar, í apríl 1910, sem Sigurður Jónsson fékk leyfi frá Stjórnarráði Íslands til þess að selja Andakílshreppi „afréttarlandið“ Lundartungu undan jörðinni og afsal gefið út 4. ágúst sama ár.

Í millitíðinni, 2. maí 1910, var áðurnefnt landamerkjabréf gert fyrir Lundartungu og það þinglesið 7. júní sama ár. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Gullberastaða, Þóreyjartungna og Oddsstaða. Samhliða því var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir jörðina Lund.

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Andakílshrepps, dags. 30. janúar 1920, segir hann: „Með bréfi dags. 9. jan. 1920 óskið þér háttvirtu herra sýslumaður um upplýsingar viðvíkjandi almenningum og afréttarlöndum, sem ekki sannanlega hefur tilheyrt eða nú tileyrir nokkru lögbýli. Hreppstjóri veit ekki til, að í Andakílshreppi sé um nokkurt slíkt að ræða.“

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998 samþykktu hreppsnefndirnar að leggja tiltekin landsvæði inn í sjálfseignarstofnunina Ok. Samkvæmt samþykktinni skyldi Andakílshreppur m.a. leggja fram Lundartungu. Sama dag undirritaði hreppsnefnd Andakílshrepps yfirlýsingu um framlag sitt til sjálfseignarstofnunarinnar og þar segir m.a.: „c. Lundartunga, sbr. afsal 4. ágúst 1910. [...] Landamerki Lundartungu er lýst í landamerkjabréfi, dags. 2. maí 1910, þinglýstu á manntalsþingi á Lundi 1910, og afsali, dags. 4. ágúst 1910.“

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar getið í fjölda heimilda í tengslum við upprekstur og afréttarnot, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not, svo sem selstöðu, og engar heimildir liggja fyrir um að þar hafi nokkru sinni verið byggð. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn er til þess að líta að heimildir benda til þess að Lundartunga hafi upphaflega verið hluti af landnámsjörðinni Lundi. Þau eignatengsl sýnast ekki rofna endanlega fyrr en við sölu Lundartungu árið 1910. Þá er Lundar getið í fjölda heimilda frá 12. til 17. aldar án þess að Lundartungu sé þar sérstaklega getið eða vísað til hennar með nokkrum hætti. Þannig er fyrstu tilvísun til staðsetningar ágreiningssvæðisins að finna í vísitasíu kirkjunnar frá 1647.

Rétt er að taka fram að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim

rannsóknnum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.¹ Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap, samanber kafla 5.4 leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Af heimildum um afnot eigenda Lundar af svæðinu, sem og sölu þess á síðari tímum, má ráða að land þetta hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Ekki verður séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti, heldur virðist meðferð svæðisins hafa verið ágreiningslaus. Enda þótt nýting þess hafi eðli máls samkvæmt verið takmarkaðri annarra hluta jarðarinnar leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting hefur farið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá liggja að Lundartungu eignarlönd til norðvesturs, vesturs og suðurs sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu. Líkur á stofnun og tilvist eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Vísast um það til kafla 10.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Lundar, sem sjálfseignarstofnunin Ok leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Tilvísun til afréttar í nokkrum heimildum vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Lundartungu, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

6.5 Oddsstaðatunga

6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Oddsstaðatunga. Sjálfseignarstofnunin Ok gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Oddsstaðatunga liggur inn af Oddsstöðum í Lundarreykjadal í yfir 280 m hæð og hefur meginleguna vestur–austur. Land rís hæst í Fanntófellu (901 m) austast á svæðinu. Svæðið er lág öldótt heiði sem er að miklu leyti gróin en austurhluti svæðisins er þó gróðurlítill. Frá bæjarstæði Oddsstaða að Lambárfossum, sem eru á vesturmörkum kröfusvæðis íslenska ríkisins, eru 7,5 km, mælt í beinni loftlínu.³⁴³

6.5.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendarafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Andkílinga og Lunddæla án sérstakrar aðgreiningar á milli einstakra landsvæða. Oddsstaðatunga fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna þess séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða. Hvað varðar afmörkun þjóðlendukröfusvæðisins hafi íslenska ríkið við afmörkun þess fyrst og fremst litið til landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, afréttarlýsingar Ingimundar Ásgeirssonar frá árinu 1980, auk annarra heimilda sem getið er í kröfulýsingu og fjalla um merki svæðisins. Þá hafi verið tekið tillit til staðháttanna.

Af hálfu Sjálfseignarstofnunarinnar Oks, gagnaðila íslenska ríkisins, er m.a. byggt á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem hann hafi fyrir landsvæðinu, sem og þinglýstu landamerkjabréfi. Á því er byggt að landamerkjabréfið sé löglega frá gengið og að það fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jörðin skráð í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Byggt er á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms í Borgarfirði. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt. Þá styðji heimildir um búsetu á svæðinu einnig kenningar um að landnám hafi náð til heiðarlandsins í öndverðu.

³⁴³ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

Á því er byggt að um sé að ræða land ákveðinna höfuðbóla frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðst við eldri eignarheimildir, sé eignarland og sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Því til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð) og úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Engu breyti í þessu sambandi þó hlutar jarðanna hafi seinna verið seldir frá þeim sem sérstakt afréttarland, samanber m.a. dóm Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 (Gullberastaðatungur), en þann dóm telur gagnaðili íslenska ríkisins hafa efnislega þýðingu við úrlausn um eignarhald á Oddsstaðatungu. Hann telur að með þessum dómi Hæstaréttar hafi endanlega verið skorið úr eignarrétti á svæðinu, og með þeim hætti, að óbyggðanefnd sé bundin við niðurstöðu réttarins. Þá telur gagnaðili íslenska ríkisins að það landsvæði Gullberastaða sem um var að ræða í dómnum, þ.e. Gullberastaðaselsland, sé sambærilegt við Þóreyjartungur, Lundartungu, Oddsstaðatungu og Leirárdali og því eigi sama niðurstaða að gilda þau landsvæði.

Þá er vísað til þess að þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd, samanber m.a. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í málum nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði) og 722/2009 (Hvammur/Hvamsheiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Byggt er á því að gagnaðili íslenska ríkisins og forverar hans hafi nýtt landsvæðið með öllum mögulegum hætti, bæði til búsetu og seljabúskapar, og þar sem um heiðarland sé að ræða hafi það verið nytjað í samræmi við það, eftir fremsta megni hverju sinni. Þá er það jafnframt ítrekað að landsvæðið hafi verið skilið frá heimajörð sinni og selt hreppsfélögunum gegn endurgjaldi. Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji einnig við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti. Landsvæðið sé í meginatriðum láglent og vel gróið og þar að auki að hluta til umlukið öðrum landsvæðum sem talin hafi verið til eignarlanda allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu. Þá hafi notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hvorki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afrétta, né heldur hefur það staðið almenningi frítt til afnota, heldur aðeins gegn gjaldi.

Þá byggist krafa gagnaðila íslenska ríkisins að auki við fullnaða hefð, þ.e. að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan merkja landsvæðisins teljist eignarland. Að lokum er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga.

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar, sem gerir þá kröfu til þrautavara að svæðið sé afréttur jarða í fyrrum Andakíls- og Lundarreykjadalshreppum, nú

Borgarbyggð, er um málavexti alla vísað til málavaxtalýsinga sem fylgdu kröfulýsingum annarra málsaðila. Þegar fyrrnefnd sveitarfélög hafi keypt landsvæðið á sínum tíma hafi ætlunin verið að tryggja þeim fullkominn eignarrétt að svæðunum þannig að unnt væri að nýta þar allar eignarheimildir, þ.m.t. upprekstrarrétt. Landsvæðið hafi að mestu verið nýtt sem upprekstrarland jarða í Andakíls- og Lundarreykjadalshreppi, sem nú eru hluti af sveitarfélaginu Borgarbyggð, um langan aldur. Ef talið verði að sveitarfélögin hafi ekki keypt upprekstrarréttinn á sínum tíma, þá hljóti hann enn að tilheyra þeim jörðum sem áttu upprekstrarrétt á landsvæðið, þar sem það hafi þá verið tekið til afréttarnota, og einungis og verið nýtt sem slíkt af eignum jarða í sveitarfélaginu, samanber þó það sem rakið er um seljábúskap og búsetu á svæðinu. Af hálfu Borgarbyggðar er tekið fram að þrautavarakrafan raski þó í engu kröfugerð Sjálfseignarstofnunarinnar Ok um að hafna beri þjóðlendukröfu ríkisins til svæðisins, samanber þó varakröfur hennar.

6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Oddsstaða og Oddsstaðatungu er rakin í kafla 5.5 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið má ráða að Oddsstaðir hafi verið sjálfstæð jörð³⁴⁴ og að Oddsstaðatunga hafi heyrt undir jörðina. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Oddsstaða er aðliggjandi ágreiningssvæðinu að vestan þó Lambá skilji á milli, en það hvort Oddsstaðatunga hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er hinsvegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Sturlunga er elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Oddsstaði, en þar segir: „Þórðr hét maðr ok var kallaðr rauðr. Hann bjó á Oddsstöðum upp frá Lundi.“ Þar segir einnig að Lundarmenn og Oddsstaðabændur „skildi á um víðirif á fjalli.“ Aðliggjandi að jörð Oddsstaða að vestanverðu er jörð Gullberastaða, en um hana er getið í *Landnámu*. Þar segir að Björn gullberi hafi numið Reykjardal „enn syðra“ og búið á Gullberastöðum. Lundarreykjadalur, sem áður kallaðist Reykjadalur syðri, er nærri 25 km langur, frá Götuási og inn að Þverfelli. Þá skiptist hann í tvennt við Tungufellsmúla og liggur hann þá annars vegar með Grímsá að norðan og hins vegar með Tunguá að sunnan³⁴⁵. Samkvæmt þessu standa líkur til þess að jörðinni Oddsstöðum hafi verið skipt út úr jörðinni Gullberastöðum og samfelld land hennar hafi upphaflega tekið yfir núverandi land Gullberastaða og Oddsstaða, og a.m.k. hluta Oddsstaðatungu og Gullberastaðaselslands.

Í lögfestu fyrir jörðinni Oddsstöðum frá árinu 1666 er að finna fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar. Örnefnið Oddsstaðatunga er fyrst notað um ágreiningssvæðið í kaupsamningi um fjalllendið Oddsstaðatungu árið 1930. Í fleiri síðari tíma heimildum er fjallað um Oddsstaðatungu. Í framangreindri lögfestu frá

³⁴⁴ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

³⁴⁵ Samanber Lýsing Freysteins Sigurðssonar á Lundarreykjadal í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2004.

árinu 1666 er merkjum Oddsstaða lýst þannig að þau nái til Oddsstaðatungu, eins og hún er afmörkuð í þessu máli, og án þess að hún sé sérstaklega tilgreind. Lögfesta þessi var lesin upp á manntalsþingi 28. apríl 1666. Þá er landamerkja Oddsstaða getið í lögfestum frá árunum 1682 og 1840 og lýsa þær merkjum jarðarinnar með sambærilegum hætti og lögfestan frá 1666.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Oddsstaði 29. mars 1885 og því þinglýst 3. júní 1891. Merkjalýsing landamerkjabréfsins nær einnig til Oddsstaðatungu án þess að hún sé sérstaklega tilgreind eða afmörkuð. Árið 1930 keypti hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps „fjallendið“ Oddsstaðatungu og var hún þá aðskilin frá Oddsstöðum og merkjum hennar lýst í kaupsamningnum. Jörðin Oddsstaðir, eins og hún er afmörkuð eftir söluna, liggur að Oddsstaðatungu til vesturs en er utan við ágreiningssvæði í máli þessu.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Oddsstaðatungu er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki svæðanna, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á þeim. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Er þar um að ræða landamerkjabréfið fyrir Oddsstaði frá 1885, lögfesturnar fyrir Oddsstaði frá 1666, 1682 og 1840, kaupsamning um Oddsstaðatungu frá 1930 og landamerkjaskrá fyrir Oddsstaðatungu frá 1940. Jafnframt verður höfð hliðsjón af heimildum um merki aðbyggjandi jarða. Eins og fyrr greinir lýsa landamerkjabréfið og lögfesturnar merkjum Oddsstaða að Oddsstaðatungu meðtaldri og án þess að hún sé sérstaklega tilgreind eða afmörkuð. Vestan megin við ágreiningssvæðið er jörðin Oddsstaðir sem er óumdeilt eignarland. Sunnan megin er ágreiningssvæði vegna Gullberastaðaselslands, sem fjallað er um í kafla 6.6, norðan megin eru ágreiningssvæði vegna Lundartungu, sem fjallað er um í kafla 6.4, og ágreiningssvæði vegna Þóreyjartungna, sem fjallað er um í kafla 6.3. Austan megin er ágreiningssvæði vegna afréttar Lunddæla og Oks, sem fjallað er um í kafla 6.7. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Verða nú fyrst vesturmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo af hálfu íslenska ríkisins að frá Lambárfossi við Lambárbug sé farið í beina stefnu þvert yfir í Engjadalsá miðað við beina stefnu í Eystra-Sandfell, þar sem það er hæst. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega heldur vísað til landamerkjaskrár fyrir Oddsstaðatungu frá 1940.

Vesturmerkjum Oddsstaðatungu er hvorki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu frá 1885 né eldri lögfestum fyrir Oddsstaði frá 1666, 1682 og 1840, en eins og fyrr greinir ná merkjalýsingar framangreindra heimilda til merkja Oddsstaða og Oddsstaðatungu án sérstakrar aðgreiningar þar á milli. Því ná lýsingar á

merkjum mun lengra vestur en ágreiningssvæðið í máli þessu. Verður því að líta til yngri heimilda, sem lýsa mörkum Oddsstaðatungu sérstaklega, um þá afmörkun.

Með kaupsamningi um Oddsstaðatungu frá 1930, var sá hluti seldur frá Oddsstöðum. Í honum er að finna elstu merkjalýsinguna á vesturmerkjum ágreiningssvæðisins. Þar er þeim lýst svo: „Að vestan, frá Lambárbug hjá fossinum sjónhending á Sandfell þar sem það er hæst.“ Í landamerkjaskrá fyrir Oddsstaðatungu frá 1940 segir um vesturmerki: „Að vestan: Úr Lambárbug hjá fossinum sjónhendingu í Eystra-Sandfell, þar sem það er hæst.“

Vestan megin við ágreiningssvæðið liggur jörðin Oddsstaðir en lýsing á austurmörkum hennar gagnvart ágreiningssvæðinu er eingöngu að finna í fyrrgreindum kaupsamningi, sem lýsir vesturmörkum Oddsstaðatungu, sem og heimildum sem ritaðar eru eftir gerð samningsins.

Að mati óbyggðanefndar liggja vesturmörk Oddsstaðatungu um línu sem dregin er frá Lambárbug hjá Lambárfossi í Engjadalsá miðað við beina stefnu í Eystra-Sandfell. Kröfulína beggja aðila að máli þessu er því í samræmi við fyrirliggjandi heimildir.

Næst verða merki ágreiningssvæðisins að sunnanverðu tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfusvæða. Suðurmerkjum ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Sem fyrr segir er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins heldur vísað til landamerkjaskrár fyrir Oddsstaðatungu frá 1940.

Suðurmerkjum Oddsstaðatungu er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1885: „... síðan ræður Lambá alt að upptökum sínum og svo er bein sjónhending í suðurrana Fantótfjalls ...“. Í lögfestu fyrir Oddsstaði frá 1666 er suðurmerkjum lýst svo: „... [frá Fanntám] síðan ræður Lambá að austan ...“. Í lögfestu fyrir Oddsstaði frá 1682 er suðurmerkjum lýst svo: „Síðan ræður Lambá að austan merkjunum frá sínum upptökum ...“. Í lögfestu fyrir Oddsstaði frá 1840 er suðurmerkjum lýst svo: „... enn að austan ræður Lambá merkjum frá hennar upptökum ...“. Í kaupsamningi um fjalllandið Oddsstaðatungu frá 1930 er suðurmerkjum lýst svo: „Að sunnan verður Lambá úr Lambárbug það sem hún nær og þaðan sjónhendingu í suðurrana Fanntótfells. Þar sem Lambá greinist ræður syðsta kvísl hennar.“ Í landamerkjaskrá fyrir Oddsstaðatungu frá 1940 segir um suðurmerki: „Lambá úr áðurnefndum upptökum [upptök Lambár þar sem hún nær lengst upp í Okhryggina] niður í Lambárbug.“

Sunnan megin við Oddsstaðatungu liggur ágreiningssvæði vegna Gullberastaðaselslands. Fjallað er sérstaklega um það í kafla 6.6 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum ber saman um að Lambá ráði norðurmerkjum Gullberastaðaselslands að upptökum.

Ráða má af landamerkjabréfi fyrir Oddsstaði að suðurmörk Oddsstaða og Oddsstaðatungu fylgi Lambá í austur að upptökum og þaðan beina sjónhendingu í „suðurrana“ Fanntófells. Lögfestan frá 1666, sem er jafnframt elsta heimildin um merki landsvæðisins, lýsir suðurmerkjum með sambærilegum hætti en hún miðar austasta punkt suðurmarka við „Fanntær“. Örnefnið Fanntær er ekki lengur þekkt og því ekki ljóst hvað átt er við með orðalaginu. Það gæti hvort heldur átt við um rætur fjallsins eða hápunkt þess. Landamerkjabréfið miðar við sjónhendingu frá upptökum Lambár í „suðurrana Fanntófells“, en með því virðist átt við punkt við fjallsrætur Fanntófells að sunnanverðu. Er það jafnframt í samræmi við staðsetningu punkts nr. 7 í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins. Þar sem engum frekari skýringum er fyrir að fara um þetta atriði er það mat óbyggðanefndar að miða skuli við punkt 7. í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins.

Að mati óbyggðanefndar liggja suðurmörk Oddsstaðatungu eftir Lambá að upptökum hennar og þaðan austur í punkt sem liggur við fjallrætur Fanntófells að sunnanverðu. Kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins er dregin með þeim hætti og er afmörkun hans því í samræmi við heimildir.

Þá verða merki ágreiningssvæðisins að norðanverðu tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfusvæða. Norðurmerkjum ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Sem fyrir segir er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins heldur vísað til landamerkjaskrár fyrir Oddsstaðatungu frá 1940.

Norðurmerkjum Oddsstaðatungu er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1885: „Síðan ræður [Engjadalsá] fram eftir öllu, allt að upptökum sínum og frá upptökum hennar er sjónhending í Fantófell.“ Í lögfestu fyrir Oddsstaði frá 1666 er norðurmerkjum lýst svo að Engjadalsá ráði til sinna upptaka og þaðan sjónhending í „Fanntær“. Í lögfestum fyrir Oddsstaði frá 1682 og 1840 er norðurmerkjum lýst svo að Engjadalsá ráði „fram eptir öllu fjalli allt að upptökum.“ Í kaupsamningi um fjalllandið Oddsstaðatungu frá 1930 er norðurmerkjum lýst svo: „Að norðan nær Engjadalsá.“ Í landamerkjaskrá fyrir Oddsstaðatungu frá 1940 segir um norðurmerki: „Að norðan: Engjadalsá [...] um Urriðatjörn í upptök Lambár, þar sem hún nær lengst upp í Okhryggina.“ Urriðatjörn er staðsett rétt vestan við upptök Engjadalsár samkvæmt fyrirliggjandi kortum í málinu.

Norðan megin við Oddsstaðatungu liggja ágreiningssvæði vegna Lundartungu og Þóreyjartungna. Fjallað er sérstaklega um Lundartungu í kafla 6.4 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum ber saman um að Engjadalsá ráði suðurmerkjum Lundartungu að upptökum. Þá er fjallað sérstaklega um Þóreyjartungur í kafla 6.3 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að Syðri-Sandfellskvísl ráði suðurmerkjum Þóreyjartungna að upptökum árinna.

Ráða má af landamerkjabréfi fyrir Oddsstaði að norðurmörk Oddsstaða og Oddsstaðatungu fylgi Engjadalsá í austur að upptökum og þaðan sjónhendingu í Fanntófell. Lögfestan frá 1666, sem er jafnframt elsta heimildin um merki landsvæðisins, lýsir suðurmerkjum með sambærilegum hætti en hún miðar austasta punkt norðurmarka við „Fanntær“. Sem fyrr segir er örnefnið Fanntær ekki lengur þekkt en það er mat óbyggðanefndar að miða skuli við punkt við fjallsrætur Fanntófells að sunnanverðu, nánar tiltekið punkt nr. 7 í kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins í málinu.

Að mati óbyggðanefndar liggja norðurmörk Oddsstaðatungu eftir Engjadalsá allt til upptaka og þaðan beina sjónhendingu í rætur Fanntófells að sunnanverðu. Gagnaðili íslenska ríkisins dregur kröfulínu sína um norðurmörk Oddsstaðatungu eftir Engjadalsá að upptökum hennar og þaðan austur í punkt sem liggur norðaustan megin við Fanntófell. Ekki verður séð við hvaða heimild gagnaðili íslenska ríkisins styður afmörkun sína á norðurmerkjum Oddsstaðatungu svo langt til norðausturs. Ósamræmi er á milli fyrirbyggjandi heimilda og krafna gagnaðila íslenska ríkisins að þessu leyti.

Loks verða merki ágreiningssvæðisins að austanverðu tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfufsvæða. Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Sem fyrr segir er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins heldur vísað til landamerkjaskrár fyrir Oddsstaðatungu frá 1940.

Austurmerkjum Oddsstaðatungu er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1885: „... og frá upptökum [Engjadalsár] er sjónhending í Fantófell.“ Þá segir einnig: „... og svo er bein sjónhending [frá upptökum Lambár] í suðurrana Fantófjalls.“ Í lögfestu fyrir Oddsstaði frá 1666 er austurmerkjum lýst svo: „Þaðan [frá upptökum Engjadalsár] sjónhending í Fanntær ...“. Í lögfestum fyrir Oddsstaði frá 1682 og 1840 er austurmerkjum ekki lýst sérstaklega heldur segir að Engjadalsá ráði norðurmörkum og Lambá suðurmörkum. Í kaupsamningi um Oddsstaðatungu frá 1930 er austurmerkjum lýst svo: „... og þaðan [frá upptökum Lambár] sjónhendingu í suðurrana Fanntófells. Þar sem Lambá greinist ræður syðsta kvísl hennar.“ Austurmerkjum er ekki lýst sérstaklega í landamerkjaskrá fyrir Oddsstaðatungu frá 1940 en þar segir að suðurmerki fylgi Lambá frá upptökum hennar þaðan sem hún nær lengst upp í Okhryggina.

Austan megin við Oddsstaðatungu liggur ágreiningssvæði vegna afréttar Lunddæla og Oks, en fjallað er sérstaklega um það landsvæði í kafla 6.7. Svo sem þar er rakið er engar eldri heimildir að finna um landamerki þess landsvæðis gagnvart Oddsstaðatungu.

Með bókun við endurupptöku málsins hjá óbyggðanefnd 29. ágúst 2016 lagði lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins fram yfirlýsingu þess efnis að ef óbyggðanefnd teldi að merkjalínur gagnaðila íslenska ríkisins í málinu, á einstökum landareignum,

væru ekki í samræmi við lýsingar í gögnum málsins, hefðu umbjóðendur hans ekkert við það að athuga að nefndin drægi merkjalínur þar sem nefndin teldi þær liggja samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Að því virtu telur óbyggðanefnd að ráða megi af landamerkjabréfi fyrir Oddsstaði að austurmörk Oddsstaðatungu liggja eftir línu sem dregin er milli upptaka Engjadalsár og Lambár um Fanntófell og er lögfestan frá 1666, sem er jafnframt elsta heimild um merki ágreiningssvæðisins, samhljóða hvað það varðar. Sem fyrr greinir er það mat óbyggðanefndar að miða skuli við punkt sem er staðsettur við rætur Fanntófells að sunnanverðu, þ.e. punkt nr. 7 á kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Gagnaðili íslenska ríkisins dregur hins vegar kröfulínu sína um austurmörk Oddsstaðatungu frá upptökum Engjadalsár í punkt sem liggur norðaustan megin við Fanntófell og þaðan suðvestur í punkt við sunnanvert Fanntófell. Ekki verður séð við hvaða heimild gagnaðili íslenska ríkisins styður afmörkun sína á austurmerkjum Oddsstaðatungu. Ósamræmi er á milli fyrirliggjandi heimilda og krafna gagnaðila íslenska ríkisins að þessu leyti.

Í framangreindum heimildum er ekki nákvæmlega tilgreint hvar annars vegar upptök Engjadalsár og hins vegar upptök Lambár eru staðsett. Árnar eru myndaðar úr nokkrum upptakakvíslum. Óbyggðanefnd óskaði því eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um vatnasvið ána og ætluð upptök þeirra. Á korti sem barst frá Veðurstofunni í kjölfarið og liggur fyrir í málinu má sjá greiningu á upptökum þeirra upptakakvísla sem mynda árnar. Verður hér miðað við að upptök þeirra séu staðsett eins og fram kemur á umræddu korti. Nánar tiltekið er þá miðað við austustu upptök Engjadalsár, eins og þau koma fram á kortinu, og austustu upptök syðstu kvíslar Lambár, en þau eru staðsett nálægt suðurenda Fanntófells. Nýtur þá gagnaðili íslenska ríkisins þess vafa sem uppi er að þessu leyti.

Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Oddsstaðatungu, eins og hún var seld forverum þeirra árið 1930, hafi getað náð lengra til austurs en að þeirri línu sem dregin er með framangreindum hætti frá upptökum Engjadalsár, um suðurrana Fanntófells, til upptaka Lambár telst því ekki styðjast við elstu heimildir um afmörkun Oddsstaðatungu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Svo sem fyrr greinir er það mat óbyggðanefndar að jörðin Gullberastaðir, sem er aðliggjandi að Oddsstöðum að vestanverðu, hafi verið landnámsjörð og að landnám Björns gullbera hafi náð til Reykjadalssvæðis sem landfræðilega tekur til þess landsvæðis sem nú tilheyrir Oddsstöðum og a.m.k. hluta Oddsstaðatungu. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um nákvæma stærð landnáma með afdráttarlausum hætti, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og

Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án einhvers konar aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Auk þess sem að framan er rakið kann að vera að í landamerkjabréfi sé afmarkað landsvæði sem að hluta til er háð beinum eignarrétti og að hluta til takmörkuðum rétti án þess að mörkum þar á milli sé sérstaklega lýst. Skal um þetta

efni sérstaklega vísað til dóma Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður).

Af kaupum Lundarreykjadalshrepps á Oddsstaðatungu 19. apríl 1930, og síðar kaupum Andakílhrepps 17. júní 1933, og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli síðan leiðir að við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi Þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða svæðisins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Oddsstaðatunga hafi verið hluti af landi jarðarinnar Oddsstaða eða jörðinni hafi þar aðeins fylgt óbein eignarréttindi.

Eins og getið er um hér að framan er Oddsstaða fyrst getið í *Sturlungu*. Í lögfestu fyrir Oddsstaði frá 1666 lögfestir Steinþór Sigurðsson „eignar jörd“ sína og allar landsnyttjar sem því landi eigi að fylgja. Í lögfestunni er að finna fyrstu lýsinguna á landamerkjum Oddsstaða og nær sú lýsing til Oddsstaðatungu án þess að hún sé þar sérstaklega tilgreind eða afmörkuð. Lögfestan var upplesin á manntalsþingi sama ár. Þar er þó einnig lögfest svæði nefnt Oddsstaðatunga, en þar er átt við skógartungu í Skorradal fyrir sunnan Skorradalsvatn. Sama landsvæðis er getið í fleiri heimildum undir sama heiti, en það fellur utan við ágreiningssvæðið í máli þessu.

Árið 1682 lögfesti Sigurður Björnsson „eign mína alla jordina Oddstadi“, og lýsir hún merkjum jarðarinnar með sambærilegum hætti og lögfestan frá 1666. Lögfesta þessi var upplesin á manntalsþingi sama ár.

Samkvæmt jarðabréfi frá árinu 1686 staðfesti konungur jarðaskipti, sem fram fóru á Alþingi í júlí það ár, þar sem biskup seldi Sigurði Björnssyni tiltekna jarðir Skálholtskirkju, en í stað þeirra skyldi Sigurður greiða til kirkjunnar „alla jörðina Oddstadi í Lundarreykjadal ásamt hjáleiguni Kleppum og skógarplássi í Skorradal, sem kallast Oddsstaðatunga.“

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1708 er ekki sérstaklega minnst á það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, heldur eingöngu fjallað um Oddsstaði í heild. Þá segir í sóknalýsingu séra Benedikts Eggertssonar frá árinu 1840:

Selstöður eiga fylgjandi jarðir: Lundur, Gullberastaðir, Oddsstaðir og Fitjar, samt kunna seltóftir víðar að finnast í heimalöndum en hvörgi eru þær nú brúkaðar [...]. *Afréttarlönd*. Hvörgi eru hér almenningar til uppreksturs en frá ýmsum jörðum eru léð lönd þar til, þó ætíð þeim er víðlendust fjallönd hafa að ljá sem eru í þessum sóknum Fitjar, Gullberastaðir, Lundur og Oddsstaðir.

Eins og fyrr greinir komust Oddsstaðir í eigu Skálholtskirkju árið 1686 en jörðin var aftur komin í einkaeign árið 1840 þegar Sveinbjörn Árnason lögfesti ábylísjörðina Oddsstaði í Lundarreykjadal, eftir beiðni eigandans „Mr. Jóns Davidssonar í Hlíðarhúsum.“ Þar segir: „... til þeirra ummerkja er þær Lögfestur og Afsalsbréf tiltaka, sem hann hefur mér í hendur feingid ...“. Afsalsbréf það sem hann

vísar til hefur ekki fundist, en lögfesta þessi lýsir merkjum með sambærilegum hætti og lögfesturnar frá 1666 og 1682.

Í jarðamatinu frá árinu 1849–50 að jörðin sé „útrýmismikil til fjalls mest á einn veginn ...“. Á manntalsþingi að Lundi 1. júní 1877 var þinglesið bann um upprekstur á fjalllönd Lundar, Oddsstaða og Gullberastaða frá 9. maí sama árs

Sérstakt landamerkjabréf var útbúið fyrir Oddsstaði 29. maí 1885 og því þinglýst 3. júní 1891. Merkjalýsing bréfsins nær sem fyrr segir til Oddsstaðatungu án þess þó að tilgreina hana sérstaklega. Landamerkjabréfið er undirritað af Árna Sveinbjarnarsyni f.h. jarðareiganda og undirritað um samþykki vegna Lundar og Gullberastaða.

Í fasteignamatinu frá 1916 kemur fram að Oddsstaðir eigi upprekstur á afréttarland sveitarinnar og einnig eigi hún meir en nóg fjallland fyrir búpening. Henni tilheyri einnig ýmsir fossar, þ. á m. Lambafoss, en sem fyrr segir er Lambafoss staðsettur við vesturmörk Oddsstaðatungu. Þá er ekki minnst á Oddsstaðatungu sem afréttarsvæði í svari hreppstjórans í Lundarreykjadalshreppi frá árinu 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum.

Samkvæmt kaupsamningi, dags. 19. apríl 1930, seldi Sigurður Bjarnason Lundarreykjadalshreppi Oddsstaðatungu. Svo sem fyrr segir var í kaupsamningnum tiltekið hver landamerki milli Oddsstaða og Oddsstaðatungu skyldu vera og þeim lýst. Afsal var svo gefið út þann 18. desember 1930, og því þinglýst 4. janúar 1931. Árið 1933 seldi Lundarreykjadalshreppur Andakílshreppi Oddsstaðatungu, með kaupsamningi dagsettu 17. júní það ár. Kaupsamningnum var þinglýst 25. janúar 1940 ásamt afsali dagsettu 8. janúar það ár. Með afsalinu fylgdi fyrrgreind landamerkjaskrá fyrir Oddsstaðatungu sem er dagsett sama dag.

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998 samþykktu hreppsnefndirnar að leggja tiltekin landsvæði inn í sjálfseignarstofnunina Ok. Samkvæmt samþykktinni skyldi Andakílshreppur m.a. leggja fram Oddsstaðatungu. Sama dag undirritaði hreppsnefnd Andakílshrepps yfirlýsingu um framlag sitt til sjálfseignarstofnunarinnar og þar segir m.a.: „a. Oddsstaðatunga, sbr. afsal, dags. 8. janúar 1940. [...] Landamerki Oddsstaðatungu eru svo sem segir í kaupsamningi, dags. 18. desember 1930, og afsali dags. 8. janúar 1940, þinglýstu 25. janúar 1940.“

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að í heimildum frá því fyrir sölu Oddsstaðatungu árið 1930, er landsvæðið undantekningarlaust tilgreint með öðru landi Oddsstaða án þess að séð verði að um eignarréttarlega aðgreiningu hafi verið að ræða milli þess og annars lands jarðarinnar. Mörkin sýnast hafa verið ákveðin einhliða við kaupsamningsgerðina 1930 og án þess að stuðst hafi verið við nokkrar eldri heimildir þar að lútandi. Vísast sérstaklega um það til lögfestu Steinþórs Sigurðssonar frá 1666, lögfestu Sigurðar Björnssonar frá 1682, lögfestu séra Sveinbjörns Árnasonar

frá 1840 og landamerkjabréfs Oddsstaða frá 1885. Þær merkjalýsingar sem er að finna í framangreindum heimildum benda til þess að litið hafi verið á svæðið sem hluta af Oddsstöðum.

Heimildir benda til þess að eigendur Oddsstaða hafi farið með umráð og hagnýtingu Oddsstaðatungu a.m.k. frá 17. öld og af þeim má ráða að landsvæðið hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Ekki verður séð að þar hafi komið fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti. Enda þótt nýting Oddsstaðatungu hafi eðli máls samkvæmt verið takmarkaðri en annarra hluta jarðarinnar leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá liggja að Oddsstaðatungu eignarlönd til vesturs, norðvesturs og suðurs sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu. Líkur á stofnun og tilvist eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Vísast um það til kafla 10.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að Oddsstaðatunga geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Oddsstaða, sem gagnaðili íslenska ríkisins leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Oddsstaðatungu, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

6.6 Gullberastaðaselsland

6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Gullberastaðaselsland. Sjálfseignarstofnunin Ok gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæðið liggur inn af Lundarreykjadal í yfir 200 m hæð og hefur meginleguna vestur–austur. Land rís hæst austast á svæðinu í austurhlíðum Fanntófells í um 700 m. Að vestanverðu myndar svæðið tungu sem afmarkast af Lambá að norðanverðu og Grímsá að sunnanverðu. Hlíðar eru lágar og grösugar með

ánum á vestari hluta svæðisins. Gróður minnkar eftir því sem austar dregur og land hækkar. Vestan til á svæðinu eru Skotmannstjarnir og Skotmannsfell (408 m) norðaustan þeirra. Vestri-Fossárhöfði liggur suðaustan til á svæðinu, skammt vestan Fossár. Frá bæjarstæði Gullberastaða að Gullberastaðaseli eru um 10,1 km, mælt í beinni loftlínu.³⁴⁶

6.6.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukarafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Andkílinga og Lunddæla án sérstakrar aðgreiningar á milli einstakra landsvæða. Gullberastaðaselsland fellur þannig innan stærra kröfussvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna þess séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfussvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða. Hvað varðar afmörkun þjóðlendukröfussvæðisins hafi íslenska ríkið við afmörkun þess fyrst og fremst litið til landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, afréttarlýsingar Ingimundar Ásgeirssonar frá árinu 1980, auk annarra heimilda sem getið er í kröfulýsingu og fjalla um merki svæðisins. Þá hafi verið tekið tillit til staðháttá.

Hvað varðar Gullberastaðaselsland sérstaklega, þá er afmörkun um suðvesturhluta þess byggð á niðurstöðu Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970, en hvað land vestan Fossár varðar, þá sé það mat íslenska ríkisins að nefndur dómur Hæstaréttar taki ekki af öll tvímæli um það að þetta land, sem þá tilheyrði Andakílshreppi, hafi áður verið undirorpið beinum eignarrétti Gullberastaða. Á það er bent sérstaklega að sá ágreiningur sem var uppi í þessum málum hafi ekki varðað slík meint eignarréttindi heldur hafi ágreiningur málsaðila verið afmarkaður við landamerkjalyýsingu jarðarinnar Þverfells og ágreiningur um botns-, vatns-, og veiðirétt þeirrar jarðar í Reyðarvatni.

Af hálfu Sjálfseignarstofnunarinnar Oks, gagnaðila íslenska ríkisins, er m.a. byggt á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafa fyrir landsvæðinu, sem og þinglýstu landamerkjabréfi. Á því er byggt að landamerkjabréfið sé löglega frágengið og að það fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins

³⁴⁶ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskráum frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jörðin skráð í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Byggt er á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms í Borgarfirði. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt. Þá styðji heimildir um búsetu á svæðinu einnig kenningar um að landnám hafi náð til heiðarlandsins í öndverðu.

Á því er byggt að um sé að ræða land ákveðinna höfuðbóla frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðst við eldri eignarheimildir, sé eignarland og sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Því til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð) og úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Engu breyti í þessu sambandi þótt hlutar jarðanna hafi seinna verið seldir frá þeim sem sérstakt afréttarland, samanber m.a. dóm Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 (Gullberastaðatungur). Gagnaðili íslenska ríkisins telji að með þessum dómi Hæstaréttar hafi endanlega verið skorið úr eignarrétti á svæðinu, og með þeim hætti, að óbyggðanefnd sé bundin við niðurstöðu réttarins.

Þá er vísað til þess að þó heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd, samanber m.a. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í málum nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði) og 722/2009 (Hvammur/Hvammshéiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Byggt er á því að gagnaðili íslenska ríkisins og forverar hans hafi nýtt landsvæðið með öllum mögulegum hætti, bæði til búsetu og seljabúskapar, og þar sem um heiðarland sé að ræða hafi það verið nytjað í samræmi við það, eftir fremsta megni hverju sinni. Þá er það jafnframt ítrekað að landsvæðið hafi verið skilið frá heimajörð sinni og selt hreppsfélögunum gegn endurgjaldi. Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji einnig við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti. Landsvæðið sé í meginatriðum láglent og vel gróið og þar að auki að hluta umlukið öðrum landsvæðum sem talin hafa verið til eignarlanda allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu. Þá hafi notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hvorki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afrétta, né heldur hefur það staðið almenningi frítt til afnota, heldur aðeins gegn gjaldi.

Þá byggist krafa gagnaðila íslenska ríkisins að auki við fullnaða hefð, þ.e. að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan merkja landsvæðisins teljist eignarland. Að lokum er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga.

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar, sem gerir þá kröfu til þrautavara að svæðið sé afréttur jarða í fyrrum Andakíls- og Lundarreykjadalshreppum, nú Borgarbyggð, er um málavexti alla vísað til málavaxtalýsinga sem fylgdu kröfulýsingum annarra málsaðila. Þegar fyrrnefnd sveitarfélög hafi keypt landsvæðið á sínum tíma hafi ætlunin verið að tryggja þeim fullkominn eignarrétt að svæðunum þannig að unnt væri að nýta þar allar eignarheimildir, þ.m.t. upprekstrarrétt. Landsvæðið hafi að mestu verið nýtt sem upprekstrarland jarða í Andakíls- og Lundarreykjadalshreppi, sem nú eru hluti af sveitarfélaginu Borgarbyggð, um langan aldur. Ef talið verði að sveitarfélögin hafi ekki keypt upprekstrarréttinn á sínum tíma, þá hljóti hann enn að tilheyra þeim jörðum sem áttu upprekstrarrétt á landsvæðið, þar sem það hafi þá verið tekið til afréttarnota, og einungis og verið nýtt sem slíkt af eignum jarða í sveitarfélaginu, samanber þó það sem rakið er um seljabúskap og búsetu á svæðinu. Af hálfu Borgarbyggðar er tekið fram að þrautavarakrafan raski þó í engu kröfugerð Sjálfseignarstofnunarinnar Ok um að hafna beri þjóðlendukröfu ríkisins til svæðisins, samanber þó varakröfur hennar.

6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Gullberastaða, Gullberastaðasels og Gullberastaðaselslands er rakin í kafla 5.6 hér að framan. Þar eru raktar heimildir um búsetu að Gullberastaðaseli sem byggt var innan ágreiningssvæðisins á síðari hluta 19. aldar, en í Gullberastaðaseli var búið í skjóli og með heimild eiganda jarðarinnar Gullberastaða. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er ýmist fjallað um Gullberastaðasel, Gullberastaðaselsland eða Gullberastaðatungu, en í öllum tilvikum er um að ræða tilvísun til ágreiningssvæðisins.

Af þeim heimildum sem liggja fyrir má ráða að Gullberastaðir hafi verið sjálfstæð landnámsjörð, svo sem ráða má af *Landnámu*. Af framangreindum heimildum er vafalaust að Gullberastaðaselsland hafi heyrt undir jörðina. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Gullberastaða er vestan megin við ágreiningssvæðið, aðskilið af jörðinni Oddsstöðum. Það hvort Gullberastaðaselsland hafi áður tilheyrt jörðinni Gullberastöðum, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Sem fyrr segir er *Landnáma* elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Gullberastaði. Þar segir að Björn gullberi hafi numið Reykjardal „enn syðra“ og búið á Gullberastöðum. Lundarreykjadalur, sem áður kallaðist Reykjadalur syðri, er nærri 25 km langur, frá Götuási og inn að Þverfelli. Þá skiptist hann í tvennt við Tungufellsmúla og liggur hann þá annars vegar með Grímsá að norðan og hins vegar með Tunguá að sunnan³⁴⁷. Samkvæmt þessari frásögn *Landnámu* standa líkur til þess að jörðinni Oddsstöðum hafi verið skipt út úr jörðinni Gullberastöðum og samfelld

³⁴⁷ Samanber lýsing Freysteins Sigurðssonar á Lundarreykjadal í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 2004.

land hennar hafi upphaflega tekið yfir núverandi land Gullberastaða og Oddsstaða, og a.m.k. hluta Oddsstaðatungu og Gullberastaðaselslands.

Fyrst er getið um Gullberastaðasel með sjálfstæðum hætti í manntali frá árinu 1855 en samkvæmt því var búið í Gullberastaðaseli það ár. Örnefnisins Gullberastaðatungu er fyrst getið í lögfestu fyrir Gullberastaðatungur sem þinglesin var á manntalsþingi að Lundi 22. maí 1868. Ekki er að finna lýsingu á merkjum ágreiningssvæðisins í þessum heimildum, en ekki er útilokað að svæðinu hafi verið lýst í framangreindri lögfestu frá 1868. Lögfestan hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar, en hennar er getið í dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu frá 1868. Líkur standa til þess að hún kunni að hafa glatast þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Gullberastaði 12. janúar 1898 og því þinglýst sama dag. Þá var sérstakri landamerkjaskrá fyrir „Gullberastaðaselland“ þinglýst síðar sama ár. Hvorugt þessara skjala hefur fundist og því liggur ekki fyrir hvort merkjum ágreiningssvæðisins sé lýst í landamerkjamerkjabréfi jarðarinnar eða hvernig þeirri lýsingu var háttað í hinni sérstöku landamerkjaskrá fyrir Gullberastaðaselsland.

Samkvæmt heimildum keypti Andakílhreppur Gullberastaðaselsland af Vigfúsi Péturssyni, eiganda Gullberastaða, árið 1898. Kaupbréfið er ekki til, en öll skjöl í eigu Andakílhrepps brunnu í eldsvoða á Hvanneyri árið 1903. Í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 var byggt á því að umrædd eignayfirfærsla hafi átt sér stað og ekki hafa komið fram nein gögn eða upplýsingar sem hnekkja því mati Hæstaréttar. Því til enn frekari áréttingar skal bent á að þegar árið 1899 veðsetti Andakílhreppur Gullberastaðaselsland.

Á árunum 1923–1933 deildu Lundarreykjadalshreppur og Andakílhreppur um mörk Gullberastaðatungu gagnvart afréttarlandi Lundarreykjadalshrepps sem var nefnt Leirárdalur. Á hreppsnefndarfundum Lundarreykjadalshrepps 12. júní 1923 var samþykkt að „Ásgeiri á Reykjum“ yrði fyrir hönd hreppsins falið að „fara á þessar slóðir og athuga merkin og skýra þau upp og gjöra síðan merkjabrjef.“ Með honum átti að fara annar maður frá Andakílhreppi og tekið fram að óskað væri eftir „Sigurði á Varmalæk til þeirra starfa“. Í kjölfarið voru gerð tvö landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu, dagsett annars vegar 17. júní 1923 og hins vegar 2. júlí 1923, en bréfin eru ekki samhljóða um lýsingu á merkjum svæðisins. Þá er bréfið frá 17. júní undirritað fyrir hönd Lundarreykjadalshrepps og vegna Oddsstaða og Reykja, en bréfið frá 2. júlí er undirritað fyrir hönd Andakílhrepps og vegna Oddsstaða og Þverfells. Landamerkjabréfunum var ekki þinglýst og ekki var leist úr deilu hreppanna um mörk landsvæðanna með bréfunum.

Á fundi hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 12. júní 1926 var „lesið upp og lagt fram landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu, samið af Oddvita Andakílhrepps, Sigurði Jakobssyni á Varmalæk, og undirritað af eiganda Oddsstaða,

eiganda Þverfells.“ Fundurinn hafnaði því að samþykkja landamerkjabréfið. Samkvæmt lýsingu fundargerðarinnar má ráða að um hafi verið að ræða fyrrgreint landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu frá 2. júlí 1923.

Á fundi hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 29. október 1932 var upplýst um að hreppnefnd Andakílshrepps hafði samþykkt að kaupa Oddsstaðatungu af Lundarreykjadalshreppi fyrir 4.000 kr. gegn því skilyrði að „Lunddælingar viðurkenni landamerki Gullberastaðatungu nálega því sem Andakílingar hafa haldið fram áður.“ Deilu hreppanna lauk með samkomulagi þann 17. júní 1933, en þá var gerður samningur um kaup Andakílshrepps á Oddsstaðatungu og samkvæmt kaupsamningnum skuldbatt hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps sig til þess að viðurkenna landamerki Gullberastaðatungu með tilteknum hætti. Sá hluti merkja ágreiningssvæðisins, sem er lagður til grundvallar í sáttinni, tekur mið af landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923, enda stafa bæði landamerkjabréfið og sáttatillagan frá Andakílshreppi.

Samkvæmt framansögðu virðist sem bæði landamerkjabréfin sem liggja fyrir í málinu hafi verið gerð vegna deilu Andakíls- og Lundarreykjadalshreppa um mörk fyrrgreindra landsvæða. Þá liggur fyrir að hvort landamerkjabréf um sig var eingöngu undirritað af þeim aðila sem stóð að gerð þess, auk þess sem hvorugu þeirra var þinglýst. Hefur hvorugt landamerkjabréfið því meira vægi en hitt, lagalega séð. Sem fyrr greinir var gerð sátt milli hreppanna 17. júní 1933, og tekur sá hluti merkja ágreiningssvæðisins, sem er lagður til grundvallar í sáttinni, mið af landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923. Að teknu tilliti til þessara atriða er það því mat óbyggðanefndar að rétt sé að taka mið af þeim merkjum, sem lýst er í landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923, við afmörkun ágreiningssvæðisins. Verður þó höfð hliðsjón af landamerkjabréfinu frá 17. júní 1923, að því marki sem landamerkjabréfunum ber saman.

Framangreindar landamerkjaskrár voru báðar lagðar fram í Landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1965 vegna dómsmáls þess sem til lykta var leitt með framangreindum dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970. Af sama tilefni voru lögð fram vottorð nokkurra staðkunnugra einstaklinga um landamerki Gullberastaðatungu sem gefin voru á árunum 1923–1929. Vottorð þessi voru gerð vegna fyrrnefndrar deilu um austurmerki landsvæðisins og er því ítarlegust umfjöllun í þeim um austurmerkin.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Gullberastaðaselslands er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki svæðanna, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á þeim. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Er þar um að ræða landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu frá 2. júlí 1923 og sátt Lundarreykjadalshrepps og Andakílshreppa um austurmerki ágreiningssvæðisins frá

1933. Jafnframt verður höfð hliðsjón af landamerkjabréfinu frá 17. júní 1923, framangreindum vottorðum sem lögð voru fram í Landamerkjadómi Mýrar- og Borgarfjarðarsýslu árið 1965 og heimildum um merki aðliggjandi jarða. Engum eldri heimildum er fyrir að fara um afmörkun landsvæðisins og hafi þær verið til þá eru, eins og fyrr greinir, líkur til þess að þær hafi glatast þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920.

Vestan megin er óumdeilt eignarland Oddsstaða. Suðvestan megin liggur svæðið að Reyðarvatni og óumdeildum eignarlöndum Brennu og Þverfells. Austan og sunnan megin er ágreiningssvæði vegna afréttar Lunddæla og Oks, sem fjallað er um í kafla 6.7, og norðan megin er ágreiningssvæði vegna Oddsstaðatungu, sem fjallað er um í kafla 6.5. Að fenginni niðurstöðu um merki ágreiningssvæðisins verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Verða nú fyrst vestur- og norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfuvæða og nær merkjalýsing þess því eingöngu til vestur- og suðvestur merkja ágreiningssvæðisins. Vesturmerkjum er lýst svo að Lambá sé fylgt frá ármótum hennar og Grímsár norður að Lambárfossi við Lambárbug. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega heldur vísað til lýsingar landamerkjabréfa Gullberastaðatungu.

Vestur- og Norðurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923: „Að vestan og norðan ræður Lambá. Úr upptökum Lambá sjónhending í suðvesturrana Fanntófells ...“. Í landamerkjabréfinu frá 17. júní 1923 er vestur- og norðurmerkjum lýst svo: „Að vestan og norðan ræður Lambá merkjum frá því er hún fellur í Grímsá, og til þess, er hún kvíslast norður af Skotmannsfellinu. Þaðan eru merki eftir beinni stefnu í suðvesturrana Fanntófells ...“. Ekki er fjallað um vestur- og norðurmerki ágreiningssvæðisins í sáttinni frá 1933, heldur eingöngu austurmerki, en þó kemur þar fram að merki liggi frá upptökum Fossár í „suðurrana Fántófells“. Þau vottorð um landamerki Gullberastaðaselslands frá 1965 sem lýsa vestur og/eða norðurmerkjum svæðisins eru öll samhljóma um það að Lambá ráði, og er þá ýmist miðað við að hún ráði til sinna upptaka eða bætt við að úr upptökum hennar sé farið beina stefnu eða sjónhendingu í Fanntófell.

Vestan megin við ágreiningssvæðið liggur jörðin Oddsstaðir og norðan megin er ágreiningssvæði vegna Oddsstaðatungu sem fjallað er um í kafla 6.5. Í Landamerkjabréfi fyrir Oddsstaði, sem er dagsett 29. maí 1885 og þinglýst 3. júní 1891, er merkjum Oddsstaðatungu lýst að Oddsstaðatungu meðtalinni og án aðgreiningar þar á milli. Þar er mörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „... ræður Grímsá fyrir sunnan alla hólma uns Lambá fellur í hana, síðan ræður Lambá alt að upptökum sínum og svo er bein sjónhending í suðurrana Fantófjalls.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Lundar og Gullberastaða. Þá er sú niðurstaða óbyggðanefndar rakin í kafla 6.5 að öllum heimildum ber saman um að

Lambá ráði suðurmerkjum Oddsstaðatungu að upptökum og þaðan beina sjónhendingu í punkt við sunnanvert Fanntófell.

Landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923 og vottorðum þeim, sem gefin voru um merki ágreiningssvæðisins 1965, ber saman um að Lambá ráði þaðan sem hún fellur í Grímsá og að upptökum sínum og þaðan sjónhendingu í suðvesturrana Fanntófells. Í heimildunum er hins vegar ekki tilgreint nákvæmlega hvar skuli staðsetja punkt í suðvesturrana Fanntófells en með því virðist vera átt við punkt við fjallsrætur Fanntófells að suðvestanverðu. Er það jafnframt í samræmi við staðsetningu punkts nr. 3 í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins og niðurstöðu óbyggðanefndar um afmörkun Oddsstaðatungu sbr. kafla 6.6. Þar sem engum frekari skýringum er fyrir að fara um þetta atriði er það mat óbyggðanefndar að miða skuli við punkt 3. í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins.

Gagnaðili íslenska ríkisins dregur kröfulínu sínu eftir Lambá, þaðan sem hún fellur í Grímsá, að upptökum og þaðan í punkt við fjallsrætur Fanntófells. Þaðan dregur hann svo beina línu í óskilgreindan punkt norðaustan megin við fjallsrætur Fanntófells. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á norðurmerkjum Gullberastaðaselslands lengra til norðausturs en sem nemur punkti við suðurenda Fanntófells á sér ekki stoð í fyrirliggjandi heimildum sem lýsa merkjum landsvæðisins.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að vestur- og norðurmörk Gullberastaðaselslands séu með þeim hætti að Lambá ræður frá ármótum hennar og Grímsár að upptökum og þaðan er sjónhending í punkt við suðurenda Fanntófells.

Næst verða merki ágreiningssvæðisins að suðvestanverðu tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfusvæða og nær merkjalýsing þess því eingöngu til vestur- og suðvestur merkja ágreiningssvæðisins. Suðvesturmerkjum er lýst svo að Grímsá ráði þaðan sem hún rennur úr Reyðarvatni og að ármótum hennar og Lambár. Sem fyrr segir er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins heldur vísað til lýsingar landamerkjabréfa Gullberastaðatungu.

Suðvesturmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923: „[Frá upptökum] ræður Fossá að Reyðarvatni. Reyðarvatn ræður að Grímsá. Frá Reyðarvatni ræður Grímsá að Lambá þar sem hún fellur í Grímsá.“ Í landamerkjabréfinu frá 17. júní 1923 er suðvesturmerkjum lýst svo: „Að sunnan ræður Grímsá merkjum, alt austur þar til er hún fellur úr Reyðarvatni. Þaðan ræður Reyðarvatn, þangað sem Fossá fellur í það ...“. Ekki er fjallað um suðurmerki ágreiningssvæðisins í sáttinni frá 1933, heldur eingöngu austurmerki, en þó kemur þar fram að merki liggi frá upptökum Fossár. Í vottorðum um landamerki Gullberastaðaselslands frá 1965 er suðurmerkjum (suðausturmerkjum) ýmist lýst svo

að Fossá ráði eða Kaldá. Á umræddum vottorðum verður því ekki byggt um afmörkun svæðisins til suðurs.

Suðvestan megin við ágreiningssvæðið liggur Reyðarvatn og jarðirnar Brenna og Þverfell. Núverandi land Brennu samanstendur af landi tveggja jarða, þ.e. Brennu og Reykja, sem lá á austurhluta svæðisins. Landamerkjabréf fyrir Brennu, sem er dagsett 3. júní 1884 og þinglýst 5. júní sama ár, lýsir því ekki mörkum að ágreiningssvæðinu, enda lá Brenna á þeim tíma ekki að því. Í landamerkjabréfi Reykja, dagsett 28. maí 1884 og þinglýst 11. júní 1885, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „Grímsá ræður að öllu leyti merkjum að norðan [þaðan sem Lambá fellur í hana] þar til að svo kölluð Kaldá fellur í hana (sú á kemur norðan af fjalli.)“ Í landamerkjabréfi Þverfells, dagsett 10. september 1886 og þinglýst 2. júní 1887, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „... svo ræður Grímsá [þaðan sem Kaldá fellur í hana] fram til Reiðarvatnsóss ...“.

Landamerkjabréfunum frá 1923 ber saman um að Grímsá ráði merkjum að Reyðarvatni og þá ráði Reyðarvatn þangað sem Fossá rennur í það. Er það jafnframt í samræmi við heimildir um aðliggjandi jarðir. Kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins er einnig dregin með þeim hætti og er afmörkun hans því í samræmi við heimildir.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að suðvesturmörk Gullberastaðaselslands séu með þeim hætti að Grímsá ræður frá ármótum hennar og Lambár og að Reyðarvatni. Þá ræður Reyðarvatn þangað sem Fossá rennur í það.

Loks verða merki ágreiningssvæðisins að suðaustan- og austanverðu tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til fleiri kröfusvæða. Þessum hluta merkja ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Sem fyrr segir er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins heldur vísað til lýsingar landamerkjabréfa Gullberastaðatungu.

Suðaustur- og austurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923: „[Úr suðvesturrana Fanntófalls] sjónhending í upptök Fossár. Úr því ræður Fossá að Reyðarvatni.“ Í landamerkjabréfinu frá 17. júní 1923 er suðaustur- og austurmerkjum lýst svo: „... og þaðan [sem Fossá fellur í Reyðarvatn] í norður bein sjónhending í hvilft þá, sem er í vesturenda Oksins.“ Í sátt Lundastrykjadalshrepps- og Andakílhrepps um austurmerki ágreiningssvæðisins frá 1933 segir m.a. að hreppsnefnd Lundastrykjadalshrepps skuldbindi sig til að „viðurkenna austur landamerki Gullberastaðatungu úr upptökum Fossár í suðurrana Fántófalls.“ Sem fyrr segir er suðausturmerkjum í vottorðum um landamerki Gullberastaðaselslands frá 1965 ýmist lýst svo að Fossá ráði eða Kaldá. Þá ber vottorðunum ekki saman um hver séu austurmörk svæðisins. Á umræddum vottorðum verður því ekki byggt um afmörkun svæðisins til suðausturs- og austurs.

Suðaustan og austan megin við ágreiningssvæðið er ágreiningssvæði vegna afréttar Lunddæla og Oks, sem fjallað er um í kafla 6.7. Svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar Fossá ráði frá upptökum sínum mörkum þess landsvæðis, sem nefnist „land við Reyðarvatn“, gagnvart Gullberastaðaselslandi. Hins vegar liggja engar heimildir fyrir sem lýsa merkjum þess hluta ágreiningssvæðisins, sem liggur norðan lands við Reyðarvatn, gagnvart Gullberastaðatungu.

Landamerkjabréfið frá 17. júní 1923 er ekki í samræmi við landamerkjabréfið frá 2. júlí 1923 um mörk ágreiningssvæðisins til suðausturs og austurs, en svo sem að framan er getið er það mat óbyggðanefndar að rétt sé að taka mið af þeim merkjum, sem lýst er í landamerkjabréfinu frá 2. júlí. Af því má ráða að suðaustur- og austurmörk Gullberastaðaselslands liggi úr suðvesturrana Fanntófells sjónhendingu í upptök Fossár. Er það jafnframt í samræmi við sáttina um austurmerki ágreiningssvæðisins frá 1933. Sem fyrr greinir er það mat óbyggðanefndar að miða skuli við punkt sem er staðsettur við rætur Fanntófells að sunnanverðu, þ.e. punkt nr. 3 á kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins.

Með bókun við endurupptöku málsins hjá óbyggðanefnd 29. ágúst 2016 lagði lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins fram yfirlýsingu þess efnis að ef óbyggðanefnd teldi að merkjalínur gagnaðila íslenska ríkisins í málinu, á einstökum landareignum, væru ekki í samræmi við lýsingar í gögnum málsins, hefðu umbjóðendur hans ekkert við það að athuga að nefndin drægi merkjalínur þar sem nefndin teldi þær liggja samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Að því virtu er það mat óbyggðanefndar að litið hafi verið svo á að suðaustur- og austurmörk Gullberastaðaselslands fylgi línu sem dregin er frá punkti við rætur Fanntófells að sunnanverðu í upptök Fossár og þaðan sé Fossá fylgt að Reyðarvatni. Gagnaðili íslenska ríkisins dregur kröfulínu sína eftir Fossá og frá upptökum hennar er lína dregin í óskilgreindan punkt norðaustan megin við fjallsrætur Fanntófells. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á austurmerkjum Gullberastaðaselslands lengra til austurs en sem nemur framangreindri línu á sér því að mati óbyggðanefndar ekki stoð í gögnum málsins.

Í framangreindum heimildum er ekki nákvæmlega tilgreint hvar upptök Fossár eru staðsett. Áin er mynduð úr nokkrum upptakakvísllum. Óbyggðanefnd óskaði því eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um vatnasvið árinna og ætluð upptök hennar. Á korti sem barst frá Veðurstofunni í kjölfarið og liggur fyrir í málinu má sjá greiningu á upptökum mismunandi upptakakvísla árinna. Verður hér miðað við að upptök hennar séu staðsett eins og fram kemur á kortinu. Nánar tiltekið er þá miðað við austustu upptakakvíslina, eins og þau eru staðsett á kortinu, og nýtur þá gagnaðili íslenska ríkisins þess vafa sem uppi er að þessu leyti.

Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Gullberastaðaselslands nái lengra til austurs en að þeirri línu sem dregin er með framangreindum hætti frá upptökum Fossár sjónhendingu í fyrrgreindan punkt í suðurenda Fanntófells styðst ekki við heimildir um afmörkun Gullberastaðaselslands.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Svo sem fyrr greinir er það mat óbyggðanefndar að Gullberastaðir hafi verið landnámsjörð og að landnám Björns gullbera hafi náð til Lundarreykjadalss sem landfræðilega tekur til þess landsvæðis sem nú tilheyrir Gullberastaðatungu, Oddsstöðum og a.m.k. hluta Gullberastaðaselslands og Oddsstaðatungu. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um nákvæma stærð landnáma með afdráttarlausum hætti, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafarétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á

meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegru stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af kaupum Andakílshrepps á Gullberastaðaselslandi árið 1898 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli síðan leiðir að við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegru flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsvæðisins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Gullberastaðaselsland hafi verið hluti af landi jarðarinnar Gullberastaða eða jörðinni hafi þar aðeins fylgt óbein eignarréttindi.

Í umfjöllun um Gullberastaði í *Jarðabók Árna og Páls*, frá árinu 1708, er ekki sérstaklega minnst á Gullberastaðaselsland eða Gullberastaðatungu en þar segir: „Landþröngt er heima og liggur meginhluti lands í fjarska.“

Í nokkrum heimildum Reykholtskirkju er getið um „ósstemmu“ við Reyðarvatnsós, en ós Reyðarvatns er þar sem Grímsá rennur úr því og því innan landamerkja Gullberastaðaselslands. Er um að ræða þinglesnar lögfestur Reykholtskirkju frá 1709, 1739 og 1876, sem og úttekt á stað og kirkju í Reykholti frá 20. júlí 1872 þar sem segir m.a.: „... og árstemma að Reidarvatnsósi brúkað og hefðað undir stadin af fráfarandi beneficiario með Lögfestu 11 Maí 1869.“ Lögfestan hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Hins vegar er hvorki getið um „ósstemmu“ í vísitásium kirkjunnar frá 1725, 1732, 1751, 1759, 1781 og 1827, né úttekt á standi og ásigkomulagi kirkjunnar að Reykholti, ásamt hennar eignum og ítökum, frá 6. júní 1783.

Í sóknalýsingu séra Benedikts Eggertssonar frá árinu 1840 segir:

Selstöður eiga fylgjandi jarðir: Lundur, Gullberastaðir, Oddsstaðir og Fitjar, samt kunna seltóftir víðar að finnast í heimalöndum en hvörgi eru þær nú brúkaðar og hafa ei verið nærsta mannsaldur og víða lengur nema á Lundi hefur selstaða brúkuð verið nærstu fimm ár. [...] *Afréttarlönd*. Hvörgi eru hér almenningar til uppreksturs en frá ýmsum jörðum eru léð lönd þar til, þó ætíð þeim er víðlendust fjallönd hafa að ljá sem eru í þessum sóknnum Fitjar, Gullberastaðir, Lundur og Oddsstaðir.

Í jarðamatinu frá árinu 1849–50 kemur fram um Gullberastaði að beutiland sé því nær ekkert heima en „fjallland mikið og gott langt í burt, fyrir framan og sunnan

Oddsstaðaland þar selstaða góð og beit ...“. Er þar um að ræða elstu heimild sem vísar sérstaklega til staðsetningar ágreiningssvæðisins.

Samkvæmt heimildum um búsetu í Gullberastaðaseli var búið þar a.m.k. árin 1855, 1864–1866, 1870–1871, 1875, 1878–1882 og á árunum 1885–1897.

Elsta heimild sem getur um örnefnið Gullberastaðatungu er lögfesta eiganda Gullberastaða fyrir „Gullberastaðatungum, fjallendi frá Gullberastöðum“ sem þinglesin var á manntalsþingi að Lundi 22. maí 1868 og sem fyrir segir hefur ekki fundist. Á manntalsþingi að Lundi 1. júní árið 1877 var þinglesið bann um upprekstur á fjalllönd Lundar, Oddsstaða og Gullberastaða frá 9. maí sama árs.

Þann 8. júní 1896 var þinglesið afsal fyrir Gullberastöðum, dagsett 25. janúar 1896. Í afsalinu segir að Jón Tómasson selji og afsali Vigfúsi bónda Péturssyni á Gullberastöðum eign sína í „Gullberastöðum liggjandi í Lundareykjadal í Borgarfjarðarsýslu með tilheyrandi kúgildi og húsum og öllum gögnum og gæðum er jörð þessari, að rjettu lagi fylgja, alt eftir því sem segir í kaupsamningi þeim er við gjörðum 20 júní næstliðið ár ...“. Í afsalinu er ekki getið um Gullberastaðaselsland.

Svo sem fyrir greinir má ráða af heimildum að Andakílshreppur hafi keypt Gullberastaðaselsland af Vigfúsi Péturssyni, eiganda Gullberastaða, árið 1898. Ekki er að sjá að kaupbréfið hafi verið þinglesið, en á manntalsþingi á Lundi 13. júní 1899 var þinglesið veðbréf frá Andakílshreppi, dags. 9. maí sama ár, fyrir bankaláni með veði í „Gullberastaðasellandi“, svo á þeim tíma hafa kaupin verið búin að eiga sér stað. Á sama tíma var þinglesin landamerkjaskrá sú fyrir „Gullberastaðaselland“ sem ekki hefur fundist. Sömu sögu er að segja um sérstakt landamerkjabréf fyrir Gullberastaði frá 12. janúar 1898.

Í kafla um Gullberastaði í fasteignamati Borgarfjarðarsýslu frá 1916 kemur fram að „allmikið fjallland er nefnist Gullberastaðatunga“ hafi verið selt undan jörðinni og að í landi Gullberastaðatungu hafi verið bær er hét Gullberastaðasel.

Hér að framan er rakið að Lundarreykjadalshrepps- og Andakílshreppar hafi á árunum 1923–1933 deilt um mörk Gullberastaðatungu gagnvart afréttarlandi Lundarreykjadalshrepps sem var nefnt Leirárdalur. Vegna deilunnar hafi hreppsnefnd hvors hrepps fyrir sig útbúið landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu, dagsett annars vegar 17. júní 1923 og hins vegar 2. júlí 1923, en bréfin eru ekki samhljóða um lýsingu á merkjum svæðisins. Af gögnum málsins má ráða að hvort landamerkjabréf fyrir sig hafi eingöngu verið undirritað af þeim aðila sem stóð að gerð þess, auk þess sem hvorugu þeirra var þinglýst. Sem fyrir segir lauk deilu hreppanna um mörk landsvæðanna með samkomulagi þann 17. júní 1933, en þá var gerður samningur um kaup Andakílshrepps á Oddsstaðatungu fyrir tiltekna upphæð og samkvæmt kaupsamningnum skuldbatt hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps sig til þess að viðurkenna landamerki Gullberastaðatungu með tilteknum hætti. Sá hluti merkja ágreiningssvæðisins, sem er lagður til grundvallar í sáttinni, tekur mið af

landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923, enda stafa bæði landamerkjabréfið og sáttatillagan frá Andakílshreppi.

Þann 2. desember 1971 dæmdi Hæstaréttur í máli nr. 193/1970 um veiðiréttindi í Reyðarvatni. Aðild að því máli áttu Andakíls- og Lundarreykjadalshreppar, vegna lands austan Reyðarvatns, og eigandi og ábúandi jarðarinnar Þverfells vestan Reyðarvatns. Þar komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að Andakílshreppur, sem leiddi rétt sinn frá fyrrum eiganda Gullberastaða, ætti botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni fyrir landi Gullberastaðatungu. Í forsendum dómsins segir svo:

Á sama hátt verður að telja, að gagnáfrýjandi Andakílshreppur eigi botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, frá Grímsárósi að Fossármynni og svo veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr, 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970, ef því er að skipta.

Í kafla 6.6.2 hér að framan kemur fram að gagnaðili íslenska ríkisins telji að með framangreindum dómi Hæstaréttar hafi endanlega verið skorið úr um eignarrétt á svæðinu og þá með þeim hætti að óbyggðanefnd sé bundin við niðurstöðu réttarins þar að lútandi. Við mat á þýðingu dómsins fyrir úrlausn þessa máls er þó til þess að líta að hvorki aðild að málinu né sakarefni þess var hið sama og er til úrlausnar í þessu máli. Vísast í þessu sambandi m.a. til dóma Hæstaréttar frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár), frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði) og frá 22. október 2015 í máli nr. 743/2014 (Nýjabæjarafreittur). Af þessum dómum má ráða að ekki sé unnt að líta svo á að eldri dómur um eignarréttarlega stöðu lands bindi óbyggðanefnd ef ekki er ljóst að málsaðilar séu hinir sömu eða komnir að öllu leyti í stað hinna fyrri. Þá skiptir jafnframt máli, við mat á þýðingu eldri dóma undir sambærilegum kringumstæðum, hvert sakarefnið er. Vísast í þessu sambandi einnig til umfjöllunar um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Dómur Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 varðaði ekki ágreining um eignarréttarlega stöðu lands á grundvelli þjóðlendulaga nr. 58/1998 heldur var með dóminum aðeins skorið úr deilu um botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni, en ekki inntak eignarréttar þess lands sem lá þeirri kröfu til grundvallar að öðru leyti. Þá voru aðilar að málinu ekki þeir sömu og aðilar að þessu máli og hafa þeir síðarnefndu heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu. Dómurinn er því ekki bindandi um úrslit þessa máls, samanber til hliðsjónar 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Dómurinn hefur þó fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða er sannað, samanber til hliðsjónar 4. mgr. sömu lagagreinar. Til athugunar hlýtur því m.a. að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild, ný gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa

ekki þegar metið hafi á eignarréttarlega stöðu Gullberastaðaselslands samkvæmt lögum nr. 58/1998.

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílhrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998 samþykktu hreppsnefndirnar að leggja tiltekin landsvæði inn í sjálfseignarstofnunina Ok. Samkvæmt samþykktinni skyldi Andakílhreppur m.a. leggja fram Gullberastaðaselsland. Sama dag undirritaði hreppsnefnd Andakílhrepps yfirlýsingu um framlag sitt til sjálfseignarstofnunarinnar og þar segir m.a.: „b. Gullberastaðaselsland, sbr. Hæstaréttardóm nr. 193/1970. [...] Landamerki Gullberastaðaselslands eru svo sem segir í merkjaskrá þinglýstri á manntalsþingi á Lundi 1899 og samningi um landamerkin, dags. 17. júní 1933.“ Yfirlýsingunni var þinglýst 2. júní 1998 með þeirri athugasemd að afsalshafa skorti þinglýsta eignarheimild vegna Gullberastaðaselslands. Athugasemd þessi hefur að mati óbyggðanefndar ekki þýðingu við úrlausn málsins, enda greint frá því hér að framan að á manntalsþingi á Lundi 13. júní 1899 hefði verið þinglesin landamerkjaskrá fyrir Gullberastaðaselslandi, ásamt veðbréfi frá Andakílhreppi, dags. 9. maí sama ár, fyrir bankaláni með veði í sama landi. Landamerkjaskráin hefur ekki fundist og líkur standa til þess að hún hafi brunnið í eldsvoða á Hvanneyri árið 1903. Þá var sem fyrr segir byggt á því í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 að kaup Andakílhrepps á Gullberastaðaselslandi hafi átt sér stað og ekki hafa komið fram nein gögn eða upplýsingar sem hnekkja því mati Hæstaréttar.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að líkur standa til þess að Gullberastaðselsland hafi upphaflega verið hluti af landnámi Björns gullbera og hluti landnámsjarðarinnar Gullberastaða. Þau eignatengsl sýnast ekki rofna endanlega fyrir en við sölu Gullberastaðaselslands árið 1898. Þannig fylgdi Gullberastaðaselsland með í kaupum Vigfúsar Péturssonar á Gullberastöðum samkvæmt afsali, dags. 25. janúar 1896, án þess að landssvæðisins sé getið sérstaklega, en Vigfús seldi svo landsvæðið undan jörðinni árið 1898, svo sem fyrr er getið.

Hins vegar liggja fáar heimildir fyrir, frá því fyrir þá sölu, sem fjalla sérstaklega um ágreiningssvæðið ef frá eru taldar heimildir um búsetu í Gullberastaðaseli. Þannig er fyrstu tilvísun til staðsetningar ágreiningssvæðisins að finna í jarðamatinu frá 1849–50, án þess þó að það sé nefnt sérstöku nafni, og örnefnisins Gullberastaðatungu er getið í fyrsta sinn í lögfestu frá árinu 1868.

Rétt er að taka fram að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.¹ Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í

almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Þá liggja fyrir nokkrar heimildir Reykholtskirkju þar sem getið er um „ósstemmu“ við Reyðarvatnsós meðal ítaka kirkjunnar. Orðalag heimildanna gefur ekki skýrt til kynna hvort um hafi verið að ræða ítak innan eignarlands jarðar eða ekki og því verður engin afdráttarlaus ályktun þess eðlis dregin af heimildunum. Að mati óbyggðanefndar bendir tilvist ítaks í fasteign þó fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.³⁴⁸ Eitt og sér getur tilvist ítaksins ekki ráðið úrslitum um beinan eignarrétt, en kann að hafa þýðingu til stuðnings öðrum þáttum sem benda til beins eignarréttar.

Af heimildum um afnot eigenda Gullberastaða af svæðinu, sem og sölu þess á síðari tímum, má ráða að land þetta hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Ekki verður séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem máli skipti, en sá ágreiningur sem uppi var milli hreppanna á árunum 1923–1933 virðist einkum hafa varðað afmörkun svæðisins að austanverðu, en ekki eignarréttarlega stöðu þess. Þá má ráða að ágreiningur um afmörkunina hafi verið tilkominn vegna þess að þinglýstar eignarheimildir fyrir landsvæðinu hafi glatast. Enda þótt nýting svæðisins hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en annarra hluta jarðarinnar leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og ekki einskorðast við sumarreit búfjár. Þvert á móti er skýrt samkvæmt heimildum að landsvæðið hafi lengst af verið nýtt til selsbúskapar og síðar heilsársbúsetu, þó einkum á 19. öld. Þá liggja að Gullberastadaselslandi eignarlönd til suðvesturs, vesturs og norðurs sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu. Líkur á stofnun og tilvist eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að Gullberastadaselsland geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Gullberastaða, sem gagnaðili íslenska ríkisins leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.

Svo sem áður segir var forvera gagnaðila íslenska ríkisins, Andakílshreppi, dæmdur botns-, vatns- og veiðiréttur í Reyðarvatni með dómi Hæstaréttar Íslands frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970. Þeirri niðurstöðu til grundvallar sýnist sú forsenda hafa legið að Andakílshreppur færi með beinan eignarrétt að Gullberastadaselslandi, öndvert við Lundarreykjadalshrepp sem gerði sambærilega kröfu vegna lands að Reyðarvatni vestan Fossármynnis. Þá benda þau gögn sem liggja fyrir í þessu máli, til viðbótar þeim gögnum sem voru lögð fram í máli nr. 193/1970

³⁴⁸ Sbr. umfjöllun um hugtakið ítak í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fyrir Hæstarétti, að mati óbyggðanefndar ekki til annars en að það mat réttarins standi óhrakið en það styður þá niðurstöðu að Gullberastaðaselsland sé undirorpið beinum eignarrétti.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Gullberastaðaselslands, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

6.7 Afréttur Lunddæla og Ok

6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Afréttur Lunddæla auk Oks. Auk þess er vísað til þess hluta svæðisins sem liggur næst Reyðarvatni sem *lands við Reyðarvatn*. Sjálfseignarstofnunin Ok gerir kröfu til hluta þessa landsvæðis sem eignarlands síns og landeigendur Húsafells II krefjast viðurkenningar á því að nyrsti hluti ágreiningssvæðisins teljist til jarðarinnar. Þá gerir Borgarbyggð þá kröfu til þrautavara að svæðið teljist vera afréttur jarða í fyrrum Andakíls- og Lundarreykjadalshreppum. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1–3.4.

Landsvæði það er hér um ræðir liggur til norðausturs upp af Reyðarvatni í yfir 340 m hæð og hefur megin leguna norðaustur–suðvestur. Nyrst á svæðinu rís land hæst í Oki (1170 m) sem er dyngja úr grágrýti vestan Kaldadals. Á toppi hennar var samnefndur jökull sem nú er horfinn og eru þar nú aðeins leifar af jökulís í lægðum. Ok er þurr og gróðurlaust hið efra og land suður af því einkennist af gróðursnauðum og einsleitum melum og klöppum. Landi hallar til suðurs að Reyðarvatni. Í suðaustanverðu Oki er móbergstindur sem er nefnist Bræðravirki. Lyklafell (845 m) liggur sunnan undir Oki og suðvestan þess er Fanntófell (901 m). Þá eru Hróðurkarlar, brattur móbergshrykkur, suðaustan þeirra. Gróður eykst eftir því sem nær dregur Reyðarvatni og land austur upp af vatninu er gróið. Sunnarlega á svæðinu kemur örstutt á, Fossá, úr nokkrum lindum og fellur í fossi í Reyðarvatn. Leirá kvíslast til suðurs um svokallaðan Egilsáfanga fyrir miðju svæðinu og rennur um Leirárdali sem liggja austan við Reyðarvatn. Leirá rennur í Reyðarvatn norðan við Leirárhöfða. Sunnan Leirárhöfða liggur Drangshlíð meðfram Reyðarvatni og sunnan hennar eru Leirártjarnir. Frá ósi Reyðarlækjar í 1170 m hæðarpunkt í Oki, eru um 17,5 km, mælt í beinni loftlínu.³⁴⁹

³⁴⁹ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í

6.7.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukarafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Andkílinga og Lunddæla án sérstakrar aðgreiningar á milli einstakra landsvæða. Ágreiningssvæðið fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna þess séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða. Hvað varðar afmörkun þjóðlendukröfusvæðisins hafi íslenska ríkið við afmörkun þess fyrst og fremst litið til landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, afréttarlýsingar Ingimundar Ásgeirssonar frá árinu 1980, auk annarra heimilda sem getið er í kröfulýsingu og fjalla um merki svæðisins. Þá hafi verið tekið tillit til staðháttanna.

Hvað varðar það landsvæði sérstaklega, sem nefnt hefur verið „Land við Reyðarvatn“, þá sé afmörkun um suðvesturhluta þess byggð á niðurstöðu Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970.

Af hálfu Sjálfseignarstofnunarinnar Oks, gagnaðila íslenska ríkisins, er m.a. byggt á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafa fyrir landsvæðinu, sem og þinglýstu landamerkjabréfi. Á því er byggt að landamerkjabréfið sé löglega frágengið og að það fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jörðin skráð í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Byggt er á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms í Borgarfirði. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt. Þá styðji heimildir um búsetu á svæðinu einnig kenningar um að landnám hafi náð til heiðarlandsins í öndverðu.

Á því er byggt að um sé að ræða land ákveðinna höfuðbóla frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðst við eldri eignarheimildir, sé eignarland og sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Því til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð) og úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Engu breyti í þessu sambandi þó hlutar jarðanna hafi seinna verið seldir frá þeim sem sérstakt afréttarland, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 (Gullberastaðatungur), en þann dóm telur gagnaðili íslenska ríkisins hafa efnislega þýðingu við úrlausn um eignarhald á því svæði sem um ræðir. Hann telur að

íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

með þessum dómi Hæstaréttar hafi endanlega verið skorið úr eignarrétti á svæðinu, og með þeim hætti, að óbyggðanefnd sé bundin við niðurstöðu réttarins. Þá telur gagnaðili íslenska ríkisins að það landsvæði Gullberastaða sem um var að ræða í dóminum, þ.e. Gullberastaðaselsland, sé sambærilegt við Þóreyjartungur, Lundartungu, Oddsstaðatungu og Leirárdali og því eigi sama niðurstæða að gilda um þau landsvæði.

Þá er vísað til þess að þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd, samanber m.a. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í málum nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði) og 722/2009 (Hvammur/Hvammshéiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradsals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Byggt er á því að gagnaðili íslenska ríkisins og forverar hans hafi nýtt landsvæðið með öllum mögulegum hætti, bæði til búsetu og seljabúskapar, og þar sem um heiðarland sé að ræða hafi það verið nytjað í samræmi við það, eftir fremsta megni hverju sinni. Þá er það jafnframt ítrekað að landsvæðið hafi verið skilið frá heimajörð sinni og selt hreppsfélagunum gegn endurgjaldi. Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji einnig við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti. Landsvæðið sé í meginatriðum lágrent og vel gróið og þar að auki að hluta til umlukið öðrum landsvæðum sem talin hafi verið til eignarlanda allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu. Þá hafi notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hvorki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afréttu, né heldur hafi það staðið almenningi frítt til afnota, heldur aðeins gegn gjaldi.

Þá byggist krafa gagnaðila íslenska ríkisins að auki við fullnaða hefð, þ.e. að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan merkja landsvæðisins teljist eignarland. Að lokum er vísað til jafnræðisreglu stjórnáslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnáslulaga.

Af hálfu eigenda Húsafells II, gagnaðila íslenska ríkisins, er m.a. byggt á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafa fyrir landsvæðinu, sem og þinglýstu landamerkjabréfi. Þá sé landsvæðið innan marka upphaflegs landnáms í Borgarfirði. Svæðið sé ekki mjög hárent, allvel gróið og frekar einsleitt.

Á því er byggt að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar við það. Um sé að ræða jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem ekki fari í bága við eldri heimildir, og því beri íslenska ríkið sönnunarbýrði fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Því til stuðnings er vísað til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í málum nr. 723/2009

(Laxárdalur/Dalsheiði) og 722/2009 (Hvammur/Hvammshaiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Þá styðji staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi einnig við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið að stórum hluta. Það sé þar að auki að vestanverðu umlukið öðrum landsvæðum sem talin hafi verið til eignarlanda allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu. Þá hafi notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hvorki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afréttar, né heldur hefur það staðið almenningi frítt til afnota.

Þá byggist krafa gagnaðila íslenska ríkisins að auki við fullnaða hefð, þ.e. að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan merkja landsvæðisins teljist eignarland. Að lokum er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga.

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar, sem gerir þá kröfu til þrautavara að svæðið sé afréttur jarða í fyrrum Andakíls- og Lundarreykjadalshreppum, nú Borgarbyggð, er um málavexti alla vísað til málavaxtalýsinga sem fylgdu kröfulýsingum annarra málsaðila. Þegar fyrrnefnd sveitarfélög hafi keypt landsvæðið á sínum tíma hafi ætlunin verið að tryggja þeim fullkominn eignarrétt að svæðunum þannig að unnt væri að nýta þar allar eignarheimildir, þ.m.t. upprekstrarétt. Landsvæðið hafi að mestu verið nýtt sem upprekstrarland jarða í Andakíls- og Lundarreykjadalshreppi, sem nú eru hluti af sveitarfélaginu Borgarbyggð, um langan aldur. Ef talið verði að sveitarfélögin hafi ekki keypt upprekstraréttinn á sínum tíma, þá hljóti hann enn að tilheyra þeim jörðum sem áttu upprekstrarétt á landsvæðið, þar sem það hafi þá verið tekið til afréttarnota, og einungis og verið nýtt sem slíkt af eigendum jarða í sveitarfélaginu, samanber þó það sem rakið er um seljabúskap og búsetu á svæðinu. Af hálfu Borgarbyggðar er tekið fram að þrautavarakrafan raski þó í engu kröfugerð Sjálfseignarstofnunarinnar Ok um að hafna beri þjóðlendukröfu ríkisins til svæðisins, samanber þó varakröfur hennar.

6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar ágreiningssvæðisins er rakin í kafla 5.7 hér að framan. Í kaflanum eru raktar heimildir Reykholtskirkju sem benda til þess að kirkjunni hafi tilheyrt land við Reyðarvatn. Þá benda heimildirnar einnig til þess að hreppsnefnd Lundarreykjadalshreppsins hafi, fyrir hönd hreppsins, kallað til réttinda yfir landsvæði innan ágreiningssvæðisins sem var nefnt Leirárdalur. Í heimildum er ýmist fjallað um „land við Reyðarvatn“ eða Leirárdali, en í báðum tilvikum er um tilvísun að ræða til hins umdeilda svæðis í máli þessu, eða hluta þess.

Á manntalsþingi að Lundi 29. maí 1890, lögfesti hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands. Þá keypti hreppsnefndin „afréttarlönd Reykholtskirkju á Suðurfjalli“, þ. á m. land við Reyðarvatn, árið 1895 og lagði þau til þess landsvæðis sem hreppsefndin hafði áður kallað til réttinda yfir. Í máli þessu gerir gagnaðili íslenska ríkisins kröfu til beggja landsvæða án aðgreiningar.

Í málinu liggur fyrir skjal sem ber yfirskriftina: „Landamerki fyrir Leirárdölum, afréttarlandi Lundarreykjadalshrepps“. Skjalið fannst við leit á héraðsskjalasafni Borgarfjarðar en einungis er um að ræða hluta þess, þ.e. fyrri hluta skjalsins sem inniheldur hluta merkjalýsingar fyrir svæðið. Hins vegar vantar síðari hluta skjalsins, þ.e. upplýsingar um mögulega undirritun þess og þinglýsingu. Þá liggja ekki fyrir nein gögn í málinu sem varða þinglýsingu landamerkjabréfs fyrir Leirárdali. Skjalið fannst í bæjarskjölum Oddsstaða en engar upplýsingar liggja fyrir um uppruna þess. Á árunum 1923–1933 deildu Lundarreykjadalshrepps- og Andakílshrepps um mörk Gullberastaðatungu gagnvart afréttarlandi Lundarreykjadalshrepps, sem þeir nefndu Leirárdali, og gefa gögn vegna þeirrar deilu vísbendingar um uppruna framangreinds landamerkjabréfs Leirárdala.

Á hreppsnefndarfundum Lundarreykjadalshrepps 12. júní 1923 var samþykkt að „Ásgeiri á Reykjum“ yrði fyrir hönd hreppsins falið að „fara á þessar slóðir og athuga merkin og skýra þau upp og gjöra síðan merkjabrjef.“ Með honum átti að fara annar maður frá Andakílshreppi og tekið fram að óskað væri eftir „Sigurði á Varmalæk til þeirra starfa“. Í kjölfarið voru gerð tvö landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu, dagsett annars vegar 17. júní 1923 og hins vegar 2. júlí 1923, en bréfin eru ekki samhljóða um lýsingu á merkjum svæðisins. Þá er bréfið frá 17. júní undirritað fyrir hönd Lundarreykjadalshrepps og vegna Oddsstaða og Reykja, en bréfið frá 2. júlí er undirritað fyrir hönd Andakílshrepps og vegna Oddsstaða og Þverfells. Landamerkjabréfunum var ekki þinglýst og ekki var leist úr deilu hreppanna um mörk landsvæðanna með bréfunum.

Á fundi hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 12. júní 1926 var „lesið upp og lagt fram landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu, samið af Oddvita Andakílshrepps, Sigurði Jakobssyni á Varmalæk, og undirritað af eiganda Oddsstaða, eiganda Þverfells.“ Fundurinn hafnaði því að samþykkja landamerkjabréfið. Samkvæmt lýsingu fundargerðarinnar má ráða að um hafi verið að ræða fyrrgreint landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu frá 2. júlí 1923.

Á fundi hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps 29. október 1932 var upplýst um að hreppsnefnd Andakílshrepps hafði samþykkt að kaupa Oddsstaðatungu af Lundarreykjadalshreppi fyrir tiltekna upphæð gegn því skilyrði að „Lunddælingar viðurkenni landamerki Gullberastaðatungu nálega því sem Andakílingar hafa haldið fram áður.“ Deilu hreppanna lauk með samkomulagi þann 17. júní 1933, en þá var gerður samningur um kaup Andakílshrepps á Oddsstaðatungu og samkvæmt

kaupsamningnum skuldbatt hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps sig til þess að viðurkenna landamerki Gullberastaðatungu með tilteknum hætti. Sá hluti merkja ágreiningssvæðisins, sem er lagður til grundvallar í sáttinni, tekur mið af landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923, enda stafaði bæði landamerkjabréfið og sáttatillagan frá Andakílshreppi.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að bæði landamerkjabréf Gullberastaðatungu voru gerð vegna deilu Andakíls- og Lundarreykjadalshreppa um mörk fyrrgreindra landsvæða og að hvor hreppsnefnd fyrir sig hafi útbúið bréfin. Þá liggur fyrir að hvort landamerkjabréf um sig var eingöngu undirritað af þeim aðila sem stóð að gerð þess. Lýsing þess landamerkjabréfs Gullberastaðatungu sem var útbúið af hálfu Lundarreykjadalshrepps, þ.e. landamerkjabréfið frá 17. júní 1923, er í samræmi við þá lýsingu sem er að finna í hinu ódagsetta landamerkjabréfi Leirárdala sem fyrr var nefnt. Að mati óbyggðanefndar bendir það til þess að landamerkjalyýsingarnar hafi verið gerðar á sama tíma og í sama tilgangi, þ.e. að gerð þeirra hafi verið tilraun til þess að reyna að ná sáttum í þeim ágreiningi sem stóð yfir milli hreppanna. Sem fyrr segir var gerð sátt milli hreppanna 17. júní 1933 þar sem lögð voru til grundvallar austurmerki Gullberastaðaselslands gagnvart ágreiningssvæðinu eins og þeim var lýst í því landamerkjabréfi því sem var lagt fram af hálfu Andakílshrepps. Þá er bent á það að eftir þann tíma hefur ekki verið byggt á landamerkjabréfi Leirárdala til stuðnings tilkalli um eignarrétt að ágreiningssvæðinu, en það var hvorki lagt fram af hálfu Lundarreykjadalshrepps í Landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1965, vegna dómsmáls þess sem til lykta var leitt með dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 (Reyðarvatnsmál), né af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins við úrlausn þessa máls hjá óbyggðanefnd. Að teknu tilliti til þessara atriða er það því mat óbyggðanefndar að hið ódagsetta landamerkjabréf Leirárdala hafi ekki þýðingu við úrlausn málsins.

Lands við Reyðarvatn er fyrst getið í lögfestu Þorsteins Helgasonar fyrir Reykholtskirkju frá 1837 sem lýsir merkjum landsvæðisins að hluta, en engar heimildir hafa fundist sem lýsa merkjum þess með heildstæðum hætti. Þá liggja hvorki fyrir heimildir sem lýsa með heildstæðum hætti merkjum þess landsvæðis sem hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps gerði fyrrum tilkall til, né landsvæðisins sem þeir gerðu tilkall til eftir sameiningu landsvæðanna. Merkjum ágreiningssvæðisins er hins vegar lýst að hluta í ýmsum heimildum auk þess sem heimildir um merki aðliggjandi landsvæða veita vísbendingar um merki þess.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum ágreiningssvæðisins er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á þeim. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Er þar um að ræða fyrrgreinda lögfestu fyrir Reykholtskirkju frá 1837, Jarðatal Johnsens frá 1847, vísitasíu fyrir Reykholtskirkju frá 1869, úttekt fyrir Reykholt frá 1872, lögfestu fyrir Reykholtskirkju frá 1876 og lögfestu hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps frá 1890. Í því sambandi verður einnig litið til heimilda um merki aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er við þessa skoðun höfð hliðsjón af skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps, sem skrifuð var af Ingimundi Ásgeirssyni árið 1980, sem og ritinu *Byggðir Borgarfjarðar II* frá árinu 1989 þar sem fjallað er um landsvæði í Borgarfjarðarsýslu. Vestan megin eru ágreiningssvæði vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddsstaðatungu og Gullberastaðaselslands, sem fjallað er um í köflum 6.3–6.6. Suðvestan megin liggur svæðið að Reyðarvatni og óumdeildu eignarlandi Þverfells. Suðaustan megin er annars vegar Þjóðlenda, sem að hluta til er í afréttareign (Þingvallakirkjuland og Þjóðlenda norðan Þingvallakirkjulands), sem fjallað er um í máli nr. 1/2000 hjá óbyggðanefnd, og hins vegar Þjóðlenda, sem að hluta til er afréttur jarða í Grímsnes- og Grafningshreppi (Grímsnes- og Grafningsafréttur), sem fjallað er um í máli nr. 2/2000 hjá óbyggðanefnd og í dómi Hæstaréttar frá 5. október 2006 í máli nr. 67/2006. Við norðanverð austurmörk ágreiningssvæðisins er ágreiningssvæði vegna Geitlands og vesturhluta Þórisjökuls, sem fjallað er um í máli 4/2014. Norðan megin eru jarðirnar Húsafell II, Húsafell III, Stóri-Ás og Augastaðir. Vegna niðurstöðu óbyggðanefndar um afmörkun Þóreyjartungna, svo sem nánar er fjallað um í kafla 6.3, þarf jafnframt að taka afstöðu til suðurmerkja jarðanna Búrfells og Steindórsstaða við afmörkun á norðurmerkjum ágreiningssvæðisins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Eins og að framan greinir er engar heimildir að finna sem lýsa merkjum ágreiningssvæðisins með heildstæðum hætti. Þá er í þeim heimildum, sem taldar eru upp hér að framan, eingöngu að finna lýsingu á suðvesturmörkum landsvæðisins, að frátaldri lögfestu hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps frá 1890. Í heimildum Reykholtskirkju og Jarðatali Johnsens er merkjum lands við Reyðarvatn eingöngu lýst svo að þau nái „austan frá Drangshlíð og út undir Fossárflóa“. Ekki er getið nánar um staðsetningu Drangshlíðar og Fossárflóa og því þarfnast það atriði sérstakrar athugunar.

Engin örnefnaskrá liggur fyrir sem lýsir örnefnum á landsvæðinu. Í afréttarskrá Ingimundar Ásgeirssonar frá árinu 1980 er fjallað um þau kennileiti sem vísað er til í gögnum Reykholtskirkju, þ.e. að land tilheyrandi Reykholtskirkju hafi náð „austan frá Drangshlíð og út undir Fossárflóa“, og þar segir:

En þessi mörk eru þannig, að þar hefur gerókunnugur maður um fjallað. Fossárflói liggur vestan Fossár, fast að ánni, en Drangshlíð er hlíðin sunnan í Leirárhöfða, allt frá slakkanum vestan við Selhöfða, upp undan leitamannaskálanum gamla við austurenda Reyðarvatns, og vestur með vatninu þar til Leirárhöfða þrýtur, og er þá skammt til þess, er Leirá fellur í

Reyðarvatn. Prófasturinn í Reykholti eða heimildamaður hans hefur þekkt þessi örnefni en ekki vitað um staðháttu. – Það var að sögn Kristjáns Þorsteinssonar frá Reykjum (f. 1849 – d. 1934), fróðs manns og langminnugs, að Reykholtssel hefði verið við austurenda Reyðarvatns, þar sem leitarmannaskálinn stóð (og stendur víst raunar að nafni til enn) og verið kallað Snorrasel.

Þá segir í kafla um landsvæði í Borgarfjarðarsýslu í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar II* frá 1989: „... Fossárflói fremst vestan Fossár.“ og „Fossá er örstutt á, á að giska 3 km, kemur úr nokkrum lindum suðaustan við Kaldárhöfða (Vestri-Fossárhöfða) og niður undan Fossárgljúfrum, en eftir þeim kemur mikið vatn í leysingum og sameinast lindarvatninu.“ Þá segir: „Há og brött hlíð er sunnan og vestan í Leirárhöfða og liggur niður að Reyðarvatni. Nefnist hún Drangshlíð eftir háum móbergsdrangi innarlega í hlíðinni.“

Af framangreindum frásögnum um kennileiti við Reyðarvatn má ráða að suðvesturmerki landsvæðisins hafi legið að Reyðarvatni þaðan sem Reyðarlækur fellur í það norður að Fossárflóa, vestan Fossár.

Í lögfestu hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps frá árinu 1890 er lögfest „land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands.“ Lögfestan hefur ekki fundist en hennar er getið með framangreindu orðalagi í dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu 1887–1891. Orðalag þetta styður framangreinda niðurstöðu, um að suðurmerki þess landsvæðis sem tileyrði Reykholtskirkju hafi miðast við þann stað sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn. Lögfestuna verður svo að skilja þannig að Lundarreykjadalshreppur geri með henni tilkall til lands norðaustan Reyðarlækjar frá upptökum hans við Brunnavatn, gagnvart Þingvallakirkjulandi að suðaustanverðu, og að þeim stað sem hann fellur í Reyðarvatn, gagnvart fyrrgreindu landi Reykholtskirkju að norðvestanverðu, án þess að þau mörk séu sérstaklega tilgreind frekar. Af lögfestunni verður þannig ráðið að landsvæði Reykholtskirkju hafi tekið til tiltekins landskika austan megin við Reyðarvatn.

Sé mið tekið af orðalagi heimilda Reykholtskirkju um að merki hafi náð frá Drangshlíð og „út undir“ Fossárflóa, umfjöllun Ingimundar Ásgeirssonar um merkin og umfjöllun um Fossá og upptakasvæði hennar í *Byggðir Borgarfjarðar II*, verður lagt til grundvallar að afmörkun lands við Reyðarvatn hafi miðast við þann stað sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn, þá vatnið að Fossárósi og síðan Fossá að upptökum hennar, enda ekki mögulegt að byggja á annarri nærtækari afmörkun. Er það jafnframt í samræmi við afmörkun á suðurmerkjum Gullberastadaselslands, sem fjallað er um í kafla 6.6, en svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að suðurmerki Gullberastadaselslands, gagnvart ágreiningssvæðinu, fylgi Fossá frá upptökum að Reyðarvatni.

Engin gögn hafa fundist til þess að afmarka land Reykholtskirkju við Reyðarvatn að öðru leyti, þ.e. að austanverðu. Að virtum staðháttum er það mat óbyggðanefndar að land það við Reyðarvatn, sem tilheyrði Reykholtskirkju, verði að austanverðu afmarkað af línu sem dregin verður þaðan sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn að upptökum Fossár. Með þessari afmörkun nýtur gagnaðili íslenska ríkisins að mati óbyggðanefndar þess vafa sem uppi er um legu umræddra merkja.

Í framangreindum heimildum er ekki tilgreint nákvæmlega hvar upptök Fossár eru staðsett en áin er sem fyrir segir mynduð úr nokkrum upptakakvísulum. Óbyggðanefnd óskaði því eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um vatnasvið árinna og ætluð upptök hennar. Á korti Veðurstofunnar má sjá greiningu á upptökum mismunandi upptakakvísla árinna og verður hér miðað við að upptök hennar séu staðsett eins og fram kemur á umræddu korti. Nánar tiltekið er þá miðað við austustu upptakakvíslina, eins og hún kemur fram á kortinu, og nýtur þá gagnaðili íslenska ríkisins þess vafa sem uppi er að þessu leyti.

Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki lands við Reyðarvatn, eins og það var selt forverum þeirra árið 1896, hafi getað náð lengra til austurs en að þeirri línu sem dregin er með framangreindum hætti, þaðan sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn og að upptökum Fossár, styðst því ekki við heimildir um afmörkun lands við Reyðarvatn.

Verður þá vikið að nánari afmörkun þess hluta ágreiningssvæðisins, sem að mati óbyggðanefndar verður ekki talið hluti þess lands við Reyðarvatn sem áður heyrði undir Reykholtskirkju, en Lundarreykjadalshreppur gerði áður tilkall til. Sem fyrir segir lögfesti hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps „land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands“ árið 1890. Þar sem lögfestan hefur ekki fundist er ekki vitað til þess hvort merki hafi verið nánar tilgreind í skjalinu. Við eftirfarandi afmörkun verður því eingöngu stuðst við lögfestuna að því er varðar suðvestur merki ágreiningssvæðisins.

Suðvesturmerkjum er sem fyrir segir lýst svo í lögfestunni frá 1890 að landsvæðið sé norðan Reyðarlækjar. Þá er suðvesturmörkum svæðisins lýst í afréttarskrá Ingimundar Ásgeirssonar frá árinu 1980 þar sem segir: „Að sunnan Reyðarlækur til Reyðarvatns ...“.

Suðvestan megin við ágreiningssvæðið er jörðin Þverfell, aðskilin frá því af Reyðarlæk. Í landamerkjabréfi Þverfells, dags. 10. september 1886 og þinglýst 2. júní 1887, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „... suður að Reiðarlæk, svo ræður hann merkjum til Grunnvatns [Brunnavatns] ...“. Landamerkjabréfið var áritað vegna Vörðufells og Þingvallakirkju, en ekki vegna Reykja, Gullberastaða eða þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar.

Framangreindar heimildir eru samhljóða um að Reyðarlækur ráði mörkum milli Reyðarvatns og Brunnavatns. Aðilar að þessu máli draga báðir kröfulínu sína

með þeim hætti. Að mati óbyggðanefndar eru kröfur beggja aðila í samræmi heimildir um merki ágreiningssvæðisins til suðvesturs.

Suðausturmörkum ágreiningssvæðisins er lýst í afréttarskrá Ingimundar Ásgeirssonar frá árinu 1980. Þar segir: „... úr suðvesturhorni [Þórisjökuls] (nálægt eða þar, sem forn varða stendur á fjallsbrúninni) stefna í ós Brunnvatns, þar sem Reyðarlækur fellur úr vatninu.“

Suðaustan megin við ágreiningssvæðið er annars vegar þjóðlenda, sem að hluta til er í afréttareign (Þingvallakirkjuland og þjóðlenda norðan Þingvallakirkjulands), og hins vegar þjóðlenda, sem að hluta til er afréttur jarða í Grímsnes- og Grafningshreppi (Grímsnes- og Grafningsafréttur). Um fyrrnefnda landsvæðið er fjallað sérstaklega í máli nr. 1/2000 hjá óbyggðanefnd. Svo sem þar er rakið er það niðurstaða nefndarinnar að öllum heimildum ber saman um að mörk þess og afréttar Lundarreykjadalshrepps séu sýslu- og sveitarfélagamörk, þ.e. stefna úr ósi Brunnvatns í suðvesturhorn Þórisjökuls, allt þar til kemur að skurðarpunkti við línu, sem dregin er úr Gatfelli í Hróðurkarla. Um síðarnefnda landsvæðið er fjallað séstaklega í máli nr. 2/2000 hjá óbyggðanefnd og í dómi Hæstaréttar frá 5. október 2006, í máli nr. 67/2006. Svo sem þar er rakið er það niðurstaða nefndarinnar að öllum heimildum ber saman um að mörk þess gagnvart afrétti Lundarreykjadalshrepps séu sýslu- og sveitarfélagamörk, þ.e. frá skurðarpunkti við línu, sem dregin er úr Gatfelli í Hróðurkarla, og þaðan að vörðu við „suðvesturhorn Þórisjökuls“.

Framangreind lýsing í afréttarskrá Ingimundar Ásgeirssonar frá 1980 er að mati óbyggðanefndar í samræmi við afmörkun aðliggjandi landsvæða. Samkvæmt því afmarkast ágreiningssvæðið af línu sem er dregin úr ósi Brunnvatns að framangreindri vörðu við suðvesturhorn Þórisjökuls.

Íslenska ríkið miðar kröfu sína um suðaustur- og austurmörk ágreiningssvæðisins við sýslu- og sveitarfélagamörk, frá Brunnvatnsósi allt að Geitlandsjökli, en vísar ekki að öðru leyti til kennileita. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er merkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst sérstaklega heldur vísar hann almennt til lýsinga í heimildum og kröfulínu sinnar. Báðir aðilar draga þó kröfulínu sína eftir sveitafélagamörkum og í þann punkt þar sem varða við „suðvesturhorn Þórisjökuls“ hefur verið staðsett. Að mati óbyggðanefndar er því afmörkun beggja aðila í samræmi við heimildir um merki ágreiningssvæðisins til suðausturs og austurs.

Við norðanverð austurmörk ágreiningssvæðisins er, sem fyrr segir, ágreiningssvæði vegna Geitlands og norðvesturhluta Þórisjökuls, en um það er fjallað í máli óbyggðanefndar nr. 4/2014. Engar heimildir liggja fyrir sem lýsa merkjum á milli landsvæðanna. Íslenska ríkið lýsti í einu lagi og án aðgreiningar kröfum til ágreiningssvæða máls þessa auk ágreiningssvæðis sunnan Geitlands, sem fjallað er um í máli nr. 4/2014, og var þessum mörkum ágreiningssvæðana því ekki lýst í kröfu þess. Þá gerir gagnaðili íslenska ríkisins ekki kröfu til þessa nyrsta hluta þjóðlendu-kröfuvæðis íslenska ríkisins og lýsir hann því ekki heldur merkjum

landsvæðanna. Þá hefur óbyggðanefnd komist að niðurstöðu um að, á umræddum hluta ágreiningssvæðisins í máli 4/2014, sé þjóðlenda sem ekki er háð óbeinum eignarréttindum annarra en íslenska ríkisins. Að teknu tilliti til þessa er að mati óbyggðanefndar fullnægjandi að draga línuna milli þessara svæða að álitum. Í málinu liggja fyrir gögn frá Veðurstofu Íslands sem sýna legu vatnaskila milli þessara landsvæða og verður hér miðað við þau vatnaskil við ákvörðun merkja milli þeirra.

Norðan megin við ágreiningssvæðið liggur jörðin Húsafell II og Okið. Samkvæmt niðurstöðu óbyggðanefndar um afmörkun Þóreyjartungna, svo sem nánar er fjallað um í kafla 6.3, þarf jafnframt að taka afstöðu til suðurmerkja jarðanna Augastaða, Búrfells og Steindórsstaða við afmörkun á norðurmerkjum ágreiningssvæðisins.

Aðilar að máli þessu afmarka kröfu sína um austanverð norðurmörk ágreiningssvæðisins ekki með sambærilegum hætti. Íslenska ríkið lýsir umræddum hluta kröfulínu sinnar svo:

[Frá þeim] punkti (12), að austanverðu [Oki] þaðan sem unnt er að draga beina línu til austurs, miðað við hábungu Oks, yfir þveran Kaldadal að Geitá (13), á þeim stað u.þ.b. á miðjum Kaldadal þar sem megin – eða lengsta kvísl árinna frá Geitlandsjökli fer að renna til norðurs [...].

Þá eru gagnaðilar íslenska ríkisins tveir, að því er varðar þennan hluta merkjanna, þ.e. annars vegar Sjálfseignarstofnunin Ok og hins vegar landeigendur Húsafells II, og draga þeir línur sínar með mismunandi hætti. Kröfulína landeigenda Húsafells II liggur frá suðaustanverðu Oki í suðaustur, nálægt vatnaskilum til norðurs og suðurs á Kaldadal, þar til komið er að vatnaskilum vestan þeirrar upptakakvíslar Geitár sem rennur um Kaldadal. Þaðan er þeirri upptakakvísl Geitár fylgt norður að þeirri kvísl Geitár sem rennur vestur frá Geitlandsjökli. Kröfulína Sjálfseignarstofnunar Ok er dregin frá hátindi Oks beina línu suðaustur í Bræðravirki, yfir Kaldadal þveran, og austur í fyrnefnda vörðu við „suðvesturhorn Þórisjökuls“.

Í landamerkjabréfi fyrir Húsafell, sem var þinglýst 7. júní 1898, er suðurmörkum Húsafells II lýst svo: „... þá Geitá að austan og til landsuðurs svo langt sem hagar taka; síðan vestur með Oki og alt í Deildargil.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Kalmanstungu og Stóra-Áss sem liggja norðan og vestan megin við jörðina en bréfið er ekki áritað vegna suðurmarka. Orðalag lýsingarinnar á suðurmerkjum Húsafells „til landsuðurs svo langt sem hagar taka“ er óskýrt og gefur tilefni til nánari skoðunar. Þessum merkjum er lýst með sama hætti í eldri heimildum Húsafells svo þær gefa veita engar vísbendingar um þessi mörk. Um þetta vísast til lögfestur fyrir eignum Reykholtskirkju frá 27. apríl 1837 og 3. júní 1876.

Austurmerkjum Húsafells er þar lýst þannig að þau fylgi Geitá að austan „og til landsuðurs svo langt sem hagar taka ...“. Af orðalaginu má draga þá ályktun að Geitá ráði austurmörkum suður að tilteknum punkti, en að austurmerki nái svo lengra

suður „svo langt sem hagar taka“. Líklegt verður að telja að syðsti punktur Geitár sem miðað er við í lýsingunni sé þar sem meginkvísl árinna kemur úr austri og fellur í skarpri beygju til norðurs.

Þá má ætla af orðalaginu „svo langt sem hagar taka“ að átt sé við einhvers konar gróðurmörk. Kaldidalur verður almennt að teljast fremur hrjóstrugt og gróðursnautt svæði. Þá er ekki að finna neina skýra línu um gróðurmörk á svæðinu auk þess sem gróðurfar er breytilegt frá einum tíma til annars og líklegt að það hafi breyst töluvert frá þeim tíma sem landamerkjabréfið var ritað.

Tvær örnefnaskrár hafa verið gerðar fyrir Húsafell, annars vegar örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Húsafell og hins vegar viðbætur Þorsteins Þorsteinssonar við örnefnaskrá Ara Gíslasonar. Örnefnaskrárnar gefa ekki skýr svör um hver merki jarðarinnar til suðurs eru, en þar er hins vegar að finna lýsingar á staðsetningu þeirra örnefna sem eru talin innan marka jarðarinnar. Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir m.a.: „Sunnan við [Sláttulág] tekur við Langihryggur, sem er urðaralda, er lækkar suður á Kerlingarmela.“ Þá segir í viðbótum við fyrnefnda örnefnaskrá: „Langihryggur hækkar allt suður á móts við há-Ok, eða nánar, unz há-Ok er komið nálægt hávestri og hallar þaðan niður á Kerlingarmela.“ Af þessum örnefnalýsingum má leiða líkur að því að a.m.k. hluti Langahryggjar teljist vera innan merkja jarðarinnar Húsafells.

Samkvæmt framangreindu verður að mati óbyggðanefndar ekki ráðið með skýrum hætti af orðalagi heimildanna eða staðhættum hver suðurmörk jarðarinnar eru. Að teknu tilliti til þessa, og þar sem ekki liggja fyrir aðrar heimildir sem taka sérstaklega til merkja milli þessara tveggja svæða, er að mati óbyggðanefndar óhjákvæmilegt að draga línuna milli þessara svæða að álitum. Í málinu liggja fyrir gögn frá Veðurstofu Íslands sem sýna legu vatnaskila á Langahrygg á Kaldadal, sem og vatnaskil vestan þeirrar upptakakvíslar Geitár sem rennur um Kaldadal. Verður hér miðað við þau vatnaskil við ákvörðun merkja Húsafells II, en sem fyrr segir dregur gagnaðili íslenska ríkisins kröfulínu sína nálægt umræddum vatnaskilum. Nýtur þá gagnaðili íslenska ríkisins þess vafa sem uppi er að þessu leyti.

Að mati óbyggðanefndar liggja austanverð norðurmörk ágreiningssvæðisins eftir línu sem dregin er frá Oki austur eftir vatnaskilum á Langahrygg á Kaldadal þar til komið er að vatnaskilum vestan þeirrar upptakakvíslar Geitár sem rennur norður um Kaldadal.

Verður þá vikið að austanverðum norðurmörkum ágreiningssvæðisins eins og þau eru afmörkuð í kröfu Sjálfseignarstofnunarinnar Ok. Kröfulínan er sem fyrr segir dregin frá hátindi Oks beina línu suðaustur í Bræðravirki, yfir Kaldadal þveran, og austur í fyrnefnda vörðu við „suðvesturhorn Þórisjökuls“. Samkvæmt þeim heimildum sem raktar eru um ágreiningssvæðið í kafla 5.2 tekur þessi afmörkun mið af síðari tíma heimildum um afmörkun afréttar Lunddæla og Andkílinga, samanber afréttaskrá Ingimundar Ásgeirssonar frá 1980, sem og svar hreppstjóra

Lundarreykjadalshrepps frá 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarétt. Þar segir: „... og austur um Ok, þar sem það er hæst, um móbergstind í austanverðu Oki, er nefnist Bræðravirki, yfir Kaldadal þveran, nálægt vatnaskilum til suðurs og norðurs, og austur í Þórisjökul, sem nú er svo nefndur ... “. Er þessi afmörkun einnig í samræmi við það sem fram kom í skýrslutökum við aðalmeðferð málsins, þann 15. desember 2014, þar sem fjallað var um leitir á svæðinu. Hvað varðar eignarréttarlegt tilkall sjálfseignarstofnunarinnar Ok til landsvæðisins, verður miðað við framangreinda línu.

Verður þá vikið að vestanverðum norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Sem fyrr segir er Okið innan þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins, sem dregur kröfulínu sína eftir snjólinu Oks, en gagnaðili íslenska ríkisins gerir ekki kröfu til þess heldur miðar kröfulínu sína við hátind Oks. Aðliggjandi að norðanverðu Okinu eru jarðir Húsafells II og III, Stóra-Áss, og Augastaða. Vegna niðurstöðu óbyggðanefndar um afmörkun Þóreyjartungna, svo sem nánar er fjallað um í kafla 6.3, þarf jafnframt að taka afstöðu til suðurmerkja jarðanna Búrfells og Steindórsstaða við afmörkun á norðurmerkjum ágreiningssvæðisins.

Í fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 1896 er m.a. fjallað um leitarmörk og þar er þessum merkjum ágreiningssvæðisins lýst en þar segir m.a.: „Leitartakmörk [Rauðsgilsréttar] eru þessi: [...] þá norðanvert við Kaldadal í Okjökul, þá suður með Okjökli í Flókdadalsárdrög, síðan ræður Flókadalsá ofan til Hvítár.“ Þessum merkjum er lýst með sama hætti í fjallskilareglugerð frá 1914 og 1920. Í reglugerðinni frá 1920 hefur verið bætt inn um leitartakmörk Oddsstaðaréttar: „Að leitartakmörkum Rauðsgilsrjettar frá Hvítá eins og Flókadalsá ræður alt að Oki, með Oki suður í Kaldadal ... “. Í fjallskilareglugerð frá 1952 segir að Ok og Flókadalsá ráði leitarmörkum Rauðsgilsréttar að sunnan og að leitarsvæði Oddsstaðaréttar takmarkist af leitarsvæði Rauðsgilsréttar. Yngri fjallskilareglugerðir lýsa leitarsvæðinum ekki með jafn nákvæmum hætti. Þá er þessum merkjum lýst í afréttarskrá Ingimundar Ásgeirssonar frá árinu 1980 þar sem segir: „Úr Flókudrögum stefna um Oköxl, þar sem hún er hæst, og austur um Ok, þar sem það er hæst ... “.

Landamerkjabréf Húsafells, sem tekur bæði til merkja Húsafells II og III, lýsir þessum merkjum sem fyrr segir svo: „... síðan vestur með Oki og alt í Deildargil.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Kalmanstungu og Stóra-Áss. Í landamerkjabréfi Stóra-Áss, dags. 23. október 1921 og þinglýst 29. júní 1923, segir um þessi merki: „... bein lína frá vinnumannahnúk vestur með Oki til efstu draga að Skeiðvallargili ... “. Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki af eigendum Stóra-Áss. Í landamerkjabréfi Augastaða, sem er dagsett 23. september 1921 og þinglýst 29. júní 1923, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „[Frá efstu drögum Skreiðvallargils] þá bein lína í Okið. Að sunnan ræður Okið. Að vestan ræður sjónhending frá Oki í Valagilsdrög.“ Landamerkjabréfið var samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða. Í landamerkjabréfi Búrfells, sem var þinglýst 1. júní

1891, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „ ... af efri háhryggjunum uppí ok [...] svo skilur Rauðsgilið lönd milli Búrfells og Steindórsstaða alla leið upp að Oki.“ Landamerkjabréfið var undirritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða. Í landamerkjabréfi Steindórsstaða, dags. 4. júní 1884 og þinglýst samdægurs, segir um þessi merki: „ ... að sunnan verðu ræður Flókadalsá til efstu grasa og þá í upptök Rauðsgils, síðan ræður Rauðsgil að austanverðu ... “.

Að mati óbyggðanefndar verða þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar um merki aðliggjandi jarða helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að norðanvert Okíð hafi ráðið merkjum vestur að upptökum Rauðsgils og Rauðsgilið hafi svo ráðið að upptökum Flókadalsár. Í málinu liggja fyrir upplýsingar frá Veðurstofu Íslands um staðsetningu Rauðsgils og upptaka þess. Samkvæmt þeim upplýsingum eru upptök Rauðsgils staðsett í vestanverðri Oköxlinni, nánar tiltekið þar sem íslenska ríkið staðsetur punkt nr. 10 á kröfulínu sinni. Merkjalýsing afréttarskrárinna frá 1980 lýsir einnig merkjum úr upptökum Flókadalsár að Oköxl, en þeim hins vegar lýst austur um Ok þar sem það er hæst, og virðist hún taka mið af leitarmörkum á svæðinu eins og þeim er lýst í framangreindum fjallskilareglugerðum.

Íslenska ríkið lýsir kröfu sinni um þessi mörk svo: „[Frá upptökum Flókadalsár] er farið beina sjónhendingu austur í vestanverða Oköxl, (10), og þaðan er farin bein lína að jökuljaðri (11) í stefnu á hátind Oks, jökuljaðri er svo fylgt réttisælis. Er sú afmörkun að mati óbyggðanefndar í samræmi við eldri heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins. Sem fyrr greinir gerir gagnaðili íslenska ríkisins ekki kröfu til Oks heldur miðar kröfulínu sína við hátind Oks. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins virðist því taka mið af afréttarskránni frá 1980 og fyrrgreindum fjallskilareglugerðum. Hvað varðar eignarréttarlegt tilkall sjálfseignarstofnunarinnar Ok til landsvæðisins, verður miðað við framangreinda línu.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að vestanverð norðurmörk ágreiningssvæðisins hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð íslenska ríkisins.

Verða loks vesturmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Engar heimildir liggja fyrir um vesturmerki ágreiningssvæðisins. Vestan megin eru ágreiningssvæði vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddsstaðatungu og Gullberastadaðaselslands. Fjallað er sérstaklega um Þóreyjartungu í kafla 6.3 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum ber saman um að austurmörk Þóreyjartungna liggi eftir línu sem dregin er milli upptaka Flókadalsár og upptaka Syðri-Sandfellskvíslar.

Fjallað er sérstaklega um Lundartungu í kafla 6.4 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum ber saman um að austurmörk Lundartungu liggi eftir línu sem dregin er milli upptaka Syðri-Sandfellskvíslar og upptaka Engjadalsár.

Fjallað er sérstaklega um Oddsstaðatungu í kafla 6.5 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum ber saman um að austurmörk Oddsstaðatungu liggi eftir línu sem dregin er milli upptaka Engjadalsár og upptaka Lambár um punkt við rætur Fanntófells að sunnanverðu.

Fjallað er sérstaklega um Gullberastaðaselsland í kafla 6.6 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum ber saman um að austurmerki Gullberastaðaselslands liggi frá upptökum Lambár um punkt við rætur Fanntófells að sunnanverðu og í upptök Fossár.

Gagnaðili íslenska ríkisins lýsir ekki sérstaklega kröfu sinni um vesturmörk ágreiningssvæðisins. Samkvæmt því hvernig hann dregur kröfulínu sína virðist sem hann miði kröfu sína við legu aðliggjandi landsvæða vestan ágreiningssvæðisins. Með bókun við endurupptöku málsins hjá óbyggðanefnd 29. ágúst 2016 lagði lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins fram yfirlýsingu þess efnis að ef óbyggðanefnd teldi að merkjalínur gagnaðila íslenska ríkisins í málinu, á einstökum landareignum, væru ekki í samræmi við lýsingar í gögnum málsins, hefðu umbjóðendur hans ekkert við það að athuga að nefndin drægi merkjalínur þar sem nefndin teldi þær liggja samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þar sem engum heimildum er fyrir að fara sem lýsa merkjum ágreiningssvæðisins til vesturs er það mat óbyggðanefndar að vesturmörk þess taki mið af merkjum aðliggjandi landsvæða. Að mati óbyggðanefndar verða vesturmörkin því afmörkuð með línu sem dregin er frá upptökum Flókadalsár í upptök Syðri-Sandfellskvíslar og þaðan í upptök Engjadalsár. Þaðan er svo línan dregin í punkt við rætur Fanntófells að sunnanverðu, nánar tiltekið er þar um að ræða punkt nr. 7 í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Oddsstaðatungu. Þaðan er svo dregin lína í upptök Lambár og þaðan í upptök Fossár.

Að fenginni niðurstöðu um afmörkun lands við Reyðarvatn er ljóst að það svæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins í máli þessu gera eignarréttarkröfu til skiptist í meginatriðum í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða landsvæði sem samkvæmt heimildum nefnis „land við Reyðarvatn“ og liggur vestan megin við línu sem dregin er þaðan sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn og upptaka Fossár. Í öðru lagi er um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur austan framangreindrar línu og nær norðaustur að línu sem liggur úr hápunkti Oks, um Bræðravirki, og að vörðu við „suðvesturhorn Þórisjökuls“. Í þriðja lagi er um að ræða Ok og landsvæði á norðaustanverðu ágreiningssvæðinu sem gagnaðilar íslenska ríkisins hafa hvorki gert kröfu til sem eignarlands síns né heldur gert þar tilkall til óbeinna eignarréttinda. Eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins tekur mið af þessari þrískiptingu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra landsvæða. Ekki kemur fram í Landnámu að ágreiningssvæðið hafi verið numið. Verða því engar afdráttarlaugar ályktanir af frásögnum hennar dregnar. Í

Því sambandi skal þess getið að ekki verður ráðið af þeim frásögnum að landnám Björns gullbera hafi náð svo langt austur. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja ólíklegt að svæðið hafi verið numið. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar, í viðauka. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hveðrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargagn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Verður fyrst fjallað um þann hluta ágreiningssvæðisins sem samkvæmt heimildum nefnist „land við Reyðarvatn“ og liggur vestan megin við línu sem dregin er þaðan sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn og upptaka Fossár. Af kaupum Lundarreykjadalshrepps á landi við Reyðarvatn og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort land við Reyðarvatn hafi verið hluti af jörð, nýtt til beitar eða veiða, eða afréttur í þeim skilningi að landsvæðinu hafi aðeins fylgt óbein eignarréttindi.

Sem fyrr segir er lands við Reyðarvatn fyrst getið í lögfestu Þorsteins Helgasonar fyrir Reykholtskirkju frá 1837. Þar er þess ekki getið meðal jarða í eigu

kirkjunnar heldur vísað til þess meðal útlanda, eigna og ítaka hennar. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er land við Reyðarvatn talið upp meðal hlunninda Reykhólts.

Samkvæmt skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps eftir Ingimund Ásgeirsson frá 1980 lét Bjarni Guðmundsson á Þverfelli þinglýsa 28. maí 1858 að hann hefði í hyggju að byggja nýbýli í nefndu Reykhóltslandi. Um þetta segir í afréttarskránni: „Skjal um þetta finnst nú ekki, hefur sjálfsagt brunnið, eins og veðmálabókin, sem það var fært inn í. En nafnaskrá veðmálabókar hefur varðveitt og þar meðvitneskjan um þetta atriði (25).“ Hvorki skjalið né umrædd nafnaskrá veðmálabókarinnar hafa fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Líkur standa til þess að skjalið kunni að hafa glatast þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920.

Í „ministerialbók“ Lundarkirkju fyrir árin 1846 – 1864 er þess getið að Jón Bjarnason, tveggja ára gamalt „ungabarn frá Reyðarvatni“, og sonur Bjarna, hafi látist við Reyðarvatn árið 1859. Samkvæmt þessu hefur Bjarni búið við Reyðarvatn árið 1859. Samkvæmt afréttarskrá Ingimundar frá 1980 var býlið staðsett milli Fossár og Leirár á svokallaðri Fuglaþúfu. Samkvæmt afréttarskránni flutti Bjarni Guðmundsson að Þverfelli árið 1860 en annar bóndi, Illugi Ásgrímsson, mun hafa flutt að Fuglaþúfu árið 1863 og búið þar í 5 ár. Engar frekari heimildir er þó að finna um þá búsetu eða vísbendingar um hversu lengi hún varði.

Í vísitánu fyrir kirkjuna í Reykholti frá 1869 kemur fram að kirkjan „... á og hefur lengi haft í hefðarhaldi land við Reiðarvatn“, og í úttekt á stað og kirkju Reykhólts sama ár er lands við Reyðarvatn getið meðal ítaka kirkjunnar. Árið 1876 lögfesti Þórður Þórðarson Jónassen Reykholt með kirkjunnar heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnyttjum. Þar er landsvæðisins á ný getið meðal útlanda, eigna og ítaka kirkjunnar.

Þann 29. janúar 1894 sendi séra Guðmundur Helgason í Reykholti bréf til stiptyfirvalda vegna beiðnar hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps um kaup á Þóreyjartungum og landi við Reyðarvatn. Í bréfinu mælir hann með því að af kaupunum verði og þar segir m.a.:

Afréttarlönd þessi liggja að löndum Lundar-Reykjadalsmanna og er miklu hægra að nota þau fyrir þá en prestinn í Reykholti, sem fyrir fjarlægðarsakir á mjög erfitt með að hafa eptirlit með notkun þeirra og getr eigi varist því, að þau verði notuð meira eða minna í óleyfi. Lunda-Reykjadalshreppi er þörf á, að hafa umráð yfir löndum þessum, því að hann á ekkert upprekstrarland, og Lundar-Reykjadalsmönnum er von ágangs þaðan, ef þeir geta engu ráðið um, hvað þangað er rekið af fénaði, en prestinum í Reykholti hefir þess enga þörf, því að hann þarf þeirra hvorki til selfarar né upprekstrar, þar sem Reykholtskirkja á tvær selfarir aðrar, sem nær lægi að nota, og Reykholt á ásamt öðrum jörðum í Reykholtsdalshreppi rétt til afréttar á Arnarvatnsheiði, sem hreppurinn hefir nýlega keypt. Einu notin, sem prestinum í Reykholti getr haft af löndum þessum, eru þau, að leigja þau öðrum til upprekstrs. En

það er mjög óvíst, að því verði jafnan við komið, þar sem svo torvelt eða nær ómögulegt það er fyrir prestinum að sjá við því, að þau verði notuð í óleyfi hans.

Þann 12. júní 1894 sendi svo séra Guðmundur Helgason í Reykholti bréf til konungs þar sem hann bað um leyfi til þess að selja afréttarlönd kirkjunnar á Suðurfjalli, Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn. Kaupsamningur um Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn er dagsettur 9. september 1895 og var afsal gefið út 9. janúar 1896 og það þinglesið á manntalsþingi að Lundi 8. júní 1896.

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Lundarreykjadalshrepps, dags. 28. janúar 1920, segir hann: „Um almenninga veit ég ekki að séu til. En lundareykjadalshreppur á tvo smá landbletti er ekki heira til neinu lögbýli. [...] 2. Eru svo kallaðir Fossár- og Leirárhöfðar. Lyggur það land norðaustur af Reiðarvatni. Lítill foss er í Fossá og tilheirir að hálfu Lundareykjadalshreppi en að hálfu Andakílhreppi.“

Í málinu liggur fyrir vitnisburður Davíðs Björnssonar, þá bónda á Þverfelli, sem gefinn var vegna dómsmáls sem stóð yfir vegna deilu um veiðirétt í Reyðarvatni. Vitnisburðurinn er dagsettur 14. febrúar 1965 og í honum segir m.a.:

Um tilefni áreiðarinnar 1886 heyrði ég oft sinnis eftirfarandi sögu sagða, bæði af föður mínum og Árna hreppstjóra á Oddsstöðum:

[...]

Það sama ár, 1886, var áreiðin gerð. Var hún farin í því skyni að helga Lunddælingum Reykholtskirkjuland fyrir norðan Reyðarvatn, sem Reykholtskirkja hafði ekkert hirt um í langan tíma og var álituð „nomannsland“. Með í þessari áreið var meðal annarra Jón á Gullberastöðum. Er frumrit landamerkjabréfsins skrifað af Árna hreppstjóra og er til á Þverfelli. Ástæðan til þess, að Jón á Gullberastöðum skrifaði ekki undir landamerkjabréfið var þessi: Séra Jens Pálsson á Þingvöllum var með í áreiðinni. Hann vildi ekki borga kostnað vegna refaveiða í landi því, sem Þingvallakirkja taldist eiga fyrir framan Reyðarvatn. Vildi hann heldur láta landið af hendi við Lunddælinga, og gekk Árni hiklaust að því, en Jón taldi að þarna væri verið að binda sveitarfélagið, þ.e. Lundarreykjadalshrepp, ófyrirsjáanlegum kostnaði vegna refaveiðanna og vildi Jón þess vegna ekki skrifa undir landamerkjabréfið. Þetta heyrði ég að hefði verið ástæðan til að Jón skrifaði ekki undir en ekki sú, að hann teldi verið að ganga á sinn rétt, því Gullberastaðir áttu ekki land að Reyðarvatni. Jón var, ásamt Árna, fulltrúi hreppsins við áreiðina, en þeim bar á milli um þetta atriði.

[...]

Ég heyrði það, að Árni hreppstjóri hefði sjálfur farið með bréfið til sýslumanns, Sigurðar Þórðarsonar, sem þinglýsti bréfinu frá 1886 að

manntalsþingi að Lundi. Taldi sýslumaður hér að öllu rétt að farið og frjálst væri að ákveða landamerkin svona þar sem um „nomannsland“ væri að ræða.

Engar heimildir hafa fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar sem varða meinta áreið eða þinglýsingu landamerkjabréfs fyrir landsvæðið.

Þann 2. desember 1971 dæmdi Hæstaréttur í máli nr. 193/1970 um veiðiréttindi í Reyðarvatni. Aðild að því máli áttu Andakíls- og Lundarreykjadalshreppar, vegna lands austan Reyðarvatns, og eigandi og ábúandi jarðarinnar Þverfells vestan Reyðarvatns. Þar komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að Lundarreykjadalshreppur, sem leiddi rétt sinn frá Reykholtskirkju, ætti veiðirétt í Reyðarvatni frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar. Í forsendum dómsins segir svo:

Af gögnum málsins, sem rakin eru í dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 20. október 1967, verður ekki ráðið, hvort lönd Lundarreykjadalshrepps, sem liggja að Reyðarvatni á svæðinu frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar, eru fullkomin eignarlönd hreppsins eða einungis afréttareign, og er málið eigi fullreifað að þessu leyti. Að svo vöxnu máli verðu eigi lagður dómur á kröfu Lundarreykjadalshrepps um vatns- og botnsrétt í Reyðarvatni. Samkvæmt þessu ber að telja, að Lundarreykjadalshreppur eigi veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, á svæðinu frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, svo og veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr. 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970, ef því er að skipta.

Í kafla 6.7.2 í máli þessu kemur fram að gagnaðili íslenska ríkisins telji að með framangreindum dómi Hæstaréttar hafi endanlega verið skorið úr um eignarrétt á svæðinu, og með þeim hætti, að óbyggðanefnd sé bundin við niðurstöðu réttarins. Við mat á þýðingu dómsins fyrir úrlausn þessa máls er þó til þess að líta að hvorki aðild að málinu né sakarefni þess var hið sama og er til úrlausnar í þessu máli. Vísast í þessu sambandi m.a. til dóma Hæstaréttar frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár), frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði) og frá 22. október 2015 í máli nr. 743/2014 (Nýjabæjarafreittur). Af þessum dómum má ráða að ekki sé unnt að líta svo á að eldri dómur um eignarréttarlega stöðu lands bindi óbyggðanefnd ef ekki er ljóst að málsaðilar séu hinir sömu eða komnir að öllu leyti í stað hinna fyrri. Þá skiptir jafnframt máli, við mat á þýðingu eldri dóma undir sambærilegum kringumstæðum, hvert sakarefnið er. Vísast í þessu sambandi einnig til umfjöllunar um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Dómur Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 varðaði ekki ágreining um eignarréttarlega stöðu lands á grundvelli þjóðlendulaga nr. 58/1998 heldur var með dóminum aðeins skorið úr deilu um botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni en ekki inntak eignarréttar þess lands sem lá þeirri kröfu til grundvallar

að öðru leyti. Þá voru aðilar að málinu ekki þeir sömu og aðilar að þessu máli og hafa þeir síðarnefndu heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu. Dómurinn er því ekki bindandi um úrslit þessa máls, samanber til hliðsjónar 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Dómurinn hefur þó fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða er sannað, samanber til hliðsjónar 4. mgr. sömu lagagreinar. Til athugunar hlýtur því m.a. að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild, ný gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar metið hafi á eignarréttarlega stöðu lands við Reyðarvatn samkvæmt lögum nr. 58/1998.

Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps 2. apríl 1998 samþykktu hreppsnefndirnar að leggja tiltekin landsvæði inn í sjálfseignarstofnunina Ok. Samkvæmt samþykktinni skyldi Lundarreykjadalshreppur m.a. leggja fram „Land sunnan Fossár að Reyðarlæk“. Sama dag undirritaði hreppsnefnd Andakílshrepps yfirlýsingu um framlag sitt til sjálfseignarstofnunarinnar og var yfirlýsingunni þinglýst 2. júní 1998

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er land við Reyðarvatn tilgreint sérstaklega í ýmsum heimildum, líkt og margar afréttir einstakra jarða eða stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins á 19. og 20. öld fjalla fyrst og fremst um veiði og beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Þá er engu landfræðilega tengingu að finna við kirkjujörðina Reykholt. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ef ekki er fyrir hendi landamerkjabréf fyrir það landsvæði sem til skoðunar er verður þó, eðli málsins samkvæmt, að meta stöðu svæðisins á grundvelli annarra fyrirbyggjandi heimilda. Vægi heimilda á borð við lögfestur er því almennt meira en ella í þeim tilvikum þar sem landamerkjabréfi er ekki til að dreifa. Sé lögfesta eina heimildin um afmörkun landsvæðis eða inntak eignarréttinda kann þýðing hennar að vera enn meiri en ella, sérstaklega ef önnur atriði eru til þess fallin að auka trúverðugleika hennar, samanber t.d. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 536/2006 (Hvítmaga). Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirbyggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif. Í heimildum er lands við Reyðarvatn getið í tengslum við veiði og önnur afréttarnot. Þá liggur fyrir að lögfesta Þorsteins Helgasonar frá 1837 er elsta heimild sem getur um land við Reyðarvatn sem sérstaka fasteign og þar er landamerkja landsvæðisins ekki getið og vísað til þess meðal útlanda, eigna og ítaka kirkjunnar. Í ljósi framangreinds getur lögfestan að mati óbyggðanefndar ekki ein og sér legið til grundvallar beinum eignarrétti gagnaðila íslenska ríkisins á landsvæðinu.

Í málinu liggur fyrir vitnisburður frá 1965 um meinta áreið og mögulega gerð landamerkjabréfs fyrir svæðið. Hins vegar hafa engar aðrar heimildir fundist við kerfisbundna leit sem varða áreiðina eða mögulega þinglýsingu landamerkjabréfs fyrir landsvæðið. Þá kemur fram í vitnisburðinum að áreiðin hafi verið farin í því skyni að helga Lunddælingum Reykholtskirkjuland fyrir norðan Reyðarvatn, sem Reykholtskirkja hafði ekkert hirt um í langan tíma og var álitid „nomannsland“. Sem fyrir segir keypti hreppurinn umrætt landsvæði níu árum eftir hina meintu áreið, árið 1895, og af því leiðir að umrædd áreið eða möguleg gerð landamerkjabréfs í kjölfar hennar hefur ekki þýðingu í málinu.

Hvað varðar þær heimildir sem liggja fyrir um stofnun nýbýlis við Reyðarvatn skal þess fyrst getið að eins og nánar er fjallað um í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka) var á grundvelli ákvæða nýbýlatilskipunar um landnám og byggingu eyðjarða, frá 15. apríl 1776, unnt að stofna til eignarréttar á áður eigendalausum landi að skilyrðum tilskipunarinnar uppfylltum. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt. Byggingarbréfinu skyldi síðan þinglýst og „álitast og gilda sem viss og óbrigðul heimild“. Útgáfa byggingarbréfs og þinglýsing þess tekur þannig af vafa um stofnun eignarlands á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar og land þess þá frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum, sbr. dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Að öðru leyti þarf að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan.

Í máli þessu liggur hins vegar ekkert fyrir um að stofnað hafi verið til nýbýlis innan ágreiningssvæðisins á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar með útmælingu viðkomandi landsvæðis, útgáfu amtmanns á byggingarbréfi og þinglýsingu þess. Er því ekki unnt að fallast á beinan eignarrétt innan ágreiningssvæðisins á þeim grundvelli.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrir en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirk en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.³⁵⁰

Hvað land við Reyðarvatn varðar þá liggja engar heimildir fyrir sem sýna fram að þar hafi verið búið síðan árið 1859 og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum

³⁵⁰ Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að landi við Reyðarvatn getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá eigendum Reykhólts, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, samanber dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki lands við Reyðarvatn. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að landi við Reyðarvatn fyrir hefð.

Ekkert liggur fyrir um hvernig Reykholtskirkja var upphaflega komin að rétti sínum til þessa landsvæðis eða hvert inntak þeirra réttinda var. Eins og áður er getið um verður að telja ólíklegt að svæðið hafi verið numið. Jafnvel þótt það kunní að hafa verið numið í öndverðu, í heild eða að hluta, þá verður sem endranær að hafa þann fyrirvara að sú staðreynd sker ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirferst til síðari rétthafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og að landsvæði hafi í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort um óvæfingjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotaafrétt og má við það mat styðjast við fjölda dóma í sambærilegum málum. Sjá nánar um þetta kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri ágreiningssvæðinu liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu og málum nr. 1 og 2/2000 hjá óbyggðanefnd. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds landsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til veiðar og sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að land við Reyðarvatn sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti.

Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.³⁵¹ Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign Sjálfseignarstofnunar Ok.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið land við Reyðarvatn, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Upphafspunktur er þar sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn. Þá ræður Reyðarvatn norður að Fossá og Fossá að sínum upptökum. Þá ræður bein lína suður frá upptökum Fossár að upphafspunkti.

Að því leyti sem Reyðarvatn ræður mörkum þjóðlendunnar vísast um legu merkjanna til ákvæða 4. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Oks, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Næst kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess hluta ágreiningssvæðisins sem gagnaðili íslenska ríkisins gerir kröfu til sem eignarlands síns, en er utan marka þess lands við Reyðarvatn sem áður tilheyrði Reykholtskirkju, eins og það er afmarkað samkvæmt framangreindu.

Þar sem þessi hluti ágreiningssvæðisins er samkvæmt heildstæðu mati óbyggðanefndar utan merkja þess lands við Reyðarvatn, sem áður tilheyrði Reykholtskirkju, fær krafa gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á svæðinu ekki stuðst við heimildir um réttindi Reykholtskirkju til lands við Reyðarvatn. Verður nú vikið að þeim heimildum sem varða þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar.

Eins og nánar er rakið í kafla 5.7 var upplesin lögfesta á manntalsþingi að Lundi þann 29. maí 1890, þar sem hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps lögfesti land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands. Lögfestan hefur ekki fundist þrátt fyrir leit en hennar er getið með framangreindu orðalagi í dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu 1887-1891. Lögfesta þessi er elsta heimild sem getur um landsvæðið og jafnframt eina lögformlega heimildin sem vísar til þess.

Í fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 1896 er m.a. fjallað um leitarmörk og þar segir m.a.: „Leitartakmörk [Rauðsgilsréttar] eru þessi: [...] þá norðanvert við Kaldadal í Okjökul, þá suður með Okjökli í Flókdadalsárdrög, síðan ræður Flókadalsá ofan til Hvítár.“ Svo segir: „Leitartakmörk [Oddsstaðaréttar] eru þessi: Að leitartakmörkum Rauðsgilstrjettar að norðanverðu upp í Okjökul, með Oki

³⁵¹ Sbr. einnig lokakafla í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

suður á Kaldadal og svo vestur sýslumót ... “. Leitarmörkum er lýst með sama hætti í fjallskilareglugerð frá 1914 og 1920. Í reglugerðinni frá 1920 hefur verið bætt inn um leitartakmörk Oddsstaðaréttar: „Að leitartakmörkum Rauðsgilsrjettar frá Hvítá eins og Flókadalsá ræður alt að Oki, með Oki suður í Kaldadal ... “. Í fjallskilareglugerð frá 1952 segir að Ok og Flókadalsá ráði leitarmörkum Rauðsgilsrjettar að sunnan og að leitarsvæði Oddsstaðaréttar takmarkist af leitarsvæði Rauðsgilsrjettar. Yngri fjallskilareglugerðir lýsa leitarsvæðinum ekki með jafn nákvæmum hætti.

Í málinu liggur sem fyrr segir fyrir skjal þar sem segir „Landamerki fyrir Leirárdölum, afréttarlandi Lundareykjadalshrepps“, en einungis er um að ræða hluta þess, þ.e. fyrri hluta skjalsins sem inniheldur hluta merkjalýsingar fyrir svæðið, en hins vegar vantar síðari hluta skjalsins, þ.e. upplýsingar um mögulega undirritun þess og þinglýsingu. Þá liggja ekki fyrir nein gögn í málinu sem varða þinglýsingu landamerkjabréfs fyrir Leirárdali. Þá er þess getið hér að framan að á árunum 1923–1933 hafi Lundarreykjadal- og Andakílhreppar deilt um mörk Gullberastaðatungu gagnvart afréttarlandi Lundarreykjadals, sem þeir nefndu Leirárdali, og gefa gögn vegna þeirrar deilu vísbendingar um uppruna framangreinds landamerkjabréfs Leirárdala. Vegna deilunnar hafi hreppsnefnd hvors hrepps fyrir sig útbúið landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu, dagsett annars vegar 17. júní 1923 og hins vegar 2. júlí 1923, en bréfin eru ekki samhljóða um lýsingu á merkjum svæðisins. Lýsing þess landamerkjabréfs Gullberastaðatungu sem var útbúið af hálfu Lundarreykjadalshrepps, þ.e. landamerkjabréfið frá 17. júní 1923, er í samræmi við þá lýsingu sem er að finna í hinu ódagsetta landamerkjabréfi Leirárdala sem fyrr var nefnt. Að mati óbyggðanefndar bendir það til þess að landamerkjalyfingarnar hafi verið gerðar á sama tíma og í sama tilgangi, þ.e. að gerð þeirra hafi verið tilraun til þess að reyna að ná sáttum í þeim ágreiningi sem stóð yfir milli hreppanna. Sem fyrr segir var gerð sátt milli hreppanna 17. júní 1933 þar sem lögð voru til grundvallar austurmerki Gullberastaðaselslands gagnvart ágreiningssvæðinu eins og þeim var lýst í því landamerkjabréfi því sem var lagt fram af hálfu Andakílhrepps og er dagsett 2. júlí. Þá er bent á það að eftir þann tíma hefur ekki verið byggt á landamerkjabréfi Leirárdala til stuðnings tilkalli um eignarrétt að ágreiningssvæðinu, en það var hvorki lagt fram af hálfu Lundarreykjadalshrepps í Landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1965, vegna dómsmáls þess sem til lykta var leitt með dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 (Reyðarvatnsmál), né af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins við úrlausn þessa máls hjá óbyggðanefnd. Að teknu tilliti til þessara atriða er það því mat óbyggðanefndar að hið ódagsetta landamerkjabréf Leirárdala hafi ekki þýðingu við úrlausn málsins.

Í ritinu *Göngur og réttir* II frá 1948 er lítillega fjallað um svæðið. Þar kemur fram að Tungurétt (áður Oddsstaðarétt) hafi verið innan þess og að afréttarsvæðin nái óslitið austur að hinum forna þjóðvegi, sem liggur frá Reykjavík um Kaldadal. Það er

einnig í samræmi við það sem fram kom í skýrslutökum við aðalmeðferð málsins, þann 15. desember 2014.

Í fyrirbyggjandi heimildum er þess svæðis, sem hér er sérstaklega til umfjöllunar, getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeitt á hluta þess og e.t.v. aðrar takmarkaðar nytjar. Það er fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að svæðið hafi verið afrétt í þeim skilningi að það hafi verið undirorpið óbeinum eignarréttindum fremur en beinum eignarrétti. Svo virðist sem nýting landsins hafi verið með þeim hætti að það hafi verið í sameiginlegum afréttarnotum jarða í fyrrum Lundarreykjadalshrepps, nú Borgarbyggð, a.m.k. frá þeim tíma sem fyrrnefnd lögfesta var gerð.

Sú ráðstöfun hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps að lögfesta landsvæðið árið 1890 gat ekki breytt eignarréttarlegri stöðu þess frá því sem fyrir var, enda ljóst að ekki er unnt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með þeim hætti. Þá skal í þessu sambandi áréttað að á þeim tíma var ekki lengur unnt að nema til eignar ný lönd, heldur gátu eigendalaus svæði eingöngu orðið undirorpin beinum eignarrétti á grundvelli þeirra reglna sem nýbýlatilskipunin frá 1776 kvað á um.

Í máli þessu gerir gagnaðili íslenska ríkisins, Sjálfseignarstofnunin Ok, kröfu um beinan eignarrétt á því svæði sem hér er til umfjöllunar en tekið er fram af hálfu hans að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um „afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“ Sjálfseignarstofnunin Ok leiðir rétt sinn til landsvæðisins frá Lundarreykjadalshreppi sem lögfesti landsvæðið, eins áður segir, árið 1890 og keypti land við Reyðarvatn af Reykholtskirkju árið 1896. Sveitarfélagið Borgarbyggð á einnig aðild að máli þessu og gerir þær kröfur að ef ekki verði fallist á kröfur Sjálfseignarstofnunarinnar Ok um beinan eignarrétt eða afréttareign á svæðinu verði viðurkennt að svæðið sé afréttur jarða í fyrrum Lundarreykjadalshrepps- og Andakílhreppum.

Að framan er komist að þeirri niðurstöðu að mörk þess lands við Reyðarvatn, sem var keypt af Reykholtskirkju árið 1896, hafi náð að línu sem dregin er þaðan sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn að upptökum Fossár. Því geti krafa gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á landi austan og norðan þeirrar línu, þ.e. á þeim hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar, hvorki stuðst við afsalið frá 1896 né aðrar heimildir um afmörkun þess landsvæðis. Þær sömu heimildir benda að mati óbyggðanefndar ekki heldur til þess að svæðið austan og norðan umræddrar línu hafi á þeim tíma sem heimildirnar voru gerðar verið undirorpið óbeinum eignarréttindum Reykhólts. Ennfremur er ljóst að hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps, sem Sjálfseignarstofnunin Ok leiðir rétt sinn frá, gat ekki aukið einhliða við land sitt eða annan rétt með gerð lögfestunnar árið 1890.

Þá gat hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps ekki afsalað meiri rétti en sannanlega var á hennar hendi á þeim tíma. Réttur íbúa Lundarreykjadal- og Andakílshreppa til notkunar svæðisins til sumarbeitar, til samræmis við þau afnot af svæðinu sem áður er lýst, getur því að mati óbyggðanefndar ekki hafa stofnast á grundvelli lögfestunnar frá 1890 eða afsalsins frá 1896. Telur nefndin heimildir fremur benda til þess að búfjáreigendur í hreppunum hafi tekið svæðið til sumarbeitar fyrir búfé, undir umsjón hreppanna, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á umræddu svæði á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Hvað þennan hluta ágreiningssvæðisins varðar er óumdeilt er að þar hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að þessum hluta ágreiningssvæðisins getur því ekki hafa stofnast fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, samanber dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, gildir við meðferð þjóðlendumála að ef um er að ræða sameiginlegt upprekstrarland skuli sveitarstjórn eða upprekstrarfélag sem stofnað hafi verið um þau mál hafa umboð til að ráðstafa málefnum vegna einstakra rétthafa sem þar eiga upprekstrarrétt. Óbyggðanefnd telur vafa leika á að unnt sé að líta á Sjálfseignarstofnunina Ok, gagnaðila íslenska ríkisins í

máli þessu, sem upprekstrarfélag í þessum skilningi, sem bært sé til að fara með forræði á kröfum vegna upprekstrarréttar jarðeigenda í viðkomandi sveitarfélagi. Eins og hér stendur á er þó ekki nauðsynlegt að leysa úr því hvort svo sé því sveitarfélagið Borgarbyggð gerir sem fyrr segir kröfu til þrautavara um viðurkenningu á upprekstarrétti jarðeigenda í sveitarfélaginu, en Lundarreykjadalshreppur var meðal þeirra sveitarfélaga sem sameinuðust undir merkjum Borgarbyggðar.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á því svæði sem liggur austan og norðan við merki lands við Reyðarvatn, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.³⁵² Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Lundarreykjadalshreppi.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar­svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumar­beitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Að því leyti sem mörk afréttarins miðast við jaðar Oks er miðað við stöðu jökulsins við gildistöku laga nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Vísast í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Fell í Suðursveit).

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði norðan lands við Reyðarvatn, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er þar sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn. Þaðan er Reyðarlæk fylgt suður að ósum Brunnavatns. Þaðan er lína dregin eftir sýslu- og sveitarfélagamörkum að vörðu við suðvesturhorn Þórisjökuls. Þaðan er dregin bein lína um Bræðravirki í hæsta punkt Oks. Þaðan er jökuljaðri Oks fylgt í vestasta punkt þess. Þaðan er dregin bein lína í vestanverða Oköxlina og þaðan bein lína í upptök Flókadalsár. Þaðan ræður bein lína í upptök Syðri-Sandfellskvíslar og þaðan í upptök Engjadalsár. Þaðan ræður lína í punkt við rætur Fanntófells að sunnanverðu og þaðan í upptök Lambár og þaðan í upptök Fossár. Þá ræður bein lína suður frá upptökum Fossár að upphafspunkti.

³⁵² Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka)

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Lundarreykjadalshreppi, nú í sveitarfélaginu Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóta veiðiréttar í ám og vötnum á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Loks kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess hluta ágreiningssvæðisins sem liggur á norðaustanverðu ágreiningssvæðinu og gagnaðilar íslenska ríkisins í málinu hafa hvorki gert kröfu til sem eignarlands síns, né heldur gert þar tilkall til óbeinna eignarréttinda. Nánar tiltekið er þar um að ræða Ok og landsvæði sem liggur milli suðurmarka Húsafells II, eins og þau eru skilgreind hér að framan, en norðan megin við línu sem liggur úr hápunkti Oks, um Bræðravirki og í hornpunkt í vestanverðum Þórisjökli.

Hvað þennan hluta ágreiningssvæðisins varðar þá hefur rannsókn óbyggðanefndar ekki leitt í ljós neinar heimildir sem benda til þess að það hafi nokkurn tíma verið undirorpið beinum eignarrétti. *Landnáma* getur ekki sérstaklega um nám þessa svæðis og sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum frá byggð þá verður að telja ólíklegt að það hafi verið numið. Engar heimildir liggja fyrir um búsetu á svæðinu eða nokkra aðra nýtingu þess. Þá fellur landsvæðið ekki innan lýsingar á afrétti Lundarreykjadalshrepps og Andakílshrepps í afréttarskrá Ingimundar Ásgeirssonar frá árinu 1980, sem hreppstjóri Lundarreykjadalshrepps vísaði til í svari sínu frá 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt. Þá hafa gagnaðilar íslenska ríkisins ekki gert kröfu til þess, hvorki sem eignarlands síns né heldur til óbeinna eignarréttinda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að þessi hluti ágreiningssvæðisins, svo sem það er nánar afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í vörðu við suðvesturhorn Þórisjökuls. Þaðan er vatnaskilum fylgt norður þar til komið er að vatnaskilum á Langahrygg á Kaldadal og er þeim fylgt vestur að Oki. Þaðan er farið rangsælis meðfram jökuljaðri Oks þar til komið er að hæsta punkti þess. Þaðan er dregin bein lína suðaustur um Bræðravirki í upphafspunkt.

Að því leyti sem mörk afréttarins miðast við jaðar Langjökuls er miðað við stöðu jökulsins við gildistöku laga nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Vísast í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Fell í Suðursveit).

6.8 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin ennfremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu og er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

Eftir að kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæði 8B komu fram tilkynnti Borgarbyggð óbyggðanefnd um að sveitarfélagið hefði haft forgöngu um samstarf landeigenda vegna hagsmunagæslu. Auk þess að leita til lögmannna hefði sveitarfélagið í samstarfi við landeigendur ráðið Óðin Sigþórsson til starfa. Var óskað eftir því af hálfu Borgarbyggðar að óbyggðanefnd greiddi launakostnað Óðins vegna þessa. Var beiðnin m.a. sett fram með vísan til þess að vinna hans kæmi til með að auðvelda vinnu lögmannna vegna hagsmunagæslunar og draga úr kostnaði við hana. Eftir að hafa aflað frekari upplýsinga um vinnu Óðins, auk þess sem lögmonnum málsaðila var gefið færi á að veita umsagnir um erindi Borgarbyggðar, féllst óbyggðanefnd á að taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna hennar. Við ákvörðun málskostnaðar vegna vinnu lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins í málinu var m.a. litið til þessa.

Þess skal getið að hluti af úrskurðuðum málskostnaði gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu hefur þegar verið greiddur og koma þær greiðslur til frádráttar við uppgjör málskostnaðarins, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

7 ÚRSKURÐARORÐ³⁵³

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Þóreyjartungur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er við ármót Flókadalsár og Syðri-Sandfellskvíslar. Þaðan er Flókadalsá fylgt til upptaka. Þaðan er dregin bein lína í upptök Syðri-Sandfellskvíslar. Syðri-Sandfellskvísl er svo fylgt vestur í upphafspunkt við Flókadalsá.

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Oks, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. land við Reyðarvatn, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

³⁵³ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra landsvæða.

Upphafspunktur er þar sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn. Þá ræður Reyðarvatn norður að Fossá og Fossá að sínum upptökum. Þá ræður bein lína suður frá upptökum Fossár að upphafspunkti.

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Oks, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. afréttur Lunddæla, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er þar sem Reyðarlækur fellur í Reyðarvatn. Þaðan er Reyðarlæk fylgt suður að ósum Brunnavatns. Þaðan er lína dregin eftir sýslu- og sveitarfélagamörkum að vörðu við suðvesturhorn Þórisjökuls. Þaðan er dregin bein lína um Bræðravirki í hæsta punkt Oks. Þaðan er jökuljaðri Oks fylgt í vestasta punkt þess. Þaðan er dregin bein lína í vestanverða Oköxlina og þaðan bein lína í upptök Flókadalsár. Þaðan ræður bein lína í upptök Syðri-Sandfellskvíslar og þaðan í upptök Engjadalsár. Þaðan ræður lína í punkt við rætur Fanntófells að sunnanverðu og þaðan í upptök Lambár og þaðan í upptök Fossár. Þá ræður bein lína suður frá upptökum Fossár að upphafspunkti.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Lundarreykjadalshreppi, nú í sveitarfélaginu Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. land norðan afréttar Lunddæla ásamt Oki, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í vörðu við suðvesturhorn Þórisjökuls. Þaðan er vatnaskilum fylgt norður þar til komið er að vatnaskilum á Langahrygg á Kaldadal og er þeim fylgt vestur að Oki. Þaðan er farið rangsælis meðfram jökuljaðri Oks þar til komið er að hæsta punkti þess. Þaðan er dregin bein lína suðaustur um Bræðravirki í upphafspunkt.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Ólafs Björnssonar hrl.: Sjálfseignarstofnunin Ok vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddsstaðatungu, Gullberastaðaselslands, Leirárdala og lands við Reyðarvatn: 4.000.000 kr. Þar af hafa 1.650.000 kr. þegar verið greiddar. Páll Guðmundsson og Þorsteinn Guðmundsson vegna Húsafells II: 500.000 kr. Þar af hafa

300.000 kr. þegar verið greiddar. Borgarbyggð vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddsstaðatungu, Gullberastaðatungu, lands við Reyðarvatn og Leirárdala: 50.000 kr.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Karl Axelsson

Allan V. Magnússon

Ása Ólafsdóttir

ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR
með viðaukum



Svæði 1–8A

Sérprentun 11. október 2016

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	2
1. INNGANGUR	3
2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR	3
3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA	4
3.1. Landnám	4
3.2. Hefð	7
3.3. Lög	12
4. FLOKKUN LANDS	13
4.1. Almenn	13
4.2. Jörð	14
4.3. Almenningar	20
4.4. Afréttir	23
4.5. Jörð eða afréttur?	30
4.6. Jöklar	31
4.7. Fjallskil	37
4.8. Ítök	40
4.9. Fjörur og rekæign	44
5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD	49
5.1. Almenn	49
5.2. Jarðamót og jarðabækur	49
5.3. Máldagar og vísitasíur	52
5.4. Lögfestur	54
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf	55
5.6. Afsals- og veðmálabækur	59
5.7. Aðrar heimildir	61
6. NIÐURSTAÐA	62
7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5	67
7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum	67
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða.....	67
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi	70
8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6	71
8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	71
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana	72
9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A	75
9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	75
10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B	76
10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	76
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar	77
10.3. Heimildir um legu jarða til forna	79

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–8A. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–8A hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirbyggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilfni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A og fer sá texti lítilega stytur hér á eftir, í köflum 7–11.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum, og vísa til þeirra.

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfur á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir, almenninga og afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jökulum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmalabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti*.¹ Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfur stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

¹ Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $\frac{2}{3}$ hluta af yfirborði landsins.² Mikill hluti láglandis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálandinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglandis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $\frac{1}{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglandi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $\frac{1}{4}$ hluta landsins í heild og um $\frac{10}{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálandisins, í stað nær helmingis um landnám. Aðeins um $\frac{1}{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.³

² Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

³ Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur II* (fjöl.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarhari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.⁴ Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.⁵ Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“⁶

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.⁷ Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið

⁴ *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

⁵ *Landnámabók* 1986, s. 321.

⁶ *Landnámabók* 1986, s. 337.

⁷ Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.⁸ Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúru- fari eða búskaparháttum.⁹ Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaða- heiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hunda- dalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.¹⁰ Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og

⁸ Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámu- rannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags.* S. 222–225, 231–233.

⁹ Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder.* 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímní. Riti um nafnfræði.* 1–3. b. (1980–1996).

¹⁰ Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands.* 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands.* 1. b. Reykjavík. S. 165.

fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átqlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lögleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“¹¹

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar¹². Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.¹³

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli

¹¹ *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

¹² Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

¹³ Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“
Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Item huada godz og eignar nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal það ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist það sie j panta sett edur lient.¹⁴

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.¹⁵ Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.¹⁶

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.¹⁷

¹⁴ *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

¹⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

¹⁶ *Landsyfjrrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

¹⁷ *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansallíð í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansallíð bar málið undir Landsyferrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.¹⁸

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafafingið frumvarp kansallísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafafinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.¹⁹

Þrátt fyrir að Landsyferréttur hefði um árabíl dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.²⁰ Í dómi Landsyferréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu

¹⁸ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5. ágúst 1845.* Reykjavík 1845. S. 2–12.

¹⁹ *Tíðindi frá Alþingi...1845*, s. 466.

²⁰ *Landsyfjerréttardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum.* 3. b. (1886–1889) Reykjavík 1890. S. 236–241.

hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. 11b. i.f.²¹

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapitula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífíð, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífíð, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjälögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...²²

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.²³

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að

²¹ *Landsyfjrrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum*. 5. b. (1895–1898) Reykjavík 1901. S. 327–330.

²² *Alþingistíðindi* 1905, A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.

²³ *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.²⁴ Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

²⁴ Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjándi öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðjarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gildi einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðjarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.²⁵

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd

²⁵ Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.

verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.²⁶

4. FLOKKUN LANDS

4.1. Almenn

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lög fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.²⁷

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.²⁸ Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalogum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalogum um „aðrar óbyggðar lendur“.²⁹ Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lög-aðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan

²⁶ Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir.* (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

²⁷ *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. llb.).

²⁸ Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island.* 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

²⁹ Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjaloganna nr. 5/1882 og 41/1919.

byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenninum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnföll deila til sjóvar. ...Síðan skipaði hann heraðit sínum félagum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjörð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.³⁰

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.³¹ Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg 'tøk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki“³². Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jörð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi

³⁰ *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.

³¹ *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lþ.).

³² *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159–163 (31.–32. k. llb.).

vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar...“³³

Með landamerkjalogum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni.³⁴ Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvorrar skyldu ráða veiði á landi.³⁵

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.³⁶ Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.³⁷ Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.³⁸ Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir

³³ *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

³⁴ Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

³⁵ Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

³⁶ Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

³⁷ Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lb.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

³⁸ Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, *Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur*, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir

helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans myndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.³⁹ Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.⁴⁰ Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.⁴¹ Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hvernar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákvæðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.⁴² Höfuðskyldan hefur þó fyrir og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.⁴³ Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.⁴⁴

síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. IIb. Jónsbókar.

³⁹ Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. IIb.).

⁴⁰ Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. Ibb.). *Jónsbók* 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. IIb.).

⁴¹ Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

⁴² *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).

⁴³ Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

⁴⁴ Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.⁴⁵ Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.⁴⁶ Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábyli*.⁴⁷ Hjáleigubýggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.⁴⁸

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.⁴⁹ Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.⁵⁰ Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbýli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.⁵¹ Þau

⁴⁵ Grágás 1992, s. 344 (48. k. lþ.).

⁴⁶ Íslenskt fornbréfasafn. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

⁴⁷ Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

⁴⁸ Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.

⁴⁹ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

⁵⁰ Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Ósló. S. 213–215, 226.

⁵¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. Fylgiskjöl. Reykjavík. S. 24.

hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sök á því.⁵²

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggja næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.⁵³

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubýggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.⁵⁴

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

Heimalönd. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

⁵² Jónsbók 1904, s. 292.

⁵³ Jarðabók Árna og Páls 11, s. 143.

⁵⁴ Björn Teitsson, 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

a. *Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.⁵⁵

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu *Lýsing Íslands* að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.⁵⁶

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.⁵⁷

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnánum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernjar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá

⁵⁵ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

⁵⁶ Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

⁵⁷ Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrir og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrir og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.⁵⁸ Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.⁵⁹ Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.⁶⁰ Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningssland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum

⁵⁸ Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.

⁵⁹ Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.

⁶⁰ Bjarni Jónsson frá Vogu, 1917–1919: *Almenningar og afrjettir*. Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga.“ *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.

undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.⁶¹ Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafreittar-dómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.⁶²

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.⁶³

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjargangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvár þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivotn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvöku; þar eigu menn at telgja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagur viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aorum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...⁶⁴

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.⁶⁵

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.⁶⁶ Í því sambandi hefur verið bent

⁶¹ Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 27–30.

⁶² Eggert Briem 1917, s. 61–62.

⁶³ Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbp.).

⁶⁴ Jónsbók 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

⁶⁵ Jónsbók 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.⁶⁷ Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.⁶⁸ Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nýtt af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.⁶⁹

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.⁷⁰ Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklings-eignarréttinda yfir.⁷¹ Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nýttjar eru af.⁷²

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.⁷³ Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í

⁶⁶ Eggert Briem 1917, s. 61–62.

⁶⁷ Sjá eldri Frostapingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

⁶⁸ Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjorsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

⁶⁹ Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

⁷⁰ Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

⁷¹ Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

⁷² Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 41/1919.

⁷³ Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur*. Reykjavík. S. 83.

Því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.⁷⁴ Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunn-eignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands. Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.⁷⁵

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.⁷⁶ Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.⁷⁷

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur þjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.⁷⁸ Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalogum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalog, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr

⁷⁴ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

⁷⁵ Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 43.

⁷⁶ Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

⁷⁷ *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lþ.).

⁷⁸ *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

miðast því ákvæði landamerkjálaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.⁷⁹ Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og solum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarþeir fyrir búþening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparháttanna verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða

⁷⁹ Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.⁸⁰ Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.⁸¹

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.⁸² Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.⁸³ Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.⁸⁴ Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslensk-

⁸⁰ *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbp.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.

⁸¹ *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbp.).

⁸² *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbp.).

⁸³ *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

⁸⁴ Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

um ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.⁸⁵

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.⁸⁶

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsparfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafréttar. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttar-eignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afréttar né sýnt verði

⁸⁵ Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

⁸⁶ Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.⁸⁷

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.⁸⁸

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrir en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.⁸⁹ Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur*, sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotafréttur*. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo: Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga

⁸⁷ Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

⁸⁸ Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

⁸⁹ Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afréttar sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunn-eignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim söllum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.⁹⁰ Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.⁹¹

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afréttar.⁹² Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrri málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarheit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur réttihafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í

⁹⁰ Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

⁹¹ Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. nánulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

⁹² Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómur skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarreit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku Þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnst allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitoland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitoland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé

alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almenntri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.⁹³ Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendum.⁹⁴

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.⁹⁵ Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málsþaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.⁹⁶ Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.⁹⁷ Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

⁹³ Sbr. Grágás 1992, s. 472. Jónsbók 1904, s. 43, 272–273.

⁹⁴ *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki...“

⁹⁵ Sigurður Þórarinnsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1–2, 15.

⁹⁶ Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 14–15.

⁹⁷ Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.

Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.⁹⁸

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosíð í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.⁹⁹ Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukeninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.¹⁰⁰ Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.¹⁰¹

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.¹⁰² Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.¹⁰³ Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.¹⁰⁴

⁹⁸ *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

⁹⁹ *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

¹⁰⁰ *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrySTALLINIS* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 16–17).

¹⁰¹ *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

¹⁰² Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

¹⁰³ Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur I*. Reykjavík. S. 43.

¹⁰⁴ Sbr. þessi orð Sigurðar Línals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jökulsvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérrettinda yfir né heldur neinn almennaréttur er bundinn við“ („Eignaréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignaréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jökla, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.¹⁰⁵

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarkna/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarkna sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.¹⁰⁶ Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.¹⁰⁷ Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi

ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jökla landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

¹⁰⁵ Þskj. 598. Alþtíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

¹⁰⁶ Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

¹⁰⁷ Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

gert sér grein fyrir því að jökulbrúnn færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúnni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.¹⁰⁸ Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.¹⁰⁹ Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitnið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist

¹⁰⁸ Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

¹⁰⁹ Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekktu jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.¹¹⁰ Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalog og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalog eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnlagg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalykingu. Gagnvart

¹¹⁰ Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktur um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinnsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalinu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájökklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájökklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljarðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.¹¹¹ Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælt til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.¹¹² Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.¹¹³

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrararbeit því

¹¹¹ Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).

¹¹² *Jónsbók* 1904, s. 292.

¹¹³ *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).

aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.¹¹⁴

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigu-bálks Jónsbókar:

Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lögrétt skal vera, skipa svá öðrum göngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mörk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gönguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.¹¹⁵

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.¹¹⁶

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust

¹¹⁴ Jónsbók 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). Grágás 1992, s. 330–331 (38. k. lþp.).

¹¹⁵ Íslenskt fornbréfasafn. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.

¹¹⁶ Jónsbók 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lþp.).

þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútfengin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitolanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vor-smölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimlands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða háttá þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík

samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti réttthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum

annars eða annarra aðila.¹¹⁷ Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.¹¹⁸

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með vátum tveim eða fleirum.¹¹⁹

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaitak.¹²⁰ Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,¹²¹ og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.¹²² Elsta skjallega heimildin um ítaka-eign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.¹²³ Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok

¹¹⁷ Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

¹¹⁸ Sbr. Grágás 1992, s. 288.

¹¹⁹ Jónsbók 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

¹²⁰ Sbr. Grágás 1992, s. 296, 321, 329. Jónsbók 1904, s. 147–148, 150.

¹²¹ Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

¹²² Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík. S. 277.

¹²³ *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta reka-skrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.¹²⁴ Ítökum fjölgaði síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.¹²⁵

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðháttu fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).¹²⁶ Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrískóg og raptvidahögg í jörðunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.¹²⁷ Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.¹²⁸

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafllu náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparháttu og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.¹²⁹ Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega

¹²⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

¹²⁵ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, mósкурður/mótak, engjatak/engjaitak, reki/rekaítak*.

¹²⁶ Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efri-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

¹²⁷ *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

¹²⁸ Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

¹²⁹ Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.¹³⁰ Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðitaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðitaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.¹³¹ Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.¹³² Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafretti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.¹³³ Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397¹³⁴ og Gíslamáldaga frá 1570.¹³⁵ Þá segir í

¹³⁰ Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

¹³¹ Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögnum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

¹³² Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afretti, sem sveitarfélög eiga. Í lögnum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afrettarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afrettarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

¹³³ *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

¹³⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.¹³⁶ Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.¹³⁷ Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.¹³⁸ Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.¹³⁹

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.¹⁴⁰ Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lögum sé frá komit.“¹⁴¹ Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn

¹³⁵ Íslenskt fornbréfasafn 15, s. 647.

¹³⁶ Íslenskt fornbréfasafn 15, s. 648.

¹³⁷ Ólafur Lárússon, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

¹³⁸ Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

¹³⁹ Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

¹⁴⁰ Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvólum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

¹⁴¹ *Jónsbók* 1904, s. 194.

yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.¹⁴² Allan reka utan *reka-marka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.¹⁴³

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.¹⁴⁴ Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deilda reka.¹⁴⁵ Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.¹⁴⁶ Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrir [fellur út] utast.¹⁴⁷

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.¹⁴⁸

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

Það var logtekid um rekamark a Auxararþijngi af badum lögmdönnunum og allri logriettunne a dogum Hákonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírantanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land

¹⁴² Grágás 1992, s. 351–352. Sbr. Jónsbók 1904, s. 194–195.

¹⁴³ Grágás 1992, s. 353–354. Jónsbók 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í Jónsbók (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (Grágás 1992, s. 365).

¹⁴⁴ Grágás 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis út fyrir netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan er veiðir“ (Jónsbók 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

¹⁴⁵ Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

¹⁴⁶ Grágás 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. Grágás 1992, s. 353–354). Samkvæmt Jónsbók 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

¹⁴⁷ Grágás 1992, s. 353–354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

¹⁴⁸ Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast það landeigande hvort það er trie edur hvalur.¹⁴⁹

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

Ef maðr kaupir reka af landi manns at loqmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri álnarlöng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.¹⁵⁰

Rekamaður átti einnig allan ómerkta við og hval sem menn fluttu úr almenningi¹⁵¹, ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.¹⁵² Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.¹⁵³ Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.¹⁵⁴

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.¹⁵⁵ Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjörüitök séu í elstu máldögum og skrá

¹⁴⁹ *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.

¹⁵⁰ *Jónsbók* 1904, s. 196–197.

¹⁵¹ Í *Jónsbók* er landeigandi eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).

¹⁵² *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í *Jónsbók*.

¹⁵³ *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.

¹⁵⁴ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.

¹⁵⁵ Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.¹⁵⁶ Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *reka-grunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.¹⁵⁷ Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Örafum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.¹⁵⁸ Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.¹⁵⁹ Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.¹⁶⁰

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.¹⁶¹

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gildi einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.¹⁶² Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

¹⁵⁶ Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

¹⁵⁷ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

¹⁵⁸ Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

¹⁵⁹ *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.

¹⁶⁰ Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, *Grágás* og *Jónsbók*, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „fynnandaspik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. *Jónsbók* 1904, s. 135.

¹⁶¹ *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

¹⁶² *Jónsbók* 1904, s. 197.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.¹⁶³ Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almeningur*.¹⁶⁴ Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.¹⁶⁵ Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.¹⁶⁶ Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.¹⁶⁷ Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitafni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendlögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.¹⁶⁸ Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.¹⁶⁹

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans

¹⁶³ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

¹⁶⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

¹⁶⁵ Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almeningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

¹⁶⁶ Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

¹⁶⁷ Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

¹⁶⁸ Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.

¹⁶⁹ Ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

5.1. Almenn

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).¹⁷⁰

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.¹⁷¹ Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.¹⁷²

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar

¹⁷⁰ Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

¹⁷¹ Sbr. Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárússon, 1982: *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Lundi. S. 18.

¹⁷² Björn Lárússon 1967, s. 63.

og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landsþjóllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samiburði við jarðabréf sem þeir Árne og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árne og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.¹⁷³ Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“¹⁷⁴

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.¹⁷⁵ Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.¹⁷⁶ Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

¹⁷³ Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165–175.

¹⁷⁴ *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

¹⁷⁵ Björn Lárusson 1982, s. 17.

¹⁷⁶ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.¹⁷⁷ Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.¹⁷⁸ Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tífunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tífundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Prætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

¹⁷⁷ *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.

¹⁷⁸ *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

5.3. Máldagar og vísitasúr

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.¹⁷⁹

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.¹⁸⁰ Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnsfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.¹⁸¹

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að

¹⁷⁹ Grágás 1992, s. 12.

¹⁸⁰ Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis*. Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.

¹⁸¹ Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.¹⁸² Jafnframt gildi sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.¹⁸³

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.¹⁸⁴ Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögrétu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.¹⁸⁵

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentískt“

¹⁸² Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.

¹⁸³ Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

¹⁸⁴ *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

¹⁸⁵ Magnús Már Lársson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

kirkjuregistor.¹⁸⁶ Eftir siðaskipti tóku vísitasúbækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.¹⁸⁷

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (IIb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (IIb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (IIb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gildi almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gildi aðeins í 12 mánuði (IIb. 17).¹⁸⁸

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (IIb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lögfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lögfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lögmáli réttu...

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.¹⁸⁹ Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrirnefnt bréf, „sökum

¹⁸⁶ *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.

¹⁸⁷ Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

¹⁸⁸ Sbr. Sigurður Lindal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.

¹⁸⁹ Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast...* Reykjavík. S. 165.

harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.¹⁹⁰ Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.¹⁹¹

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.¹⁹² Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga¹⁹³ virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.¹⁹⁴ Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að sammingsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.¹⁹⁵ Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um

¹⁹⁰ *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdráttir*. Reykjavík 1993. S. 162.

¹⁹¹ *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.

¹⁹² Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

¹⁹³ Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

¹⁹⁴ Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

¹⁹⁵ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.

land væru í ólestri.¹⁹⁶ Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.¹⁹⁷ Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalyásingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.¹⁹⁸ Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.¹⁹⁹ Af þessu má ráða að setning landamerkjálaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gildi því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjälögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að

¹⁹⁶ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 28–29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrri partur), s. 197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

¹⁹⁷ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

¹⁹⁸ Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

¹⁹⁹ Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögina og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.²⁰⁰ Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögina komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrá þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrá hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögina mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.²⁰¹ Orðin landamerkjalyking og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggæringa. Lögina kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirvari, en samkvæmt

²⁰⁰ Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

²⁰¹ Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjaganna að fyrirvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).²⁰²

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkja-bréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðháttu, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).²⁰³ Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan

²⁰² Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

²⁰³ Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óbyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lög-málum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.²⁰⁴ Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lög mála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapítula landsbrigðapáttar í Jónsbók.²⁰⁵

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellisins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmani falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að

²⁰⁴ Grágás 1992, s. 300 (14. k. lbp.).

²⁰⁵ Jónsbók 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).

þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þingi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“²⁰⁶ Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skráum þeirra.²⁰⁷ Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.²⁰⁸

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skráum og framlagningu þeirra.²⁰⁹ Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

²⁰⁶ Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrákun á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. 57.

²⁰⁷ Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur*. Reykjavík. S. 29.

²⁰⁸ *Alþingistíðindi A 1977–1978*, s. 1382.

²⁰⁹ Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.²¹⁰ Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þá-gildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómur hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómur sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegru niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkju-egna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófests. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

²¹⁰ Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn upplýttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðs-lýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku Þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir

hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendir.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámu, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið

mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óbyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarreit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða,

hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenski löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar

rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum²¹¹

[...]

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómur varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómur Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómur frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómur frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómur frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómur frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[...]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómur gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. [...].

7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða²¹²

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni

²¹¹ Kafli 6.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

²¹² Kafli 6.1.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist Þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekk á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafreitur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða

annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjallendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvö hundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotkenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi²¹³

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.²¹⁴ Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landamerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.²¹⁵ Um slík

²¹³ Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

²¹⁴ Sbr. kafla 3.3. [...].

²¹⁵ Sbr. kafla 4.2. [...].

landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum²¹⁶

[...]

Frá því óbyggðanefnd kvað upp [...] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Græna fjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

²¹⁶ Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á [...] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana²¹⁷

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* [...]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnáum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnota-afréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðháttu, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendur og

²¹⁷ Kafli 6.1.3. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðháttu, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenna, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendar og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenna, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendar í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind

landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku Þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafréttu og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almenninum, Merkurtingum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðháttu, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarþeirra fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja

landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrjú dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskups-tungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitafni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum²¹⁸

[...]

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærsmål sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öraefum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar

²¹⁸ Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A).

voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kæranda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærundur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kæranda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum²¹⁹

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skríðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009

²¹⁹ Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

(Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almennings-skóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafaréttur); tveir dómar frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrjú dómar frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirbyggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirbyggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar²²⁰

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefnd taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendu að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

²²⁰ Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Pau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómur Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi áréttu þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitafni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

10.3. Heimildir um legu jarða til forna²²¹

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikilið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Umfjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

²²¹ Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Sem dæmi um skyld álitafni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormódsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A

11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum²²²

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi [10] dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallaafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómur fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

[...]

²²² Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir²²³

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart Þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrira atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdist öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggi að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart Þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt

²²³ Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykk á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart Þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar

fullilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis²²⁴

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti

²²⁴ Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum [...], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirbyggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalinu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lögbýlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu [...] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi

handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaus en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómur Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að lítið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. [...] Aðrir fyrirbyggjandi dómur hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.²²⁵

11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna²²⁶

[...]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfirréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfirréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfirréttar deildu Munkaþverárklostur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfirrétti, segir meðal annars:

Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Munkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

²²⁵ Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

²²⁶ Kafli 6.1.2.4 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfírréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirbyggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklosturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfírréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklostri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfírréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinir. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfírréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklostri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfírréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirbyggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklostur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppana í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppana sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluáðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili

að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áður nefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nyttu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lögju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómur Landsyfírréttar kunnir að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómur þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfírrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðæfndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnassýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómþings Árnassýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álfthaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignardómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. [...] Aðrir fyrirbyggjandi dómar Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðilaskrá

III. Skjalaskrá

II. Aðilaskrá

Þjóðlundur

Fjármála- og efnahagsráðherra
f.h. íslenska ríkisins

Húsafell II

Páll Guðmundsson

Húsafell II

Þorsteinn Guðmundsson

Leirárdalur og land við Reyðarvatn

Sjálfseignarstofnunin Ok

Leirárdalur og land við Reyðarvatn

Borgarbyggð

Lundartunga

Sjálfseignarstofnunin Ok

Lundartunga

Borgarbyggð

Gullberastaðaselsland

Sjálfseignarstofnunin Ok

Gullberastaðaselsland

Borgarbyggð

Oddsstaðatunga

Sjálfseignarstofnunin Ok

Oddsstaðatunga

Borgarbyggð

Þóreyjartungur

Sjálfseignarstofnunin Ok

Þóreyjartungur

Borgarbyggð

III. Skjalaskrá³⁵⁴

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 10.12.2013.
 - 1(1) Skjalaskrá, dags. 10.12.2013, og viðbótar skjalaskrá, dags. 12.12.2013.
 - a-b
 - 1(2) Tilvísanaskrá, dags. 10.12.2013.
 - 1(3) Bréf lögmans fjármála- og efnahagsráðherra til óbyggðanefndar um kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 8B, dags. 10.12.2013.
 - 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 8B hjá óbyggðanefnd, dags. 30.1.2013.
 - 1(5) Afrit af bréfi óbyggðanefndar til Akraneskaupstaðar varðandi frest fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum á svæði 8B hjá óbyggðanefnd, dags. 26.2.2013.
 - 1(6) Bréf lögmans ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8B, dags. 21.5.2013.
 - 1(7) Bréf óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 4.6.2013.
 - 1(8) Bréf lögmans ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8B, dags. 11.7.2013.
 - 1(9) Bréf óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 19.8.2013.
 - 1(10) Bréf lögmans ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8B, dags. 14.10.2013.
 - 1(11) Bréf óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 15.10.2013.
 - 1(12) Tölvupóstur óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 2.12.2013.
 - 1(13) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/2006, dags. 5.10.2006. Skjaldbreiður.
 - 1(14) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 193/1970, dags. 2.12.1971. Reyðarvatn (seinni).
 - 1(15) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 84/1966, dags. 20.10.1967. Reyðarvatn (fyrri).
 - 1(16) Greinargerð, dags. 5.6.2014.
 - 1(17) Endanleg kröfugerð íslenska ríkisins, dags. 25.11.2014.
 - 1(18) Landamerkjabréf Gilja, dags. 27.12.1921.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit/heildaskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 4.10.2016.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

 - 2(1) Þverfell, dags. 10.9.1886. *Merkt 14 a-b.*
 - 2(2) Reykholt, dags. 12.3.1898. *Merkt 15 a-c.*
 - 2(3) Hraunáss, Húsafell og Geitland, ódags. en þingl. 7.6.1898. *Merkt 16 a-b.*
 - 2(4) Oddsstaðir, dags. 29.5.1885. *Merkt 18 a-b.*
 - 2(5) Gullberastaðir, ódags. en þingl. 2.7.1923. *Merkt 19 a-b.*
 - 2(6) Gullberastaðir og Lundur, ódags. en þingl. 7.5.1894. *Merkt 20 a-b.*
 - 2(7) Gullberastaðir og Oddstaðir, ódags. en þingl. 7.7.1924. *Merkt 21 a-b.*
 - 2(8) Brenna, dags. 3.6.1884. *Merkt 22 a-b.*
 - 2(9) Reykir, dags. 28.5.1884. *Merkt 23 a-c.*
 - 2(10) Lundartunga, dags. 2.5.1910. *Merkt 24.*
 - 2(11) Lundur, dags. 2.5.1910. *Merkt 25 a-b.*

³⁵⁴ Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

-
- 2(12) Póreyjartungur, dags. 2.7.1923. *Merkt 26.*
- 2(13) Hrísar, dags. 22.10.1922. *Merkt 27.*
- 2(14) Steindórsstaðir, dags. 4.6.1884. *Merkt 28 a-b.*
- 2(114) Búrfell, ódags. en þingl. 1.6.1891 og 27.10.1922. *Merkt 97 a-b.*
a-b
- 2(115) Augastaðir, dags. 23.9.1921, ásamt uppskrift. *Merkt 98.*
a-b
- 2(141) Stóri-Ás, dags. 23.10.1921. *Merkt 99 a.*
- 2(142) Stóri-Ás og Augastaðir, dags. 4.6.1883.23.10.1921. *Merkt 100 a-b.*
- Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*
- 2(15) Lögfestur og vitnisburðir 1666/1682, um Oddsstaði í Lundarreykjadal.
a-b Landamerkja getið. Einnig um skógarítök sunnan Skorradalsvatns nefnd Oddsstaðatunga og Stafholtsskógur. Afskrift staðfest á Hvítárvöllum 30.5.1683 og 21.6.1687, ásamt uppskrift. *Merkt 14 a-e.*
- 2(16) Lögfesta fyrir Oddsstöðum í Lundarreykjadal, og skógarítak í Oddsstaðatungu.
a-b Landamerkja getið. Bóndinn á Gullberastöðum áskilur sér rétt til að mótmæla lögfestunni við þinglestur þann 21.5.1840, ásamt uppskrift, dags. 21.5.1840. *Merkt 15 a-b.*
- 2(17) Vitnisburður um landamerki Gullberastaða á móts við Oddsstaði og Lund, ásamt
a-b uppskrift, dags. 9.3.1833 og 13.4.1851. *Merkt 16 a-b.*
- 2(18) Útdráttur úr landamerkjaregistri Steingríms Jónssonar biskups skrifuðu eftir
a-b handriti Hannesar Finnssonar biskups. Um landamerki Lundar, eignarhalda á Lundarheiði milli Engidalsár og Flókadalsár, og Lundarskógi í Vatnshornslandi. Um þrætuskóg Lundar og Háafells er kallast Kirkjutungur, ásamt uppskrift, dags. 21. 8.1856. *Merkt 17 a-b.*
- 2(19) Útdráttur úr Lundarprestakallskirkjubók. Máldagi kirkjunnar á Lundi.
a-b Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 31.7.1856. *Merkt 18.*
- Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*
- 2(80) Afréttarlönd á Suðurfjalli: Póreyjartungur og land við Reyðarvatn. Síða úr
a-b veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu 1851-1919, ásamt uppskrift. *Merkt 11.*
- 2(81) Gullberastaðir. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og
a-b Mýrasýslu 1851-1919, ásamt uppskrift. *Merkt 12.*
- 2(82) Oddsstaðir. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
a-b 1851-1919, ásamt uppskrift. *Merkt 14.*
- 2(83) Reykir. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
a-b 1851-1919, ásamt uppskrift. *Merkt 15.*
- 2(84) Þverfell. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
a-b 1851-1919, ásamt uppskrift. *Merkt 16.*
- 2(85) Lundur. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
a-b 1851-1919, ásamt uppskrift. *Merkt 17.*
- 2(90) Reykholt. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
1906-1937. *Merkt 22.*
- 2(91) Húsafell. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
1906-1937. *Merkt 24.*
- 2(92) Gullberastaðir. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og
Mýrasýslu 1906-1937. *Merkt 25.*
- 2(93) Hrísar. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
1906-1937. *Merkt 26.*
- 2(94) Lundur. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
1906-1937. *Merkt 27.*
- 2(95) Oddsstaðir. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
1906-1937. *Merkt 28.*
- 2(96) Reykir. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu

-
- a-b 1906-1937. *Merkt 29.*
2(97) Steindórsstaðir. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og
a-b Mýrasýslu 1906-1937. *Merkt 30.*
2(98) Þverfell. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
a-b 1906-1937. *Merkt 31.*

Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):

- 2(20) Jarðamat 1804: Lundur (athugasemd um að jörðin eigi afrétt) og Oddsstaðir.
Merkt 6-7.
2(21) Fasteignamat 1916-1918 undirmat: Lundur, Hrísar, Búrfell, Húsafell, Þverfell,
Reykir, Brenna, Steindórsstaðir, Oddsstaðir og Gullberastaðir. *Merkt 23-32.*
2(40) Fasteignamat 1916-1918 undirmat: Skarð. *Merkt 36.*
2(41) Jarðamat Borgarfjarðarsýslu 1849-1850: Húsafell, Reykholt, Steindórsstaðir,
Hrísar, Lundur, Gullberastaðir, Oddstaðir, Brenna, Reykir, Þverfell og Skarð.
Merkt 1, 53, 55, 56, 57, 59 og 61.

*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda
(skjalaflokkur A.6.):*

- 2(44) Lögfesta, dags. 29.6.1879. Jón Jónsson á Gullberastöðum lögfestir þrætustykki
a-b sem kallað er Hlíðarendaland. Merkjum lýst. Þinglýst að Lundi 1.7.1879.
Framlagt fyrir landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að Eyri, dags.
18.9.1891, ásamt uppskrift. *Merkt c 15 a-b.*
2(45) Afrit af vitnisburði Bjarna Ólafssonar, dags. 11.6.1665 um Lundarháls. Merkjum
a-b lýst. Afrit staðfest, dags. 2.5.1892. Framlagt fyrir landamerkjadómi Mýra- og
Borgarfjarðarsýslu, dags. 29.7.1892, ásamt uppskrift. *Merkt c 16 a-b.*
2(46) Afrit af vitnisburði Bjarna Tyrfingssonar, dags. 16.6.1665 um Lundarháls. Afrit
a-b staðfest, dags. 2.5.1892. Framlagt fyrir landamerkjadómi Mýra- og
Borgarfjarðarsýslu, dags. 29.7.1892, ásamt uppskrift. *Merkt c 17 a-b.*
2(47) Ár 1857. Vitnisburður Illuga Ásgrímssonar um land Gullberastaða á
a-b Lundarhálsi. Merkjum lýst. Framlagt fyrir landamerkjadómi Mýra- og
Borgarfjarðarsýslu, dags. 29.7.1892, ásamt uppskrift. *Merkt c 18 a.*
2(48) Vitnisburður Sigurðar Pálssonar um land Gullberastaða á Lundarhálsi, dags.
a-b 24.10.1856. Framlagt fyrir landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags.
29.7.1892, ásamt uppskrift. *Merkt c 19 a.*
2(49) Vitnisburður Sigurbjörns Björnssonar um land Gullberastaða á Lundarhálsi,
a-b dags. 24.9.1879. Framlagt fyrir landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu,
dags. 29.7.1892, ásamt uppskrift. *Merkt c 20 a.*
2(50) Vitnisburður Jóns Loftssonar á Lundi um nytjar Gullberastaða á Hlíðarendaland
a-b á Lundarhálsi, dags. 3.7.1879. Framlagt fyrir landamerkjadómi Mýra- og
Borgarfjarðarsýslu, dags. 29.7.1892, ásamt uppskrift. *Merkt c 21 a.*
2(51) Útdráttur úr fógetagjörð á Hlíðarendalandi, þrætulandi milli Lundar og
a-b Gullberastaða, dags. 28.08.1856. Framlagður útdráttur eftir landamerkjaregistri
Steingríms Jónssonar biskups, skrifuðu eftir handriti Hannesar Finnssonar
biskups. Merkjum lýst. Einnig getið um Lundartungu. Framlagt fyrir
landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 29.7.1892, ásamt
uppskrift. *Merkt c 22 a-f.*
2(52) Án dags. Afrit af bréfi Trampe stiftamtmanns varðandi nýbýlið Hlíðarenda á
a-b Lundarhálsi (í Gullberastaðalandi). Merkjum lýst. Framlagt fyrir
landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 29.7.1892, ásamt
uppskrift. *Merkt c 23 a.*
2(53) Lögfesta fyrir Lundarheimalandi, dags. 2.6.1880. Merkjum lýst. Þinglesið að
a-b Lundi, dags. 3.6.1880. Framlagt fyrir landamerkjadómi Mýra- og
Borgarfjarðarsýslu, dags. 29.7.1892, ásamt uppskrift. *Merkt c 24 a-b.*
2(54) Bréf Jóns Þórðarsonar á Gullberastöðum til sýslumannsins í Mýra- og
a-b Borgarfjarðarsýslu, dags. 6.7.1856, vegna landaþrætu hans og prestsins á Lundi
viðvíkjandi Hlíðarendalandi sem Loftur Jónsson býr á, ásamt uppskrift. *Merkt c*

- 25 a-b.
- 2(106) a-b Manntalsþing að Lundi, dags. 2.6.1870. Á þinginu lýsti séra Bjarni Sigvaldason því yfir að hafa tekið á leigu Þóreyjartungur, fjallland Reykholtskirkju, og að þeir sem þar vildu hafa upprekstur ættu að semja við hann. Óskaði hann jafnframt eftir að þetta yrði kunngjört á manntalsþinginu á Grund daginn eftir. (Að svo hafi verið gert er hins vegar ekki að sjá af dóma- og þingbókinni), ásamt uppskrift. *Merkt b 163 a-b.*
- 2(107) a-b Manntalsþing að Lundi, dags. 8.6.1896. Var lesið afsalsbréf prófastsins í Borgarfjarðarsýslu, dags. 9.1.[1896] það ár fyrir afréttarlöndum Reykholtskirkju á Suðurfjalli, þ.e. Þóreyjartungum og landi við Reyðarvatn, til Lundarreykjadalshrepps fyrir 700 kr. Takmörkum ekki lýst nánar. Einnig lesið veðbréf hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps, dags. 27.12.[1896] fyrra ár, fyrir 700 krónur til Reykholtskirkju með veði í nýnefndum afréttarlöndum, ásamt uppskrift. *Merkt b 164 a-c.*
- 2(108) Manntalsþing að Lundi, dags. 13.6.1899. Var þinglesin landamerkjaskrá Gullberastaðasellands. Landamerki ekki tilgreind. *Merkt b 165 a.*
- 2(109) Manntalsþing að Lundi, dags. 7.6.1910. Þinglesin landamerkjabréf fyrir Lundi og fjallandinu Lundartungu. Landamerki eru ekki tilgreind. *Merkt b 166 a-b.*
- 2(110) a-b Landamerkjadómur að Lundi, dags. 29.7.1892. Tekið fyrir landamerkjamálar nr. 2/1891. Jón Jónsson eigandi Gullberastaða gegn prestinum að Lundi, séra Ólafi Ólafssyni. Landmerki milli Gullberastaða og Lundar, ásamt uppskrift. *Merkt b 167 a-f.*
- 2(111) a-b Landamerkjadómur á skrifstofu sýslunnar í Arnarholti, dags. 8.10.1892. Uppkveðinn dómur í landamerkjamáli 2/1891. Jón Jónsson eigandi Gullberastaða gegn prestinum að Lundi, séra Ólafi Ólafssyni. Landamerki milli nefndra jarða tilgreind, ásamt uppskrift. *Merkt b 168 a-i.*
- 2(112) Manntalsþing að Stóra-Ási, dags. 2.6.1910. Þinglesið afsalsbréf ráðherra Íslands, dags. 21.10.1909, fyrir Húsafelli til Ástríðar Þorsteinsdóttur. *Merkt b 158 a-b.*
- 2(113) Manntalsþing að Búrfelli, dags. 28.5.1889. Þinglesið forboð bændanna á Húsafelli, Stóraási og fleiri jörðum í Hálsahreppi „gegn rjúpnaveiði í löndum þeirra.“ Engin takmörk eða sérstök svæði er varða bannið eru tilgreind frekar. *Merkt b 159 a-b.*
- 2(129) a-b Manntalsþing að Lundi, dags. 22.5.1868. Upplesin lögfesta fyrir Gullberastaðatungum, fjalllendi frá Gullberastöðum, dags. 29.4.1868, ásamt uppskrift. *Merkt b 184 a-b.*
- 2(130) a-b Manntalsþing, dags. 1.6.1877. Þinglesið bann sr. O.V. Gíslasonar [á Lundi] og fleiri manna, [þ.e. á Oddsstöðum og á Gullberastöðum] um upprekstur á fjallönd Lundar, Oddsstaða og Gullberastaða, dags. 9.5.1877, sem lesið var á fyrri manntalsþingum, ásamt uppskrift. *Merkt b 185 a-b.*
- 2(131) a-b Manntalsþing, dags. 13.6.1899. Þinglesið veðbréf hreppsnefndar Andakílshrepps, dags. 9.5.1899, fyrir 812 króna bankaláni með veði í Gullberastaðasellandi, ásamt uppskrift. *Merkt b 186.*
- 2(132) a-b Manntalsþing, dags. 29.5.1890. Hreppsnefndin í Lundarreykjadalshreppi lögfesti land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands, ásamt uppskrift. *Merkt b 187 a-b.*
- Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*
- 2(22) Lögfesta fyrir eignum og ítökum Reykholtskirkju. Lögfestir m.a. Geitland, Þóreyjartungur, Sauðatungur, selför í Kjör, Pétursskógur í Sanddal, afrétt á Hrutafjarðarheiði, Ósstemmu á Rauðavatnsósi, dags. 20.5.1739. *Merkt 37 a-c.*
- 2(23) a-b Lögfesta á eignum og ítökum Reykholtssstaðar. Lögfestir m.a. Sauðatungur og Þóreyjartungur, Pétursskógur í Sanddal, afrétt á Hrutafjarðarheiði, land við Reyðarvatn og selför í Kjör, dags. 18.5.1837, ásamt uppskrift. *Merkt 39 a-d.*
- 2(24) Mótmæli Lundarprests gegn lögfestu Reykholtssstaðar 1837 vegna Þóreyjartungna og svar Þorsteins við mótmælunum, dags. 20/23.5.1837. *Merkt 40 a-b.*

-
- 2(68) a-b Lögfesta fyrir eignum og ítökum Reykhólts, dags. 3.6.1876, m.a. Geitlandi, Sauðatungur, Þóreyjartungur, land við Reyðarvatn, veiði í Grímsá, veiðiítök á Arnarvatnsheiði. Upplesin á manntalsþingi á Búrfelli, Sturlureykjum, Heggstöðum og Lundi vorið 1876, ásamt uppskrift. *Merkt 44 a-d.*
- 2(128) Sálnaregistor Lundarsóknar 1864-1896. *Merkt 52-76.*
- 2(133) a-b 1859. Fært inn dauðsfall Jóns Bjarnasonar er sagður er vera 2 ára gamalt „ungabarn frá Reyðarvatni“. Uppá nánari tímasetningu að gera virðist sem að dauða Jóns hafi borið að garði snemma í ágústmánuði saman ár. Ministerialbók Lundarkirkju 1846-1864. *Merkt 77.*
- 2(140) Lögfesta fyrir Geitlandi, ítaki í Grímsá og Ósstemmu að Rauðavatsnósi, dags. 24.5.1860. *Merkt 41 a-b.*
- 2(143) Lögfesta fyrir Geitlandi, ítaki í Grímsá og Ósstemmu að Rauðavatsnósi, dags. 24.5.1860. *Merkt 41 a-b.*
- 2(147) a-b Lögfesta fyrir eignum og ítökum Reykholtskirkju. M.a. Geitland, selför í Kjör, Pétursskóg í Sanddal, veiðiítök á Arnarvatnsheiði, ásamt uppskrift, dags. 27.4.1837. *Merkt 38 a-b.*

Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):

- 2(55) a-b Lundur. Mörk Lundar og Gullberastaða upp á hálsinn, dags. 28.8.1664. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt c 19 a-b.*
- 2(56) a-b Lundur, dags. 29.7.1647. Lundarheiði, skógur í landi Vatnshorns. Merkja getið. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt c 14 a-c.*
- 2(57) a-b Reykholt, dags. 22.6.1725. Kirkjan á m.a. fimm hluti Grímsár. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt c 88 a-c.*
- 2(58) a-b Reykholt, dags. 9.6.1732. Kirkjan á m.a. fimm hluti Grímsár. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt c 96 a-c.*
- 2(59) a-b Vísitasía fyrir Reykholt, dags. 12.8.1751. Kirkjan á m.a. Hálfá Hrísa, beit í Faxadal og fimm hluti Grímsár. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt c 100 a-c.*
- 2(60) a-b Reykholt, dags. 7.9.1759. Kirkjan á m.a. hálfá Hrísa, beit í Faxadal og fimm hluti Grímsár. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt c 126 a-c.*
- 2(61) a-b Reykholt, dags. 12.6.1781. Kirkjan á m.a. fimm hluti Grímsár. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt c 134 a-c.*
- 2(62) a-b Lundur, dags. 30.7.1827. Lundarheiði, merkja getið. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790-1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826-1827, ásamt uppskrift. *Merkt c 152 a-d.*
- 2(63) a-b Reykholt, dags. 31.7.1827. Kirkjan á m.a. fimm hluti Grímsár. Landamerkja getið fyrir jarðir/landsvæði í eigu kirkjunnar. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790-1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826-1827, ásamt uppskrift. *Merkt c 153 a-f.*
- 2(144) a-b Vísitasía fyrir Reykholtskirkju, dags. 30.6.1643, ásamt uppskrift. *Merkt 9 a-b.*
- 2(145) a-b Vísitasía fyrir Reykholtskirkju, dags. 22.6.1725, ásamt uppskrift. *Merkt 88 a-c.*
- Skjalasöfn presta og prófesta (skjalaflokkur A.9.):*
- 2(64) a-b Lögfesta fyrir Reykholti, dags. 3.5.1709. Þóreyjartungur og Sauðatungur þar með tveggja mánaða beit í Faxadal. Fimm hluti laxveiðar allrar í laxfossi í Grímsá, ásamt uppskrift. *Merkt 92 a-e.*
- 2(65) a-b Kirkna- og prestakallaregistor, lýsing Húsafells, dags. 2.3.1710, ásamt uppskrift. *Merkt 94 a-b.*

-
- 2(66) a-b Bréf prófasts, dags. 25.9.1724, vegna landamerkjadeilna á milli Lundar og Gullberastaða, ásamt uppskrift. *Merkt 96.*
- 2(67) a-b Sáttafundur, dags. 5.10.1724, vegna landamerkjadeilna á milli Lundar og Gullberastaða, ásamt uppskrift. *Merkt 97 a-c.*
- 2(69) a-b Afhending Reykhólts, dags. 6.6.1783. Kirkjan á m.a. 5 hluti veiðar í Grímsá, ásamt uppskrift. *Merkt 84 a-e.*
- 2(70) a-b Biskupsvísitasía að Reykholti, dags. 21.7.1869. Kirkjan hefur m.a. haft í hefðarhaldi land við Reyðarvatn, ásamt uppskrift. *Merkt 85 a-b.*
- 2(71) a-b Úttekt Reykhólts, dags. 20.7.1872. Kirkjan á m.a. Fjallland. Þóreyjartungur og Sandatungur, Land við Reyðarvatn og 5 hluti allrar veiðar í Grímsá, ásamt uppskrift. *Merkt 86 a-c.*
- 2(72) a-b Vitnisburðir um Stafholtsskóg og Oddstaðatungu, dags. 7.5.1734, ásamt uppskrift. *Merkt 52 a-h.*
- 2(73) a-b Vitnisburður um Stafholtsskóg og Oddstaðaskóg, dags. 25.5.1669, ásamt uppskrift. *Merkt 53 a-b.*
- 2(74) a-b Lögfesta, dags. 25.8.1669, fyrir 18 hundruðum í Oddstöðum, ásamt uppskrift. *Merkt 54 a-c.*
- 2(75) a-b Vitnisburðir frómra manna, á manntalsþingi á Indriðastöðum í Skorradal, dags. 24.4.1682, um Oddstaðatungu, ásamt uppskrift. *Merkt 55 a-c.*
- 2(76) a-b Lögfesta, dags. 24.4.1682, fyrir Oddstaðatungu, ásamt uppskrift. *Merkt 56 a-b.*
- 2(77) a-b Lögfesta, dags. 24.4.1682, fyrir Oddstaðatungu, ásamt uppskrift. *Merkt 57 a-c.*
- 2(78) a-b Lögfesta fyrir Stafholtsskóg, dags. 11.5.1733. Greint er frá hvað aðgreinir skóginn og Oddstaðatungu. Vitnisburðir um að þessi lögfesta hafi verið lesin upp á manntalsþingi á Indriðastöðum 1737 og 1738, ásamt uppskrift. *Merkt 58 a-c.*
- 2(79) a-b Úttekt Stafholts, dags. 3.6.1740, m.a. talið upp lögfesta og vitnisburðir fyrir Oddstaðaskóg, ásamt uppskrift. *Merkt 67 a-g.*
- 2(86) a-b Prófastsvísitasía að Lundi, dags. 12.8.1868. Landamerki Lundar, Lundarheiðar, Lundarkirkju og Lundarkirkjutungu tilgreind, ásamt uppskrift. *Merkt 74 a-c.*
- 2(87) a-b Prófastsvísitasía að Lundi. Kirkjan á m.a. Lundartungu milli Flókadalsár og Engidalsár, ásamt uppskrift, dags. 28.10.1720. *Merkt 116 a-b.*
- 2(88) a-b Prófastsvísitasía að Lundi. Um landstykki á norðanverðum Lundshálsi, ásamt uppskrift, dags. 22.8.1852. *Merkt 120.*
- 2(89) a-b Prófastsvísitasía að Lundi. Um landstykki á norðanverðum Lundshálsi, ásamt uppskrift, dags. 19.6.1854. *Merkt 121.*
- 2(99) a-b Prófastsvísitasía að Lundi. Um eignir kirkjunnar og tilkallsrétt Gullberastaða til hluta af kirkjulandinu, ásamt uppskrift, dags. 12.8.1860. *Merkt 122 a-b.*
- 2(100) a-b Prófastsvísitasía að Lundi. Landamerkja Lundar og Lundarheiðar getið, ásamt uppskrift, dags. 12.8.1868. *Merkt 123 a-d.*
- 2(101) a-b Úttekt Reykholtskirkju. Meðal ítaka kirkjunnar eru land við Reyðarvatn og 5 hlutar veiði í Grímsá, ásamt uppskrift, dags. 20.7.1872. *Merkt 126 a-c.*
- 2(102) a-b Úttekt Lundarprestakalls. Ítök kirkjunnar eru m.a. fjallandið Lundartunga, ásamt uppskrift, dags. 6.6.1902. *Merkt 127 a-d.*
- 2(103) a-b Úttekt Reykhólts. Um ítök kirkjunnar í veiði og sölu afréttarlanda kirkjunnar, þ.e. Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn, ásamt uppskrift, dags. 23.5.1908. *Merkt 128 a-e.*
- 2(104) a-b Úttekt Stafholts, ásamt uppskrift, dags. 3.6.1740. *Merkt 177 a-e.*
- 2(105) a-b Úttekt Lundar. Kirkjan á m.a. „Item tueggja Selhüsa vppä Fialle“, ásamt uppskrift, dags. 4.6.1708. *Merkt 11 a-b.*
- 2(146) a-b Prófastsvísitasía fyrir Reykholt 1720, ásamt uppskrift. Kirkjan á m.a. hálfu Hrísa, beit í Faxadal, veiði í Grímsá og ósstemmu að Reyðarvatnsósi, ásamt uppskrift. *Merkt 115 a-d.*

-
- 2(148) Vísitasía Bæjarkirkju. Kirkjan á hálfu Hrísa, dags. 11.10.1868, ásamt uppskrift.
a-b *Merkt 124 a-b.*
- 2(149) Vísitasía Bæjarkirkju. Kirkjan á hálfu Hrísa, dags. 2.6.1749, ásamt uppskrift.
a-b *Merkt 119 a-c.*
- 2(150) Vísitasía Bæjarkirkju. Kirkjan á hálfu Hrísa, dags. 9.6.1745, ásamt uppskrift.
a-b *Merkt 118 a-b.*
- 2(151) Vísitasía Bæjarkirkju. Kirkjan á hálfu Hrísa, dags. 18.8.1738, ásamt uppskrift.
a-b *Merkt 117 a-b.*

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja (skjalaflokkur A.10):

- 2(116) Bréf ráðherra Íslands til landshöfðingja, dags. 21.9.1894. Ráðherra veitir leyfi til sölu á tveimur afréttum tilheyrandi Reykholtskirkju, þ.e. „afretter paa Sudurfjall, Thoreyjartungur og en landstrækning ved Reyðarvatn. *Merkt 35 a.*
- 2(117) Bréf frá stiftsyfirvöldum til landshöfðingja, dags. 3.7.1894. Stiftsyfirvöld senda landshöfðingja bænarskrá frá prestinum og sóknarnefndinni í Reykholtssókn „um leyfi til að selja frá Reykholtskirkju afréttarlöndin Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn.“ *Merkt 36 a.*
- 2(118) Bréf frá stiftsyfirvöldum til landshöfðingja, dags. 27.2.1894. Stiftsyfirvöld senda landshöfðingja bónarbréf til konungs um sölu á afréttarlandi Reykholtskirkju og reifa málið allítarlega, ásamt uppskrift. *Merkt 37 a-d.*
- 2(119) Bréf frá Borgarfjarðarprófastsdæmi til stiftsyfirvalda, dags. 29.1.1894. Bréf Guðmundar Helgasonar prófasts til stiftsyfirvalda um að hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps fái keypt afréttarlönd Reykholtskirkju og nefnd eru „Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn.“, ásamt uppskrift. *Merkt 38 a-d.*
- 2(120) Afsal Guðmundar Helgasonar prófasts, dags. 9.1.1896, fyrir afréttarlöndum Reykholtskirkju á Suðurfjalli, Þóreyjartungum og landi til Reyðarvatns til hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps, ásamt uppskrift. *Merkt 39 a.*
- 2(121) Bréf Guðmundar Helgasonar prófasts til stiftsyfirvalda, dags. 5.2.1896, vegna afsalsbréfs fyrir afréttarlöndum Reykholtskirkju á Suðurfjall, Þóreyjartungum og landi við Reyðarvatn, ásamt uppskrift. *Merkt 40 a.*
- 2(122) Kaupsamningur, dags. 9.9.1895, um afréttarlönd Reykholtskirkju á Suðurfjalli, Þóreyjartungur og landi við Reyðarvatn, ásamt uppskrift. *Merkt 41 a-c.*
- 2(123) Uppkast að bréfi til prófasts í Borgarfjarðarprófastsdæmi, dags. 27.11.1895, frá stiftsyfirvöldum vegna sölnnar á afréttarlandi Reykholtskirkju á Suðurfjalli. Stiptsyfirvöld samþykkja söluna, ásamt uppskrift. *Merkt 42 a-c.*
- 2(124) Bréf landshöfðingja til stiftsyfirvalda, dags. 13.10.1894. Tilkyning um að heimild sé veitt til að selja afréttarlönd Reykholtskirkju frá kirkjunni, þ.e. Þóreyjartungur og land við Reyðarvatn, ásamt uppskrift. *Merkt 43 a.*
- 2(125) Bréf Guðmundar Helgasonar prófasts til stiftsyfirvalda, dags. 31.10.1895. Guðmundur sendir stiftsyfirvöldum kaupsamning, undirritaðan af sér, um afréttarlönd Reykholtskirkju á Suðurfjalli, ásamt uppskrift. *Merkt 44 a.*
- 2(126) Bréf Guðmundar Helgasonar prófasts til stiftsyfirvalda, dags. 12.6.1894. Guðmundur sendir konungi bónarbréf samkvæmt fyrirmælum stiptsyfirvaldanna á Íslandi þar um, þar sem hann biður um leyfi til þess að selja Þóreyjartungur, eitt afréttarlanda Reykholtskirkju. *Merkt 45 a.*
- 2(127) Bréf Lunddæla til konungs um kaupleyfi á afréttarlöndum Reykholtskirkju, dags. 4.12.1893, ásamt uppskrift. *Merkt 46 a.*

Stjórnarráð Íslands. Kirkjujarðasala (skjalaflokkur A.11.):

- 2(25) Leyfi Stjórnarráðsins til prestsins á Lundi, til að selja Lundartungur undan jörðinni, dags. 12.4.1910. *Merkt 12.*
- 2(27) Jarðalýsing á Lundi, dags. 21.10.1908. *Merkt 11 a-d.*
- 2(42) Afrit landamerkja Húsafells, ódags. en þinglesið 7. júní 1898. *Merkt 13 a-c.*
- 2(43) Afsalsbréf fyrir Húsafelli, dags. 21.10.1909. Ábúandi kaupir jörðina af Kirkjujarðasjóði, 30 vallardagsláttu skógland undanskilið sölnni. *Merkt 15.*

Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur

B.1):

- 2(28) Máldagi kirkjunnar í Reykjaholti, um 1185. Kirkjan á m.a. afrétt á Hrutafjarðarheiði og Geitland með skógi. Í.f. I. b., bls. 279-280. *Merkt 36 a-b.*
- 2(29) Máldagi kirkjunnar í Reykjaholti, 1224. Kirkjan á m.a. hluta í Grímsá, afrétt á Hrutafjarðarheiði, ítök í Faxadal og Geitland með skógi. Í.f. I. b., bls. 466-472. *Merkt 37 a-g.*
- 2(30) Máldagi kirkjunnar í Reykholti, 1358. Kirkjan á m.a. hálf Geitland allt með skógi, Pétursskóg í Norðurárdal og afrétt á Hrutafjarðarheiði. Í.f. III. b., bls. 122-123. *Merkt 38 a-b.*
- 2(31) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Reykjaholtskirkju í Reykholtssdal, 1397. Kirkjan á m.a. Geitland allt með skógi, Pétursskóg í Norðurárdal, afrétt á Hrutafjarðarheiði og beit í Faxadal. Í.f. IV. b., bls. 119-120. *Merkt 39 a-b.*
- 2(32) Máldagi Reykjaholtskirkju, 1478. Kirkjan á m.a. Geitland allt með skógi, Pétursskóg í Norðurárdal, afrétt á Hrutafjarðarheiði og beit í Faxadal. Í.f. IV. b., bls. 173-174. *Merkt 40 a-b.*
- 2(33) Máldagar Gísla biskups Jónssonar, 1570 og síðar. Kirkjan í Reykjaholti á m.a. Geitland allt með skógi, Pétursskóg í Norðurárdal, afrétt á Hrutafjarðarheiði og beit í Faxadal. Í.f. XV. b., bls. 623-624. *Merkt 41 a-b.*
- 2(34) Kirkjumáldagi að Húsafelli í Borgarfirði, um 1170. Kirkjan á Húsafellsland og annað land er þar fylgir með landsnytjum öllum þeim er þar fylgja. Í.f. I. b., bls. 217-218. *Merkt 42 a-b.*
- 2(35) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Húsafellskirkju, 1397. Kirkjan á heimaland allt. Í.f. IV. b., bls. 123. *Merkt 43.*
- 2(36) Máldagi Húsafellskirkju í Borgarfirði, 1504. Kirkjan á heimaland allt með öllum gögnum og gæðum og jörðina Reyðarfell. Í.f. VII. b., bls. 737-738. *Merkt 46 a-b.*
- 2(37) Ágrip af máldaga Húsafellskirkju í Borgarfirði, 1472. Kirkjan á heimaland allt. Í.f. V. b., nr. 601, bls. 676. *Merkt 44.*
- 2(38) Máldagi kirkjunnar á Húsafelli í Borgarfirði, um 1170 og síðar. Brandur Þórarinnsson leggur til kirkju Húsafells land og annað land er þar fylgir með landsnytjum öllum. Í.f. VII. b., nr. 1, bls. 1-2. *Merkt 45 a-b.*
- 2(39) Máldagi Lundarkirkju í Lundarreykjadal, 1491-1518. Kirkjan á heimaland allt með gögnum og gæðum. Í.f. VII. b., nr. 116, bls. 61. *Merkt 19.*
- 2(134) Skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, um 1200. Í.f. XII. b., bls 1-15. *Merkt 103 a-o.*
- 2(135) Máldagi Maríukirkju að Lundi, 1368. Í.f. III. b., bls. 248-249. *Merkt 17 a-b.*
- 2(136) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Lundarkirkju í Lundarreykjadal, 1397. Í.f. IV. b., bls. 118-119. *Merkt 18 a-b.*
- 2(137) Máldagi Lundarkirkju í Lundarreykjadal, 1501. Í.f. VII. b., bls. 590. *Merkt 20.*
- 2(138) Máldagar Gísla biskups Jónssonar. Um 1570 og síðar. Lundur í Reykjadal. Í.f. XV. b., bls. 624-625. *Merkt 21 a-b.*
- 2(139) Útdráttur af jarðabréfi, dags. 11.12.1686, þar sem konungur staðfestir jarðaskipti sem fram fóru á alþingi 8.7.1686. Biskup selur Sigurði Björnssyni lögmanni 3 jarðir Skálholtskirkju en Sigurður lætur á móti jörðina Oddsstaði. *Merkt b 1.*

Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):

- 2(26) Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 119-120. *Merkt 2 – 3.*

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.): Gögn fengin frá Héraðsskjalasafni

Borgarfjarðar:

- 4(72) Gullberastaðatunga, dags. 2.7.1923.
- 4(73) Gullberastaðatunga, dags. 17.6.1923.
- 4(81) Oddsstaðatunga, dags. 8.1.1940.

Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

-
- 4(35) Þverfell, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(36) Reykir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(37) Brenna, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(38) Oddsstaðir I-II, síður úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(39) Gullberastaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(40) Lundur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(41) Lundur II, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(42) Hrísar, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(43) Bréf sýslumannsins í Borgarnesi til Borgarbyggðar varðandi leiðréttingar þinglýsinga vegna Þóreyjartunga og Leirárdala, dags. 10.8.2009.
- 4(44) Steindórsstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(45) Búrfell, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(46) Giljar, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(47) Augastaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(48) Stóri Ás, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(49) Hraunsás, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(50) Húsafell I-II, síður úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(51) Geitlönd, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(52) Leirá, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(66) Bær I, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
- 4(67) Reykholt, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
- 4(90) Kaupsamningur um fjallandið Oddsstaðatungu, landamerkja getið, dags. 19.4.1930 (sjá skjal nr. 4(58)).
- 4(91) Kaupsamningur og afsal fyrir Oddstöðum, dags. 18.10.1913.
- 4(92) Kaupsamningur og afsal fyrir Gullberastöðum, dags. 28.5.1895.
- 4(93) Afsal fyrir Gullberastöðum, dags. 25.1.1896.
- 4(94) Kaupsamningur og afsal fyrir ½ Gullberastöðum, dags. 20.8.1933.
- 4(95) Sala og afsal á ½ Oddsstöðum, dags. 27.9.1953.
- 4(96) Oddstaðatunga, beitiland. Spjald úr afsals- og veðmálabók Borgarfjarðarsýslu.
- 4(97) Kaupsamningur um fjallandið Oddsstaðatungu, dags. 17.6.1933 (sjá skjal nr. 4(59)).
- 4(98) Afsal Oddsstaðatungu, dags. 8.1.1940. Sjá einnig skjal nr. 4(60).
- 4(99) Landamerki Oddsstaðatungu, dags. 8.1.1940.
- 4(100) Yfirlýsing hreppsnefndar Andakílhrepps um afhendingu Oddsstaðatungu, Gullberastaðaselslands og Lundartungu til sjálfseignarstofnunarinnar Ok, dags. 2.4.1998.
- 4(101) Afsal fyrir Lundartungu, dags. 4.8.1910.
- 4(102) Landamerki fjallandsins Lundartungu, dags. 3.5.1910.
- 4(103) Fundargerð um stofnun sjálfseignarstofnunar Ok, dags. 2.4.1998.
- 4(104) Yfirlýsing hreppsnefndar Lunarreykjadalshrepps um afhendingu landa til sjálfseignarstofnunarinnar Ok, dags. 2.4.1998.
- 4(105) Ráðherra Íslands selur Lund, dags. 12.5.1909.
- 4(106) Landamerkjabréf milli nýbýlis á Oddsstöðum í Lunarreykjadalshreppi og hins upphaflega býlis, dags. 26.8.1953.
- Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):*
- 4(12) Menningarminjar á miðhálandi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, bls. 3–27, 56–59 og 115–132.
- Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

-
- 4(1) Símskeyti Fossanefndar til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum, dags. 3.4.1918.
- 4(2) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta, dags. 29.12.1919.
- 4(3) Svarbréf sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, dags. 8.7.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(4) Svarbréf hreppstjóra Hálsahrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 31.1.1920.
- 4(5) Svarbréf hreppstjóra Reykholtaldshrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 17.1.1920.
- 4(6) Svarbréf hreppstjóra Andakílhrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 30.1.1920.
- 4(7) Svarbréf hreppstjóra Lundarreykjadalshrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 28.1.1920.
- 4(8) Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(9) Svarbréf hreppstjóra Lundarreykjadalshrepps, dags. 9.2.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(10) Svarbréf Andakílhrepps, dags. 7.12.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(11) Svar sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um afréttarmálefni, fjallskil o.fl, dags. 13.11.1985, ásamt afréttarskrá um afréttarlönd í Mýrasýslu, ódags. og skrá um afrétt Lunddæla og Andakílina innan Lundarreykjadalshrepps e. Ingimund Ásgeirsson, dags. 1.6.1980.
- 4(13) Landamerki og mörk sveitarfélaga í Borgarfjarðarhéraði frá Skarðsheiði og Botnsheiði að Hvítá, 1996, e. Gylfa Má Guðbergsson.
- 4(108) Óstaðfestar uppskriftir vottorða um landamerki fyrir Gullberastaðatungu, dagsett á árunum 1923-1929. Lögð fram í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í apríl 1965. Gögn fengin úr máli Hæstaréttar Íslands nr. 193/1970 (Reyðarvatnsdómur seinni).
- 4(109) Samningur um veiðiréttindi í Flóku í Flókadal og í þverám hennar, dags. 12.10.1943.
- 4(110) Samningur um veiðiréttindi í Flóku í Flókadal og í þverám hennar, dags. 21.5.1942.
- 4(111) Vottorð Davíðs Björnssonar vegna Reyðarvatnsmála, dags. 14.2.1965. Gögn fengin úr máli Hæstaréttar Íslands nr. 193/1970 (Reyðarvatnsdómur seinni).
- Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.): Gögn fengin frá Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar:*
- 4(53) Samantekt um landamerkjadeilu milli Lundarreykjadalshrepps og Andakílhrepps vegna Gullberastaðatungu árin 1918-1955. Tekið saman af Þorsteini Guðmundssyni, dags. 7.3.1965.
- 4(54) Leyfi sýslunefndar til Lundarreykjadalshrepps fyrir að mega selja afréttarlandið Oddsstaðatungu og jörðina Kistufell, dags. 20.5.1933.
- 4(55) Fundargerð hreppsnefndafundar Lundarreykjadalshrepps og Andakílhrepps. Samþykkt að Andakílhreppur kaupi Oddsstaðatungu, dags. 17.6.1933.
- 4(56) Fundargerð hreppsnefndafundar Andakíls- og Lundarreykjadalshrepps, vegna upprekstrarlands hreppanna. Fram kom tillaga (til endanlegrar samþykktar á fundum í viðkomandi hreppum) um að afréttarland beggja hreppanna sé í raun sameiginlegt og landamerki falli niður, dags. 11.12.1931.
- 4(57) Veðbandslausn landspildu úr jörðinni Oddstöðum í Lundarreykjadal, dags. 30.4.1930.
- 4(58) Kaupsamningur. Hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps kaupir fjalllandið Oddsstaðatungu, dags. 19.4.1930 (sjá skjal nr. 4(90)).

-
- 4(59) Kaupsamningur Lundaerreykjadalshreppur selur Andakílshreppi fjallendið Oddsstaðatungu og viðurkennir austur landamerki Gullberastaðatungu, dags. 17.6.1933 (sjá skjal nr. 4(97)).
- 4(60) Afsal Lundaerreykjadalshrepps til Andakílshrepps fyrir Oddsstaðatungu dags. 8.1.1940. Sjá einnig skjal nr. 4(98).
- 4(74) Fundargerð hausthreppskilapings fyrir Lundaerreykjadalshrepp, V. liður: um landamerki á fjallandi Andakíls- og Lundaerreykjadalshreppa, dags. 26.10.1929. Gjörðabók hreppstjóra 1918-1955.
- 4(75) Fundargerð vorhreppskilapings fyrir Lundaerreykjadalshrepp, IV. liður: um landamerkjabréf fyrir Gullberastaðatungu, dags. 12.6.1926. Gjörðabók hreppstjóra 1918-1955.
- 4(76) Fundargerð vorhreppskilapings fyrir Lundaerreykjadalshrepp, IV. liður: Afréttarland hreppsins Leirárdalur, dags. 12.6.1923. Gjörðabók hreppstjóra 1918-1955.
- 4(77) Fundargerð hreppskilapings fyrir Lundaerreykjadalshrepp, II. liður: Oddsstaðatunga, dags. 19.6.1932. Hreppsbók Lundaerreykjadalshrepps 1928-1938.
- 4(78) Fundargerð hausthreppskilapings fyrir Lundaerreykjadalshrepp, IV. liður: Afréttarmál, dags. 29.10.1932. Hreppsbók Lundaerreykjadalshrepps 1928-1938.
- 4(79) Fundargerð hausthreppskilapings fyrir Lundaerreykjadalshrepp, V. liður: Fjallland, dags. 10.11.1930. Hreppsbók Lundaerreykjadalshrepps 1928-1938.
- 4(80) Fundargerð hausthreppskilapings fyrir Lundaerreykjadalshrepp, V. liður: Fjallland, dags. 26.10.1929. (Samhljóða skjali nr. 4(74)). Hreppsbók Lundaerreykjadalshrepps 1928-1938.
- 4(82) Kaupsamningur um fjallandið Oddsstaðatungu. Landamerkja getið, dags. 19.4.1930.
- 4(88) Fundargerð vorhreppskilapings fyrir Lundaerreykjadalshrepp, VI. liður: Óákveðin mál, dags. 12.6.1924.
- 4(107) Landamerki fyrir Leirárdölum, ódags.
Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.) Gögn frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, ásamt uppskriftum frá Þjóðskjalasafni Íslands:
- 4(83) Lögfesta á Lundaerheiði, dags. 21.4.1694, ásamt uppskrift. *Merkt 1 a-c.*
a-b
- 4(84) Lögfesta á Lundi í Lundaerreykjadal, dags. 4.5.1671, ásamt uppskrift. *Merkt 2 a-a-b*
a-b
- 4(85) Vitnisburður um landamerki milli Lundaer í Lundaerreykjadal og Eyrar í Flókadal, a-b
dags. 26.3.1671, ásamt uppskrift. *Merkt 3 a-d.*
- 4(86) Lögfesta á Lundi í Syðri-Reykjadal, dags. 25.4.1679, ásamt uppskrift. *Merkt 4 a-a-b*
a-b
- 4(87) Lögfesta á Lundi í Syðri-Reykjadal, dags. 10.5.1683, ásamt uppskrift. *Merkt 5 a-a-b*
a-b
- Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):*
- 4(14) Ný jarðabók 1861, bls. 44-59.
- 4(62) Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 105, 114-119, 124-133 og 136-140.
- 4(63) Fasteignabók 1921, bls. 21, 28-41.
- 4(64) Fasteignabók 1932, bls. 27, 30-35
- 4(65) Fasteignabók 1942-1944, bls. 1-6.
- Dómar (skjalaflokkur B.3.):*
- 4(61) Lyfrd. IV. b., bls. 539-543, nr. 9/1894 landamerkjadómur milli Gullberastaða og Lundaer, dags. 7.5.1894.
- Fjallaskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):*
- 4(16) Fjallaskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 80/1896, B-deild, bls. 81-95.
- 4(17) Reglugjörð um viðauka við fjallaskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu 23.6.1896,

-
- nr. 74/1903, B-deild, bls. 166-169.
- 4(18) Fjallaskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 87/1914, B-deild, bls. 141-153.
- 4(19) Reglugjörð um breytingu á fjallaskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu frá 9.8.1920, nr. 64/1929, B-deild, bls. 184.
- 4(20) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 9.8.1920, nr. 45/1936, B-deild, bls. 118.
- 4(21) Auglýsing um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 74 frá 9.8.1920, nr. 50/1939, B-deild, bls. 61.
- 4(22) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 174/1952, B-deild, bls. 328-339.
- 4(23) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð Borgarfjarðarsýslu nr. 174 frá 25.8.1952, nr. 161/1957, B-deild, bls. 283-285.
- 4(24) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297/1973, B-deild, bls. 547-558.
- 4(25) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297 frá 10.10.1973, B-deild, bls. 618.
- 4(26) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 374/1986, B-deild, bls. 802-812.
- 4(27) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 374 frá 21.7.1986, nr. 396/1988, B-deild, bls. 910.
- 4(28) Reglugjörð um breytingar á reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar frá 25.7.1892, nr. 91/1912, B-deild, bls. 184.
- 4(29) Reglugjörð um breytingar á reglugjörðum fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar frá 25.7.1892 og 3.8.1912, nr. 93/1913, B-deild, bls. 156.
- 4(30) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð frá 2.6.1921 fyrir Mýrasýslu, nr. 57/1930, B-deild, bls. 133-134.
- 4(31) Auglýsing um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 60 frá 2.6.1921, nr. 49/1939, B-deild, bls. 61.
- 4(32) Fjallaskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 175/1952, B-deild, bls. 339-351.
- 4(33) Fjallaskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 377/1975, B-deild, bls. 725-739.
- Fjallaskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn frá sveitarfélaginu Borgarbyggð:*
- 4(68) Fjallskilasamþykkt fyrir Mýrasýslu, nr. 360/1992, B-deild, dags. 4.9.1992.
- 4(69) Fjallskilasamþykkt fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 110/2006, B-deild, dags. 19.1.2006.
- Fjallaskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn frá Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar:*
- 4(70) Breytingar og viðauki við reglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu 5.9.1885 um notkun afrétta o. s. frv.
- 4(71) Fjallaskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, dags. 9.8.1920.
- Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6.):*
- 4(34) Bréf landshöfðingja til stiptyfirvalda um afhending á kirkjulandi. Konungur hefur samþykkt að afréttarlönd Reykholtskirkju, Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn verði seld frá kirkjunni, dags. 13.10.1894, nr. 118/1894, B-deild, bls. 175.
- Landnáma (skjalaflokkur B.7.):*
- 4(15) Landið og Landnáma: Vestfirðingfjórðungur og Sunnlendingafjórðungur vestri, bls. 92-112 og 115-149, ásamt korti.
- 4(89) Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 70-95.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Þóreyjartungna, Lundartungu, Oddsstaðatungu, Gullberastaðaselslands og Leirárdala:

- 5 Kröfulýsing, dags. 15.4.2014.
- 5(1) Skjalaskrá, dags. 15.4.2014.
 - 5(2) Fjallskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1885.
 - 5(3) Bréf frá árinu 1686 um Makaskipti Oddsstaða og Hvítárvalla, Heggstaða og Búrfells.
 - 5(4) Vitnisburður um landamerki Þrándarholts og Hæls í Flókadal. Hrísi á Þóreyjartungu, dags. 1392. Í.f. III. b., bls. 483.
 - 5(5) Úr Gíslamáldaga um eignir Þingvallakirkju, dags. 1570 og síðar. Í.f. XV. b., bls. 644-645.
 - 5(6) Úr sýslu- og sóknarlýsingu Lundar- og Fitjasókna, dags. 1.2.1840.
 - 5(7) Lundartunga veðbandayfirlit. Útprintun úr Þjóðskrá Íslands, dags. 24.6.2014.
 - 5(8) Lundartunga. Útprintun úr fasteignaskrá Íslands, dags. 24.6.2014.
 - 5(9) Oddsstaðatunga veðbandayfirlit. Útprintun úr Þjóðskrá Íslands, dags. 24.6.2014.
 - 5(10) Oddsstaðatunga. Útprintun úr fasteignaskrá Íslands, dags. 24.6.2014.
 - 5(11) Gullberastaðaselsland veðbandayfirlit. Útprintun úr Þjóðskrá Íslands, dags. 24.6.2014.
 - 5(12) Gullberastaðaselsland. Útprintun úr fasteignaskrá Íslands, dags. 24.6.2014.
 - 5(13) Leirárdalur veðbandayfirlit. Útprintun úr Þjóðskrá Íslands, dags. 24.6.2014.
 - 5(14) Leirárdalur. Útprintun úr fasteignaskrá Íslands, dags. 24.6.2014.
 - 5(15) Samantekt um þróun eignarhalds á löndum Sjálfseignarstofnunarinnar Oks e. Þorstein Þorsteinsson á Skálpastöðum, dags. 5.11.2008.
 - 5(16) Greinargerð, dags. 8.7.2014.
 - 5(17) Um landnám í Borgarfirði e. Sigurð Jakobsson, dags. 25.3.2014.
 - 5(18) Varakrafa, dags. 24.11.2014.
 - 5(19) Sáttatillaga, dags. 15.10.2014.
 - 5(20) Fundargerð stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar Ok, ásamt uppdrætti, dags. 24.9.2014.
 - 5(21) Afrit af afriti lögfestu Eyjólfssonar fyrir Lundi. Upplesið 1.8.1665, afrit vottað 30.5.1893.
 - 5(22) Álit biskupsins yfir Íslandi til Stjórnarráðsins um sölu á Lundi, dags. 10.5.1909.
 - 5(23) Bréf biskupsins yfir Íslandi til Stjórnarráðsins um tilhögun kirkjunnar í Lundi vegna fyrirhugaðrar sölu á Lundi, dags. 12.5.1909.
 - 5(24) Bréf Sigurðar Jónssonar til Stjórnarráðsins vegna Lundar. Sending gagna, dags. 16.4.1909.
 - 5(25) Bréf Þorsteins Guðmundssonar, Skálpastöðum, um fjalllendið Langás, ódags.
 - 5(26) Kafli 11.6. *Land norðan við Þingvallakirkjuland („Þingvallaafréttur“)*. Úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000.
 - 5(27) Eftirrit af lögfestu fyrir tveimur skógarplássum í Skorradal og Fitjakirkjusókn, dags. 26.5.1689.
 - 5(28) Bréf prófests í Borgarfirði til Stiptsyfirvalda yfir Íslandi um að ekki sé unnt að senda Stiptisyfirvöldum tiltekin gögn, dags. 6.2.1896.
 - 5(29) Bréf prófests í Borgarfirði til Stiptsyfirvalda yfir Íslandi. Prófastur sendir Stiptisyfirvöldum undirritaðan kaupsamning um afréttarlönd Reykholtskirkju á Suðurfjalli, Þóreyjartungu og land við Reyðarvatn, dags. 31.10.1895.
 - 5(30) Yfirlýsing vegna merkjalína umbjóðanda í máli 5/2014.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Húsafells II:

- 6 Kröfulýsing, dags. 15.4.2014.
- 6(1) Skiptayfirlýsing vegna fyrirframgreidds arfs, Húsafell II, dags. 22.8.2007.
 - 6(2) Yfirlýsing vegna fyrirframgreidds arfs, Húsafell II, dags. 2.7.2007.
 - 6(3) Yfirlýsing. Eigandi Húsafells II óskar eftir að hluti lands verði friðlýstur, dags. 1.11.1973.

-
- 6(4) Húsafell 2. Útprintun úr fasteignaskrá Íslands (jörð), dags. 24.6.2014.
 - 6(5) Húsafell 2 veðbandayfirlit. Útprintun úr Þjóðskrá Íslands, dags. 24.6.2014.
 - 6(6) Húsafell 2. Útprintun úr fasteignaskrá Íslands (Hvítá/Norðlingafljót), dags. 24.6.2014.
 - 6(7) Greinargerð, dags. 10.7.2014.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 7
 - 7(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 5.5.2014.
 - 7(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 5.6.2014.
 - 7(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 8.7.2014.
 - 7(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 14.8.2014.
 - 7(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 29.9.2014.
 - 7(6) Fundargerð 6. fyrirtöku, dags. 30.10.2014.
 - 7(7) Fundargerð 7. fyrirtöku, dags. 20.11.2014.
 - 7(8) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 27.8 og 25.11.2014.
 - 7(9) Fundargerð endurupptöku, dags. 29.8.2016.
 - 7(10) Fundargerð endurupptöku, dags. 5.10.2016.
 - 7(11) Fundargerð lokafyrirtöku, dags. 7.10.2016.
- 8 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 4.7.2014.
- 10 Minnisblað Veðurstofu Íslands um upptök og vatnaskil nokkurra vatnsfalla vegna máls nr. 5/2014, hjá óbyggðanefnd, dags. 19.8.2015.
 - 10(1) Upplýsingar frá sérfræðingi Veðurstofu Íslands um kortlagningu syðstu kvíslar Lambár, dags. 6.10.2015.
 - 10(2) Upplýsingar frá sérfræðingi Veðurstofu Íslands um staðsetningu Rauðsgils og Urriðatjarnar, ásamt loftmynd, dags. 1.7.2016.
 - 10(3) Upplýsingar frá jarðfræðingi Veðurstofu Íslands um legu Oks, ásamt vinnukorti, dags. 17.2.2016.

Lagt fram af málsaðilum:

- 9 Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 5/2014. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 25.11.2014.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna jarða í fyrrum Andakíls- og Lundareykjadalshreppa:

- 11 Kröfulýsing (þrautavarakrafa), dags. 16.10.2015.

Hliðsjónargögn:

Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

- Ónr. Byggðir Borgarfjarðar II. b. Borgarfjarðarsýsla og Akranes, bls. 10, 85, 151, 211-221, 249, 254, 260, 270, 275, 291, 344, 357, 361 og 392.
- Ónr. Byggðir Borgarfjarðar IV. b. Ábúendatal 1880-1995. Nafnaskrár I.-IV. b., bls. 298 og 208.
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1954, e. Harald Sigurðsson. Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar, bls. 96-97.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 4. b., bls. 18, 274, 230-231, 258-265, 270, 277-292, 299-312, 315-335, 337-343, 345-349, 351-420, 422-423, 428-429 og 456-461.
- Ónr. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, e. Guðrúnu Á. Grímsdóttur og Björk Ingimundardóttur 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, bls. 50-51, 68-69, 90-91, 114-115, 128-129, 142-143, 148-149, 212-213, 238-239, 256-257, 270-271, 288-289 og 294-295.

Ónr. Um sveitarfélagið Borgarbyggð af heimasíðu sveitarfélagsins, dags. 11.12.2013.

Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Póreyjartungna, Oddsstaðatungu, Gullberastaðaselslands og Leirárdala:

- Ónr. Landið og Landnáma. Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson, bls. 98.
- Ónr. Landið og Landnáma. Skalla-Grímur og Björn Gullberi, bls. 44-47 og 99.
- Ónr. Sturlunga. Ágreiningur Snorra Sturlusonar og Hallberu Ormsdóttur, II. b., bls. 346-347.
- Ónr. Menn og menntir. Um Bessastaðasamþykkt, III. b., bls. 42-43.
- Ónr. Upplýsingar um ýmsar jarðabækur sem saman voru settar árin 1597-1714, bls. 2-5.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

- Ónr. Skýrslur í máli nr. 5/2014 hjá óbyggðanefnd (23 bls., skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
- Ónr. Örnefnaskrár Örnefnastofnunar fyrir Húsafell.

Lagt fram af óbyggðanefnd til upplýsinga fyrir aðila:

- Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, dags. 22.9.2011.
- Ónr. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013.
- Ónr. Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007, ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.
- Ónr. Útprintun af tölvupósti Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi gagnaöflun óbyggðanefndar. Ritað af tilefni greinar Einars Gunnars Péturssonar í Morgunblaðinu, dags. 5.6.2007: „Um vinnubrögð í þjóðlendumálum.“
- Ónr. Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur.